

Ástin á tímum ömmu og afa

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALÞÝÐUMENNINGAR

GEFIN ÚT Í SAMVINNU VIÐ MIÐSTÖÐ EINSÖGURANNSÓKNA

RITSTJÓRAR

Davíð Ólafsson, Már Jónsson
og Sigurður Gylfi Magnússon

14. bindi

ANNA HINRIKSDÓTTIR

Ástin á tímum ömmu og afa

Bréf og dagbækur Bjarna Jónassonar
kennara, sveitarhöfðingja og samvinnumanns í Húnaþingi
á öndverðri 20. öld



REYKJAVÍK 2009
HÁSKÓLAÚTGÁFAN

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALÞÝÐUMENNINGAR 14

ANNA HINRIKSDÓTTIR

Ástin á tímum ömmu og afa

Bréf og dagbækur Bjarna Jónassonar
kennara, sveitarhöfðingja og samvinnumanns í Húnaþingi
á öndverðri 20. öld

REYKJAVÍK 2009

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALÞÝÐUMENNINGAR

1. Bræður af Ströndum. Dagbækur, ástarbréf, almenn bréf, sjálfsævisaga, minnisbækur og samtíningur frá 19. öld. Sigurður Gylfi Magnússon tók saman (1997).
2. Kraftbirtingarhljómur Guðdómsins. Dagbók, sjálfsævisaga, bréf og kvæði Magnúsar Hj. Magnússonar, skáldsins á Pröm. Sigurður Gylfi Magnússon tók saman (1998).
3. Elskulega móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur. Fjölskyldubréf frá 19. öld. Sigrún Sigurðardóttir tók saman (1999).
4. Orð af eldi. Bréfasamband Ólafar Sigurðardóttur á Hlöðum og Þorsteins Erlingssonar á árunum 1883-1914. Erna Sverrisdóttir tók saman (2000).
5. Burt – og meir en bæjarleið. Dagbækur og persónuleg skrif Vesturheimsfara á síðari hluta 19. aldar. Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon tóku saman (2001).
6. Til merkis mitt nafn. Dómabækur Markúsar Bergssonar sýslumanns Ísafjarðarsýslu 1711-1729. Már Jónsson tók saman (2002).
7. Landsins útvöldu synir. Ritgerðir skólapilta Lærða skólans í íslenskum stíl 1846-1904. Bragi Þorgrímur Ólafsson tók saman (2004).
8. Jónsbók. Lögbók Íslendinga hver samþykkt var á alþingi árið 1281 og endurnýjuð um miðja 14. öld en fyrst prentuð árið 1578. Már Jónsson tók saman (2004).
9. Sigurður Gylfi Magnússon, Fortíðardraumar. Sjálfsbókmenntir á Íslandi (2004).
10. Guðs dýrð og sálnanna velferð. Prestastefnudómar Brynjólfs biskups Sveinssonar árin 1639-1674. Már Jónsson tók saman (2005).
11. Sigurður Gylfi Magnússon, Sjálfssögur. Minni, minningar og saga (2005).
12. Í nafni heilagrar guðdómsins þrenningar. Prestastefnudómar Jóns biskups Vídalíns árin 1698-1720. Már Jónsson og Skúli S. Ólafsson tóku saman (2006).
13. Eftir skyldu míns embættis. Prestastefnudómar Þórðar biskups Þórðarsonar árin 1675-1697. Már Jónsson og Gunnar Örn Hannesson tóku saman. (2008).

*Bændasjóður og Kvenfélag Bólstaðarhlíðarhrepps
styrktu útgáfu þessarar bókar*

Háskólaútgáfan

Reykjavík 2009

© Davíð Ólafsson, Már Jónsson, Sigurður Gylfi Magnússon og Anna Hinriksdóttir

Hönnun bókarkápu: Alda Lóa Leifsdóttir

Prófarkalestur: Sigrún Árnadóttir

Umbrot: Sverrir Sveinsson


Prentumsjón: Leturprent

ISBN 978-9979-54-830-0

*Bókin er tileinkuð móður minni,
Kolfinnu Bjarnadóttur, og systkinum hennar:
Ingibjörgu, Elínu, Jónasi og Ólafi Snæbirni*

Efnisyfirlit

FORMÁLI: <i>Piltur og stúlka</i>	9
DAGBÆKUR OG BRÉF: <i>Sögukaflar af sjálfum mér</i>	18
ÍSLAND UM ALDAMÓT: <i>Ætjörð og frelsi</i>	28
BJARNI OG ANNA: <i>Innansveitarkronika</i>	35
BRÉF TIL ÖNNU	53
Bónorð: <i>Að þrá eftir einni konu</i>	55
Heitorð: <i>Hve elska ég þig, gleði</i>	74
Gjaforð: <i>Tæfrar draumsins</i>	114
ANNA OG BJARNI Í HÓLUM: <i>Ástir samlyndra hjóna</i>	148
EFTIRMÁLI: <i>Maður og kona</i>	161
Heimildaskrá	165
Viðauki I: Dagbækur Bjarna Jónassonar 1909-1914	167
Viðauki II: Kaflar úr dagbókum Bjarna Jónassonar 1917-1926	253
Viðauki III: Svör Bjarna Jónassonar við spurningum Sigvalda Hjálmarssonar	282



*Sögusvið bókarinnar. Inn á kortið eru merktir helstu bær sem tengjast ljölskyldum Bjarna og Önnu, svo og ritunarstaðir brefa Bjarna til Önnu.
Kortagerð: Bjarni Hinriksson.*

FORMÁLI

Piltur og stúlka

Bók þessi fjallar um ástir, lífsstarf og hugðarefni hjónanna Bjarna Jónssonar og Önnu Sigurjónsdóttur frá Blöndudalshólum í Blöndudal í Austur-Húnavatnssýslu. Bjarni var kennari, fræðimaður og sveitarhöfðingi í Bólstaðarhlíðarhreppi og Anna var húsmóðir á bújörð þeirra hjóna. Verður hér stiklað á stóru um lífshlaup Önnu og Bjarna en einkum dvalist við þriðja áratug tuttugustu aldarinnar – fyrstu kynni, tilhugalíf og fyrstu hjúskaparárin. Heimildir eru að mestu sóttar í persónuleg skrif Bjarna, dagbækur hans og sendibréf til Önnu.¹ Hvort tveggja einkennist í bland af djúpri tilfinningatjáningu og einlægni, auk eindregins vilja til innri þroska í gegnum sjálfskoðun og stefnumörkun. Að auki dregur Bjarni upp skýrar myndir af umhverfi sínu og helstu hugðarefnum. Þessi skrif Bjarna gefa þannig góða mynd af persónuleika hans og tilfinningalífi. Anna skrifaði Bjarna einnig bréf en þau hafa ekki varðveist og telja afkomendur þeirra hana trúlega hafa sjálfa fargað þeim að honum gengnum. Við sjáum Önnu því mestmegnis í gegnum augu Bjarna og verður þáttur hennar hér óhjákvæmilega mun rýrari.

Tilgangur bókarinnar er fyrst og fremst að skoða sögu Önnu og Bjarna – söguna af ástinni á milli þeirra, samdrætti og sameiginlegu lífshlaupi – og rýna í persónu og þroskasögu Bjarna eins og hún birtist í skrifum hans. En bréfin og dagbækurnar gefa einnig mynd af lífi alþýðufólks til sveita og íslensku samfélagi þess tíma og gætu nýst til rannsókna af ýmsu tagi. Bjarni skrifaði til að mynda mikið um framfara- og félagsmál í sínu heimahéraði og hafa fræðimenn og áhugafólk sótt upplýsingar um þau efni í dagbækur hans og önnur skrif.² Einnig geyma dagbækurnar færslur um skólavist í Kennaraskóla Íslands á fyrstu starfsárum skólans, fræðslumál, líf farkennara og aðbúnað til kennslu í farskólum sveitanna, landbúnað, samgöngur, velferðarmál, stjórnsmál og margt fleira sem snýr að sögu lands og þjóðar.

1 Dagbækur Bjarna eru varðveittar á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu á Blönduósi ásamt ýmsum öðrum gögnum hans. Sendibréf hans til Önnu eru í eigu og vörslu fjölskyldu þeirra.

2 Yfirlit yfir birt ritverk Bjarna er að finna í kaflanum „Anna og Bjarni í Hólum: Ástir samtyndra hjóna“ hér aftar.



Bjarni Jónasson, 1918.



Anna Sigurjónsdóttir, 1922.

Heimildirnar

Persónulegar heimildir – dagbækur, sendibréf, sjálfsævisögur og annað persónulegt efni – hafa notið aukinnar athygli fræðimanna á síðustu árum og hefur Miðstöð einsögurannsókna í ReykjavíkurAkademíunni haft forgöngu um rannsóknir á slíkum heimildum hér á landi. *Einsagan* er ný aðferðafræði á sviði hugvísinda sem leitast við að skoða samfélagið út frá einstaklingnum frekar en stofnunum þess, skoða stærri einingar út frá þeim smærri, og í þeim tilgangi hafa persónulegar heimildir ýmissa genginna Íslendinga verið dregnar upp úr skjalageymslum og fram í dagsljósið. Sigurður Gylfi Magnússon sagnfræðingur og forstöðumaður Miðstöðvar einsögurannsókna hjá ReykjavíkurAkademíunni er frumkvöðull á sviði rannsókna á persónulegum heimildum alþýðufólks hérlandis. Í bók sinni *Menntun, ást og sorg. Einsögurannsókn á íslensku sveitasamfélagi 19. og 20. aldar* notar hann m.a. dagbækur og sendibréf nokkurra bræðra á Ströndum sem inntak í rannsókn á menntamálum og tilfinningalífi fólks á mótum nítjándu og tuttugustu aldar. Um notkun slíkra persónulegra heimilda og hugsanlega annarra heimilda sem tengjast einstaklingunum sem um ræðir segir hann:

Smátt og smátt er hægt að byggja upp heildstæða mynd af viðfangsefninu og setja daglegt amstur einstaklinganna og heimsmynd þeirra í sambengi við þeirra eigið umhverfi og reynslu. Með rannsókn af þessum toga opnast nýr heimur fortíðar sem tengir einstaklinginn við þróun samfélagsins á mun fyllri hátt en áður.¹

Vitnisburður einstaklingsins gefur þannig mynd af tengslum hans við samfélagið sem hann lifir og hrærist í og dýpkar skilning okkar á liðinni tíð.

Vissulega gefa persónulegar heimildir fyrst og fremst þá mynd sem einstaklingurinn kys að gefa af sjálfum sér og umhverfi sínu því hversu einlægur og samviskusamur sem hann reynir að vera í skrifum sínum einkennist frásögnin óhjákvæmilega alltaf af persónulegu vali á umfjöllunar-efnunum og meðferð þeirra. En þetta þarf ekki að rýra gildi heimildanna því jafnvel í valinu sjálfu er fólgin ákveðin samtímamynd. Ástarbréf Bjarna til Önnu eru einkar falleg, jafnt fyrir innileika tilfinninganna sem þau tjá og tjáningarmátann sjálfan, orðin sem Bjarni raðar saman og dregur á blað til að veita hugsunum sínum farveg. Innlitið í einkalíf elskendanna er þeim fráleitt til minnkunar þó með því kunni að vera svipt hulunni af ákveðnum eðlisþáttum sem voru samferðafólki þeirra ekki ljósir, þvert á móti dýpkar það skilning okkar á persónum þeirra og lífshlaupi og varðveitir þannig minningu þeirra á mun áhrifameiri hátt en ella.

Tengsl efniviðar og höfundar

Efni bókarinnar er mér hjartfólgið af ýmsum ástæðum. Bókin var unnin sem lokaverkefni í meistaranámi mínu í hagnýtri menningarmiðlun frá Háskóla Íslands og var lokahnykkur á mjög fjölbættu, fræðandi og gefandi námi sem miðar að því að tengja saman íslenska sögu og menningu og miðla á sem fjölbreytilegastan hátt. Vinnsluferlið hefur verið lærdómsríkt, þroskandi og einkar ánægjulegt.

Þá hef ég í gegnum vinnu mína að þessu verkefni tengst þeim Bjarna og Önnu sterkum böndum og voru þó tengslin ærin fyrir því þau voru afi minn og amma og mynda þannig tvímælalaust bakgrunn minnar eigin sögu. Ég á margar minningar um þau sem eru mér kærar en þær minningar byggjast á skynjun barns af háöldruðu fólki á lokaskeiði ævi sinnar. Þótt það rýri í engu gildi þeirra þá takmarkar það óneitanlega myndina sem ég hef haft af þeim. Að auki er ég fædd og uppalin í Reykjavík en þau bjuggu alla tíð í Austur-Húnavatnssýslu svo samgangur á milli okkar var ekki mjög reglulegur.

1 Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg. Einsögurannsókn á íslensku sveittasamfélagi 19. og 20. aldar*. Sagnfræðirannsóknir 13 (Reykjavík, 1997), bls. 26-27.



Anna Sigurjónsdóttir, 1967.



Bjarni Jónasson, 1967.

Afi og amma voru vel við aldur þegar ég kom til sögunnar, afi 74 ára og amma 65, og í barnsminningunni eru þau einskonar táknmynd eldri kynslóðar þess tíma. Amma í peysufötum með síðar, uppsettar fléttur undir skotthúfu, afi í jakkafötum eða hnepptri peysu með þykk, svört gleraugu og staf. En þó að myndin af ömmu í peysufötum sé sterk í minningunni þá hef ég örugglega séð hana oftar í vinnubuxum, bograndi í matjurtagarðinum eða hlúandi að trjáplöntum í lundinum. Hún var umhyggjusöm amma en ekki sérlega gefin fyrir dekur og við barnabörnin gengum inn í sveitakostinn sem mér fannst svolítið undarlegur á köflum. Ég man eftir ýmsum leikjum tengdum hannyrðum ömmu. Hún átti óskaplega spennandi öskjur og skrín, full af tölum, spottum, efnisbútum og áhöldum sem ég fékk að dunda mér við. Það voru góðar stundir.

Ég tengi afa alltaf við bækur og ritvélina hans, ég hafði aldrei hugmynd um hvað hann var að grúska en skynjaði að það var betra að vera ekki með mikla háreysti í bókastofunni. Ekki svo að skilja að ég hefði brýna þörf fyrir að vera með læti þar, ég hafði unun af því að næla mér í bók úr bókahillu og stinga mér niður í eitthvert hornið. Einhverju sinni fór ég þó að hamra á ritvélina hans í óvitaskap og hann lét mig heyra að það væri ekki vel séð. Enda var ritvélin ekkert leikfang heldur bráðnaðsynlegt sam-



Bjarni og Anna í Hólum ásamt börnum Kofinnu, dóttur sinnar, Bjarna og Önnu Hinriksbörnum, 1967.

skiptatæki fyrir fræðimanninn og grúskarann þar sem gigt hafði sest í finger hans svo hann átti bágð með að halda á penna. Ég man líka eftir afa úti á túni að slá með orfi og ljá. Hann hefur þá verið um áttíð og ég, óvitinn úr höfuðborginni, fékk að trítla á eftir honum með hrifu í höndum og láta sem ég kæmi að einhverju gagni við heyskapinn.

Amma og afi komu stöku sinnum til Reykjavíkur og ég man hvað það var gaman að fá þau í heimsókn en þó fannst mér skrítið að sjá þau í því umhverfi, þau tilheyrðu allt öðrum þætti minnar tilveru, þau voru holdgervingar gamla tímans í sveitinni.

Árið 2000, árið sem amma hefði orðið hundrað ára, komu afkomendur hennar saman í Blöndudalshólum og tóku til hendinni í skógarreitnum sem hún græddi upp þar. Við Bjarni bróðir minn útbjuggum lítinn bækling í hennar minningu og í tilefni af því dró hann fram bréfasafn sem amma hafði afhent honum nokkrum árum áður en hún dó og beðið hann að fara með eins og hann teldi best. Þar voru komin bréf sem afi skrifaði ömmu þegar hann var að biðla til hennar og á fyrstu hjúskaparárunum. Bréfin eru full af einlægni, ást og þrá, skrifuð af ástríðufullum, stílfærum ungum manni sem beitir töfrum tungumálsins til að fá ástina sína á sitt band. Lestur bréfanna hafði mikil áhrif á mig. Ekki aðeins stíllinn, orðfærið, samfélagslýsingarnar

og tilfinningarnar að baki heldur sú mynd sem þau gefa af ömmu minni og afa. Þar birtast ekki gömlu, lífsreynðu hjónin í Hólum heldur ungt, fallett fólk í blóma lífsins.

Fljótlega eftir að ég hóf meistaranám í hagnýtri menningarmiðlun kviknaði hjá mér hugmynd um að vinna eitthvað með þann efnivið sem amma og afi höfðu látið eftir sig, þ.e. bréfin sem afi skrifaði á þriðja áratug tuttugustu aldar og amma varðveitti í hartnær sjötíu ár. Kveikjan að þeirri hugmynd var án efa þau kynni sem ég hafði af rannsóknum á persónulegum heimildum og vinnslu með minni einstaklingsins á námskeiðinu „Miðlun og menning“ sem Sigurður Gylfi Magnússon sagnfræðingur hafði umsjón með haustið 2007. Sigurður Gylfi varð síðan leiðbeinandi minn í þessu verkefni og veitti mér ráðleggingar um mótun þess og efnistöð.

Vinnsluferlið

Ég vissi að afi hafði ánafnað Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu á Blönduósi ýmis fræðirit, auk fjölda eigin handrita og skjalasafns. Árið 1987 gaf safnið út bókina *Vorþeyr og vébönd. Minningarbók um Bjarna í Blöndudalshólum* eftir Pétur Sigurðsson. Þar er að finna nokkrar greinar og ritgerðir eftir afa og greinargóða umfjöllun um lífshlaup hans og ævistarf. Þar koma fyrir tilvísanir í dagbækur svo ég hafði nokkra vissu fyrir því að þær væri að finna á safninu. Við nánari eftirgrennsln fann ég allmargar dagbækur og önnur forvitnileg gögn sem ég taldi rétt að rannsaka nánar. Ég hafði einkum hug á að finna dagbókarfærslur sem fjölluðu um tilfinningalíf afa og samskipti hans við ömmu á því tímabili sem bréfin spanna. Þegar ég tók að fletta í gegnum dagbækurnar komst ég hinsvegar að því að þær höfðu að geyma mun fjölbreytilegra efni en ég hafði ætlað í fyrstu. Verkefnið, sem upphaflega átti mestmegnis að byggja á bréfunum sem höfðu verið í vörslu bróður míns um árabíl, óx því til muna þegar ég fór að leita stuðningsgagna og komst að því að þau höfðu að geyma miklu meiri sögu en mig hafði órað fyrir. Rannsóknin á persónu og æviferli afa varð þannig mun umfangsmeiri en til hafði staðið. Óhjákvæmilega ýttu þessi efnistöð ömmu nokkuð í bakgrunninn þar sem ég hafði engin rituð gögn frá henni sjálfri, aðeins umsagnir afa og vitnisburði fjölskyldunnar og samferðafólks þeirra. Hún er samt eðlilega mikilvægur hluti þessarar sögu allrar.

Í bókinni eru birtir valdir kaflar úr dagbókum afa míns og með valinu ræð ég að vissu leyti þeirri mynd sem dregin er upp í verkinu. En markmiðin eru skýr – að skyggjast inn í ástarsamband tveggja einstaklinga og samfélagið sem mótaði þá – og valið byggir fyrst og fremst á þeim. Ég



Dagbækur Bjarna Jónassonar á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu, Blönduósi.

segi *fyrst og fremst* því vel getur verið að nálægð mín við viðfangsefnið hafi litað sýn mína og mat á efni dagbókanna svo valið ráðist á stundum af persónulegum ástæðum fremur en skilningi á því hvað vekja kann áhuga hins almenna lesanda. Sagan sem hér er sögð er vissulega saga fjölskyldu minnar en ég tel að það veiti mér dýrmæta innsýn í sögusviðið og geri mig enn næmari fyrir efniviðnum.

Þegar unnið er með persónulegar heimildir er mikilvægt að nálgast þær af virðingu og varúð, ekki síst ef einstaklingarnir sem í hlut eiga eru látnir og geta ekki gert athugasemdir við meðferð efnisins. Bréfin í bókinni eru í fórum fjölskyldu minnar og hafa ekki komið fyrir annarra augu fyrr en nú en amma kaus að láta þau frá sér frekar en granda þeim eða taka með sér í gröfina. Og afi færði dagbækur sínar sjálfur Héraðsskjalasafninu á Blönduósi að gjöf þar sem þær eru öllum opnar. Í þeim er að finna margar innilegar færslur um ömmu, jafnvel samhljóðandi sumum bréfanna, svo telja má víst að honum hafi ekki lengur þótt ástæða til að standa vörð um dýpstu tilfinningar sínar. Ég hef unnið að þessu verki með fullu samþykki afkomenda afa og ömmu og er sannfærð um að með því sé minningu þeirra heiður og sómi sýndur.

Efnistöð

Í fyrsta hluta bókarinnar verða kynntar þær heimildir sem unnið er með í verkinu, þær skoðaðar í samhengi við aðrar heimildir af svipuðum toga og rýnt í gildi þeirra fyrir skilning okkar á liðinni tíð. Þá verður litast um á æskuslóðum Bjarna og Önnu í Svínavatnshreppi og Bólstaðarhlíðarhreppi í Austur-Húnavatnssýslu. Loks verður brugðið upp mynd af íslensku samfélagi þess tíma sem heimildirnar eru sprottnar úr.

Meginhluti bókarinnar eru bréf Bjarna til Önnu frá árunum 1920 til 1926. Fyrstu bréfin skrifar ástfanginn vonbiðill, ýmist vongóður eða hrygg-brotinn, flest þeirra skrifar ástfanginn heitmaður og litlu færri hamingju-samur eiginmaður. Bréfin gefa ekki einungis góða mynd af þeim Bjarna og Önnu og sambandi þeirra heldur einnig lífi þeirra í sveitinni og nán-asta umhverfi. Sagan er fyrst og fremst sögð með orðum Bjarna sjálfs og lesendum að mestu látið eftir að draga upp eigin mynd af lífi þeirra og nánasta umhverfi. Inn í bréfin er fléttað dagbókafærslum sem varpa ljósi á atburðarásina og gefa fyllri mynd af ýmsum hugðarefnum sem Bjarni imprar á í bréfunum og enn fremur er stutt við framvindu sögunnar með innskotsköflum þar sem það þykir til bóta.

Í síðasta hluta bókarinnar er aðeins staldrað við sameiginlega lífsgöngu þeirra Hólahjóna, Önnu og Bjarna, og litið um öxl við leiðarlök.

Í viðaukum er loks birt í heild dagbók Bjarna frá 1909 til 1914, valdar frásagnir úr dagbókum 1917 til 1925 og svör við spurningum um líf Bjarna og lífsgildi sem Sigvaldi Hjálmarsson, vinur hans og fyrrverandi nemandi, lagði fyrir hann 1975. Þannig gefst annarsvegar tækifæri til að gefa lesend-um heilsteyptari mynd af dagbókarskrifum Bjarna um nokkurra ára tímabil og hinsvegar að tæpa á ýmsum atburðum og umfjöllunarefnum sem Bjarni gerir skil í dagbók sinni og veita almenna sýn á samtíma hans og þankagang en tengjast ekki beint meginefni bókarinnar. Svör Bjarna við spurningum Sigvalda Hjálmarssonar eru svo athyglisverð lesning vegna þess að þar lítur hann til baka yfir farinn veg og gerir upp marga helstu þætti lífsstarfs síns.

Allir textar Bjarna eru skrifaðir nákvæmlega upp eftir honum og aðeins bætt úr augljósum pennaglöpum, svo sem þegar samhljóðabrengl breytir „pabba“ í „pappa“ og „labba“ í „lappa“. Einnig er bætt inn forsetningum sem augljóslega hafa gleymst og fallmyndum breytt ef misræmi er á milli fyrri hluta og seinni hluta setninga líkt og hent getur ef setning breytist í huga ritara í miðjum klíðum. Eru þessar breytingar þó mjög óverulegar, Bjarni var mjög vandvirkur dagbókaskrifari og í bréfum hans til Önnu er hvergi að finna misfelli.

Rithönd Bjarna var afar falleg og skýr og yfirleitt mjög auðlæsileg en í einstaka tilfellum eru dagbókafærslurnar hripaðar niður í fljótheitum eða við erfiðar aðstæður og þá getur verið erfitt að lesa úr stöku orðum. Allir textar hafa verið samlesnir og yfirlesnir í þaula. Ber höfundur alla ábyrgð á mistökum sem kunna að hafa verið gerð við hreinritun textanna.

Þakkir

Móðir mín, Kolfinna Bjarnadóttir, hefur verið mér ómetanleg hjálparhella í allri þessari vinnu. Hún fylgdi mér í gagnaöflun norður á Blönduós, talaði með mér við fólk þar sem hafði kynni af ömmu og afa, dró fram bréf og myndir sem hún átti í förum sínum og deildi með mér sínum minningum af foreldrum sínum. Einnig eyddi hún með mér nokkrum dögum í samlestur á uppskriftum mínum úr bréfunum og dagbókunum og loks las hún verkið yfir og kom með þarfar athugasemdir og ábendingar. Kann ég henni bestu þakkir fyrir alla hjálpinu. Bókina tileinka ég henni og systkinum hennar: Ingibjörgu, Elínu, Jónasi Benedikt og Ólafi Snæbirni.

Faðir minn, Hinrik Bjarnason, las einnig próförk og veitti kærkomna ráðgjöf í öllu vinnsluferlinu. Þá aðstoðaði bróðir minn, Bjarni Hinriksson, vörslumaður bréfanna, við myndræna framsetningu. Ég stend í þakkar-skuld við þá sem og skjalavörð Héraðsskjalasafns Austur-Húnavatnssýslu á Blönduósi, Svölu Runólfsdóttur, sem aðstoðaði við gagnaöflun. Héraðsskjalasafnið á útgáfurétt á öllum verkum sem afi ánaðnaði safninu og fékk ég góðfúslegt leyfi til að ganga í gögnin og birta úr þeim að vild í bókinni.

Bændasjóður og Kvenfélag Bólstaðarhlíðarhrepps hafa veitt styrki til útgáfu þessarar bókar og færi ég þeim einlæggar þakkir fyrir örlætið. Amma og afi stofnuðu Bændasjóð Bólstaðarhlíðarhrepps á sjötugsafmæli afa, 24. febrúar 1961, í því skyni að stuðla að söfnun og skráningu upplýsinga um ábúendur í hreppnum. Hefur sjóðurinn stutt ýmis verkefni sem snúa að varðveislu sögu hrepps og héraðs. Þá var amma meðal stofnenda Kvenfélags Bólstaðarhlíðarhrepps 1927 og starfaði ötullega með félaginu um áratuga skeið.

Að síðustu þakka ég ritstjórum ritraðarinnar *Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar*, sagnfræðingunum Sigurði Gylfa Magnússyni, Davíð Ólafssyni og Má Jónssyni, gjöfult og ánægjulegt samstarf. Þeir sýna mér mikinn heiður með því að taka lokaverkefni mitt til útgáfu í ritröðinni.

DAGBÆKUR OG BRÉF

Sögukaflar af sjálfum mér

Dagbækur Bjarna Jónassonar

Davíð Ólafsson sagnfræðingur sem rannsakað hefur eðli og þróun dagbókaskrifa Íslendinga og skráð allar dagbækur í handritadeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, skiptir dagbókum gróflega í „skráningardagbækur“ og „tilfinningabækur“.¹ Dagbækur fyrri alda geymdu fyrst og fremst hagnýtar upplýsingar sem nýttust dagbókarriturum í starfi og hjálpuðu þeim að henda reiður á lífi sínu og nánasta umhverfi. Þannig geymdu veðurbækur, almanök, annálar, bændadagbækur og fréttadagbækur m.a. skráningar um veðurfar, búrekstur, fæðingar, andlát, gestakomur, ferðalög, mannamót og almenn tíðindi en ekkert var vikið að persónulegum högum eða innra lífi þess sem skráði. Rannsóknir Davíðs á íslenskum dagbókum á 18. og 19. öld benda til „að þróun dagbókaskrifa sé að einhverju leyti ferð frá hinu almenna til hins einstaka, frá hinu opinbera til einkalífs“² og með áframhaldandi þróun fram á okkar tíma verði dagbókin í hugum nútímamanna „eintal sálarinnar, vettvangur þar sem einstaklingurinn reynir að koma skipan á tilfinninga- og einkalíf sitt án samráðs eða samskipta við aðra.“³

Bjarni hefur án efa verið meðvitaður um hvernig skráningum á ýmsum upplýsingum var háttað á þeim tíma sem hann var hvað virkastur í dagbókarskrifum sínum. Dagbækur hans þróast mjög á því tímabili og augljóst er að hann veltir fyrir sér eðli þeirra og hlutverki og byggir þá jafnvel á fróðleik sem hann hefur sótt sér um skráningu og miðlun upplýsinga:

Í fyrra vetur skrifaði jeg um það í dagbókina, að jeg hefði í hyggju að færa nokkurskonar árbók fyrir Blöndudalshóla, þar sem árlega væri sögð saga jarðarinnar og ábúenda. Jeg hefi lengi haft þá skoðun, að hagkvæmt væri, að hver jörð ætti sjer þannig lagaða annálshók. Hugmyndin er þó aðfengin. Þegar jeg var unglingur las jeg grein um þetta efni, að mig minnir í Fjallkonunni. Annálshritun á þennan veg, ætti að geta unnið gagn

1 Davíð Ólafsson, „Að skrá sína eigin tilveru. Dagbækur, sjálfsmýnd og heimsmýnd á 18. og 19. öld.“ *Einsagan – ólíkar leiðir. Átta ritgerðir og eitt myndlistarverk* (Reykjavík, 1998), bls. 60.

2 Davíð Ólafsson, „Að skrá sína eigin tilveru“, bls. 68.

3 Davíð Ólafsson, „Að skrá sína eigin tilveru“, bls. 58.

á tvennan hátt. Fyrst og fremst safnaðist á þennan hátt smám saman mikill sagnfræðilegur og hagfræðilegur fróðleikur, og í annan stað er ekki ósennilegt, að þetta gæti orðið all-rík hvöt til umbóta.¹

Bjarni byrjaði að halda dagbók í janúar 1909, á fyrsta námsári sínu í Kennaraskólanum. Hélt hann nokkuð reglulega dagbók til ársins 1912 en 1913 skráir hann aðeins nokkrar færslur í janúar og 1914 aðeins eina. Varð þá hlé á dagbókarskrifum til 1917 en upp frá því heldur hann mjög reglulega og nákvæma dagbók í tíu ár, til 1926. Þá verður aftur hlé á dagbókarskrifum en árið 1944 tekur Bjarni upp þráðinn á ný og heldur eftir það dagbók fram á elliár. Hugsanlegt er að eitthvað af dagbókum hafi glatast en trúlegra er að miklar annir hafi orðið til þess að Bjarni lagði skrifin niður um tíma, einkum á árunum 1926 til 1944 þegar hann hafði sem mest að gera við að byggja upp búskap sinn og fjölskyldu.


Mikill munur er á dagbókum Bjarna á þessum þremur tímabilum, aðallega þó á fyrri dagbókunum og þeim sem hann heldur frá 1944. Hann er aðeins sautján ára þegar hann byrjar á fyrstu dagbókinni og þó hann sýni þar strax afar þroskaðan hugsunarhátt og vönduð stílbrögð þá eru skrifin einnig skemmtilega unggæðingsleg á köflum og lýsa vel ýmsum umbrotum í þroskaferli ungs manns. Þegar Bjarni tekur upp þráðinn 1917 er stíllinn orðinn vandaðri og hugsunin mótaðri enda er þar á ferð þroskaðri og lífsreyndari maður. Hann hafði þá stundað kennslu í fimm ár, unnið að ýmsum félagsmálum í sveitinni og valist til margvíslegra trúnaðarstarfa þar, til að mynda varð hann hreppstjóri Svínavatnshrepps 1917, gegndi því embætti í sjö ár og sat í hreppsnefnd mun lengur.

Seinni tíma dagbækur Bjarna, frá 1944, eru mjög ólíkar hinum fyrri. Færslurnar eru reglulegar en mjög stuttar og lýsa helst veðurfari, gestakomum og búnaðarframkvæmdum. Á þessum tíma hafði Bjarni orðið í mjög mörgu að snúast, hugðarefnin voru margvísleg og tími til persónulegra vangaveltna trúlega af skornum skammti. Hér var hann enn fremur í auknum mæli farinn að sinna ritstörfum á opinberum vettvangi og fann hugsunum sínum þannig annan farveg.

Frá 1917 tekur Bjarni saman veðurfarsyfirlit um mánaðamót og undir lok árs 1923 verður uppbygging dagbókarinnar skipulagðari. Hver færsla er kaflaskipt og fyrirsgnir gefa efni kaflanna til kynna. Um áramótin 1923-1924 skrifar Bjarni nákvæman annál fyrir undangengið ár, það sama gerir hann um áramótin 1924-1925:

Nokkur orð um dagbókina nú í byrjun ársins. Færsla bókarinnar er

1 Dagbók Bjarna Jónassonar, 1. janúar 1925. Sjá Hólaannál 1924-25, Viðauka II.



Titilsíða fyrstu dagbókar Bjarna Jónssonar, 1909.

ítarlegri og gleggri árið er leið en undanfarið, þó að margt sje auðvitað í molum. – Búskapurinn hefir þó enn orðið út undan. Framvegis mun jeg reyna að gera honum betri skil. Hefi jeg hugsað mjer, að dagbókin geymi framvegis skýrslur um búreksturinn og ýmsar athuganir. Í lok hvers árs skrifa jeg svo ítarlega um yfirlit ársins, undir fyrirsögninni „Hólaannáll“.¹

Árið eftir ritar Bjarni reglulega búskýrslur í dagbókina undir fyrirsögninni „Búskaparbálkur“ og á þessum skýrslum byggir hann Hólaannál ársins 1925:

Aðstaðan nú nokkuð betri við annálsritunina en í fyrra. Nú hefi jeg haldið vinnuskýrslu frá byrjun maímánaðar. Skýrsla sú þó ekki nægilega ítarleg, en umbótavinna er þó öll bókfærð og heyyvinnan, vinna við garðrækt, eldivið og mó. –

1 Dagbók Bjarna Jónssonar, 1. janúar 1925. Sjá Hólaannál 1924-25, viðauka II.



Skrifaði á hverju laugardagskvöldi yfirlit yfir störfin um vikuna og færði inn samtölur vinnuskýrslunnar. Jeg hefi því veitt búskapnum töluv. meira rúm í dagbókinni en að undanfögnu, enda þarf svo að vera, þar sem búskapurinn er nú aðal lífsstarfið.¹

Bjarni skilgreinir þannig hlutverk dagbókarinnar jafnt og þétt í skrifum sínum. Á skólaárunum skrifar hann eigin hugleiðingar og skrásetur ýmsa atburði sem hann verður vitni að, innihald erinda og umræðna sem hann hlýðir á og annað sem hann langar til „að biðja dagbókina mína að geyma fyrir mig“.² Eftir hugleiðingu um fræðslumál slær hann þann varnagla að skoðanir hans á þeim efnum kunni að breytast en dagbókin geymi þær örugglega þar til annað komi í ljós:

[M]eð aukinni þekkingu í þessa átt og meiri reynslu verð eg hæfari að taka mér aftur penna í hönd til þess að láta skoðanir mínar á fræðslumálunum í ljósi og þá mun eg biðja þig, dagbókin mín að geyma

1 Dagbók Bjarna Jónassonar, lok árs 1925.

2 Dagbók Bjarna Jónassonar, 22. janúar 1909. Sjá viðauka I.

Janúar 1924

veð. Gili 'Of flúth' 2 króti og
 söng gaman ríus. Þögglaþapplet.
 Heima. Sérapp heim á smíðskvætti
 og var þá málma. Þó og heim af sam-
 kinnunni og kom ekki þó en í morgun.
 Sigurðen hressit sént ífe eugan vinn
 á hornun. einni hluta vikunnar.
 Ífe mál beitt og tókur drögi af þróvinnu
 líka gefit. —

Enginn von. Svo hljóðast. Þinnur
 lekun. í þyrskiftit, sem hann var
 seltur til Sigurðens. Hann laðr hann
 alveg af. Þó hugtum honum ekki líf
 í viku. Þat var smurlegur líni. Skýja-
 um vart orkut um í þyrsku, en vonu
 farnar at salla sig út orlogin. — En
 þenn betur þó réttit betur ús en ókerfít
 í þyrsku. Öðrugri heftir euga orkut þó

Janúar 1924

skapum, af Sigurðen, hefti þallit
 fíð, og seinnilest, at geg hefti ekki.
 til langframa geta haldit hvort
 heggja. Kinnakinn og brúskapum.
 Þorund fíð geg euga at ujóto at-
 skota Sigurðens um laugt skut,
 þó at hann er svo seinn ekki gamalt
 matu.

Farskólinn. Söngkúla
 hefti. Litla íðleilríni á þomb
 Steingr á Smávalur kunnit. —
 Belet hefti um út í skólaum.
 í þó h. Þorundur í skóla, ús þu dæ-
 dildinni, orglu lígu, kom á
 fíðskut.

2. Þjórg Karitas þýpín dæti á
 Hauki f. á Hauki 12. maí 1911
 Foreldrar: Þýpín Þórní Þennurkinn.

Sýnishorn úr dagbók Bjarna Jónassonar.

þær hugsanir mínar er eg fel þér til geymslu. Þér er trúandi fyrir þeim. Þú ert þöggulli en steinninn, því þú gefur ekkert bergmál.¹

Og rúmu ári síðar, þegar Bjarni hefur aðeins endurskoðað afstöðu sína í fræðslumálunum, færir hann jafnvel inn athugasemd við fyrri færslu svo ljóst er að hann leitar aftur í fyrri skrif til að glöggva sig á eigin hugsunum.

Bjarni var nákvæmur maður og fræðimaður að upplagi, dagbókin verður því geymslustaður fyrir upplýsingar og athuganir af ýmsu tagi. Á námsárunum heldur hann nákvæmar skýrslur yfir heytækjuna í Litladal og ber afraksturinn saman frá ári til árs. Að námi loknu skráir hann bækur sem hann les, bréf sem hann skrifar og fær frá öðrum, stundum afritar hann jafnvel kafla úr bréfum í dagbókina. Ýmis gögn varðandi kennsluna eru líka geymd í bókunum, svo sem nöfn nemenda, einkunnir og mælingar á hæð og þyngd. Dagbókin er þannig minnisbók en henni er líka ætlað annað hlutverk:

1 Dagbók Bjarna Jónassonar, 8. júní 1909. Sjá viðauka I.

Jeg hefi lengi fundið til þess, að færslu dagbókarinnar er að ýmsu leyti áfátt. Aðalorsökin er of miklar annir. Hvernig á þá dagbókin að vera? Hún á fyrst og fremst að vera viðburðasaga, segja frá því helsta, sem fyrir mig kemur og svo drepa á hið merkasta hjá sveitungum mínum. Þessi atriði hafa nokkuð verið rækt, þó að margt hafi verið í molum og víða sje gloppótt. Í dagbókina á jeg og að færa ýmislegt til minnis. En dagbókin ætti að hafa meira. Hún ætti helst að sýna það, sem jeg er helst að hugsa um daglega. – Í vetur ætla jeg að gera tilraun til þess, því að undanfarið hefir þetta alveg vantað, þegar undanskildir eru kaflarnir til Önnu minnar. En taka verð jeg fram: Á fátt eitt verður drepð og hjer verður um engar ritgerðir að ræða, aðeins hlaðnar smá vörður hjer og þar. Mætti það verða mjer til glöggvunar á ófarinni leið.¹

Dagbókinni er því ekki aðeins ætlað að geyma tölulegar upplýsingar og staðreyndir, svo sem veðurfarslýsingar og heyskýrslur, auk viðburðasögu sveitarinnar, hún á líka að geyma helstu hugsanir Bjarna og vangaveltur. Í viðauka II má lesa ýmsar frásagnir og hugleiðingar um fjölbreytileg mál-efni sem Bjarni skráir í dagbók sína. Í meginhluta bókarinnar er hinsvegar fyrst og fremst gefinn gaumur að þeim dagbókarköflum sem snúa að tilfinningalífi Bjarna og innra manni en þeir tengjast einkum hugsunum hans um ástina og hjónabandið, svo og eindregnum vilja til þroska með sjálfsþekkingu og stefnumörkun.

Dagbækur Bjarna sem hér er rýnt í, þ.e. frá 1909 til 1926, verða ekki skilgreindar sem annað hvort „skráningardagbækur“ eða „tilfinningabækur“ heldur bera þær skýr einkenni hvors tveggja. Þær byggja á skráningahefð dagbóka, annála og almanaka fyrri alda en persóna og tilfinningar dagbókarritara eru einnig mjög áberandi í bland sem er mjög í takt við niðurstöður rannsókna Davíðs Ólafssonar um þróun dagbóka á 18. og 19. öld „frá hinu almenna til hins einstaka“.²

Bréfaskriftir Bjarna Jónassonar

Bjarni Jónasson var ötull bréfitari alla tíð. Á námsárunum í Reykjavík skrifast hann reglulega á við fjölskyldu sína og kunningja norður í landi og á sumrin skrifar hann löng og innihaldsrík bréf til félaga sinna úr Kennaraskólanum. Bréf frá þessum tíma hafa ekki varðveist en Bjarni afrit-

1 Dagbók Bjarna Jónassonar, 12. nóvember 1923.

2 Davíð Ólafsson, „Að skrá sína eigin tilveru“, bls. 68.

ar oft kafla úr bréfum í dagbókina eða endursegir efni þeirra. Sumarið eftir fyrsta námsárið skrifar hann góðum vini sínum, Sveini Halldórssyni, og inntak bréfsins er hreint ekki hversdagslífið til sveita:

Hér er kyrð og næði. Hér gefst manni því betri tími til að hugsa, en í Reykjavíkurskarkalanum. Líta yfir fortíð og leggja braut framtíðarvonanna í huganum.

Eg hefi alt frá barnæsku verið mjög stórvirkur í loftkastalasmíði. Hefi eg bygt hverja skýjaborgina ofan á aðra og þegar stormar og brotsjóir vonbrigðanna hafa sópað þeim í burtu, hefi eg jafnóðum bygt aðra upp í staðinn. –

Því meir, sem eg hugsa um lífið og tilgang þess, því fullvissari verð eg um, aðal kjarni þess hlýtur að vera kærleikurinn. [...]

Vinur minn! Kappkostum því að eignast, sem allra mest af kærleika og látum hann hafa áhrif á lífern okkar.¹

Parna eru Bjarni og Sveinn rétt átján ára og ljóst að miklar tilfinningar og hugsjónir búa í bréfitara. Efni bréfanna hefur sjálfsagt ekki alltaf verið svo upphafið og einnig eru sagðar hversdaglegar fregnir af eigin högum og sameiginlegum kunningjum. Inn á milli leynir hrifnæmi og ást Bjarna á íslenskri náttúru sér ekki og ungi maðurinn reynir sig við rómantískar stílfæingar:


Íslenskri náttúru hefir alt af verið viðbrugðið fyrir fegurð, en hvar gætir hennar betur en fram til dalanna? Þá er vorið með sólina og ylinn hefir leyst í sundur klakabúning náttúrunnar en skartað henni aftur með geislandi blómaskrúði; þá er fallett hjá oss dalbúum. Þá má kenna alt við sunnu, hvamminn, hólinn og barðið alt laugast í brosi hennar. Hvílik unun er ekki að þiggja ástarbros af fríðri meyjurvör en hvað er það hjá guðlegu sólbrosi?²

Bréfaskiptin við félagana skipta Bjarna augljóslega miklu máli, hann flýtir sér að svara bréfum um hæl og lætur í ljósi vonbrigði þegar honum finnst vinirnir heldur latir við skriftir:

Í dag skrifaði eg Pétri Einarssyni í Skógum skólabróður mínum. Hann

1 Úr bréfi til Sveins Halldórssonar, skrifað upp í dagbók Bjarna Jónassonar, 18. júní 1909. Sjá viðauka I.

2 Úr bréfi til Sveins Halldórssonar, skrifað upp í dagbók Bjarna Jónassonar, 17. júlí 1910. Sjá viðauka I.



Bref Bjarna Jónassonar til Önnu Sigu jónsdóttur.

lofaði að skrifa mér að fyrra bragði, en er ekki enn farinn til þess, og skrifaði eg honum því duglegt skammarbréf.(!)¹

Eftir útskrift úr Kennaraskólanum, þegar Bjarni er kominn til starfa við barnaskólann á Blönduósi, verða bréfaskiptin kærkomin tenging við umheiminn. Bjarni skrifast áfram á við fyrrum skólafélaga sína og kennara og þegar honum leiðist vistin á Blönduósi saknar hann sárt áþreifanlegri samskipta við vinina:

Ó!, hvað það er þreytandi að eiga engan vin, vin sem maður getur trúað fyrir sínum heitustu og helgustu hugsunum. Hér langar mig ekki til að gera neinn að vin, en bréfin eru ófullkominn túlkur til vinanna fáu.²

Hér kemur glögggt fram þrá Bjarna eftir vini og sálufélaga sem hann geti trúað fyrir öllu sem í honum brýst, einhvern sem þekki hans innri mann og geti deilt með honum gleði og sorgum.

1 Dagbók Bjarna Jónassonar, 1. ágúst 1909. Sjá viðauka I.

2 Dagbók Bjarna Jónassonar, 12. febrúar 1912. Sjá viðauka I.

Þegar Bjarni fellir hug til Önnu Sigurjónsdóttur, ungrar bóndadóttur úr Bólstaðarhlíðarhreppi í Austur-Húnavatnssýslu, verða sendibréfin hans helsta baráttutæki í því að ná ástum hennar. Hann skrifar henni fjögur bréf á riflega tveggja ára tímabili þar sem hann úthellir hjarta sínu, tjáir henni ást sína, reifar hugmyndir sínar um ást og hjónaband og kynnir vonir sínar og væntingar til framtíðarinnar. Ennfremur gerir hann sér far um að kynna sjálfan sig á einlægan og skilmerkilegan hátt enda þekkjast þau Anna ekki ýkja vel þegar hann ber upp bónorðið. Heimildir sýna að þau hafa hist nokkrum sinnum þegar hér er komið en bæði er það að Bjarni er fremur feiminn í persónulegri viðkynningu og einnig hafa tækifæri til innilegra samtala verið fá jafnvel þó fundum þeirra hafi borið saman. Bréfin hafa því gefið Bjarna tækifæri til óheftrar tjáningar og markvissrar framsetningar, ekki síst þar sem hann var afar rítfær. Þegar frá líður og Anna og Bjarni kynnast betur eru fjarlægðir á milli þeirra iðulega nokkrar þar sem Bjarni flyst á milli bæja í Svínavatnshreppi með farskóla hreppsins. Þá eru sendibréfin eina samskiptaformið sem um ræðir og hann heldur áfram að skrifa Önnu bréf á fyrstu hjúskaparárunum.

Bréfin, sem Anna varðveitti alla tíð og afhenti dóttursyni sínum til varðveislu nokkrum árum fyrir dauða sinn, eru 33 talsins. Sum eru stutt, allt niður í nokkurra lína orðsendingar, þau lengstu 16 síður. Stundum eru bréfin skrifuð á nokkrum dögum, ný færsla á hverjum degi. Þannig verða bréfin öllu líkari dagbók en sendibréfi á köflum og samlíkingin verður enn ljósari þegar Bjarni færir stundum sama texta í dagbækur sínar og bréfin. Sigurður Gylfi Magnússon hefur bent á að „mörg nítjándu aldar bréf eru á mörkum þess að flokkast sem bréf, þar sem þau eru skrifuð sem dagbækur yfir ákveðið tímabil en hafa þó öll önnur einkenni bréfa“¹ og það sama má segja að gildi um sum bréf Bjarna.

Sigurður Gylfi segir ennfremur að sem söguleg heimild geti bréf haft mikla kosti fram yfir dagbækur, „einkum í þeim tilfellum þar sem samband bréfitara og viðtakanda er náíð og þeir láta tilfinningar sínar óhindrað í ljós. Slík heimild getur reynst ómetanleg og opnað sýn inn í fyrri tíð sem hvergi annars staðar er að finna.“² Bréf sem skrifuð eru í fullri einlægni geta gefið ómetanlega mynd af bréfitara – hugarheimi, tilfinningum og ytri aðstæðum – og einnig af viðtakanda, upp að vissu marki, í það minnsta af sambandi þeirra og samskiptum. Þannig geta sendibréf ekki aðeins verið dýrmætur persónulegur vitnisburður heldur einnig mikilvæg söguleg heimild.

1 Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*, bls. 53.

2 Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*, bls. 53.

Í síðasta kafla bókarinnar, þar sem litið er yfir sameiginlegt lífshlaup Önnu og Bjarna á langri ævi, er gluggað í nokkur sendibréf sem Bjarni skrifar Kolfinnu dóttur sinni á tíu ára tímabili undir lok ævi sinnar. Þau bréf eru öll með svipuðu sniði, fréttir af heilsufari þeirra hjóna og litlar sögur úr hversdagslífinu, helstu tíðindi af öðru heimilisfólki og yfirlit yfir helstu mál í sveitinni. Rithöndin er orðin heldur skrykkjóttari en í bréfunum sem hann skrifar Önnu hálfri öld áður en hugsunin er alveg jafn skýr og stíllinn vandaður:

Af okkur er allt sæmilegt að fréttu. Mér líður mikið betur í hnjónum eftir dvölinu á Hælinu, en nú er ólukkan komin í hægri ökkinn. Eðlilegt að merki sjáist einhvers staðar um aldurinn. [...] Nú er eg elztur karlanna í Bólstaðarhlíðarhreppi og Klemenzi í Bólstaðahlíð ári yngri en eg. Hann verður 85 ára núna 4. mars.¹

Þó tilfinningatjáningin sé ekki eins brennandi einkennast bréfin áfram af ákveðinni einlægni og afdráttarleysi og væntumþykja bréfitara í garð viðtakanda leynir sér ekki. Yfirbragðið er þó mun afslappaðra nú og það gætir ákveðinnar kímni, t.d. þegar Bjarni skrifar um daglegt líf þeirra hjóna, aldur sinn og hrörleika.

Bréf Bjarna til Önnu segja ástarsögu þeirra en gefa lesendum um leið mynd af því hvernig samdrætti fólks var háttað á þeirra tíma. Bréfin segja enn fremur mun stærri sögu en þessara tveggja einstaklinga því þau gefa innsýn í búnaðarhætti, fræðslumál, samgöngur, sveitarstjórnarmál og margt fleira sem varpað getur ljósi á líf íslensks sveitafólks á fyrri hluta tuttugustu aldar. Að þessu leyti geta persónuleg sendibréf ekki aðeins varðveitt kærar minningar og myndir af einstaklingum heldur einnig haft víðtækt, almennt heimildagildi.

1 Úr bréfi Bjarna Jónssonar til Kolfinnu, dóttur sinnar, 28. febrúar 1977.

ÍSLAND UM ALDAMÓT

Ættjörð og frelsi

Við, sem erum fædd fyrir aldamótin síðustu, megum muna tímana tvenna. Á ævi okkar hefir orðið gjörbylting í íslenzku þjóðlífi, svo að segja má, að við aldamótakynslóðin séum nú stödd í nýjum heimi.¹

Persónuleg skrif Bjarna Jónassonar bera glögg einkenni þess tíma sem þau eru sprottin úr og því er gagnlegt að setja þau í sögulegt samhengi. Lífsskoðanir Bjarna og hugsjónir eru áberandi þáttur í dagbókum hans og bréfum og í þeim má greina ýmsar þjóðfélagsaðstæður og hugmyndafræðilegar stefnur sem hafa haft mótandi áhrif á hann. Í því ljósi má líta á hann sem athyglisverðan tákngerving síns samtíma.

Íslenskt samfélag hafði tekið næsta litlum breytingum öldum saman þar til kom fram á 19. öld. Fólksfjöldgun til sveita tók þá að valda skorti á jarðnæði sem aftur olli aukningu í húsmennsku og flutningi til sjávarplássá við ströndina. Fór þá að bera á vaxandi þéttbýlismyndum, ásókn í fiskveiðar og auknum framförum í landbúnaði. Framfaraáhugi var reyndar ekki ný hugmynd á 19. öld, líkt og Guðmundur Hálfðanarson sagnfræðingur bendir á í rannsókn sinni á íslenska þjóðríkinu:

Áhugi á framförum og trú á framtíðina stóð vitanlega á gömlum grunni á Íslandi en þessir þættir höfðu einmitt verið helsta einkenni íslenskrar upplýsingar á síðari hluta átjándu aldar.²

Ingi Sigurðsson sagnfræðingur sem rannsakað hefur áhrif fjölþjóðlegra hugmyndastefna á Íslendinga tekur í sama streng þegar hann ræðir um „framfarahyggju sem hluta af arfleifð upplýsingarinnar.“³ Upplýsingarmenn settu skynsemi og raunhyggju í öndvegi, aðhylltust mannúðarsjónarmið og lögðu áherslu á menntun, ekki síst alþýðmenntun. Framfarir í prentið og bætt aðgengi almennings að prentuðu efni voru mikilvægur liður í aukinni uppræðslu alþýðunnar og nýjar hugmyndir áttu greiðari aðgang að þorra manna.

1 Bjarni Jónasson, „Sögufélagið Húnavtingur“, *Húnaþing* ([S.I.], 1975), bls. 307.

2 Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið – uppruni og endimörk* (Reykjavík, 2001), bls. 108.

3 Ingi Sigurðsson, *Erlendir straumar og íslensk viðhorf. Áhrif fjölþjóðlegra hugmyndastefna á Íslendinga 1830-1918* (Reykjavík, 2006), bls. 25.



Póstkort til Bjarna Jónassonar á öðrum áratug 20. aldar, þjóðernislegt myndefni í bland við íslenskar og erlendar þökkadísir.

Upplýsingin boðaði einnig „frelsi og jafnrétti allra manna“¹ og samfara aukinni þjóðernisvitund fór sjálfstæðiskrafa Íslendinga vaxandi undir miðbik 19. aldar. Fjölnismenn, með Jónas Hallgrímsson í broddi fylkingar, lofsungu íslenska náttúru og menningu² en Jón Sigurðsson lagði áherslu á „mikilvægi frelsis og ábyrgðar fyrir þroska þjóðarinnar.“³ Sjálfstæðisbaráttan náði fullum blóma undir lok 19. aldar og á fyrri hluta 20. aldar, Íslendingar fengu heimastjórn 1904, 1918 gengu sambandslögin í gildi og Ísland varð fullvalda ríki undir dönskum þjóðhöfðingja. Skiptust menn nokkuð í fylkingar um hve langt ætti að ganga í sjálfstæðiskröfum við Dani á þessum tíma og tóku nemendur Kennaraskólans virkan þátt í umræðunni líkt og lesa má í dagbókum Bjarna frá skólaárunum.

1 Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur. Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900-1930* (Reykjavík, 2004), bls. 175.

2 Sjá Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið – uppruni og endimörk*, bls. 194.

3 Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið – uppruni og endimörk*, bls. 83.

Í sjálfstæðisbaráttunni bar mikið á rómantískri náttúrusýn en hún var þó jafnan lituð nytjahyggju. Kjör þorra þjóðarinnar voru erfið og þó ættjarðarást væri rík þurfti líka að leita leiða til að njóta gæða landsins. Hvað sem fegurð fjalla og dala leið gat íslensk náttúra verið afar óblíð og ein leið til að temja hana var að upphefja hana.¹ Þannig fléttaðist lofsöngur í stíl Fjölnismanna 19. aldar saman við málflutning í anda nytja- og framfarahyggju og er hvort tveggja áberandi í skrifum Bjarna. Þar má finna hástemmdar og ljóðrænar náttúrulýsingar sem dásama fegurð sveitanna en jafnframt nákvæmt yfirlit yfir veðurfar og baráttu bænda við náttúruna.

Þjóðfrelismenn 19. aldar horfðu einnig margir til hins glæsta þjóðveldistíma og sóttu fyrirmyndir í Íslendingasögurnar.² Bjarni elst upp við lestur sagnanna, víkur oft að þeim í skrifum sínum og telur brýnt að þjóðin leggi meiri rækt við menningararfinn.

Örar breytingar í íslensku þjóðlífi á áratugunum í kringum aldamótin 1900 ollu togstreitu á ýmsum sviðum og andstæðir pólar tókust oft á tíðum harkalega á. Í rannsókn sinni á íslenskri þjóðfélagsþróun á tuttugustu öld bendir Ólafur Ásgeirsson sagnfræðingur á að íslensk stjórnálgasaga einkennist ennþá um margt af ágreiningi sem rekja megi til þessa tíma – til reipdráttar „á milli „gamla“ og „nýja“ samfélagsins, milli hefðar og fjárhagslegra hagsmuna, milli landsbyggðar og Reykjavíkur.“³ Breyttir búsetu- og atvinnuhættir tóku að skerpa mjög skilin á milli sveita og þéttbýlis og ólíkir hagsmunir toguðust á í síauknum mæli. Landbúnaður, sem verið hafði grunnatvinnuvegur þjóðarinnar um aldir, tók að víkja fyrir sjávarútvegi og mætti sú þróun mikilli andstöðu meðal talsmanna bænda.⁴ Borgaralega sinnaðir menn dásömuðu vöxt Reykjavíkur en íhaldssamari þjóðernissinnar töldu sveitir landsins mun þjóðlegri og að þar væri að finna hina einu og sönnu menningu landsins.⁵ Bjarni skipaði sér ótvírætt í sveit hinna síðarnefndu og þótti fremur lítið til borgarmenningarinnar koma. Þegar illa gengur að halda úti sýningum á íslensku leikriti í höfuðstaðnum sökum slælegrar aðsóknar telur hann ástæðuna að öllum líkindum þá „að það er of íslenzkt fyrir Reykjavík. Hún er enn þá svona óþjóðleg, að hún getur ekki virt að verðleikum ramm-íslenzkt leikrit.“⁶

1 Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið – uppruni og endimörk*, bls. 200–203.

2 Sjá t.a.m. Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur. Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900–1930*, bls. 52.

3 Ólafur Ásgeirsson, *Iðnbylting hugafrarsins. Átök um atvinnuþróun á Íslandi 1900–1940*. Sagnfræðirannsóknir 9 (Reykjavík, 1988), bls. 10.

4 Sjá Ólafur Ásgeirsson, *Iðnbylting hugafrarsins*, bls. 16–20.

5 Sjá Ólafur Ásgeirsson, *Iðnbylting hugafrarsins*, bls. 11 og 74, Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, bls. 139–162 og Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*, bls. 108.

6 Dagbók Bjarna Jónassonar, 14. janúar 1909. Sjá viðauka I.

Fylgismenn íslensku bændamenningarinnar voru þó ekki óskoraðir íhaldsmenn í öllu. Þó sterkur vilji væri fyrir varðveislu þjóðlegra gilda beittu fjölmargir framfarasinnar sér einnig fyrir framþróun atvinnu- og lífshátta til sveita. Þannig varð mikil landbúnaðarvakning í þjóðfélaginu á þriðja áratug tuttugustu aldar og ýmis skref voru stigin í framfaraátt.¹ Jarðnæðisskortur ýtti undir áhuga á jarðabótum, aukinni ræktun og nýtingu afurða auk þess sem fólksfækkun til sveita, með tilheyrandi vinnuaflosskorti, kallaði á aukna tæknivæðingu. Auk þeirrar áherslu sem lögð var á meiri skilvirkni landbúnaðarins, ræktun og afurðasölu, var barist fyrir bættum samgöngum og fjarskiptum til að rjúfa einangrun sveitanna. Bændastéttin var í mikilli pólitískri sókn á þessum tíma og endurspeгла dagbækur og bréf Bjarna vel þau málefni sem voru mest áberandi í umræðunni.

Upp úr aldamótum var ekki einungis barist fyrir þjóðfrelsi á Íslandi, kröfur um kvenfrelsi og jafnan borgaralegan rétt kynjanna urðu sífellt háværari. Viðleitni til að endurskilgreina stöðu kvenna út frá hugmyndum upplýsingarinnar um frelsi og jafnrétti hratt af stað umræðu um eðli og hlutverk kvenna og deildu andstæðar hreyfingar oft hart. Fylgjendur kvenfrelsis kröfðust sjálfsákvörðunarréttar kvenna, víðtækari afskipta þeirra af þjóðmálum og aukinnar þátttöku á opinberum vettvangi en andstæðingar héldu á lofti hefðbundnum hlutverkum kvenna sem sneru að heimilishaldi, barnauppeldi og varðveislu þjóðlegra gilda.² Kvenréttindafélag Íslands var stofnað 1907 og urðu mikil uppbrót á sviði kvenfrelsismála á næstu þremur árum. Í rannsókn sinni á þjóðerni, kyni og valdi á Íslandi á fyrstu áratugum tuttugustu aldar bendir Sigríður Matthíasdóttir sagnfræðingur á að „[j]arðvegur fyrir kvenfrelsismál virðist hafa verið einstaklega frjór í Reykjavík og á landinu öllu á þessu árabili og tengist það án efa almennum breytingum á viðhorfum til borgaralegra réttinda í landinu.“³ Baráttan um kvenfrelsi hefur vart farið fram hjá Bjarna á námsárum hans í Reykjavík og í janúar 1909 ræðir hann kvenfrelsismál við Bríeti Bjarnhéðinsdóttur, frænku sína,⁴ eina helstu baráttukonu kvenréttinda á Íslandi:

Í dag lagði eg af stað til þess að heimsækja Héðinn Valdimarsson frænda minn, en þá hittist sem fyr svo illa á að hann var ekki heima, en frú Bríet Bjarnhéðinsdóttir móðir hans og ungfrú Laufey Valdimarsdóttir systir hans buðu mér að bíða eftir honum og þá eg það, komst eg svo í fjörugar samræður við þær mæðgur um kvenréttindamálið, voru þær nokkuð

1 Sjá Ólafur Ásgeirsson, *Iðnbylting hugaíarsins*, bls. 62-68.

2 Sjá Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, bls. 175-241.

3 Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, bls. 196.

4 Bríet og Jónas, faðir Bjarna, voru systkinabörn.

hardorðar og Laufey eigi síður. Eg gat þó að mestu leyti verið á sama máli og þær, minsta kosti í öllum aðal atriðum, eg er líka einlægur kvenfrelsismaður, en tel þó heppilegra að fara að öllu gætilega og taka ekki stór stökk í einu.¹

Vaknandi lýðræðisvitund og þjóðerniskennd, ríkari áhersla á upplýsingu og framþróun, auk breyttra þjóðfélagshátta ýtti undir kröfur um aukna lýðmenntun og umbylti hugmyndum fólks um menntun og skóla.² Í nýút-komnu riti Loftis Guttormssonar sagnfræðings um almenningsfræðslu á Íslandi 1880 til 1945 kemur fram að mennta- og skólamál voru mikið í umræðunni undir aldamótin 1900 og vel fram á tuttugustu öldina. Fram að því sinntu heimilin almennt fræðslu barna og bar prestum að hafa eftirlit með kennslunni. Farkennsla var óþekkt á landinu fram undir 1870³ en ein afleiðing fólksfækkunar til sveita var sú að heimilin önnuðu ekki lengur hefðbundnu fræðsluhlutverki sínu og því voru fengnir farkennarar til að hlaupa undir bagga með heimilunum í þessum efnun.⁴ Árið 1880 voru kröfur um formlega fræðslu auknar með samþykkt laga um uppfræðslu barna í skrift og reikningi og skyldu sérstakar kennslunefndir í hverjum hreppi fylgjast með því að lögunum væri framfylgt. Með lögunum jókst mjög þörf fyrir skipulagða kennslu barna og farskólum og föstum skólum tók að fjölga.⁵ Undir aldamót höfðu risið barnaskólar á nokkrum þéttbýlisstöðum á landinu en sú þróun mætti talsverðri andstöðu, t.a.m. á Alþingi þar sem ýmsir andvígismenn sáu eftir þeim fjármunum sem runnu til byggingar og reksturs barnaskólanna.⁶ Tortryggni gagnvart skipulagðri barnakennslu grundvallaðist einnig á hræðslu um að með henni yrði grafið undan uppfræðsluhlutverki heimilanna⁷ og vexti og viðhaldi þjóðmenningarinnar þannig stefnt í hættu. Þá heyrðust þau sjónarmið að með skólagöngu til sveita væri hætta á að börn flosnuðu upp af heimilum sínum og skólarnir ýttu þannig undir fólksflutninga úr sveitum.⁸

Mikil tímamót urðu í sögu skyldufræðslu á Íslandi þegar ný fræðslu-

1 Dagbók Bjarna Jónssonar, 17. janúar 1909. Sjá viðauka I.

2 Sjá Loftur Guttormsson (ritstj.), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007. Fyrri bindi: Skólahald í bæ og sveit 1880-1945* (Reykjavík, 2008), bls. 170, og Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*, bls. 117.

3 Sjá Loftur Guttormsson, *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007*, bls. 40.

4 Sjá Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*, bls. 79.

5 Sjá Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*, bls. 76, og Loftur Guttormsson, *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007*, bls. 45-48.

6 Sjá Loftur Guttormsson, *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007*, bls. 50.

7 Sjá Loftur Guttormsson, *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007*, bls. 83 og 100.

8 Sjá Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*, bls. 100.

lög tóku gildi 1907. Með lögunum var heimilum gert að annast lestrar- og skriftarkennslu barna til tíu ára aldurs en þá skyldu fræðslunefndir standa fyrir nauðsynlegri kennslu svo börnin stæðust lágmarkskröfur um fjórtán ára aldur. Kröfurnar kváðu á um að „börn væru orðin vel læs, skrifuðu læsilega og rétt, kynnu helstu reikningsaðferðir, hefðu nokkra þekkingu í landafræði og lærðu söng. Í kristnum fræðum var gert ráð fyrir þeirri þekkingu, sem krafist væri til fermingar.“¹ Prófdómarar skyldu prófa öll börn og taka út kennsluna að vori. Í lögunum var gerður greinarmunur á skólahéruðum, þar sem skólar voru fyrir hendi, og fræðsluhéruðum þar sem þá var ekki að finna. Höfðu fræðslunefndir fræðsluhéraðanna meira sjálfsveld um hvernig lögunum væri framfylgt og var því nokkur munur á skipan fræðslumála í þéttbýli og í sveitum. Námsstími farskólanna var mun styttri en fastra skóla, jafnan um tveir mánuðir á ári, og var aðbúnaður oft til vansa, léleg húsakynni og erfið kennsluskilyrði. Farskólar voru algengir allt fram á miðja tuttugustu öld og lögðust ekki algerlega niður fyrr en á áttunda áratugnum.²

Jafnhliða barnafræðslulögunum 1907 voru sett lög um stofnun kennaraskóla og tók Kennaraskóli Íslands til starfa í Reykjavík haustið 1908. Olli skólinn straumhvörfum í menntun kennara landsins og opnaði mörgum áhugasömum námsmönnum leið til mennta. Bjarni Jónasson var einn þeirra sem eygðu þar tækifæri til að sækja sér menntun og hóf hann nám við Kennaraskólann á fyrsta starfsári hans. Fræðslumál voru mjög í umræðunni á fyrstu áratugum tuttugustu aldar og bera dagbækur Bjarna því glöggvitni. Þar er að finna margar færslur um tilhögun fræðslumála, kennsluhætti, aðbúnað og starfskjör kennara – frá námsárunum, fyrstu starfsárunum og svo eftir áralanga reynslu við fastan skóla og farskóla.

Á skólaárunum getur Bjarni nokkuð um þátttöku í félagsstarfi í dagbókum sínum og þá helst á vegum ungmennafélags skólans. Ungmennafélagshreyfingin var að ná fótfestu á Íslandi einmitt um það leyti sem Bjarni hóf nám í Kennaraskólanum, Ungmennafélag Íslands var stofnað á Þingvöllum 1907 og voru fleiri félög stofnuð um allt land á næstu árum.³ Í hugmyndafræði hreyfingarinnar sameinuðust þættir úr ýmsum hugmynda stefnum og má þar nefna „upplýsinguna, þjóðernishyggju, ákveðna trúmálafestefnu og bindindisfestefnu.“⁴ Helstu áherslumál voru framfarahyggja,

1 Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*, bls. 78. Sjá einnig Loftur Guttormsson, *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007*, bls. 83-86.

2 Sjá Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*, bls. 82.

3 Sjá Ingi Sigurðsson, *Erlendir straumar og íslensk viðhoif*, bls. 198.

4 Ingi Sigurðsson, *Erlendir straumar og íslensk viðhoif*, bls. 192.

þjóðernishyggja, gildi sveitalífs, málrækt, skógrækt, fræðslumál, bindindismál, íþróttamál, jafnræði, samvinna og samhjálp. Þjóðleg gildi voru í hávegum höfð, málhreinsun og verndun tungunnar þóttu mikilvæg markmið og áhersla var lögð á fornbókmenntir Íslendinga sem fagra fyrirmynd. Til að framfarir gætu orðið var skylda hvers einstaklings að leggja sig fram og nýta krafta sína sem best. Alþýðufræðsla var mikilvæg leið að settu markmiði, kennarar gegndu mikilvægu hlutverki og brýnt var að skapa aðstæður til sjálfsnáms. Helsta undirstaðan í starfsemi hreyfingarinnar var því félagsstarfsemi, málfundir og blaðaútgáfa til styrktar þessu markmiði.¹

Samvinnuhreyfingin var önnur hreyfing sem öðlaðist fótfestu í byrjun 20. aldar og byggði um margt á sömu hugmyndafræði og ungmennafélags-hreyfingin, þ.e. framfarahyggju, samvinnu og aukinni menntun. Samvinna um vinnslu og sölu landbúnaðarafurða var mikilvæg undirstaða samvinnufélaga á Íslandi og gegndu kaupfélögin þar lykilhlutverki² en markmið hreyfingarinnar voru einnig víðtækari, eða „að reisa þjóðfélag þar sem samskipti stéttanna byggi á rétti en ekki mætti.“³ Að mati Jónasar frá Hriflu, eins helsta forkólfs hreyfingarinnar, var aukin menntun leið til betri lífskjara og með bættu uppeldi mátti „búa manninn undir að vinna gegn meðfæddri ágirnd sinni og samkeppnisanda.“⁴

Jónas frá Hriflu kenndi Bjarna í Kennaraskólanum, þeir áttu í bréfasambandi eftir að Bjarni lauk námi og má finna mikinn samhljóm með hugsjónum Jónasar í skrifum Bjarna. Ekki aðeins samvinnuhugsjóninni heldur einnig hugsjónum ungmennafélags-hreyfingarinnar þar sem Jónas var einnig í broddi fylkingar. Á grunni þessara tveggja hreyfinga var Framsóknarflokkurinn síðan stofnaður 1916. Bjarni var dyggur stuðningsmaður flokksins frá fyrstu tíð, studdi að framgangi hans heima í héraði og tók þátt í a.m.k. einum landsfundi flokksins á Þingvöllum í júní 1919 þar sem hann sat í menntamálanefnd.⁵

Ýmsar þær hugmyndir sem raktar eru hér að ofan birtast endurtekið í bréfum Bjarna og dagbókum. Þannig varpa þessar heimildir mjög skýru ljósi á hvernig þjóðfélagsaðstæður og hugmyndafræði í upphafi tuttugustu aldar hafa mótað hugmyndaheim hans og hugsjónir.

1 Sjá Ingi Sigurðsson, *Erlendir straumar og íslensk viðhorf*, bls. 202-216. Einnig Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*, bls. 117-118.

2 Sjá Ingi Sigurðsson, *Erlendir straumar og íslensk viðhorf*, bls. 255-258.

3 Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið – uppruni og endimörk*, bls. 155.

4 Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið – uppruni og endimörk*, bls. 156.

5 Dagbók Bjarna Jónassonar, júní 1919. Sjá viðauka II.

BJARNI OG ANNA

Innansveitarkronika

Bjarni – Uppruni og námsár

Bjarni Jónasson fæddist 24. febrúar 1891 í Þórormstungu í Vatnsdal í Austur-Húnavatnssýslu. Foreldrar hans voru Jónas Benedikt Bjarnason (20. september 1866 - 28. október 1965) frá Þórormstungu og Elín Ólafsdóttir (9. desember 1860 - 8. júní 1929) frá Guðrúnarstöðum í sömu sveit. Jónas og Elín voru leiguliðar framan af við fremur bágan efnahag og fluttu oft á milli bæja fram á unglingsár Bjarna. Vorið 1892 flutti fjölskyldan frá Þórormstungu að Guðrúnarstöðum en ári síðar var haldið úr Vatnsdalnum að Ásum í Svínavatnshreppi. Þá hafði Jónasi og Elínu fæðst annar drengur, Ólafur, og á Ásum bættust tvær dætur í barnahópinn, Sigurbjörg og Guðrún. Aldamótaárið 1900 fluttist fjölskyldan frá Ásum að Sólheimum þar sem hún dvaldi til 1906. Þar fæddist Ásta, yngsta barn þeirra hjóna. Eftir ársdöl á Eldjárnsstöðum, 1906-1907, festu hjónin loksins kaup á jörðinni Litladal sem var kirkjujörð frá Auðkúlu. Bjuggu Jónas og Elín allan sinn búskap í Litladal upp frá því þar til Ólafur sonur þeirra tók við búi þar.

Eins og fram kemur hér á undan nutu börn almennt ekki mikillar formlegrar fræðslu undir lok 19. aldar. Kennsla fór fram á heimilunum en kennarar voru stundum teknir inn á heimilin í stuttan tíma.¹ Þegar Bjarni var tólf ára fékk hann fyrst leiðsögn hjá heimiliskennara er hann dvaldi hjá frændfólki sínu í Þórormstungu í Vatnsdal um tveggja mánaða skeið og ári síðar var tekinn inn heimiliskennari fyrir börnin í Sólheimum. Bjarni hneigðist snemma til bóklesturs og sýndi glögga hæfileika til náms. Hann gerði hvað hann gat til að svala fróðleiksfýsn sinni:

Þegar barn var jeg ákaflega bókhneigður. Mjer hefir verið sagt, að jeg hafi að heita mátt lært fyrirhafnarlaust að lesa. Jeg las alt sem jeg náði í. – Áður en jeg var fermdur hafði jeg lesið alla biblíuna, allar Íslendingasögurnar, Fornaldarsögur Norðurlanda, Árbækur Espólfnis og mikið af skáldsögum. – Veturinn sem jeg var fermdur bar jeg landnámu saman við hinar einstöku sögur og skrifaði upp það sem á milli bar. Þann vetur fjekst jeg einnig við að rekja ættartölur.²

1 Sjá Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*, bls. 76-77.

2 Dagbók Bjarna Jónassonar, 8. janúar 1924.



Bjarni Jónasson, 1913.



Ólafur Jónasson, bróðir Bjarna.



Ásta Jónasdóttir, systir Bjarna.



*Jónas Bjarnason, faðir Bjarna.
Ekki er til mynd af Elínu Ólafsdóttur,
móður Bjarna, svo vitað sé.*



Sigurbjörg og Guðrún Jónasdóttir, systur Bjarna.

Jónas, faðir Bjarna, hafði sótt menntun í Flensborgarskólann í Hafnarfirði og Guðmundur, föðurbróðir Bjarna, hafði numið við Menntaskólann í Reykjavík. Fróðleiksfýsn og menntunarbörf voru því ekki óþekkt í fjölskyldunni. Bjarna fýsti mjög að hleypa heimdraganum og ganga menntavegin en honum stóðu fáar leiðir opnar í þeim efnum og var það einkum bágur fjárhagur fjölskyldunnar sem hindraði för. Haustið 1907 voru samþykkt á Alþingi lög um Kennaraskóla Íslands og eygði Bjarni þar leið til menntunar og framtíðarstarfa við sitt hæfi. Kennaraskólinn krafðist að vísu undirbúningsmenntunar sem Bjarni hafði farið á mis við, einkum í íslensku, reikningi og dönsku, en Jón Jónsson í Stóradal, síðar bóndi þar og alþingismaður, sem stundað hafði nám í Reykjavíkurskóla í tvo vetur, kom Bjarna til aðstoðar veturinn 1907-1908 og veitti honum tilsögn í þeim fögum þar sem kunnáttu hans var helst ábótavant. Að því loknu tók hann að áeggjan Elínar móður sinnar að sér kennslustörf á heimili í Svínavatnshreppi, kenndi þar ellefu ára telpu og fórst það starf vel úr hendi.

Haustið 1908 hélt Bjarni suður til Reykjavíkur til náms við Kennarskólann á fyrsta starfsári skólans. Ekki blés þó byrlega fyrir Bjarna í byrjun, í ljós kom að hann fullnægði ekki kröfum skólans um aldurstakmark við inngöngu þar sem hann vantaði hálf t. á til þess að ná átján ára aldri

og munaði minnstu að hann yrði gerður afturreka. Sótti skólastjórinn um undanþágu frá stjórnarráðinu, fékk neitun í fyrstu en samþykki fékkst þó eftir ítrekaða umsókn. Réð þar nokkru að ekki þótti forsvaranlegt að senda piltinn gangandi heim norður í sveitir í vályndum haustveðrum.

Bjarni undi hag sínum vel í Kennaraskólanum. Honum sóttist námið vel og hann naut þess að vera samvistum við ungt menntafólk hvaðanæva af landinu. Í dagbók sinni tæpir hann oft á mikilvægi menntunar og þá ekki síst kennaramenntunar því eigi framþróun að verða á sviði almennrar menntunar verði kennarar að vera starfi sínu vaxnir. Hann ber kennurum sínum við Kennaraskólann vel söguna og mærir þá sem fylla hann eldmóði:

Menn gera sér góðar vonir um Kennaraskólann. Þær rætast vonandi. Margir nemendur hafa áreiðanlega brennandi áhuga á kenslustörfum og mentamálum. Skólastjórinn (sra. Magnús Helgason) er sannkristið góðmenni og jafnframt afburðamaður. Það er unun að njóta tilsagnar hans. Latir fá áhuga því hann er svo upplífandi í tímum. Námið verður þannig manni léttara og maður les ekki einungis til þess að „gata“ ekki, heldur til þess að taka framförum í því, sem hann kennir og láta hann með því sjá, sem mestan árangur af starfsemi sinni.¹

Ekki voru allir samnemendur Bjarna á sama máli og einn þeirra, Þórbergur Þórðarson, skrifaði síðar heldur háðuglega um vist sína í skólanum í bók sinni *Cfvitinn*. Þórbergur hóf nám við Kennaraskólann haustið 1909 en varð fyrir miklum vonbrigðum, fannst námið andlaust, námsbækurnar leiðinlegar og kennararnir flestir ófærir um að vekja áhuga nemenda sinna á fræðunum. Var Magnús Helgason skólastjóri einn þeirra sem fengu á baukinn hjá Þórbergi:

[M]ér fannst hann alltaf tvískiptur milli heilbrigðrar skynsemi og trúarlegra hindurvítna, sem hann þó ekki tryði. Mér fannst hann of sjaldan taka hreint skref til annarrar hvorrar andstæðunnar. Og þetta virtist mér gera vitsmuni hans minni en þeir hefðu getað verið og skipperð hans óhreinni en hún hefði mátt verða.²

Þórbergur flosnaði upp frá námi í Kennaraskólanum eftir einn vetur en mörgum áratugum síðar svarar Bjarni gagnrýni hans:

1 Dagbók Bjarna Jónassonar, 8. ágúst 1909. Sjá viðauka I.

2 Þórbergur Þórðarson, *Cfvitinn* (Reykjavík, 1975), bls. 46-47.

Kennaralið skólans var vel skipað. Það mátti segja að það væri valinn maður í hverju sæti. [...] Séra Magnús var vandað göfugmenni, sem vann sér ást og hylli nemanda sinna. Finnst mér að ummæli Þorbergs Þórðarsonar um hann, séu ómakleg og óréttmæt.¹

Félagslíf var allgott í Kennaraskólanum, þar var starfrækt ungmennafélag, málfundafélag og glímufélag og tók Bjarni þátt í starfsemi allra þessara félaga af miklum áhuga. Í dagbók sinni frá þessum tíma rekur hann oft dag-skrá félaganna og frammistöðu einstakra meðlima en getur lítið um eigið framlag. Og honum sárnar þegar hann telur ástundun samnemenda sinna ábótavant:

Það er leiðinlegt að hugsa til þess ef að Málfundafélagið yrði að lognast svona út af eins og allar líkur virðast benda á. Það er meir en lítið skeitingarleysi og staðfestuleysi sem kemur fram hjá all-flestum meðlimum þess nú upp á síðkastið, því að svo virtist áhuginn og meðvitundin fyrir félaginu og starfsefni þess vera mikil þegar það var stofnað, en það virðist alt hafa hjaðnað sem sápubólur.²

Ástæður svo slælegrar þátttöku telur Bjarni geta verið að of mikið sé um félög í skólanum sem keppi um athygli nemenda og eins að staðsetning skólans geri mörgum erfitt fyrir þar sem hann hafi verið reistur í útjaðri byggðar. Bjarni bjó allan námstíma sinn að Laugavegi 37, hjá Árna Jóns-syni, framkvæmdastjóra Völundar, og Lilju Kristjánsdóttur konu hans, og gat leiðin í skólann orðið afar illfær í verstu vetrarveðrum:

Kennaraskólinn var byggður utan bæjar og hafði verið deilt töluvert um staðinn. Skólavörðuholtið frá Skólavörðustíg var þá allt óbyggt. Venjuleg leið mín í skólann var upp Frakkastíg upp hjá Skólavörðu og þaðan þvert yfir holtið. Þetta var mikið styttri leið fyrir mig en að fara um Laufásveg, en hann var kominn alla leið upp að Kennaraskóla, en óbyggt var þá alveg frá Laufási, þar sem Þórhallur biskup bjó, og upp að Gróðra-stöðinni, sem var sunnan vegar skammt frá skólanum. Þegar eg fór yfir holtið kallaði eg það „að fara fjöll“. Væri dimmviðri, þurfti maður að gæta sín að rata. Ef eitthvað verulegt var að veðri var Laufásvegurinn farinn. Holtið var líka stórgrýtt og illt yfirferðar. Þegar gott var veður var dálítið um verkamenn í holtinu, sem unnu við að höggva grjót til bygginga.³

1 Úr svari Bjarna Jónassonar við þriðju spurningu Sigvalda Hjálmarssonar, júní 1975. Sjá viðauka III.

2 Dagbók Bjarna Jónassonar, 15. janúar 1909. Sjá viðauka I.

3 Úr svari Bjarna Jónassonar við þriðju spurningu Sigvalda Hjálmarssonar, júní 1975. Sjá viðauka III.

Á námsárum Bjarna voru mikil umbrot í þjóðlífinu og varð Bjarni vitni að ýmsum sögulegum atburðum, svo sem setningu Alþingis í febrúar 1909¹, mótmælum við heimili Björns Jónssonar ráðherra eftir að hann vék banka-stjórum Landsbankans frá störfum og fánatökum í Reykjavík er Dannebrog-fáninn danski tók að hverfa og bláhvíti fáninn íslenski að birtast í staðinn á fánastöngum um bæinn. Á þessum tíma var skilnaðarmálið við Dani eitt helsta deilumál manna á meðal og fylgdi Bjarni þeim mönnum að máli sem lengst vildu ganga í fullum aðskilnaði.² Alþingiskosningar haustið 1908 snerust mjög um umdeilt frumvarp um samskipti Danmerkur og Íslands. Fylgdu frumvarpsmenn heimastjórnarmönnum að málum en andstæðingar frumvarpsins vildu ganga lengra í að lýsa Ísland frjálst og fullvalda ríki. Nemendur Kennaraskólans tókust oft á um stjórnsmál, ekki síst frumvarps-málið, og hljóp mönnum þá stundum kapp í kinn:

Nú er aftur farið að komast fjör í pólitískar umræður hér í bænum. Það hefir oft slegið í brýnu hér hjá okkur í skólanum, útaf stjórnsmálum, einkum síðan þingið kom saman. Í okkar hóp eru talsvert margir frumvarpsmenn, [...] því miður. Kappræðurnar enda svo stundum í áflogum. Gangna stundum tveir menn fram, sinn úr hvorum flokki og berjast á þann hátt, að þeir taka saman og fara í hryggspennu, og þykir þá hvorum flokknum fyrir sig mikið undir því komið að hans maður beri sigur úr býtum.³

Bjarni fylgdist vel með hræringum í þjóðlífinu á þessum tíma og leit líka út fyrir landsteinana þar sem hann hreifst m.a. af baráttu Norðmanna fyrir frelsi og fórnfýsi margra landsmanna þar sem buðu fram eigur sínar til að standa undir stríðskostnaði ef til stríðs skyldi koma. Slík föðurlandsást var Bjarna að skapi. Hann taldi nokkuð langt í að siðferðiskennd þjóðarinnar og félagsþroski kæmust á ásættanlegt stig og fann góðan hljómgrunn fyrir skoðunum sínum í ungmennafélagshreyfingunni. Á ungmennafélagsfundi 9. janúar 1909 eru ræddar hugmyndir um þegnskylduvinnu sem Bjarni telur hafa ýmsa kosti þó ókostirnir séu líka nokkrir:

Tilgangurinn er ekki annar en sá að vinna landi voru sem mest og bezt gagn. Margt og margt mætti telja af því sem þegnskylduvinnan gæti að öðru jöfnu komið góðu til leiðar t.d. vendi hún menn á stundvísi og reglusemi; þær dygðir eru alment á lágu stigi hjá oss Íslendingum og

1 Dagbók Bjarna Jónssonar, 15. febrúar 1909. Sjá viðauka I.

2 Sjá Pétur Sigurðsson, *Vorþeyr og vébönd. Minningarbók um Bjarna í Blöndudalshólum*, bls. 22.

3 Úr bréfi Bjarna Jónssonar til föður síns 20. febrúar 1909, birt í dagbók sama dag. Sjá viðauka I.



Póstkort til Bjarna á námsárunum í Reykjavík.

veitti því sannarlega ekki af að glæða þær. Einnig myndi hún ef réttilega væri af stað farið, vekja ást þjóðarinnar á landinu og glæða löngun hennar til þess að starfa fyrir það. Þá myndi orðtakið „alt fyrir Ísland“ verða samgrónara hjörtum þjóðarinnar og síður verða eintómt bergmál, dautt og máttlaust, eins og það er hjá mörgum hverjum nú.¹

Helstu ókosti þegnskylduvinnunnar telur Bjarni þá að Ísland hafi ekki á að skipa nógu mörgum færum mönnum til að sjá um vinnuna og kennslu henni samfara en ekki dygði að fá útlendinga til slíkra starfa því þeir þekktu ekki nægilega vel til aðstæðna.

Ungi sveitapilturinn hrífst af þjóðerniskennd og háleitum hugsjónum og telur að landsmenn eigi allir sem einn að sameinast um að vinna að þjóðarhag og ýta samfélaginu til framfara. Aukna þekkingu og upplýsta umræðu telur hann vera réttu leiðina fram á við en honum finnst stjórnmálaumræðan á Íslandi vera á afar lágu plani og hugnast hreint ekki þau meðul sem andstæðar fylkingar á Íslandi beita til að vinna málstað sínum fylgi:

Það er hörmung að lesa minnihlutablöðin (Lögr. og Rvík.) núna eins og

1 Dagbók Bjarna Jónassonar, 9. janúar 1909. Sjá viðauka I.

hefir verið altaf undanfarið. En sú blaðamenska. Hún er melur á rótum siðferðislífs þjóðarinnar íslenzku. Spilling í nánd, sé eigi þegar tekið í taumana.

Stjórn málin – baráttan fyrir frelsi fósturjarðarinnar – sem ættu að verða til þess að sameina hugi þjóðarinnar, gera eigi annað en kveikja æ meiri og meiri sundrung. Sundrungin er þjóðarmein. Bardagaadferðin er röng ekki fair play. Hvernig á að fara að uppræta rottu eðlið í blaðamensku vorri? Hvenær hætta menn að naga bakið á andstæðing sínum? Niður með óhreinu vopnin! Þau hjálpast að því að útrýma því, sem bezt er og göfugast á jörðunni þ.e. kærleikanum. [...]

Ó vesalings fóstran mín. Fjallkonan hvítfaldaða, betur væri að þú færir aftur í legið þitt forna en að börnin þín yrðu hatrinu og mannvonskunni að bráð.

En ungmennin. Hvílk hætta að þau glatist í þessu moldviðri hatursins og blekkingarinnar, sökkti og komi ekki upp aftur að eilífu þ.e.a.s. óskemd.¹

Ungmennin eru vaxtarbroddur sem hlúa ber að og til þess að þau nái að blómstra þarf að tryggja þeim næga menntun og siðferðilega uppfræðslu. Þar gegna kennarar gríðarlega mikilvægu hlutverki:

Mentunin og menningin er nú orðið það „veldi“, sem mestu ræður í framsókn og framþróunarbaráttunni í heiminum. Sönn mentun er því fyrsta og helzta skilyrðið til þess að geta komist áfram í heiminum. Vanti mentunina eru meiri líkur til að maður geti eigi fylgst með og verði þar af leiðandi að ölbogabörnum þjóðfélagsins. [...]

„Meira ljós og meiri menning“ þetta eru kröfur nútímans og þeim verður að fullnægja. *Allir* þurfa að verða sammála um nauðsyn á aukinni mentun. [...]

Um fram alt þurfum vér að fá góða kennara hið allra fyrsta, sem séu starfi sínu vel vaxnir og geri það að lífsstarfi sínu.²

Bjarni fylgdist alla tíð vel með umræðum um mennta- og fræðslumál og var eðlilega mikill áhugi á þeim málum í Kennaraskólanum á námsárum hans. Úrbætur í menntamálum voru brýnar, unga kennaranemanum fannst ekki nægilega miklu til kostað og framfarirnar hægar, einkum til sveita:

1 Dagbók Bjarna Jónassonar, 12. september 1909. Sjá viðauka I.

2 Dagbók Bjarna Jónassonar, 8. ágúst 1909. Sjá viðauka I.

Kennararnir eiga mikið og að ýmsu leyti erfitt hlutverk fyrir höndum. Fræðslumálefni voru enn þá í miklu óefni. Fræðslulögin nýju virðast að vísu eiga bæta úr helztu annmörkunum en þau lög eru varla, enn, sem komið er, komin til framkvæmda og er enn óvíst hve árangurinn af þeim verður happasæll.¹

Hér í sveitinni heyrir lítið talað um fræðslumál. Alt situr enn við gamla lagið. Heimilin annast fræðsluna. Sum börn verða því mjög afskifta, þar sem ekki er hægt að taka kennara, enda fást þeir þá ekki. Svo er og hitt, kennararnir mjög misjafnir, enda er árangurinn eftir því.²

Bjarni telur misráðið að börn taki fullnaðarpróf um fjórtán ára aldur, hann vill hækka aldurstakmarkið í sextán ár og að lokinni undirbúningsfræðslu á heimilunum sæki börnin nám í unglingaskólum sem komið verði upp um land allt.

Bjarni naut námstímans í Kennaraskólanum og lagði sig allan fram við námið þó svo hann tryði dagbók sinni stöku sinnum fyrir því að hann slægi heldur slöku við. Það var þá helst þegar hann missti sig í mas og glens með félögunum í stað þess að grúfa sig yfir bækurnar. Þá tók hann oft í spil, sótti leiksýningar og tók mikinn þátt í félagslífi skólans. En samviskusemin var mikil og námið gekk alltaf fyrir auk þess sem fjárráðin voru lítil og horfa þurfti í hverja krónu:

Ekki hefi eg eytt miklu í skemtanir í jólaleyfinu, ekki einum eyrir, utan til skólaskemtunarinnar okkar miklu á þriðjudaginn var, og kalla eg þetta mikla sjálfsafneitun – og það af mér, sem hefir þó ákaflega mikið gaman af skemtunum, en það dugir ekki annað til þess að geta lifað hér fyrir mig en að neita mér um alt, sem ekki er hægt að segja að sé beinlínis nauðsynlegt.³

Námið í Kennaraskólanum stóð í sex mánuði á ári, frá fyrsta vetrardegi til síðasta vetrardags, og hélt Bjarni alltaf norður til vinnu yfir sumartímann. Samgöngur voru erfiðar og tók ferðalagið nokkra daga. Bjarni fór í tvígang sjóleiðis suður með strandferðaskipi og var það margra daga sigling því komið var á margar hafnir á leiðinni.⁴ En oftast ferðaðist Bjarni þó gangandi og á norðurleið var þá fyrst farið á skipi frá Reykjavík í Borgarnes og

1 Dagbók Bjarna Jónassonar, 8. júní 1909. Sjá viðauka I.

2 Dagbók Bjarna Jónassonar, 20. ágúst 1910. Sjá viðauka I.

3 Dagbók Bjarna Jónassonar, 3. janúar 1909. Sjá viðauka I.

4 Dagbók Bjarna Jónassonar, 17. október 1910. Sjá viðauka I.

Kennarapróf 1911.

1. Arnbjörg Steindóttir frá Narfastöðum í Borgarfjarðarsýslu	fékk 68 stig
2. Árni Árnason frá Ósgröf í Rangárvallas.	— 76 —
3. Árni Friðriksson frá Seyðisfirði	— 70 —
4. Bjarni Jónasson frá Litladal í Húnavatnss.	— 84 —
5. Einarína Guðmundsdóttir frá Seyðisfirði	— 68 —
6. Friðrik Hjartarson frá Mýrum í Dýrafirði	— 83 —
7. Guðbjörg Hjartard. frá Ytra-Álandi í Þistillf.	— 87 —
8. Guðrún Jónsd. Espolin frá Hólabæi Langadal	— 79 —
9. Ingvar Gunnarsson frá Skjaldakoti á Vatnsleysuströnd	— 75 —
10. Jóna Sigurjónsdóttir úr Keflavík	— 84 —
11. Magnea Einarsdóttir frá Sandgerði á Miðnesi	— 76 —
12. Magnús Kristjánsson frá Hvoli í Mýrdal	— 81 —
13. Ólafur Sveinsson frá Firði í Mjóafirði	— 89 —
14. Ólöf Sigurjónsdóttir úr Reykjavík	— 61 —

Skólablaðið, 5. árg., 6. tbl. (1911), bls. 94.

gengið þaðan.¹ Sumrunum eyddi Bjarni í foreldrahúsum í Litladal og vann þar ýmis bústörf, einnig vann hann eitthvað við vegavinnu og jarðabótavinnu fyrir Búnaðarfélag Svínavatnshrepps. Lýsir dagbók Bjarna frá þessum tíma oft mikilli baráttu við náttúruöflin, kuldar hömluðu grassprettu og votviðri gerðu heyskapinn erfiðan. Stundum gerði jafnvel hret og hríð yfir hásumarið. Er ekki nema von að veðurfarslýsingar væru áberandi leiðarstef í dagbókum Bjarna alla tíð.

1 Dagbók Bjarna Jónassonar, 2.-7. apríl 1909. Sjá viðauka I.

Bjarni – Fyrstu kennsluárin

Eg er útskrifaður af Kennaraskólanum. Skólaárin eru liðin – horfin –, en minningin lifir þó. Eg gleymi þeim aldrei. Óefað eru skólaárin einna stærsti sólskinsbletturinn í lífi flestra manna. [...] En nú tekur við alvara lífsins – barátta og starf. – Eg hefi verið að afla mér kennaramentunar, og nú verð eg að fara að taka til starfa. Gaman væri að geta leitað sér frekari mentunar, farið utan. – Eg skal – ef eg mögulega get. En áður verð eg að safna fé og „kröftum“. Eg var kominn á flugstig með að fara í vor, til Oxford.¹

Bjarni Jónasson útskrifaðist frá Kennaraskólanum með ágætiseinkunn vorið 1911, þá nýordinn tvítugur. Á þeim tímamótum stóð hugur hans mjög til frekara náms og kom til tals að hann héldi utan til háskólanáms. Bjarni var góður námsmaður svo það hefði eflaust legið vel fyrir honum að sækja sér frekari menntun. En aðstæður til utanfarar voru erfiðar og var fjárskortur stærsti farartálminn. Faðir Bjarna hafði ekki ráð á að styrkja hann til náms en Jón Jónsson, frændi hans í Stóradal sem hafði leiðbeint Bjarna áður en hann hóf nám í Kennaraskólanum, bauðst til að lána honum fé til fararinnar. Var Bjarni kominn á fremsta hlunn með að halda utan að lokinni útskrift en þá bauð Jón Þórarinsson fræðslumálastjóri Bjarna prófdómarastarf í Austur-Húnavatnssýslu. Ákvað Bjarni að taka því frekar en að halda strax til Oxford. Réð féleysið þar miklu en einnig taldi Bjarni sig heppinn að fá þarna innsýn í þann starfsvettvang sem hann hafði valið sér og tækifæri til að kynnast fræðslumálum frekar af eigin raun.² Hann sneri því heim og hélt próf á tíu stöðum, í barnaskólunum á Blönduósi og Skagaströnd og í sveitafræðsluhéruðum sjö hreppa sýslunnar.

Að loknum prófdómarastörfum um vorið vann Bjarni að jarðabótum og í vegavinnu auk þess að sinna heyskap í Litladal. En hugurinn dvaldi við kennslustörf framtíðarinnar eins og fram kemur í bréfi til Bjarna Bjarnasonar, skólabróður Bjarna:

Eg hlakka til að fá að taka til starfa að hausti. En við mikla örðugleika eiga barnakennararnir að stríða. Eg sá það best í vor. Já, nafni, við megum búast við miklum vonbrigðum. Örðugleikarnir mæta manni í öðru hvoru spori. En ekki dugir að láta hugfallast, þegar á hólminn er komið. Skaðinn gerir mann hygginn. Þar sem bresturinn kom í sverðið hefi eg það vænna næst. Svona hefir það altaf gengið. Reynslan er

1 Dagbók Bjarna Jónassonar, 25. júní 1911. Sjá viðauka I.

2 Dagbók Bjarna Jónassonar, 25. júní 1911. Sjá viðauka I.

dýrkeypt, en hún er líka sannleikur. Mistök eins eru ef til vill undirstaðan að hamingju annars. „Fall er faraheill“, segir máltækið. Við megum því ekki láta hugfallast, þótt eitthvað gangi á móti í fyrstu, alt getur samt farið vel á endanum.¹

Um sumarið sótti Bjarni um stöðu kennara við barnaskólann á Blönduósi. Var hann ráðinn til starfans 19. september 1911 og hóf kennslu 6. nóvember. Fann Bjarni strax að kennslan átti vel við hann, hann lagði sig allan fram við að sinna nemendum sínum og náði hann vel til þeirra. Hann reyndi nýjar leiðir til að gera námsefnið aðgengilegra, lét þau til að mynda vera með framsögu og endursegja efni Íslendingasagnanna og stofnaði málæfingafélag þar sem hann hvatti þau til að standa upp og tala. Bjarni var alla tíð sannfærður um mikilvægi kennarahlutverksins í því að þroska barnssálina og búa nemendur undir lífið. Reyndi hann ætíð að ná til barnanna og vekja áhuga þeirra á umhverfi þeirra og námsefninu, nám átti ekki að snúast um utanbókarlærdóm heldur fyrst og fremst skilning:

Takmark kenslunnar er ekki einungis að veita börnunum einhvern vissan forða af þekkingu, heldur alhliða og samræmisfull þroskun sálargáfnanna og líkamans. Það er verið að búa barnið undir baráttu lífsins. En það er vandaverk. Foreldrar og kennarar barnanna þurfa því að leggjast á eitt. Það er sorglegt hversu yfirleitt er lítið hugsað um, á landi voru, hinn yndislega akur barnssálarinnar. Hvað veldur? Þekkingarskortur.²

Bjarni hafði mikinn áhuga á félagsmálum og trúði því að allir hefðu hag af samvinnu um sameiginlega hagsmuni. Hann hafði kynnst starfsemi ungmennafélaga, málfundafélaga og Góðtemplarareglunnar í Reykjavík og framfarahugur meðal sveitunga hans í Svínavatnshreppi sýndi honum hverju mætti áorka ef menn sneru bókum saman. Jafnvel áður en Bjarni hóf störf sem kennari á Blönduósi var honum ljóst að efla þyrfti samstöðu og stéttarvitund kennara svo þeir gætu unnið sem mest gagn. Var honum mjög í mun að kennarar sýslunnar mynduðu með sér lögbundinn félagsskap, kennarafélag, og lagði hann drjúgt á sig til að vinna því máli brautargengi, ræddi við kennara sem hann hitti og skrifaði öðrum:

Kennararnir eru að mynda nýja stétt í landinu. Já, sérstök stétt þurfa þeir að verða, því eg get ekki búist við eins mikilli festu og jafngóðum árangri af kenslunni, ef kennarasætin skipa að mestu leyti óreyndir og lítt þroska

1 Dagbók Bjarna Jónassonar, 2. júlí 1911. Sjá viðauka I.

2 Dagbók Bjarna Jónassonar, 12. september 1911. Sjá viðauka I.



Póstkort til Bjarna á fyrstu kennsluárunum.

unglingar, sem hlaupa svo frá þessu starfi, ef eitthvað annað býðst, sem gefur meira í aðra hönd. Hér er launamálin vondur Þrándur í götu. En sannfæring mín er að þjóðin megi til að launa alþýðukennurum sínum svo, að hæfir menn, sem finna hjá sér köllun geti gert kennarastarfið að lífsstarfi sínu. Kennararnir þurfa því að mynda félag með sér, eins og aðrar stéttir þjóðfélagsins. Við eigum ótal mörg sameiginleg áhugamál, sem við þurfum að ræða og athuga í sameiningu og fylgja svo fram til sigurs.¹

Það var þó ekki fyrr en 1922 að Bjarna varð að ósk sinni um stofnun kennarafélags í sýslunni og í júní það ár var honum falið að boða til stofnfundar á Blönduósi.

Bjarni gegndi einnig starfi bókavardar við sýslubókasafnið á Blönduósi, sem staðsett var í skólahúsinu, og naut hann mjög nálægðarinnar við góðan bókakost. Lítið félagslíf var á Blönduósi en Bjarni tók þátt í flestu sem bauðst, gekk í skautafélagið, lék lítilsháttar með leikfélaginu og greip í spil þegar tækifæri gafst.

1 Úr bréfi til Kristjáns Sigurðssonar kennara, skrifað upp í dagbók Bjarna Jónassonar, 2. desember 1911. Sjá viðauka I.

Sem fyrr segir átti kennarastarfið vel við Bjarna en hann undi hag sínum ekki sérlega vel á Blönduósi að öðru leyti, fannst Blönduósingar fremur andlausir og áhugalausir um annað en helstu grunnþarfir:

Skelfing er annars leiðinlegt hér á Blönduósi. – Fólkið sjálft er verst. Félagslíf hér alt í molum; fæst þeirra gera annað en að fæðast og deyja. Hvers vegna? Hér vantar hugsandi menn. Félagsskapur, sem er tóm „fjöll“ getur ekki átt neina framtíð. – Mér hálf leiðist. Og hefði eg ekki svona mikið að starfa, þá veit eg ekki hvað yrði úr mér.¹

Eftir fimm ára dvöl á Blönduósi varð úr að Bjarni sagði lausu starfi sínu við barnaskólann vorið 1916 og tók við starfi farkennara í Svínavatnshreppi. Ætla má að leiðindin sem hann kvartar yfir hér að framan hafi átt einhvern þátt í því en fyrst og fremst munu fjármál hafa ráðið því að Bjarni ákvað að færa sig um set. Laun barnakennara voru ekki beysin á þessum tíma, 18 krónur á viku yfir kennslutímann, og höfðu þau staðið í stað frá 1912 þrátt fyrir miklar verðlagshækkanir á árum fyrri heimsstyrjaldar. Kjör farkennara voru nokkuð skárri á þessum árum. Kaupið var 144 krónur fyrir veturinn, ein króna fyrir hvern kennsludag, og frítt fæði og húsnæði. Munaði þar miklu um því kaup kennara við skóla fór að mestu í að greiða fæði og húsaleigu. Sem dæmi um kaupmátt kennaralauna á þessum tíma má nefna að þegar Bjarni flutti alfarið í sveitina, 1916, keypti hann sér hálfتامinn, fimm vetra fola á 800 krónur – folinn kostaði því fimm og hálf kennaralaun.²

Á meðan Bjarni var kennari á Blönduósi sneri hann alltaf í sveitina á sumrin og vann við búskap í Litladal. Helst hefði hann viljað komast að við fastan skóla í sveit og stunda búskap með og fyrstu árin var hann vongóður um að úrbætur í fræðslumálum sveitanna væru á næstu grösum:

Farkenslufyrirkomulagið legst smátt og smátt niður; gallar þess eru svo ótal margir. Fastir skólar rísa smám saman upp í sveitunum. Skólunum verða lagðar til jarðir t.d. sum staðar aflögðu prestssetrin. Þá höfum við fengið í stað vesalings farkennaranna, sem hrekjast verða bæ frá bæ, kennara við fastaskóla, sem um leið eru bændur.³

Heldur dró úr vonum Bjarna um úrbætur á næstu árum og þegar hann flutti í sveitina ákvað hann að leggja meiri áherslu á búskapinn, gerast bóndi í sveit og stunda farkennslu yfir vetrarmánuðina. Við útskrift úr Kennaraskólanum

1 Dagbók Bjarna Jónssonar, 12. febrúar 1912. Sjá viðauka I.

2 Úr viðtali Júditar Jónbjörnsdóttur við Bjarna Jónsson, 1975.

3 Úr bréfi til Guðbjargar Kjartansdóttur, skrifað upp í dagbók 12. desember 1911. Sjá viðauka I.

hafði hann keypt nokkrar ær, sem faðir hans sinnti á veturna, og eftir að hann flutti í sveitina gekk hann fyrst í stað í félag við föður sinn og Ólaf, bróður sinn, í Litladal. Fljótlega fór þó að þrengja nokkuð að þeim feðgum þar og varð því úr að Bjarni tók á leigu hálfa bújörðina á nærliggjandi bæ, Syðri-Löngumýri. Dvaldi hann þar um þriggja ára skeið og hafði fólk í húsmennsku sem sinnti búrekstrinum í fjarveru hans yfir kennslutímann á veturna.

Ekkert varð úr draumum Bjarna um frekari menntun. Minnst hann einu sinni eftir þetta á hugsanlega Oxford-för í dagbók sinni, 4. febrúar 1912, þegar hann getur þess að Jónas frá Hriflu, kennari hans í Kennaraskólanum, hafi í bréfi hvatt sig til að fara utan og dvelja þar við nám í allt að sex mánuði. Nefnir Bjarni í framhaldi að kostnaður við slíka för sé slæmur þröskuldur, hann geti ekki búið við að komast af með minna en 800 krónur – andvirði fimm vetra, hálftamins fola fjórum árum síðar, fimm og hálfra kennaralauna. Þó svo menntunarþráin væri rík hefur hinum skynsama, hagfræðilega þenkjandi unga manni væntanlega þótt óráð að leggja í slík fjárútlát, má einnig vera að lífið hafi einfaldlega tekið stjórna og beint honum í aðrar áttir. Því fór svo að Bjarni sótti aðeins nokkur kennaranámskeið á komandi árum en lagði ekki fyrir sig frekara langskólanám.

Anna – Uppruni og æskuár

Anna Margrét Sigurjónsdóttir fæddist 4. október 1900 að Hvammi í Laxárdal í Austur-Húnavatnssýslu. Foreldrar hennar voru Sigurjón Jóhannsson (6. október 1873 – 4. ágúst 1961) frá Mjóadal í Laxárdal og Ingibjörg Solveig Jónsdóttir (15. ágúst 1863 – 3. júní 1944) frá Strjúgsstöðum í Langadal. Þegar Anna var misserisgömul fluttu foreldrar hennar að Finnstungu í Blöndudal. Þá voru börnin orðin þrjú, Anna og tveir eldri bræður, Jón og Jóhann, og móðir hennar bar fjórða barnið undir belti. Foreldrar Önnu fóru í vinnumennsku að Finnstungu og það þótti fullmikið að vera með fjögur börn, sitt á hverju árinu, svo úr varð að Anna fór að Auðólfstöðum í Langadal til móðurbróður síns, Guðmundar Jónssonar, og ömmu, Önnu Pétursdóttur. Systir Önnu, Þuríður Helga, lést þriggja missera gömul og þá var Anna tekin heim til fjölskyldu sinnar að Finnstungu.

Sigurjón og Ingibjörg voru í vinnumennsku í Finnstungu fyrst um sinn en tóku svo við leiguábúð þar. Þau voru áfram í leiguábúð að Eiríksstöðum í Svartárdal en þangað flutti fjölskyldan 1911. Þá var Jóhann, bróðir Önnu, nýlátinn. Sigurjón og Ingibjörg eignuðust loks eigin bújörð árið 1915 er þau fluttu að Austurhlíð í Blöndudal og þar bjuggu þau til 1923.



Anna Sigurjónsdóttir, 1922.



Sigurjón Jóhannsson, faðir Önnu.



Jón S. Baldurs, bróðir Önnu.



Ingibjörg Solveig Jónsdóttir, móðir Önnu.



Handverk Önnu Sigurjónsdóttur: útsaumað stykki, baldýraður skrautborði á upphlut og baldýraður myndrammi. Í rammanum er mynd af Bjarna Jónassyni.



Heklað handverk Önnu Sigurjónsdóttur.

Anna var námfús í æsku en fékk fá tækifæri til mennta. Eftir nokkra heimafræðslu og þriggja mánaða nám við farskóla Bólstaðarhlíðarhrepps útskrifaðist hún með fullnaðarpróf þrettán ára gömul. Það urðu henni mikil vonbrigði að fá ekki að sækja skóla lengur en hún var ekki talin þurfa frekari leiðsögn. Veturinn 1917-1918 stundaði Anna nám við kvennaskólann á Blönduósi en námstíminn varð ekki lengri þar því Ingibjörg, móðir hennar, var heilsuveil og Anna þurfti að veita búi föður síns forstöðu. Anna var afar hög í höndunum og hafði unun af hannyrðum. Hún stundaði hannyrða- og saumanám veturinn 1919-1920 hjá Unni Þjetursdóttur á Bollastöðum og í Reykjavík veturinn 1921-1922. Þar lærði hún m.a. að baldýra og sauma harðangur og klaustursaum. Þótti handverk Önnu einkar fallegt og hún saumaði mikið og baldýraði, m.a. skrautborða á upphluti. Þá var hún rómuð fyrir hæfileika sína í matargerð og þótti t.a.m. slátur sem hún útbjóg með því gómsætara í sveitinni.



Póstkort til Önnu Sigurjónsdóttur frá Þuríði Helgu Jónsdóttur, móðursystur hennar, frá 1916 og 1917.

BRÉF TIL ÖNNU

Bjarni hitti Önnu fyrst þegar hún var barn að aldri en hann sat yfir henni í prófi í Bólstaðarhlíð 1911, vorið sem hann útskrifaðist úr Kennaraskólanum. Bjarni flutti alfarið í Svínavatnshreppinn 1916 og kenndi á ýmsum bæjum í hreppnum næstu árin, meðal annars á Guðlaugsstöðum. Rétt hinum megin við ána Blöndu stendur bærinn Austurhlíð en þangað flutti Anna með fjölskyldu sinni 1915. Í mars 1919 skráir Bjarni í dagbók sína að hann hafi farið í heimboð „yfir í Austurhlíð ásamt þeim hjónunum Guðr. og Páli“.¹ Fjórum dögum síðar heldur Bjarni aftur yfir í Austurhlíð, nú að finna bróður Önnu, Jón Baldurs, sem er gestkomandi hjá foreldrum sínum og helgina eftir er boð á Guðlaugsstöðum:

Heimboð hjer (Anna í Austurhlíð og fjölskyldan frá Eyvindarstöðum).
Dansað í 5 klst.²

Svo líður veturinn og sumarið við venjubundin störf og Bjarni minnst ekki frekar á Önnu í Austurhlíð í dagbókinni. Í lok desember er haldin samkoma að Guðlaugsstöðum að tilhlutun lestrarfélagsins Fjölnis þar sem gestir skemmta sér við dans og spil og hlýða á nokkrar ræður. Bjarni er þar á meðal ræðumanna og flytur erindið „Á leitinu“:

Á leitinu nemur ferðamaðurinn ungi staðar og litast um. Fram undan er nýtt land og ónumið, en að baki er leiðin farna með ótal endurminningum, sumum hugljúfum en öðrum ógeðfeldum.

Nýja landið tekur hug hans. Fjarlægðin og ókunnugleikinn sveipa það í heillandi töfraljóma. Ímyndunaraflið skapar í eyðurnar. Hver lína og hver litblær fær sjerstaka þýðingu fyrir von hans og þrá. Hann teygir sem þyrstur maður mynd framtíðarlandsins. Nýjar kendir vakna. Hann finnur unaðsprunginn straum fara um líkama sinn: Þetta land getur orðið hans. Starfslöngunin margfaldast og ástin til lífsins vex. Hann finnur þrá sína í hverri einustu taug. Hann mælir brekkurnar með arnfráum síþyrstu

1 Dagbók Bjarna Jónassonar, 9. mars 1919.

2 Dagbók Bjarna Jónassonar, 16. mars 1919.

augunum: Hver hjallinn tekur við af öðrum, en sumstaðar eru svimhá klettabelti á milli. Hann kvíðir því þó ekki, að hann finni ekki uppgöngu, enda eygi hann einstigi upp sum beltin. Hingað og þangað á leiðinni upp brekkurnar, mæta auganu skrúðklædd skógarrjóður, krýnd fegurstu trjám, sem lofa honum forsælu og hvíld. Skógarrjóðrin fögru taka hug hans fanginn: „Kjóstu mig! Farðu ekki lengra, jeg skal veita þjer rólegt og áhyggjulítið líf.“ Munaðarþrunginn, lamandi höfgi læsir sig um sál hans og fær hann eitt augnablik til þess að gleyma skyldu sinni, efast um krafta sjálfs sín og takmark lífs síns. En ekki nema eitt augnablik. Honum verður litið hærra, upp í háfjallabrúnirnar lengst fram undan, þangað sem ferðinni var heitið. Þókan er horfin af fjöllum. Nýrisin morgunsólin hellir ylmjúku geislaða yfir bera fjallatindana, sem teygja sig hátignarlega upp í óendanlega heiðríkjuna. Morgunkylja kemur í fang honum ofan úr fjöllum. Það er eins og hann vakni af illum draumi. Hann finnur að hann var að því kominn að svíkja sjálfan sig, að brjóta í bága við alt hið göfugasta í eðli sínu. – Svipurinn hljóðnar og harðnar.

Unglingurinn er horfinn. Það er fullþroska maður sem nú stendur á leitinu. Járnharður viljinn, þrunginn af ástríki, geislar af svip hans, björtum sem nýfallin mjöllin. Það er auðséð að þessi maður veit hvað hann vill, að hann hefur fundið sjálfan sig og veit að hann á köllun að rækja í lífinu, hugsjón sem er honum dýrmætari en hans eigið líf. Á þessum fáu augnablikum, þarna á leitinu, hefur hann vaxið meira en um helming. Augu hans hvíla róleg og athugandi á landinu fram undan. Margt þarf að taka til athugunar, víða þarf að velja á milli. Aðalstefnan er þegar ráðin, alla leið upp á hæsta tindinn á fjallinu. Augun nema staðar við efsta klettabeltið. Berir fjalldrangarnir horfa ögrandi ofan til hans. Hann kemur hvergi auga á uppgöngu. En hugur hans hvíkar ekki eitt augnablik. Hann veit að hann á að fara alla leið, og hann trúir því að hann komist það, – alla leið upp á hæsta tindinn.¹

Óvíst er hvernig tilfinningum Bjarna til Önnu var háttað þegar hann skrifaði hugleiðinguna „Á leitinu“. En það er freistandi að túlka orð hans um nýjar kenndir, unaðsþrunginn straum og ást til lífsins sem tilfinningar ástfangins manns sem ræðst til uppgöngu á hæsta tind fjallsins – til stúlkunnar sem hann elskar. Trúlegra er þó að Bjarni eigi hér við hugsjónir sínar og lífsstarf. En eitt er víst, ástin er á næsta leiti.

1 Dagbók Bjarna Jónassonar, 19. desember 1919. Erindi flutt á samkomu á Guðlaugsstöðum 27. desember.

Bónorð: *Að þrá eftir einni konu*

Þann 25. janúar 1920 getur Bjarni enn um heimboð í dagbók sinni, Austurhlíðar- og Eyvindarstaðafólkið sækir Guðlaugsstaði heim og það er dansað fram á nótt. Nokkrum dögum síðar sendir hann Önnu bréf.

Guðlaugsstöðum, 4. febr. 1920.

Kæra Anna!

Jeg er á förum hjeðan úr dalnum. Hugsunin um það hefir haldið fyrir mjer vöku á nóttinni, og jeg finn að jeg get ekki farið án þess að skrifa þjer. Jeg vildi, að jeg hefði haft tækifæri til þess að tala við þig í næði, að jeg hefði fengið að segja þjer sögu mína og birta þjer hug minn með lifandi orðum, en jeg sje ekki að það geti orðið, og því verð jeg að nota pennann.

Jeg elska þig! Ást mín hefir ekki komið alt í einu. Hún er tilfinning, sem vaxið hefir smám saman við kynning okkar, þó ég hafi ekki fyr en nýlega gert mjer ljósa grein fyrir henni. Nú á jeg enga ósk hjartfólgnari en að þú vildir verða förunautur minn á lífsleiðinni. Jeg trúi því, að þú getir gert mig sælan, að unaður sá, sem jeg hefi haft af samvistum við þig, geti við sambúðina orðið að verulegri lífshamingju. Engin hamingja er meiri en gott heimili. Ekkert afl er sterkara en kærleikurinn. Ást góðrar konu verður ekki metin til verðs.

Jeg hefi svo ósegjanlega oft fundið tómlaikann í lífi mínu. Þó starf mitt sem kennari hafi fært mjer óspiltan unað og glætt bestu kendir sálar minnar: fórnfýsina og al-kærleikann, þá hefi jeg þó fundið þrána eftir öðru meiru, eftir veru, sem jeg gæti gefið alt, ást mína – líf mitt. Þó kennarastarfið sje að mínu álit, háleitt og dýrlegt, þá hefir mjer fundist, að jeg ekki hafa nóg til að lifa fyrir. Mig hefir vantað vininn, sem tæki þátt í sorgum mínum og gleði, vonum mínum og þrá.

Jeg er orðinn 28 ára, og jeg væri sennilega giftur, ef jeg hefði ekki orðið fyrir vonbrigðum. Jeg verð að segja þjer alt. Jeg finn til ábyrgðarinnar, sem á mér hvílir, og því má jeg ekkert draga undan. Jeg vildi að þú gætir lesið allan hug minn og sjeð fortíð mína; ekki svo að skilja að jeg byggist við, að þú yrðir ánægð með alt, sem þú sæir þar, – síður en svo, en þú myndir þá þekkja mig eins og jeg er og því vita að hverju væri að ganga.

Jeg sagði áðan, að jeg hefði orðið fyrir vonbrigðum. Það var mín fyrsta ást. Hún hafði heitið mjer ást sinni og eiginorði. Það var um vor. Mjer

hugsad mig að krannast aldrei, en í djúpi sálar
smannar lífi þó þránn eflir krannast, og mi
hefir þú vakið þá þrá til lífs aftur í öllu almætti.
Sinn. dýnd himnar er horfin. Þú hefir afmáð
hana

Jeg bið þig samman vit, að þessi mynd ^{minu} úr lífi,
bet. fyrir mig þú þer, en þá verður að segja hverja
sögu og hún hefir gengið. En allt til þess líklegt, að
þessi fyrsta átt mín, hafi orðið til þess að vernda
brúðrik minn, og ~~þessu~~ trygðrofin, þó þau
veru sár, gáfu mig mikla innvið i sál minna
og völdu þú mig hugum um alvörn lífsins. -

Jeg vona að þú sjert óbunden. Hjer finst þú
hafa þá einhvernegin á tilfinningum að þú ert
sama! Taktu veru konans minn? Hleðurstu að
þú gelir elskad mig? Jeg bið ekki einungis um hönd
þína, jeg bið um hjarta þitt. Eiga jeg ekki einn hug
þinn, vonast jeg eflir að geta ummíð hann, þó ák-
inni er ekkert ómáttugt.

Jeg bið þig ekki „gull og grana skága“. Jeg er
ekker mikilmanni, og jeg er heldur enginn andmáður,
en jeg hefi einlægán vilja að verða að einhverju gæm
í lífinu, í kyrtinni ondal alþjóttummar, og mig
finst, að þú stæðir við hlíð mig, þá myndi
mig geta orðið omkfu meira ágengt, og jeg vona
að jeg geli gert þig hamingjusama.

Hjerringin Hleðurstu að jeg finni ekki til þess,
að við þekkingumt fremur líti. En jeg þori ekki að bið.

Hluti úr brefi Bjarna til Önnu, 4. febrúar 1920.

hafði aldrei fundist lífið jafn yndislegt og þá. Að viku liðinni flutti hún í annan landsfjórðung. Það átti einungis að vera stundardvöl, en áður en misseri var liðið var hún trúlofuð öðrum. Ást mín dó að vísu, en mjer fanst „hún“ um leið fara með hluta af sál minni, og mynd hennar hefir altaf síðan verið á milli mín og annara kvenna. Jeg hafði hugsað mjer að kvænast aldrei, en í djúpi sálar minnar lifði þó þráin eftir konuást, og nú hefir þú vakið þá þrá til lífs aftur í öllu almætti sínu. Mynd hinnar er horfin. Þú hefir afmáð hana.

Jeg býst naumast við, að þessi mynd úr lífi mínu, bæti fyrir mjer hjá þjer, en það verður að segja hverja sögu eins og hún hefir gengið. En eitt tel jeg líklegt, að þessi fyrsta ást mín, hafi orðið til þess að vernda hreinleik minn, og trygðrofin, þó þau væru sár, gáfu mjer mikla innsýn í sál mína og vöktu hjá mjer hugsun um alvöru lífsins. –

Jeg vona að þú sjert óbundin. Mjer finst jeg hafa það einhvernvegin á tilfinningunni að svo sje.

Anna! Viltu verða konan mín? Heldurðu að þú getir elskað mig? Jeg bið ekki einungis um hönd þína, jeg bið um hjarta þitt. Eigi jeg ekki enn hug þinn, vonast jeg eftir að geta unnið hann, því ástinni er ekkert ómáttugt.

Jeg býð þjer ekki „gull og græna skóga“. Jeg er ekkert mikilmenni, og jeg er heldur enginn auðmaður, en jeg hefi einlægan vilja að verða að einhverju gagni í lífinu, í kyrdinni meðal alþýðunnar, og mjer finst, að ef þú stæðir við hlið mjer, þá myndi mjer geta orðið miklu meira ágengt, og jeg vona að jeg geti gert þig hamingjusama.

Kynningin. Heldurðu að jeg finni ekki til þess, að við þekkjumst fremur lítið. En jeg þori ekki að bíða. Jeg óttast að einhver annar taki þig frá mjer á meðan. Jeg er ekkert barn lengur. Jeg hefi hugsað um þetta eins rólega og mjer hefir verið unt, og það er orðin bjargföst sannfæring mín, að hjá þjer finni jeg hamingjuna. Þá dugir ekki að hika; það væri að svíkja sjálfan sig.

Víst þekkjumst við fremur lítið. Við höfum eiginlega ekkert ræðst við um alvarleg efni. En jeg hefi tekið vel eftir þjer. Jeg hefi athugað svip þinn margsinnis, og jeg hefi horft í augu þjer. Jeg er ánægður með það, sem jeg hefi sjeð. Jeg veit að þú ert góð stúlka. Mjer finst jeg finna hjá þjer það sem jeg þrái, og því elska jeg þig. Enginn ber þjer heldur annað en gott.

En jeg þekki þig ekki nóg, segir þú ef til vill. Ef þú treystir þjer ekki til að ákveða þig nú þegar, get jeg beðið eftir endanlegu svari, þangað til við höfum kynst frekar.

Á sunnudaginn kemur fer jeg hjeðan. Ó! Ef þú værir þá orðin heitmey mín. –

Pinn

Bjarni Jónasson. –

Jeg get ekki farið vestur, án þess að vita um hug þinn.

B.J.

Bréf Bjarna er fullt af einlægni, ást og þrá, skrifað af ástríðufullum, stílfærum ungum manni sem beitir töfrum tungumálsins til að fá ástina sína á sitt band. Hann finnur til þess að þau þekkjast ekki sérlega vel svo hann kynnir sig af fyllstu einlægni og reynir að gefa henni innsýn í hug sinn. Í bréfinu birtast ýmsir persónupættir Bjarna glöggt – einlægni, hreinskilni, blíðlyndi, viðkvæmni, trúfesti og lítillæti – og hann tjáir einnig margar af sínum helstu tilfinningum og hugsjónum – trúna á kærleikann, þrána eftir ástvini og sálufélaga, köllun til kennarastarfsins og viljann til að láta gott af sér leiða.

Þó að Bjarni ætti létt með að tjá sig skriflega og sýna tilfinningar sínar í rituðu máli var hann fremur feiminn og óframfærinn í návígi og jafnvel þó hann skrifi að hann hefði gjarnan viljað hafa haft tækifæri til þess að tala við hana í næði og segja henni hug sinn hefur hann án efa átt mun hægara með að skrifa henni bréf. Ekki má heldur gleyma að tækifæri til slíkra einkasamtala hafa verið fá og hægara að koma bréfum á milli bæja en að hittast.

En hvernig skyldi ungri, saklausri sveitastúlku hafa orðið við að fá slíkt bréf? Tæpast hefur hún verið alveg ósnortin en reyndin varð sú að hún hafnaði bónorði Bjarna og það ekki bréflega heldur biður hún föður sinn fyrir munnleg skilaboð til hans. Sú afgreiðsla særir Bjarna mjög en hann lætur ekki hugfallast.

8./2. – 1920.

Ástfanginn maður missir ekki vonina strax. Jeg ætla mjer að reyna að vinna ást þína. Þar sem enginn á enn hug þinn, finst mjer jeg geta haft von eins og hver annar.

Jeg ætla ekki að fara að endurtaka ástarjátningu mína nú. Jeg verð að tala við þig. Jeg verð að fá að heyra svarið af þínum eigin vörum! Ó!, hvað mjer sárnaði að svarið skyldi einungis vera skilaboð, þó það væri með föður þínum. En jeg veit að þú hefir ekki ætlað að særa mig.

Jeg átti að tala við þig þegar í gærkvöldi. Í fyrra máli get jeg það ekki, og svo eru margar vikur þangað til að jeg kem hingað aftur.

Jeg mun hugsa til þín á hverjum degi í fjarverunni. En hvað þýðir að segja þjer frá því, ef það færir þjer enga gleði? Getur ekki ást mín vakið eitthvert bergmál hjá þjer? Jeg vona að þjer verði þó að hugsa einstöku sinnum til mín, og að þú minnst þess þá, að jeg elska þig og heitasta ósk mín er að jeg geti gert þig hamingjusama.

Jeg treysti því, að hugur þinn verði enn engum öðrum bundinn, þegar jeg kem að vestan.

Þinn
Bjarni Jónasson

Á meðan á þessu tilfinningaróti stendur minnst Bjarni ekki einu orði á Önnu í dagbók sinni og eru dagbókarfærslur hans 4. og 8. febrúar einkar hversdagslegar:

Febrúar 1920

4. S. Hæg gola. Hálfskýjað. –

8. Sunnud. í 16 v. vetrar. – S. Stinningsgola s.p. Heiðríkt. Töluvert frost. Frá Guðlaugsstöðum og heim. – Forðagæslumennirnir eru nú að gera almenna fóðurbirgðakönnun um hreppinn, samkv. ákvörðun hreppsnefndarfundar að Guðlaugsstöðum 5. þ.m. Gerðar munu svo ráðstafanir til þess að fá fóðurbæti.¹

Tilfinningarnar sem Bjarni tjáir Önnu í bréfunum eru ekki þess eðlis að hann kjósi þeim geymslustað í dagbókinni, að minnsta kosti ekki um sinn. Hugsanlega hefur hann viljað eiga þær með sjálfum sér og ekki deila með neinum, ekki einu sinni sínum þögla vini, en einnig hefur Bjarna trúlega verið annt um að koma Önnu ekki með nokkru móti í óþægilega aðstöðu eða láta blett falla á mannorð hennar. Því hefur verið afar brýnt að fara að öllu með gát.

Ekki tekst Bjarna enn að vinna hug Önnu og hann dregur sig því í hlé að sinni. En því fer fjarri að ástin slokkni þó hún sé ekki endurgoldin og Bjarni háir innri baráttu um hvort hann eigi að gefast upp eða halda í vonina. Ári eftir fyrsta bónorðsbréfið tekur hann sér enn á ný penna í hönd.²

Kæra Anna Sigurjónsdóttir!

Sennilega munt þú ekki hafa búist við að sjá frá mjer brjef aftur, og

1 Dagbók Bjarna Jónassonar, 4. og 8. febrúar 1920.

2 Bréfið er ódagsett en í því vitnar hann til þess að hafa fengið neitun „í fyrra“ svo ætla má að það sé skrifað árið eftir fyrstu bréfin, þ.e. 1921.

Þess má jeg og vænta að þjer sje það enginn aufúsugestur, en hvað um það, jeg má til að skrifa. –

Jeg hefi lengi átt í baráttu við sjálfan mig. – Skynsemin hefir sagt mjer að þegja og reyna að bera ósigur minn með þögn og þolinmæði, en tilfinningin hefir viljað annað. Jeg hefi reynt að gleyma, og í önnum dagsins hefi jeg getað það, en í alkyrð næturinnar vakna þær, endurminningarnar og minna mig á horfnar vonir.

Hvers vegna hittumst við? Hvers vegna batstu hug minn? Hvers vegna tókstu frá mjer mynd „hinnar“, sem um fleiri ár hefir verið hluti af sjálfum mjer? Já, hvers vegna?, spyr jeg, og ljetst mjer ekkert eftir í staðinn, ekkert, ekki einu sinni brjeflappa. –

Hví er jeg annars að spyrja? Jeg fæ ekkert svar.

Skynsemin segir mjer að gera mjer hlutskifti mitt að góðu, jeg hafi bækurnar og börnin. Börnin. – Hlýr straumur fer um mig. En, – jeg á þó ekki þessi börn. Það eru aðrir, sem eiga það besta og innilegasta í sálu þeirra. Jeg á enn ekki dýrasta hnossið í heiminum: sjálfstætt eigið heimili, lífsförunautinn, sem jeg geti gefið alt. Án þess er lífið hjegóminn einn, innihaldslaust, stefnulaust ekkert. –

Hví varst það þú, sem kveiktir eldinn að nýju? Hví varst það þú, sem gafst lífi mínu nýtt gildi? Já, hví varst það þú, þú; sem ekkert getur gefið mjer?

En, – hefi jeg þá enga von? Svar þitt var svo sem ákveðið, en aðstaða þín var e.t.v. óþægileg. Jeg veit að óskir foreldra þinna hnigu frekar í aðra átt. Gat það ekki hafa ráðið nokkuru um svar þitt? – Þú brendir þó ekki brjefið eins og faðir þinn sagði þjer að gera. Var það ekki af því þjer þætti vænt um það? Jeg hjelt líka, að jeg hefði vakið hjá þjer eitthvert bergmál, að einhverir strengir í sálu þinni hljómuðu fyrir mig. Getur verið að mjer hafi yfirsjedst. En, – jeg veit þó að brjefið hafði töluverð áhrif á þig. Þú last það úti í fjósi, og þú gleymdir að slökkva ljósið um leið og þú fórst inn aftur, og svipur þinn um kvöldið virtist mjer frekar tala mínu máli. Eitt bros man jeg og frá kvöldinu því, sem mjer er ógleymanlegt. Ekki svo að skilja að það væri mjer gefið sjerstaklega. Það var undir umræðum um kenslu barna. Jeg ljet orð falla eitthvað á þá leið, að starf kennarans væri göfugt og dýrlegt. Þá brostir þú; og í brosinu virtist mjer svo mikið af angurblíðri samúð og skilningsþroska. Jeg held jeg viti hvað þú hugsaðir þá. –

Eins og sakir stóðu í fyrra var það e.t.v. ekki nema eðlilegt að jeg fengi neitun. –

Nú kem jeg aftur. Hugur minn er enn hinn sami.

Nú særi jeg þig um að vera sjálfri þjer trú, að þú rannsakar vel hug þinn og hjarta, og ef þú finnur þar einhverja rödd, sem talar máli mínu, að þú hlustir þá vel á hvað hún hefir að segja.

Pinn

Bjarni Jónasson.

Enn opinberar Bjarni óhikað hugsanir sínar og innri mann. Hann vakir um nætur og skoðar tilfinningar sínar og undangengna atburði, grandskoðar og les í allar gjörðir Önnu og háir baráttu við sjálfan sig um hvort hopað skuli eða haldið áfram. Hann getur ekki alveg aftekið að bréf sín hafi snert streng í brjósti hennar og heldur í vonina um að hún beri einhverjar taugar til sín. Þá er gott að geta gripið í það hálmstrá að höfnunin kunni að vera undan rifjum foreldra hennar runnin, að óskir þeirra ráði frekar en hennar. Og þar sem hún hlýði ekki fyrir mælum föður síns um að brenna bréfið geti þá ekki verið að hugur hennar sé annar en foreldranna?

Í fyrsta bréfi sínu skrifar Bjarni að hann hafi orðið fyrir vonbrigðum í ástum þegar stúlka sem hann var heitbundinn sveik hann í tryggðum. Hér færir hann fyrrum heitmey sína í tal á ný því nú hefur Anna tekið stað hennar í hjarta hans. Tryggðarofin höfðu greinilega valdið Bjarna miklum sárindum um árabíl og rýrt trú hans á ástinni en Anna veitti honum trúna á ný. Síðar rekur Bjarni söguna alla í dagbók sinni:

En hvað þær eru ólíkar. [...] Hún hjet líka Anna, Anna Lýðsdóttir frá Skriðnesenni í Strandasýslu, myndarleg stúlka og all-vel greind, en staðfestulítill. Það var vorið 1914. Hún var við nám á Kvennaskólanum á Blönduósi. Hún hjet mjer eiginorði skömmu fyrir skólauppsögn og fór þá þegar norður í Þingeyjarsýslu til sumardvalar. Síðan hefi jeg ekki sjeð hana. Áður en sumarið var liðið mun hún hafa verið trúlofuð öðrum. Það voru örðugir tímar. En nú get jeg fyrirgefið henni það alt saman, enda hefir hún óbeinlínis stutt að hamingju minni. Jeg var lánsamur, að hún skyldi bregðast mjer. Lánsamur, segi jeg og er þá þó mikið sagt, því að vonbrigði í ástamálum skemma jafnan, þá sem fyrir þeim verða. [...] Jeg held líka naumast að trygðrofin hafi gert mig að verri manni. Jeg fjekk meira innsýni í mína eigin sál og dýpri skilning á ýmsum mann-fjelagsmeinunum.¹

Þegar hér er komið sögu í samskiptum Bjarna og Önnu hefur hún þó ekki enn gefið honum mikla ástæðu til að gleðjast. Í bréfinu særir hann hana

1 Dagbók Bjarna Jónassonar, 9. febrúar 1923.

um að skoða hug sinn og hjarta en enn á ný lætur Anna bréfi hans ósvarað, sendir honum ekki einu sinni munnleg skilaboð með föður sínum líkt og árið áður.

Veturinn 1921-1922 dvelur Anna við hannyrða- og saumanám í Reykjavík. Í júní 1922 er svo haldin brúðkaupsveisla á Guðlaugsstöðum:

Vakti í alla nótt í veislunni á Guðlaugsst. Mjög ánægjulegt. Veitingar: súkkulaði, kaffi og vínföng. – Spjallað, haldnar ræður og dansað. Ræðumenn: síra Bj. Stef., Hannes Pálsson, jeg, Jón Std. og pabbi. Í ræðunum sjerstaklega minst Guðlaugsstaðahjónanna, sem á þessu vori hafa verið 25 ár í hjónabandi.¹

Í þessari veislu ber fundum Bjarna og Önnu saman á ný og enn ákveður hann að leggja hjarta sitt í hendur hennar. Og nú dregur hann hvergi af sér, næsta bréf er á lengd við meðalritgerð, 16 síður og 2150 orð, og skrifað á rúmlega tveggja vikna tímabili. Hér skrifar maður sem gefst ekki auðveldlega upp og stefnir að settu marki af einlægni, einurð og ást.

Syðrilöngumýri, 27./6. 1922.

Kæra Anna Sigurjónsdóttir!

Bestu þakkir fyrir síðast. Endurminningin um þig frá veislugleðinni á Guðlaugsstöðum er mjer ógleymanleg, og síðan hefi jeg naumast getað hugsað um annað en þig. Mjer er ómögulegt að ráða við það, og nú vil jeg ekki ráða við það, þó að jeg brenni upp til agna. Jeg finn að hjer er um hamingju mína að ræða: Þú eða engin.

En hvað mig langaði til þess að biðja þig um viðtal þarna á Guðlaugsstöðum, og reyndar dauðsje jeg eftir því, að jeg gerði það ekki, en jeg hjelt, að þjer myndi finnast það ganga ósvífni næst, að jeg færi að minnast á jafn heilög málefni og ástir, þar sem jeg var dálítið ölvaður.

Jeg veit að þú hefir hlotið að verða vör við geðshræring mína í dansinum, enda gat jeg naumast haft vald á tilfinningum mínum. En hvaða rjett hafði jeg til þess að vefja armi mínum jafn þjett um mitti þitt og jeg gerði, jeg, frávísaður biðill. En ástin spyr ekki um rjett.

Jeg get ekki gefið upp alla von, og jeg geri það aldrei meðan þú ert óbundin. Jeg hefi aldrei getað trúað því, að þú bærir ekki hlýrri hug til mín, en alment gerist. Jeg drap á það í brjefi mínu veturinn 1920-1921, og nú eftir samfundina á Guðlaugsstöðum hefir von mín heldur styrkst.

1 Dagbók Bjarna Jónassonar, 26. júní 1922.

Einhver minni vissi segja mér, að þú
 gert mér albat, þótt ekki bláa byrlega, að
 þú gert fylling vona minna og drauma
 þess þykir enn vanna um þig mí, en þegar
 þig bad þín. Er er það jafnan, að áslu ver
 við orðugleikana.
 Jeg hvi ekki öðru, vinnu min, en að þú
 geti gert þig hamingjusama Er hvað það má
 vere dýrlegt að lifa þess þann sem maður
 elskar.

Hluti úr brefi Bjarna til Önnu, 27. júní 1922.

En Anna, hví ljetstu brjefi mínu ósvarað? Jeg bjóst við betri meðferð
 og held að jeg hafi verðskuldað meiri nærgætni. Jeg veit að þú hefir
 hlotið að fá brjefið. H.P. afhenti föður þínum það. – Jeg hefi mikið
 hugsað um þetta efni. Jeg get alls ekki trúað því, að þú hafir viljað sýna
 mér lítilsvirðingu með þögninni, og jeg get ekki fundið nema eina
 ástæðu, sem er þjer samboðin: að þú hafir ekki viljað endurtaka afsvar
 þitt, vegna sjálfs þín, að þú vildir bíða, sökum þess að þú værir ekki
 ákveðin.

28./6.

Mjer datt í hug veturinn, sem jeg skrifaði þjer fyrrnefnt brjef að sækja
 enn til þín munnlegt svar, en mjer virtist hyggilegra að bíða. Jeg vissi að
 þú hafðir ráðið suðurför. Við fyrstu burtförina úr foreldrahúsunum, fær
 æskumaðurinn jafnan nýtt og meira innsýni í sálarlíf sitt, fyllri vissu um
 sinn eigin vilja og dýpri skilning á kunningjunum heima.

Mjer fanst alls ekki ómögulegt að jeg hefði hag á breytingunni, því ef
 satt skal segja, hefi jeg alltaf haldið, að þú myndir hafa tekið bónorði

mínu, ef H.P. hefði ekki verið líka. Auðvitað get jeg hjer hafa farið villur vegar, því að ástföngnum mönnum hættir til að grípa eftir hverju hálmstrái. Jeg veit ósköp vel, að foreldrar þínir kusu hann heldur. Þó að mjer fjelli það þungt, þá hefi jeg ekkert við því að segja. H.P. er besti vinur minn. Hann er verulega góður drengur og mikið mannsefni.

Jeg veit að hann sjer mikið eftir þessu bónorði sínu, ekki svo að skilja, að hann meti þig ekki enn mikils, en hann ber ekki lengur ástarhug til þín. Það mun hann hafa látið föður þinn skilja á sjer. Ef til vill er það skakt af mjer að segja þjer þetta, af því það snertir einkamál annars manns, en jeg get þó ekki annað.

Mjer er nær að halda, að móðir þín hafi ekkert vitað um bónorð H.P., þegar jeg bað þín, en þú munt hafa sagt henni frá brjefi mínu þegar um kvöldið, meðan jeg dvaldi við spilin. Hún veitti mjer óvenju mikla athygli síðari hluta kvöldsins, og mjer fanst jeg jafn vel kenna móðurlegrar umhyggju. Í fávísi minni hugði jeg þá, að hún væri mjer frekar hliðholl.

30./6.

Nú ertu komin heim. Tvisvar hefi jeg hitt þig síðan, og enn hefi jeg ekki spurt þig að spurningunni miklu. Er jeg þá heigull? Jeg hefi einu sinni lent í lífsháska í vatnsfalli og var mjög hætt kominn, en jeg var þá þó altaf rólegur og kaldur. En svona er það nú samt, að í návist þinni, verð jeg, þritugur karlinn, feiminn eins og unglingur innan við tvítugt. Manstu ekki eftir út á Svínavatni á sunnudaginn var, þegar jeg heilsaði þjer? Jeg ætlaði að segja nokkur orð við þig um leið, en jeg fann, að jeg brá lit um leið og þú snertir hönd mína, og því þorði jeg ekki annað en að yfirgefa þig þegar.

Þú mátt ekki hlæja að mjer, þegar þú lest þetta.

1./7.

Anna! Jeg sje heim til þín úr glugganum mínum. Kvöldkyrðin sveipar dalinn. Sennilega ertu háttuð og e.t.v. sofnuð. Jeg býst við að glugginn þinn sje opinn. Hægur aftanblærinn leikur um andlit þjer og háls. Jeg bið blæinn fyrir kveðju til þín. Hann á að flytja þjer, inn í draumlandið, óskir mínar og þrár og gefa þjer efni í drauma.

Hvað heldurðu að mig hafi dreymt þig oft? Mig dreymdi þig síðast í nótt.

Nú hverfur mjer bærinn þinn. Dimt ský hefir varpað skugga sínum á hann, en jeg bíð vongóður, því að einhverntíman eyðist skýið, og þá hverfur skugginn um leið.

Aldrei er landið fegurra en eftir dimmveðursskúr, þegar sólin hefir

aftur náð völdum. Mig undrar það ekki, þó að sumar fornþjóðirnar dýrk-
uðu sólina sem ímynd hinnar algóðu veru. –

Anna! Rökkursský hefir verið á milli okkar, en jeg trúí því, statt og
stöðugt, að það hverfi bráðum og að við eigum eftir að *hittast* í sólskinu.

Veitstu hvað? Jeg gat ekki sofið fyrir sólskininu á Guðlaugsstöðum á
mánudagsmorguninn.

Einhver innri vissa segir mjer, að þú sjert mjer ætluð, þótt ekki blási
byrlega, að þú sjert fylling vona minna og drauma. Mjer þykir enn vænna
um þig nú, en þegar jeg bað þín. Svo er það jafnan, að ástin vex við
örðugleikana.

Jeg trúí ekki öðru, vina mín, en að jeg geti gert þig hamingjusama. En
hvað það má vera dýrlegt að lifa fyrir þann sem maður elskar.

2./7.

Veitstu hver er fyrsta endurminning mín um þig? Það er frá barnaprófi
í Bólstaðarhlíð. Jeg gisti hjá föður þínum heima í Finnstungu nóttina áður
og varð ykkur krökkunum samferða til prófsins.

Þú reiðst dökkum hesti. Hvítan trefil hafðir þú um hálsinn, og þegar
vindurinn stóð í hann, sýndist hann eins og ofurlitlir vængir. Mjer fanst
þú full fölleit. Hæglát varstu og prúð. Ekkert man jeg hvernig þú stóðst
þig á prófinu. Ekkert man jeg heldur eftir skrift þinni, og er jeg þó
töluvert minnugur á skrift.

Myndin er óskýr eins og von er til, þar sem jafn langt er um liðið
síðan. Jeg veitti þjer þá heldur enga sjerstaka athygli. Man jeg töluvert
betur eftir ýmsu frá því prófi, t.d. í sambandi við Jón bróður þinn. Jeg
man m.a. eftir stílnum hans, en sjerstaklega þó eftir heimastíl einum frá
vetrinum, sem Tryggvi sýndi mjer. Hann hjet Reykjavíkurför og var
ágætur. –

Pessi fyrsta mynd huga míns af þjer er mjer þó helg minning.

4./7.

Seinnipartinn í dag hefi jeg verið að búa mig undir kjörstjórnarfund, til
úrskurðar um kærana, sem fram er komin yfir hreppsnefndarkosningunni
hjerna. Jeg er þess full viss, að ófriðareldurinn, sem mál þetta hefir vakið,
æsisst enn um allan helming og að jeg hlýt að lenda í eldinum, þar sem
hann er heitastur. Hjá því verður ekki komist, vegna kjörstjórnarstarfa
minna. Mjer er þó sannarlega ekki ljúft að lenda í deilum, held að það sje
fjarri skapi mínu. Jeg man hvað mjer leið illa í hitt eð fyrra, meðan
deilurnar voru þá sem svæsnastar.

Hversu mikill andlegur styrkur hefði mjer ekki verið þá að lífsförunaut,
veru, sem hefði tekið þátt í áhyggjum mínum og fundið til með mjer,

veru, sem einungis með návist sinni, gæti eytt skuggunum frá amstri og þrasi hins opinbera lífs.

Gott hjónaband er mesta hamingjan á jörðu hjer. Hvað er auður og metorð á við einlæga ást. Ef jeg ætti að svara spurningunni, hvort granninn væri hamingjusamur, mundi mjer nægja að þekkja heimilislíf hans. Að vísu er þetta nokkuð misjafnt og fer það eftir skapgerð manna, en jafnan er ástartilfinningin innilegasta og sterkasta tilfinning mannsins, sá strengur sálarlífsins, sem dýpsta gefur tónana og fegursta, en er um leið hættast við að bresta.

12./7.

Dagsverkinu er lokið. Jeg er kominn inn í húsið mitt og sestur við borðið. Jeg er einn, enda er jeg einbúi. Kyrðin er alvöld. Fólkið er komið í svefn í hinum hluta baðstofunnar. Tífið í úrinu mínu er eina hljóðið hjer inni, en inn um opinn gluggann berst mjer þungur niður árinna.

Þú hefur sagt mjer, að þjer þætti vænt um árnidinn, þessa aflþrungnu rödd fallvatnsins, hins eilífa máttar.

Margt hefir áin að segja þeim sem vilja hlusta, sbr. „Drengurinn“ eftir Gunnar Gunnarsson.

Legg mjer lið áin mín! Ástmey mín elskar raddir þínar. Kveð þú henni í merg og blóð allar helgustu þrár mínar, ástina, sem jeg ber til hennar og alla ljúfu framtíðardraumana, sem bundnir eru við nafn hennar. Heilsaðu henni á morgnana með því að minna hana á mig. Syng henni allan daginn manljóð frá mjer, lát þau streyma inn í sál hennar, umvefja hana örmum ástrikis og vekja tilfinningum mínum innilegt og þróttmikið bergmál. Kveð sömu ljóðin við hvílu hennar, lát hana sofna frá þeim á kvöldin og hvíslaðu þeim inn í drauma hennar.

Áin mín! Þú síkvika og sfunga rödd hins eilífa máttar, vertu mjer hin góða dís. Láttu mig ekki þurfa að bíða lengi ástmeyjar minnar. Þú hefir valdið, og á þínar raddir vill hún hlusta. Snúðu huga hennar til mín. Segðu henni frá sveininum, sem þráir og bíður.

14./7.

Til hvers er líf mitt? Jeg hefi engan til þess að lifa fyrir, engan, sem jeg geti gefið alt.

Trjeð, sem ekki nær fullri rótfestu, getur ekki unnið sjer næg næringarefni úr jarðveginum. Það nær því aldrei fullum þroska og deyr fyrir örlög fram.

Eins fer þeim, sem dæmdur er til þess að lifa ástlaus. – Hann er rótlaust trje í mannlífsakrinum. „Hvat skal hann lengi lifa?“, segir í Háva-málum.

Kantu þá vísu alla? Mjer þykir mjög vænt um hana. Sú vísa á við einstæðinga eins og mig. Manni sem fer á mis við ástarsæluna er þar líkt við visið og barrlaust trje, sem eitt sjer verður að þola kulda og storma náttúrunnar. –

Mig vantar yl, hjartayl þinn, Anna.

Önnur vísa, sem mjer þykir einnig mjög vænt um, finst mjer lýsa einna best þrá minni. Hún er eftir þýskan höfund, H. Heine og er ekki til á íslensku, en jeg kann hana í danskri þýðingu eftir Brandes. – Vísan lýsir að vísu aðall. þrá konu en ekki sveins, en það skiftir nú engu máli:

Et Grantræ staar alene
I Nord paa en Klippetind
Det slumrer. Isen og Sneen
hyller det trindtom ind
Det drømmer om en Palme
der fjernt i en tropisk Natur
ensom I Tavshed sørger
mod Bjergets gloende Mur.

Það er hin þögla þrá, sem lamar lífsorkuna og plokkar rósirnar af kinnunum. – En í vísunni eru þau bæði látin þrá. Hver veit nema að þau hafi þó náð saman að lokum.

15./7.

Hjartkæra Anna! Jeg spyr þig enn þá: Viltu verða konan mín. Jeg held áreiðanlega, að þú berir góðan þokka til mín, og jeg geri mjer fulla von um, að jeg geti unnið hug þinn allan við nánari kynningu. Þjer finst þetta e.t.v. full mikið sjálfs álit. – Jeg neita því að vísu ekki, að jeg lít dálítið á mig, trúi nokkuð á mátt sjálfs mín.

Tilfinningarnar eru smitandi. Hefir ekki hlátur kunningja þíns oft vakið þjer bros á brá og komið þjer í gott skap? Og hefir þú ekki ósjálfrátt orðið vör við þungann af sorg annara, og það beygt skap þitt? Get jeg þá ekki vænst þess, að ást mín hafi áhrif á tilfinningar þínar? Þú finnur hjartaslög mín. Þú veitst, að jeg hugsa alltaf um þig, að jeg vaki fram eftir nóttinni til þess að hugsa um þig. Þú veitst, að þú þarft ekki annað en að benda mjer, til þess að jeg komi og víki ekki frá hlið þjer frammar, að jeg vil helga þjer alt líf mitt.

Engin tilfinning er eins smitandi eins og kærleikurinn. Að finna að maður er elskaður, hlýtur að vekja hlýja samúðaröldu í sál manns.

Anna! Heldurðu að þjer geti ekki þótt vænt um mig?

16./7.

Vína mín! Rjettu mjer hönd þína, og leyf mjer að leiða þig upp brekkurnar, upp á fjallið, mót sól og heiðríkju.

Jeg lofa því ekki, að leiðin verði altaf greið og blómum stráð, enda segir lífsreynslan mjer, að á lífsleið almenninga sje jafnan mörg stórgrýtisurðin og mörg svitabrekkan, en ef við verðum samtaka, vína mín, og styðjum hvort annað, þá vona jeg að steinarnir í urðinni verði okkur ekki að fótakefli og að brekkurnar vinnist furðanlega, því að „tekst ef tveir vilja“.

Heldurðu ekki að við getum orðið samferða? Jeg skal reynast þjer eins góður samferðamaður og jeg get, jeg legg þar við drengskap minn.

Nú enda jeg brjefið. Jeg set það sjálfur í póst á Blönduósi, og vona jeg að því sje þá engin hættu búin. –

Nú verð jeg að fá brjef frá þjer, eða viðtal. Þú hefir einhver ráð. Konur verða aldrei ráðalausar.

Vertu svo alltaf blessuð og sæl

þinn elskandi

Bjarni Jónasson.

Nú hefur Bjarni skrifað Önnu þrjú bréf á undangengnum tveimur árum en Anna hefur ekki skrifað honum til baka, aðeins sent föður sinn með munnleg skilaboð eftir fyrsta bréfið – neitun við bónorði Bjarna. Það er því vart annað hægt en dást að kjarki og staðfestu Bjarna þegar hann sest niður við skriftir enn á ný.

Maður sem býr yfir svo margslungnum tilfinningum og þorir að opinbera sál sína hvað eftir annað bréfleiðis verður þó svo feiminn þegar hann heldur dís drauma sinna í fanginu, stúlkunni sem hann hefur þegar biðlað til bréfleiðis, að hann kemur varla upp orði. „Er ég þá heigull?“, spyr Bjarni. Nei, hann hefur haldið ró sinni á hættustundu en í návist Önnu missir hann alla sjálfsstjórn og hörfar á brott. Honum er ógerlegt að tjá henni ást sína og endurtaka bónorð sitt augliti til auglitis og grípur því til pennans á ný. Og nú tekur hann sér góðan tíma og skrifar af yfirvegaðri einlægni um eigið innræti, tilfinningar og drauma.

Þó Bjarni reki feimni sína og óframfærni hér til tilfinninga sinna í garð Önnu er ljóst að feimnin hamlaði honum á fleiri sviðum. Í dagbók sinni frá námsárunum í Reykjavík segir Bjarni frá fjölmörgum málfundum og samkomum ungmennta- og málfundafélagsins, rekur umræðuefni og lýsir framsöguerindum, vitnar jafnvel um frammistöðu einstaka framsögumanna. En aldrei nefnir hann eigin þátttöku á slíkum fundum, minnst aðeins einu

sinni á að hafa verið fundarstjóri á ungmennafélagsfundi.¹ Dagbækurnar eru þó glöppóttar, oft skráir Bjarni ekkert í marga mánuði svo þær eru þannig fráleitt öruggar heimildir um það sem ekki gerðist en síðar skráir Bjarni í dagbók sína að feimnin hafi oft verið honum til бага. Þannig hafi hann setið þegjandi á umræðufundum þó hann teldi sig hafa ýmislegt til mála að leggja. Hann vanti djörfung, einurð og sjálfstraust til að taka til máls á mannfundum og þeim heigulshætti verði hann að ná tökum á.²

Viðkvæmni Bjarna er auðsæ þegar hann spyr Önnu hví hún hafi ekki svarað bréfi hans, hann hafi verðskuldað meiri nærgætni. Fálæti hennar hefur bersýnilega sært hann mjög. Hann gerir nokkrar kröfur til samferðafólks síns, ekki síður en sjálfs sín, og verður fyrir sárum vonbrigðum þegar hann telur fólk bregðast. Líkt og þegar félagarnir úr Kennaraskólanum sendu honum ekki bréf á sumrin þrátt fyrir heitstrengingar þar um. Hér nefnir Bjarni að sér sé fjarri skapi að lenda í deilum en að hann komist ekki hjá því að taka á kærumáli sem komið sé upp vegna hreppsnefndarkosninga. Kærumálið snerist um glötuð og mislesin atkvæði við kosninguna og var mikill hiti í mönnum vegna málsins. Nokkuð gustaði um oddvita hreppsnefndar, Jón Pálmason, en Bjarni var hreppstjóri og kjörstjórnarmaður á þessum tíma og neyddist því til að blanda sér í deilurnar þó honum væri það óljúft. Af dagbókarfærslu frá þessum tíma er ljóst hve mjög honum mislíkar framferði oddvitans:

Jeg er þess full-viss, að ófriðareldurinn, sem mál þetta hefir vakið, æsist enn um allan helming, og jeg finn líka, að málið er þannig vaxið, að jeg verð að taka það föstum tökum, mjer er ómögulegt að umflýja það, jeg hlýt að lenda í eldinum, þar sem hann er heitastur. Mjer er þó sannarlega ekki ljúft að lenda í deilum, en heigull vil jeg ekki heita, og því má ekki renna af hólmi. – Kæran er ábyggilega á rökum byggð. Kosninguna verður að ógilda. Jeg er sannfærður um, að hjer er ekki alt með feldu. Annað hvort er, að kjósendur síra Björns ljúga vísvitandi, ellegar að oddviti hefir lesið skakt upp og þannig dregið frá síra Birni, af klaufaskap, eða þá af ásettu ráði. Þetta eru þungar sakir, en áreiðanlegt er það, að eitthvert „svínari“ er hjer á ferðinni. – Mjer hefir aldrei fundist að jeg gæti trúað Jóni Pálmasyni til jafn svívirðilegra svika. – Hann er að vísu afskaplega metnaðargjarn, en þetta ... ja, það eru engin orð til yfir það. En líkurnar eru nú, því miður, orðnar svo miklar, að jeg sje lítinn veg til undankomu.³

1 Dagbók Bjarna Jónassonar, 16. janúar 1909. Sjá viðauka I.

2 Dagbók Bjarna Jónassonar, 6. janúar 1924.

3 Dagbók Bjarna Jónassonar, 4. júlí 1922.

Hér kveður við kunnuglegan tón í sjálfsskoðun Bjarna, hann vill ekki heigull heita heldur standa styrkur í miðju ófriðarbálinu. Þessi staðfesta Bjarna og viljinn til að hopa hvergi þó hann lendi í móthyr nýtist honum sannarlega í samskiptum hans við Önnu því hann er staðráðinn í að gefast ekki upp þó á móti blási. Ástin vex aðeins við örðugleikana og hann hefur óbilandi trú á að Anna sé honum ætluð. Hann lætur því engan bilbug á sér finna, endurtekur bónorð sitt og biður nú ána að leggja sér lið við að kveða henni ást sína, þrár og framtíðardrauma.

Í þessu bréfi kemur fram að Anna hafi átt sér annan vonbiðil, H.P., sem foreldrum hennar leist vel á. Ekki mun Anna hafa heitbundist honum en samkvæmt Bjarna lagði H.P. fram bónorð sem hlýtur að hafa verið tekið til ígrundunar því hann tilkynnir föður Önnu að sér hafi snúist hugur. H.P. mun hafa verið Hannes Pálsson á Guðlaugsstöðum, sveitungi Bjarna og samstarfsmaður í félagsmálum Svínavatnshrepps, og Bjarni getur ómögulega hallmælt honum þó hann dragi vissulega skýrt upp að Hannes beri ekki lengur ástarhug til hennar. Og ekki hefur þessi snúna staða vakið neina misklíð á milli vinanna því Hannes hafði gerst milligöngumaður árið áður og borið föður Önnu bréf Bjarna til hennar. Bjarni veit hug Hannesar og það veitir honum nýja von og jafnframt kærkomna skýringu á fálæti hennar til þessa.

Bjarni hefur nú borið upp bónorð sitt þriðja sinni og biðin eftir svari er löng. Hann vísar ekki einu orði að þessum hræringum í dagbók sinni en setur niður hugleiðingu á laus blöð sem hann afhendir Önnu síðar.¹

I.

Jeg á von á brjefi. Jeg veit að hún svarar mjer núna. Nú er hún búin að fá brjefið frá mjer fyrir nokkru. Jeg komst að því hjá Grímsa í Koti um daginn hvenær pósturinn fór um. Það stóð heima. Mig dreymdi hana nóttina eftir að hún hefir fengið brjefið frá mjer. Mjer fanst hún vera komin til mín og segjast vera alkominn. Ó!, ef að draumurinn táknaði nú svarið. Jeg vildi að jeg mætti vona það, og víst vona jeg að svo sje. Jeg finn það svo ósköp vel, að hjer er um hamingju mína að ræða. Án ástar hennar verður líf mitt skugginn einn, stefnulaust, sundurlaust brot.

Jeg er einn. Enginn vinur til þess að gleðjast með mjer og hryggjast. Enginn, sem jeg geti helgað það besta og göfugasta í sálu minni, enginn, sem ég get gefið allt.

Það dimmir. Júlínóttin á að vísu ekkert myrkur, en lágnættishúmið

1 Hugleiðingin er ódagsett en ljóst er af efninu að hún er skrifuð skömmu eftir bréf Bjarna til Önnu hér næst á undan.

legst þó undarlega þungt á mig. Blærinn, sem berst inn um opinn gluggann, finst mjer óeðlilega hrollkaldur. Mjer er hálfkalt og skapið óvenju meirt og beygt.

Jeg er einn. Nóttin hefir tekið allt í faðm sinn og gefið því svefnfriðinn. Jeg vaki aleinn. Sál mín finnur ekki frið. Taugarnar eru óvenju næmar, og þær flytja myrkur og kulda inn í sál mína. Á það að vera hlutskifti mitt að lifa ástlausu lífi? Hví þástu ekki ást hinna? Jeg elskaði ekki. Hún ein á hug minn.

Hjónaband. Eins og margur hafi ekki gífst án ástar. Nei, jeg sel mig aldrei. Jeg minnst samtals, sem jeg átti fyrir nokkrum árum við gífta konu. Hún mun hafa gífst án þess að hafa ást á manninum sínum. Það vissi jeg reyndar ekki þá. Við ræddum um ástir og hjónabönd. Jeg hjelt því fram að það að gíftast án ástar, væri versti hór, að það væri brot á móti sjálfri náttúrunni og öllu mannlegu eðli, jafn vel verra en ást í meinum. – Nei, vinni jeg ekki ást hennar, þá yfirgef jeg hjer alt og hverf burtu út í heiminn. –

Það er nótt. Skuggarnir í húshornunum hafa þjettst, stækkað og færst nær mjer. Járnköld einveran lætur mig finna glögt til tómleikans og kuldans í lífi mínu. En, – inst inni lifir hún þó ennþá, vonin. Ástin verður seint vonlaus.

Það birtir. Lágnættið er liðið. Nýr dagur er í vændum með nýtt líf og endurfæddar vonir. Jeg er staðinn upp. Jeg styð höndunum á borðið og halla mjer út í gluggann. Golan leikur um andlit mjer. Kuldinn er horfinn. Mjer finst sem nýtt líf fari um mig. Jeg sje heim til hennar. Hún á heima í austri, í áttinni, sem að dagurinn kviknar og sólín rís.

Jeg minnst margra morgna, er jeg var snemma á fótum.

Það er um vor. Sólín er enn eigi risin, og jörðin er í einu úðabaði. Blómin drúpa undan þunga daggarinnar eins og sorgmædd höfuð mannanna barna. Döggín er tár jarðarinnar, saknaðartár, sem hún hefir felt, vegna sólarinnar og ljóssins. Jörðin þráir sólína eins og elskandinn þráir bros og armlög ástvinarins.

Nú er sólín risin. Hún sendir ylgeisla sína til jarðarinnar. Blómin líta upp. Sólín kyssir þau. Hún tekur þau í kærleiksfaðm sinn og þerrar burtu tárín. Nú óma ástarsöngvar fuglanna á ný. Vorið er tími ástarinnar, nýs gróanda lífs. Alls staðar er ást og hamingja.

Hví er jeg að kvarta? Ekki lætur sólín mig afskíftan. Geislar hennar brenna á vöngum mjer. En, – á barðinu skamt frá mjer sitja ung og fögur lóuhjón. Ástarsælan fyllir litlu hjörtun. Þeim hefir litist vel á sig þarna á barðinu, og sennilega byrja þau þar hreiðurgerð þegar í dag.

Jeg stend enn við gluggann og horfi í austur, í áttina til hennar. Hún er sólin, sem hjarta mitt þráir. Hún ein getur eytt myrkrinu og kuldanum, sem vefst um sál mína og gefið mjer nýtt líf. Orðlaus bæn berst frá djúpi sálu minnar út í næturkyrðina, bæn fullþroska manns, sem finnur að hann stendur hjer á mestu tímamótum lífs síns.

II.

Brjefið er komið. Það var um miðmunda í dag. Jeg sat úti í skemmu við að klappa ljáinn minn. Það kemur maður neðan mýrarnar. Jeg þekki hann, gamla manninn, þegar hann kemur upp á túnið. Hvaða erindi getur hann átt hingað, aftur í dag, hann, sem var hjer í gær? Jeg fæ hjartslátt. Getur það verið, að hann færi mjer svar frá henni? Jú, einmitt hann, mundi hún helst hafa valið til þess trúnaðarstarfs.

Jeg held á brjefinu í hendinni. „Þessu var mjer trúað fyrir, að koma til þín, án þess á bæri.“ Jeg þekki ekki skriftina, enda hefi jeg ekki sjeð skrift hennar síðan hún var barn, en jeg veit að brjefið er frá henni.

Mjer finst sem líf mitt leiki á þræði. Von og ótti berjast um völdin, en vonin er þó sterkari. Hljór straumur fer um mig. Það er svar frá henni. ...

... Svarið er komið. Jeg hefi marglesið brjefið og kann það þegar að mestu utan að. Hvert eitt orð þess hefir verið sál minni sem döggin skrælpurri jörðu, sem sólskinsskúr um hlýjan vordag, eftir langvarandi kulda og þurk.

Þetta er yndislegur dagur. Hugurinn hverfur snöggvast til síðustu næturinnar. Mikil eru þau umskifti á jafn skömmum tíma. Alt þunglyndið er horfið. Nú finst mjer jeg getað faðmað allan heiminn. –

Hún elskar mig. Óumræðilegur fögnuður fyllir hug minn. Í dag byrjar líf mitt. Jeg sje hin sólroðnu fjöll fram undan. Lífið bíður okkar, heillandi og vorfagurt.


Jeg fjekk frá henni tvö brjef. Fyrri brjefið hefir hún skrifað áður en hún fjekk brjefið frá mjer. Hvílikur fögnuður. Við höfum bæði skrifað um sama leyti. Sama hugsunin hefir fyllt hug okkar beggja, haldið fyrir okkur vöku á nóttinni og vafist inn í drauma okkar, hugsunin um hvort annað.

Aldrei hefir mjer fundist vinnan jafn ánægjuleg og í dag. Nú veit jeg að hún á að njóta með mjer ávaxtanna af störfum mínum, að hvert nýtilegt handtak getur stutt að hamingju okkar. Jeg finn nýjan lífsþrótt leggja um mig allan og anda krafti og kjarki í hverja taug. Hver ein einasta hugsun mín mætist í einni von um að jeg geti gert hana hamingjusama, að jeg geti látið henni líða vel og varðveitt ást hennar, að

jeg megi stöðugt reynast henni sannur lífsförunautur, vinur, sem sje jafn ljúft að gefa sem að þiggja.

Hún elskar mig. Þessi fáu orð innibinda alt. Þau eru fylling vona minna og drauma. Jeg hefi þráð þessa játningu í nokkur ár, jeg hefi beðið og þráð. Hugsunin um hana hefir jafnan, síðan jeg kyntist henni, verið sterkasti þáttur lífs míns, sú uppistaðan, sem alt annað hefir snúist um. En stundum hefir mjer fundist vonin alveg deyja, og jeg hefi reynt að gleyma, reynt að gleyma og telja mjer trú að ást annarar konu gæti gert mig hamingjusaman. En sem betur fór dó von mín aldrei til fulls, og ást mín óx jafnan við hverja tilraun til þess að uppræta hana.

Hún elskar mig. Ó!, hvað þessi orð hljóma yndislega, og sál mín endurómar þau frá insta hjartans grunni. Mjer finst nú sem öll náttúran hafi fengið mál, og alt hefir sömu söguna að segja: Hún elskar þig.



Þú elskar mig. Ó!, hvað þessi orð
hljóma yndislega, og sál mín endur-
ómar þau frá insta hjartans grunni.
Mjer finst nú sem öll náttúran hafi fengið
mál, og alt hefir sömu söguna að segja:
Þú elskar þig.

Hluti úr hugleiðingu Bjarna í júlí eða ágúst 1922.

Heitorð: *Hve elska ég þig, gleði*

Anna hefur loksins svarað: Hún elskar hann. Skugginn sem hvílt hefur yfir og kælt sálu hans hefur vikið fyrir leifrandi geislum sólarinnar: Hún elskar hann. Játningin sem hann hefur þráð um árabíl er loksins komin og vonin sem hann hefur alið í brjósti sér er orðin að veruleika: Hún elskar hann.

Bjarni hefur fangað hjarta Önnu með þremur fyrstu sendibréfunum. Hún skrifar honum svarbréf áður en hún móttækur fjórða bréfið, skrifar annað eftir lestur þess og sendir honum bæði. Við vitum ekki hvernig hún orðar svar sitt eða hvort hún færir tilfinningar sínar í orð í einhverja þá veru sem Bjarni gerir en svarið fer ekki á milli mála: Hún elskar hann og vill verða hans. Biðin og óvissan eru að baki, nú getur lífið hafist.

Í bréfum Bjarna kemur fram að hann telur gott hjónaband mestu hamingju sem nokkrum geti hlotnast hér á jörð. Tíu árum fyrir setti Bjarni saman vísu til að lýsa ástum söguhetja í verki Viktors Hugos, Esmeröldu:

Piltur og stúlka, – sálir tvær,
stöðugt færast hvort öðru nær,
snerta hvort annað, – renna í eitt.
Ei framar skilið fær þau neitt.¹

Hjónaband er samruni tveggja sála og enginn skyldi stofna til hjónabands án ástar, það væri hinn „versti hór“. Ástartilfinningin er „innilegasta og sterkasta tilfinning mannsins, sá strengur sálarlífsins, sem dýpsta gefur tónana og fegursta.“ Makanum er trúandi fyrir öllum dýpstu hugsununum, því besta og göfugasta í sálinni, hann er uppspretta gleði, stuðningur í mótvindi og samgöngumaður í gegnum lífið – félaginn eini. Úr dagbókum og bréfum Bjarna má lesa djúpa þörf hans fyrir sálufélaga og vin sem hann geti deilt með hug og hjarta. Nú er félaginn fundinn og einmanaleikinn víkur fyrir unaðslegri samkennd, tómleikinn og kuldinn í sálinni víkja fyrir hlýju og yl ástarinnar.

Þá eru hugur og vilji beggja ljós en nú bíður þeirra ærið verkefni – að kynnast almennilega. Tækifæri til einkafunda eru fá og þau verða að fara að öllu með gát til að forðast umtal áður en trúlofunin hefur verið gerð opinber.

1 Dagbók Bjarna Jónassonar, 14. nóvember 1912. Sjá viðauka I.

Heima, 16. sunnudaginn, að morgni.¹

Hjartans vina mín!

Ástarþakkir fyrir brjefin þín og alt. Mjer var alveg ómögulegt að koma á móti þjer norður. Jeg segi þjer nánar ástæðuna, þegar við hittumst.

En hvenær getum við hitst? Jeg er eirðarlaus af þrá. Jeg þekti J., þegar hann kom neðan túnið, og datt mjer strax hið rjetta í hug. Jeg get ekki lýst gleði minni með orðum. Þú elskar mig. Nú getur ekkert frammar aðskilið okkur. Jeg held jeg afbæri það ekki að missa þig, nú þegar jeg loksins hefi unnið hjarta þitt.

Þú komst til mín í draumi nóttina eftir að pósturinn færði þjer brjefið frá mjer og sagðist vera alkomin. Þá fyrst þóttist jeg þess fullviss, að jeg ætti hug þinn allan.

Má annars ekki vera skrifa langt núna. Jeg þarf að vera búinn með brjefið áður en fólkíð vaknar, og svo ætla jeg að biðja Jónas að koma því til þín í dag, og vonast jeg eftir línu frá þjer með honum til baka.

Væri ómögulegt fyrir okkur að hittast í nótt heima hjá þjer? Jeg gæti komist heim til þín, án þess nokkur hefði hugmynd um. Jeg færi fyrst upp í Svartárdal og svo yfir háls, um Brúnarskarð, yrði auðvitað að vera það seint á ferðinni, að ekki væri að óttast mannaferðir á leiðinni frá Brandsstöðum og fram eftir. Má jeg koma, elsku vina mín? Væri þjer mögulegt að koma út til mín, án þess að fólkíð yrði vart við? Þó það væri ekki nema nokkra mínútna viðtal, aðeins jeg fái að sjá þig og heyra þig segja það, að þú elskir mig. – Um hvert leyti ætti jeg þá að koma? Þú getur miðað klukkuna hjá þjer við Guðlaugsstaðaklukkuna, því að þú sjerð hvenær fólkíð þar hættir vinnu á kvöldin, en jeg get komist eftir því í dag hvað klukkan er þar. – Rjett að þú kæmir út heldur seinna, en þú tiltækir, til þess að ómögulegt væri, að þú þyrftir að bíða. Jeg tel ekki á mig að bíða þín dálitla stund. –

Getum við ekki fundist svona, sje jeg eins og stendur, fá úrræði. Stefnumót fjarri heimili þínu altaf dálítill áhætta. Vildi ekki að fólk gæti spjallað um, að þú hefðir launfundi með karlmönnum. Gæti auðvitað komið heim til þín og talað við þig með vitund foreldra þinna. Þú yrðir þá að vera búin að undirbúa þau og koma Ástu eitthvað í burtu. En mjer er það ekki mögulegt fyr en 18. sunnudaginn, því að á sunnudaginn kemur verð jeg að sitja á hreppsnefndarfundum allan daginn, við fjallskilaniðurjöfnun.

1 Bréfið er ódagsett að öðru leyti en af efni þess má ráða að það er skrifað 1922 og 16. sunnudagur sumarsins var 6. ágúst 1922.

Hvað segirðu um þetta, vina mín? Sjerðu nokkur önnur ráð tiltækilegri? Þú lætur mig vita um þetta með Jónasi til baka. – Jeg bið hann svo að semja við Þorgrím í Koti að koma brjefinu samstundis yfir um til mín, því að það gæti vakið grun, ef að Jónas kæmi svona hvað eftir annað. Umslag með áritun minni sendi jeg þjer. Jeg get breytt hönd minni töluvert.

Vertu blessuð, elsku vina mín

þinn
Bjarni.

Þetta bréf virðist næstum hversdagslegt eftir þau sem á undan hafa farið en þráin eftir fundi er augljóslega heit. Bjarni er reiðubúinn að leggja mikið á sig til að komast á fund Önnu, fara fótgangandi frá Syðri-Löngumýri yfir í Austurhlíð og það fráleitt stystu leið heldur með því að fara krók um fjallshrygg yfir í Svartárdal svo ekki sjáist til hans af næstu bæjum. Bjarni var reyndar mjög röskur göngumaður og vanur að fara allra sinna ferða fótgangandi svo honum hefur ekki þótt neitt tiltökumál að ganga þennan spöl til að hitta ástina sína. Og þeim hefur greinilega auðnast að hittast þarna um kvöldið því Bjarni þakkar fyrir samveruna í bréfi daginn eftir.

Syðrilöngumýri,

7./8. 1922.

Ástin mín!

Hjartans þakkir fyrir indælu samverustundirnar í nótt.

Mjer gekk ágætl. heim. Enginn varð var við mig í Kotinu, enda fór jeg um mýrarnar niður við á og tók svo traustataki á ferjunni. Kom heim kl. rúml. 6, og komst ekki í rúmið, án þess að fólkið yrði mín vart. Þó að því þætti jeg koma síðla heim, þá grunar áreiðanlega engan neitt.

Hefi með mjer, á engjarnar, sjálfblekunginn og pappírsblað og geri uppkast að brjefi til þín á meðan hitt fólkið sefur miðdagslúrinn. Það verða auðvitað ekki nema fáar línur á dag, en jeg geri það mjer til afþreyingar og jeg veit að þjer verða þær kærkomnar.

8./8.

Jeg lá vakandi í rúminu í 2 klst. í morgun fyrir fótaferðartíma og var auðvitað að hugsa um þig. Jeg rifjaði upp fyrir mjer samfund okkar: Orð þín, atlot þín og mynd þína. Mjer fanst jeg enn heyra hjarta þitt slá við brjóst mitt. Sál mín fylltist algleymisfögnuði og þakklæti við þig og guð. Jeg fann það svo vel um nóttina, hve ást þín er hrein og heit. Jeg man sælubrosið, jeg man ástarglampann í augunum og jeg man hjartsláttinn.

Ástarþökk vina mín! Jeg veit, að þú gerir mig að miklu betri og meiri

manni, en jeg annars hefði orðið, ef jeg hefði ekki unnið ást þína. Hafi jeg nokkurn tíman fundið návist guðs, þá var það um nóttina hjá þjer. Ást þín er gjöf frá guði, hún er geisli frá kærleikssól guðs, því að guð er kærleikur og kærleikurinn er guð.

9./8.

Nú ertu sennilega búin að segja pabba þínum frá ást okkar. Jeg vona að hann verði ánægður, þá skygði ekkert á hamingju okkar. Jeg þrái að foreldrar þínir taki mig í faðminn sem son sinn. Jeg finn það ósköp vel, að þessi tímamót í lífi okkar, eru þeim örlagaþrungin, þegar þú, einkadóttirin, augasteinninn þeirra og ljósgeisli þeirra í ellinni, velur þjer lífsförunaut. Og jeg finn til ábyrðarinnar gagnvart þeim, en jeg vona um leið, að þau þurfi aldrei að sjá eftir því, að þú valdir mig.

10./8.

Þú ljætst þess getið í fyrsta brjefi þínu, að jeg hjeldi þig betri en þú ert. Nei, vina mín! Manstu þegar þú varst að láta mig geta hvað þú værir þung? Jeg varð lægri. Svona er það með alt hjá þjer. Þú vinnur stöðugt við kynningu. Jeg veit að jeg á enn eftir að kynnast því besta. Þegar við sjáumst næst ætla jeg að segja þjer dýrleg ummæli um þig, eftir stúlku, sem þekkir þig töluvert.

12./8.

Skrifa nú við ljós. Miklar annir í gær og í dag og hefi því ekki mátt vera að skrifa. Heyband í dag. Heyskapurinn gengur vel. Nú gengur alt ágætlega. Mjer finst jeg meira að segja aldrei geta orðið þreyttur. Ástin er almáttug.

Hvenær getum við fundist næst? Mjer finst ógjörningur að bíða eftir rjettunum. Sje engin tök á að hitta þig, án þess á beri, annars staðar en heima hjá þjer. Hvað segirðu um 19. sunnudaginn? Þá helminguðum við tímann til rjettanna. En á jeg að koma að degi, eða að nóttu eins og um daginn? Jeg færi sömu krókaleiðina og þá. Er svo heppinn að hafa erindi upp í Svartárdal. Óvíst að við getum talast við heima hjá þjer að degi til, en mig langar samt auðvitað fjarska til þess að sjá foreldra þína. Góða gerðu mjer skeyti um þetta. Og ef þú velur nóttina, hvenær á jeg þá að koma? Þú skalt miða við Guðlaugsstaðaklukkuna.

Vona að þú getir einhvernvegin komið brjefi til mín. Þú þarft ekki að skrifa langt mál. Fáein orð frá þinni hendi, ástin mín, eru mjer meira virði en allar heimsins bókmentir, og hefi jeg þó gaman af bókum.

Hvað segir faðir þinn um trúlofun okkar, er hann ánægður? Jeg man, að þú sagðir margsinnis, að það hefði ekkert að segja, þó að hann legði á móti. Þúsend þakkir. Jeg efast ekki um trygð þína eitt andartak.

Sendi með þýðing H.H. á vísum Heines.

Þú manst, að jeg sagði þjer, að jeg hefði verið að æfa mig á að skrifa með vinstri höndinni, til þess að geta skrifað utan á til þín, án þess að höndin mín þektist. Sendi þjer einn æfingamiðann. Skriftin er slæm eins og þú sjerð, enda gafst jeg upp við námið. Það er löng og erfið leið fyrir blessuð börnin.

13./8.

Skrapp fram í Guðlaugsstaði í morgun og fæ Hannes til þess að skrifa utan á umslag til mömmu þinnar og legg brjef þitt þar innan í. Hann biður svo Ástu fyrir brjefið. Varð auðvitað að segja Hannesi alt.

Þinn elskandi

Bjarni.

Bjarni gengur um fjöll og dali án þess að nokkur verði hans var og kærustu-
parið nær að eiga leynifund án þess að orðsporið bíði hnekki. Yfirþyrmandi
feimnin sem greip Bjarna áður í návist Önnu virðist vera fyrir bí og endur-
minningar hans um samfundinn lýsa ástúð og nánd.

Fram til þessa hefur birst nokkuð óglögg mynd af Önnu í bréfunum.
Hún er uppspretta og viðtakandi allra þeirra heitu og innilegu tilfinninga
sem Bjarni tjáir henni en þar sem viðkynningin er ekki mikil hefur hann
kannski ekki úr ýkja miklu að móða þegar hann dregur upp mynd af henni
í huga sér. Hann minnst hennar sem barns, hvað hún var hæglát og prúð en
full fölleit, og les í svip hennar að hún sé góð stúlka sem búi yfir öllu því
sem hann þrái. Hvert orð og augnatillit fær mikið vægi og hann reynir að
lesa í allar hennar gjörðir og orð. Foreldrar Önnu virðast hafa nokkuð mikið
að segja um makaval hennar, Bjarni telur þau hallari undir annan vonbiðil
framan af og finnst ekki ólíklegt að fjarvera frá heimilinu geri henni kleift
að skoða hug sinn og öðlast meiri innsýn í sálarlíf sitt. Anna var mjög elsk
að foreldrum sínum og því afar eðlilegt að hún vildi fylgja þeirra ráðum en
þegar hér er komið fullvissar hún Bjarna margoft um það á fundi þeirra að
hugsanleg andmæli föður hennar hefðu ekkert að segja. Þótt Anna sé því
óhrædd við að fylgja eigin vilja hér er Bjarna þó greinilega mjög í mun
að foreldrar hennar verði ánægðir með trúlofunina og bíður fregna af við-
brögðum þeirra.

Nú hafa fleiri orð, atlot, sælubros og ástarglampar bæst í minningabank-
ann sem Bjarni leitar í þegar hann dregur upp mynd Önnu í huga sér og hún
vinnur stöðugt á við kynningu. Hann þráir að hitta hana en tækifærin til
samfunda eru fá og brýnt að vekja engan grun. Jafnvel bréfasendingar eru
varasamar og Bjarni æfir sig í að skrifa utan á bréf til hennar með vinstri

hendinni svo skrift hans þekkist ekki en sú tilraun gengur illa svo hann fær Hannes, vin sinn á Guðlaugsstöðum, í lið með sér við að koma bréfi til hennar. Þessi fyrrum keppinautur Bjarna um ástir Önnu er þannig orðinn trúnaðarvinur þeirra og milligöngumaður.

Syðrilöngumýri, 20. ágúst 1922.

Ástin mín!

Hjartans þakkir fyrir brjefið þitt, sem jeg meðtók á miðvikudaginn. Dreymdi nóttina áður, að jeg fengi brjef frá þjer. Þegar miðaftanskaffið kom, spurði jeg hvort enginn hefði komið í dag. „Nei, enginn hefir komið“, var svarið. En um kvöldið, þegar jeg kom heim lá brjefið á borðinu mínu. Jeg hefi lesið brjefið á hverjum degi, á kvöldin áður en jeg sofna og á morgnana, áður en jeg klæði mig.

Elsku vina mín! Nú má jeg ekki vera að skrifa, nema fáeinar línur, þarf í burtu, vestur í Svínadal. Heimsæki þig á sunnudaginn kemur (19. sunnud.). Get ekki verið á söngnum hjá Sig. Skagfeldt, því að jeg þarf alla leið fram að Steiná og yrði þá ofseint fyrir. Ætla jeg mjer vestur yfir hálsinn þar fram hjá um Eyvindarstaði og kem sennilega ekki til þín fyr en um miðaftan. Þessi för ætti ekki að geta vakið neinn grun. En heyrðu! Ástu grunar eitthvað. Þegar Hannes bað hana fyrir brjefið á sunnudaginn var, sagði hún eitthvað á þá leið, að ekki hefði þurft að fá annan til þess að skrifa utan á og spurði um leið, hvort hún ætti ekki að fá rjettum viðtakanda brjefið. Sennilega rjett, að þú segir henni alt. –

Ekkert sjerstakt að frjetta af mjer. Nú er jeg fáliðaður við heyskapinn: einn með Láka gamla. En jeg heyja samt, ef tíð spillist ekki. Annars kemur kaupakonan aftur um næstu helgi, og þá verðum við þrjú fram úr. Búinn að fá inn rúma 80 hesta af útheyi og á dálítið úti, en vildi alls ná 250 hestum af útheyi.

Reið um brekkurnar á móti bænum þínum seint í gærkveldi, kom framan og ofan af hálsi úr hrossaleit. Bærinn var lokaður, enda mun þín klukka hafa verið um 11. En hvað mig langaði yfir um, en Blanda bannaði för.

Verð í hálfgerðum vandræðum með að koma brjefinu, sje ekki annað ráð, en að slá utan um það til pabba þíns. Fyrirgefðu fá orð. Bið kær! að heilsa foreldrum þínum. Vertu svo blessuð og sæl, hjartans vina mín.

Pinn elskandi

Bjarni.

Fjarlægðin á milli Bjarna og Önnu er ekki ýkja mikil, í það minnsta ekki yfir sumartímamann á meðan Bjarni sinnir búi sínu á Syðri-Löngumýri, en óbrúuð Blanda er erfiður farartálmi. Bjarni ríður á vesturbakkanum og horfir yfir í Austurhlíð en kemst ekki yfir ána til heitmeyjar sinnar. En þrátt fyrir alla aðgátina vaknar grunur í nánasta umhverfi þeirra og trúa þarf fleirum fyrir leyndarmálinu.

Fram til þessa hefur Bjarni aldrei drepit á ást sína til Önnu í dagbók sinni en nú verður breyting þar á:

Ágúst 1922

23. Miðvd. Nú hefir dagbókin orðið útundan um langan tíma. Öll hugsun mín hefir snúist um ást mína. Nú er jeg trúlofaður indælli og góðri stúlku. Jeg er verulega hamingjusamur. Mjer finst jeg í raun og veru aldrei hafa lifað fyr en nú. Öll hugsun mín snýst um hana. Jeg vaki á næturnar og hugsa um hana. Hún á mig allan og fyrir hana gæti jeg fórnað öllu. En hvað nú er dýrlegt að vinna. Nú veit jeg að hún á að njóta með mjer ávaxtanna af störfum mínum. Og hún elskar mig og treystir mjer. Guð gefi að jeg geti altaf látið henni líða vel, og að traust hennar til mín, þurfi aldrei að rýrna. Mjer finst jeg vera betri maður en áður, alt hið besta, sem var til í fari mínu hefir glæðst. Jeg hefi altaf verið bjartsýnn, en trú mín á lífið og mennina hefir vaxið. Hún kom til mín í einverunni og bauð mjer fylgd sína, hún, yndið mitt. – Hún er nál. 10 árum yngri en jeg, en hún er þó ekkert barn, og hún elskar mig, karlinn, sem er bráðum orðinn sköllóttur. Hún er ung og hrein, sem nýfallin mjöllin. Jeg veit það að það hefir mæra fallið á mig.¹

27. Sunnud. Skýjað f.p. og logn, en sólfar s.p. og ágætis þurkur. Fór í mikið ferðalag: Upp í Svartárdal og alla leið fram í Steiná og svo handan um háls í Austurhlíð og svo út Blöndudal. Kom á marga bæi. Svartdælir mjög gestrisnir. Fann heitmey mína í þessari för, en gat ekki dvalið nema stutta stund hjá henni.²

Þó Anna hafi verið stöðugt í huga Bjarna undangengin tvö ár er það ekki fyrr en hún hefur játast honum að hann deilir hugsunum sínum með dagbókinni sem hefur þó verið hans tryggi og þögli félagi um nokkurra ára skeið. Kannski hefur hann óttast að aðrir kæmust í dagbókina en líka má ætla að á meðan ástin var ekki endurgoldin hafi hann viljað eiga hugsanir sínar einn og ekki deila þeim með öðrum en Önnu.

1 Dagbók Bjarna Jónassonar, 23. ágúst 1922.

2 Dagbók Bjarna Jónassonar, 27. ágúst 1922.

Lífið hefur tekið alveg nýja stefnu, nú hefur Bjarni eitthvað til að vinna að og lifa fyrir. Hann hefur fundið félagann sem ætlar að fylgja honum í gegnum lífið og njóta með honum ávaxtanna af störfum hans. Hann er ástfanginn og hamingjusamur og allt umhverfið hefur fengið annan blæ.

Syðrilöngumýri, 28. ágúst 1922.

Ástin mín!

Hjartans þakkir fyrir síðast. Jeg hefi verið að hugsa um það í dag, hvernig jeg gæti komið línu til þín, og loks fann jeg ráðið og það svo ofur einfalt: Senda þjer brjef með póstinum og fá Gunnu systur til þess að skrifa utan á til þín. Hún veit hvort sem er um leyndarmál okkar. Jeg þarf líka vestur að Litladal með brjefið suður, til þess að koma því í póst. Fer það annað kvöld, eða á miðv.dagsmorguninn.

Ágætlega gekk mjer heim í gærkveldi, og náði meira segja háttum, enda riðum við hart. Blesi minn var viljugur í gær. Skyldi hann hafa fundið það á sjer, að jeg fór þessa för fegins hugar?

Jeg talaði um þig við pabba í gærkvöldi. Hann er auðvitað ánægður fyrir mína hönd. Já, vina mín! Það telja mig allir heppinn, en sjálfur finn jeg það best hvað jeg er hamingjusamur. En um það þarf engin orð. Við unnum hvort öðru, og í því einu er, í raun veru, öll lífshamingjan: að elska og vera elskaður. Það eru engar ýkjur, að jeg er allur annar maður síðan við fundum hvort annað. Nú finn jeg það, að jeg hefi fyrir eitthvað að lifa. Nú vildi jeg ekki deyja, gæti ekki hugsað til þess. Þeir eru horfnir allir skuggarnir frá gömlu andvökunóttunum, nóttunum, sem komu mjer stundum til þess að óska þess, að sál mín mætti sem fyrst hverfa út í ómælisgeiminn. Nú halda engar þungar hugsanir fyrir mjer vöku. Nú verð jeg andvaka af gleði, af starfsþrá og umhugsun um fegurð lífsins. Þú ert sólin, sem eytt hefir skuggunum, er vöfðust um sál mína. Við kærleiksyl þinn er jeg orðinn heill og sáttur við sjálfan mig og guð.

Fátt talaði jeg við foreldra þína, enda var tíminn stuttur og lítið um næði, en jeg fann þó, að þau eru ánægð með mig. Dálitla stund var jeg einn með mömmu þinni úti í fjósi, á meðan að hún var að mjólka, en samtalið gekk hálf stirt. Jeg þekki hana enn svo lítið, og átti því hálf örðugt með að tala við hana um það sem mjer var ríkast í huga: um þig og framtíð okkar. En jeg hlakka verulega til þess að kynnast móður þinni. – Jeg man sjerstaklega eftir nokkurum orðum, sem hún sagði, er mjer þóttu svo falleg: „Ef hjónunum þykir vænt hvort um annað, þá er alt fengið, þá er hægt að þola alt, fátækt og sjúkdóma.“

En hvað tíminn var stuttur, sem jeg gat talað við þig, jeg hefði þó þurft

að segja svo margt, en það verður alt að bíða þangað til við opinberum. Um launfundi getur ekki verið að tala, og jeg má ekki koma aftur heim til þín, fyr en jeg kem með hringinn, ella eigum við á hættu að vekja umtal. Það er svo gaman að koma öllum á óvart. Jeg veit að þetta þykja töluverðar frjettir. Einn mánuður, – hann líður einhvern tíman, og þó við getum ekki fundist og jafnvel naumast sent hvort öðru línu, þá hugsum við stöðugt um hvort annað. Það vitum við bæði. Hvílíkur fögnuður er ekki í því fölginn, að vita það, að þó að fjarlægðin aðskilji, þá sje þó hugur ástvinarins hjá manni.

En gott væri, ef þú gætir látið mig vita, hvort þú munir koma í rjettina. Veit að þú átt örðugt með að koma brjefi, svo að ekki á beri og undrast því ekki, þó að engin skeyti komi.

Nú er klukkan mín orðin hálf tvö, þín víst að ganga þrjú. Þú sefur. Jeg sje ekki augun, þau eru lukt, en bros er á vör. Jeg minnst brosin dýrlega frá mánudagsnóttinni. Geturðu fyrirgefið þó að jeg kyssi þig sofandi í anda?

Nú verð jeg að hætta. Rúmið bíður og býður hvíld eftir annir dagsins, og stutt er að bíða nýs dags og nægra starfa.

Vertu sæl, ástin mín. Kveðja til foreldranna.

Pinn elskandi

Bjarni.

Áður héldu vonbrigði og einmanakennd vöku fyrir Bjarna en nú eru það gleðihugsanir um framtíð þeirra Önnu sem ræna hann svefni. Eins og Bjarni hefur áður vikið að í bréfum sínum hafa þungar hugsanir og óróleiki í sál-inni oft valdið honum ama. Tilhugsunin um að ganga einn í gegnum lífið og hafa ekkert til að lifa fyrir hafa sótt á hann á stundum og dregið úr lífsvilja hans. En nú horfir allt öðruvísi við, bjartsýnin ríkir og fegurð lífsins er allsráðandi. Lífshamingjan er fundin.

Bjarni hefur áður velt eðli hamingjunnar fyrir sér og rúmum áratug áður víkur hann að henni í dagbók sinni:

Hvað er hamingja? Því er í raun og veru ekki fljót svarað. Það sem gerir einn manninn hamingjusaman verður ef til vill öðrum til hinnar mestu ógæfu. Hamingjan er í raun og veru ekkert annað en samræmi í lífskjörum og eiginleikum. En vandinn er að fá samræmið; því þekking vor á sjálfum oss nær svo skamt. Vilji maður verða hamingjusamur er fyrsta leiðin að gagnþekkja sjálfan sig. Skólarnir eiga að hjálpa manni að því takmarki. Takmarkið er og verður að ná sem mestu samræmi á alt lífið.¹

1 Úr bréfi, skrifað upp í dagbók BJ, 12. júní 1910. Viðauki I.

Hér telur Bjarni hamingjuna helst felast í sem mestu samræmi í tilverunni, sjálfsþekking sé nauðsynleg leið að því marki og þar gegni skólarnir mikilvægu hlutverki. Bjarni er aðeins nítján ára þegar hann skrifar þetta og þó hann telji kærleika og vináttu þegar meðal mikilvægustu gilda lífsins þá hefur hann þarna ekki kynnst þeim drifkrafti sem ástin er. Nú, rúmum tíu árum síðar, telur hann lífshamingjuna felast í því að elska og vera elskaður og er þar ekki um stefnubreytingu að ræða heldur kannski frekar útvíkkun á hugtakinu. Sjálfsþekking er nauðsynleg forsenda þess að þekkja eigin tilfinningar og geta elskað, ástin verður svo eitt nauðsynlegasta lóðið á vogarskál samræmisins. Í bréfum sínum til Önnu skilgreinir Bjarni hamingjuna út frá sambandi tveggja einstaklinga, „gott hjónaband“ og „gott heimili“ eru mesta hamingjan á jörðu hér, samruni tveggja sála og samleið þeirra í gegnum lífið stuðla þannig að samræmi líf skjara og eiginleika.

Anna og Bjarni hafa ekki opinberað þegar hér er komið sögu en nú er fjölskyldum þeirra beggja kunnugt um ráðahaginn og ekki annað að skilja en sátt ríki um hann þó viðkynningunni sé enn nokkuð ábótavant. Nú verður ekki um fleiri launfundi að ræða og til að vekja ekki umtal mun Bjarni ekki leggja leið sína aftur í Austurhlíð fyrr en hann kemur með trúlofunarhringinn. Mánudi síðar dregur til tíðinda en Bjarni getur þó ekki um þau í dagbók sinni fyrr en hann hefur fært inn heyskýrslu og aðrar athugasemdir um búskapinn:

September 1922

26. Þriðjud. Enn fallið úr dagbókinni, vegna burtveru og mikilla anna. Fimmtud. 14. þ.m. alhirti jeg, hafði þá ekkert slegið síðan 2. þ.m.

Heyskýrslan

	Taða	Úthey	Samt.
Fjóstótt	46,5		46,5
Mundahús	9	60	69
Hólhúsin	26,5	157	183,5
Hólkofinn	11	20	31
	93 hb	237 hb	330 hb

Fyrningar voru töluverðar við Hólhúsin og hesthúsheyið suður frá enn óeytt frá því í hitt eð fyrra. –

Eftirtekjan í sumar, eftir atvikum sæmil. Tíminn mjög stuttur – 8 vikur – og líðið lítið. Þorl. allan tímann, kaupakonan í 6 vikur og svo dróst frá hjá mjer bindingurinn fyrir Guðrúnu.



Vjer Christian kinn Tiundi,

af guds nåd kunningur Islands og Danmerkur,
Vinda og Ganta, hertogi í Slesvick, Høltsetalandi,
Stürmeeri, Pjetterskii, Lænenborg og Altdinborg,

Gjörum kunnugt:

Ad Vjer samkvæmt þegnlegri umsókn þarum hjermed viljum leyfa, ad

Bjarna Jónasson, heppstjóri: Blinda delidistum
Önnu Margræti Sigurjónsdóttur s. sk.



megi, án undansarandi lýsingar af þrjedikunarstóli, gefa saman í heimahúsum af hverjum heim prest, er þau þartil kjósa og þartil fá. Þó skulu þau sanna það með rottordi, ad prestur sú, er annars hefði átt ad gefa þau saman, hafi lengið lögmailla borgun; en enginn prestur annar en sú, sem einhverju prestakalli þjónar, má fram-

Gjald: 15 krónur.

Margræti

Leyfisbref til hjónavígslu til handa Bjarna Jónassyni og Önnu Margræti Sigurjónsdóttur.

Fór í göngurnar. Heljarkuldar og snjógangur, þó jafnan gott leitarveður. – Pabbi gangnaforingi. Kom í Fögruhlíð. Þar er einkennilega fagurt. Stórvaxinn gróður annars vegar árinna – Fúlakvísl – en jökullinn hins vegar. – Nú aftur komin indæl tíð.

Kaupstaðarferð um helgina var. Lagt inn hjá S.A.H. 19 dýkar samt. 317,5 kg kjöt og 18 gærur 62 kg.

Í dag opinberuðum við Anna Sigurjónsdóttir í Austurhlíð. – Dvaldi heima hjá henni í allan dag fram á kvöld. Yndislegur tími. Finn altaf betur og betur hvað jeg er mikill lánsmaður, að hafa unnið ást hennar. – Ó!, hversu ljúft er ekki að rifja upp, hjer heima í einverunni, samfund okkar í dag. Ástin mín! Hjartans þakkir fyrir allt. Engin orð geta lýst ást minni. Hversu dýrlegt er nú lífið. Mjer finst jeg geta faðmað allan heiminn. Nú á jeg ótal vonir, yndislegar framtíðarvonir bundnar við nafn hennar.¹

Nú er tilhugalíf Bjarna og Önnu orðið opinbert og fyrirætlanir þeirra öllum ljósar. Leynifundir eru úr sögunni og ekkert hindrar þau í að hittast nema fjarlægðin á milli bæja.

Október 1922

1. Sunnud. Norðan kul s.p. og þoka í kvöld. Fram í Austurhlíð í dag til Önnu minnar og gisti þar í nótt. Gaman var að horfa á hana vinna. Nú var hún önnum kafin við sláturstörf.²

Enn líður þó nokkur tími á milli samfunda og sendibréfin verða að brúa bilið á milli þeirra.

Syðrilöngumýri, 3. okt. 1922.

Ástin mín!

Fáeinarnar línur um leið og jeg skrifa þessa þínum. Hjartans þakkir fyrir síðast og alt og alt. Jeg geng sælli og sælli af hverjum nýjum fundi. Jeg finn stöðugt nýja og nýja fegurð hjá þjer, og jeg finn altaf betur og betur hvað þú elskar mig heitt. Jeg fór hægt heim í gær. Jeg þurfti að njóta endurminninganna. Þau hljómuðu fyrir eyrum mjer orðin yndislegu, sem þú sagðir við mig, um leið og við kvöddumst: „Hvað get jeg gert fyrir þig?“ Jeg veit að þjer hefði þótt vænna um, ef jeg hefði beðið þig einhverrar bóna, en mjer hugkvæmdist ekkert þá í svipinn. – En ástin mín! Þín var sama gerðin. Jeg fann fórnfúsan vilja þinn bak við spurninguna. Ó!, hvað guð er góður að gefa mjer þig.

1 Dagbók Bjarna Jónassonar, 26. september 1922.

2 Dagbók Bjarna Jónassonar, 1. október 1922.

Ekki hefi jeg staðið áætlun þabba þíns með ristuna, en frostið hefir líka tafið til mikilla muna. Jeg risti einnig ofan af á morgun, en svo kemur smalamenska og kaupstaðarferð. Get hitt Ingimund gamla í þeirri för og skal þá muna eftir ömmu þinni.

Gaman væri að geta verið horfinn til þín í hvamminn í gilinu, öðru hvoru, þegar veðrið er fegurst. Jeg dvel þar í anda. Við sitjum saman á grasbekknum. Höfuð þitt hvílir við brjóst mitt. Nú lítur þú upp. Augun þín yndislegu ljóma. Þú ert alltaf fögur, en nú ertu dýrleg. – Jeg kem seinna, og ef veðrið verður gott, þá heimsækjum við gilið okkar.

Má ekki vera að skrifa meira nú, vina mín. Vertu svo alltaf blessuð og sæl

þinn elskandi
Bjarni.

Syðrilöngumýri, 9. okt. 1922.

Ástin mín!

Mun ekki eiga neina ferð yfir að Tungu og get því ekki fært ömmu þinni plásturinn, sendi jeg því þjer hann þegar, því að ef til vill hittir þú gömlu konuna, áður en fundum okkar ber saman. Annars hefði jeg haft gaman af að hitta ömmu þína, því að þitt fólk er mitt fólk og þínir vinir mínir vinir. Nú á jeg enga ömmu á lífi og væri því ánægjulegt, ef jeg gæti eignast ömmu að nýju. Jeg bið að heilsa gömlu konunni, og segðu henni, að mjer þætti vænt um, ef hún gæti litið svo á, að jeg hefði ekki tekið þig frá henni, heldur hefðir þú fært henni nýjan son.

Ekkert sjerstakt að frjetta af mjer. Alltaf frískur. Kom heim úr kaupstaðnum í fyrri nótt. Í gær ætlaði jeg að mæla yfir Blöndu hjá Tungu-nesshamrinum, en áin sleit fyrir mjer vaðinn, þegar jeg var loks kominn með hann á mælingastaðinn. Í dag verð jeg að sitja við skriftir. Svínvetningabrautarfjel. heimtar samstundis af mjer skýrslu um peningstölu gjaldþegna. – Byrja daginn með því að skrifa þjer þessar línur.

Hvað skyldi þú vera starfa núna? Nú er slátrið sjálfsagt búið. En hvað jeg hafði gaman af að sjá þig vinna um daginn. Hafði aldrei fyr sjeð þig við matreiðslustörf. Ný mynd, og á því hægra með að fylgja þjer í huganum við daglegu störfin heima.

En hvað jeg hlakka til samfundanna í næstu viku. Kem sennilega á miðvd. og verð þá hjá þjer í 3 daga.

Fyrirgefðu fá orð. Bið kærll. að heilsa foreldrum þínum. Vertu svo blessuð og sæl, elsku vina mín

þinn elskandi
Bjarni.

Þegar samfundunum fjölgar styttest bréf Bjarna, þau verða ögn hversdagslegri í bland en gefa að sama skapi gleggri mynd af lífi hans og helstu hugðarefnum. Eftir því sem Anna og Bjarni hittast oftar og kynnast betur sér hann líka meira af daglegu lífi hennar – í bland við sælubrosið, atlotin og glampann í augum hennar, sem hann geymir í huga sér og kallar fram þegar hann hugsar til hennar, eru nú komnar myndir af henni við dagleg störf. Þannig finnur hann sífellt nýja fegurð hjá henni og sannfærast enn betur um að þau eigi vel saman.

Ef til vill falla næg ástarorð á milli þeirra þegar þau hittast og ástríðan verður því ekki eins augljós í bréfunum í svipinn en þá tekur dagbókin við og Bjarni ávarpar nú Önnu beint í fyrsta sinn í dagbókinni:

Október 1922

17. Þriðjud. Rignði mikið í nótt og fram um dagmál, en þornaði þá upp. Indælt veður. Á morgun ætla jeg að heimsækja hana, ástina mína. Ó!, hvað jeg hlakka til. – Dvel þá hjá henni í 2-3 daga. Bara að veðrið verði gott. Ástin mín! Jeg hugsar um þig úr svefninum og í hann aftur og mig dreymir um þig á nóttunni. Þú ert mjer alt. Þú veist ekki hvað jeg á þjer mikið að þakka. Það var svo dimt og ömurlegt í kringum mig áður en jeg fann þig. Jeg var að missa trúna á lífið og alla lífsfestu. En hönd þín kom nógu snemma til þess að bjarga mjer. – Ást góðrar konu er dýrasta hnossið sem nokkurum manni getur hlotnast. Og þú ert svo góð, Anna. Sál þín er hrein sem mjöllin. Þú ert mín. Hvílíkur fögnuður að vita það, að þú hugsar stöðugt um mig, að þú átt enga ósk heitari en að gera mig sælan, að lifa fyrir mig. Já, hvílíkur fögnuður. Nú fyrst finn jeg að lífið hefir gildi, því að jeg hefi fundið sjálfa lífsperluna: kærleikann. Ástin er alt. Hún er móðir lífsins. –

Anna mín, elskan mín! Mjer finst sem jeg tali við þig. Jeg veit að þú ert mjer nálæg þó að þú sjert sennilega sofnuð í fjarlægð, heima í litla bænum þínum. Jeg kyssi þig, þó að áin og mýrarnar skilji vör. Góða nótt, ástin mín! Við sjáumst bráðum.¹

22. Sunnud. Sunnanátt og stöðugt góðviðri, þítt sólarhringinn út. Kom í dag frá Austurhlíð. Dvaldi þar í fulla 3 daga. Yndislegur tími. Ástin mín! Þökk fyrir alt. Endurminningin um samveruna vermir sál mína í einverunni.²

1 Dagbók Bjarna Jónassonar, 17. október 1922.

2 Dagbók Bjarna Jónassonar, 22. október 1922.

24. Þriðjud. Frysti í nótt. Kyrt veður í dag, en þiðnaði aldrei. Stóð-smalamenska. Ekkert selt. Eftirleit gerð á Auðkúluheiði og komu leitarmenn ofan í dag. Hefi ekki enn fregnir af leitinni. Pabbi er úti á Blönduósi við skrifstörf hjá sýslumanni.

Miklar áhyggjur hefi jeg nú út af framtíðinni. Nú vantar mig jarðnæði, góða jörð, sem bæri okkur Sigurjón báða. Við þurfum að geta orðið saman, alls vegna. Jeg vona að eitthvað rætist úr. Nú ríður á að gera alt til þess að tryggja framtíð okkar, mín og hennar, ástinnar minnar.¹

Í þessari síðustu dagbókarfærslu nefnir Bjarni áhyggjur sínar af framtíðinni. Nú þegar hann hefur tryggt sér ástir Önnu ríður á að finna þeim jarðnæði svo þau geti stofnað heimili og lagt upp í hina sameiginlegu lífsgöngu. Jörðin verður að vera nógu góð til að bera Bjarna og Sigurjón báða svo hér hefur verið ákveðið að þau Bjarni og Anna hefji búskap í félagi við foreldra Önnu, Sigurjón og Ingibjörgu. Ýmislegt mun hafa ráðið þessari ákvörðun. Anna var mjög elsk að foreldrum sínum og hefur viljað vera áfram nærri þeim, ekki síst þar sem Ingibjörg var heilsuveil og átti á stundum óhægt með að sinna vinnu sinni við búreksturinn þó hún þætti mikil eljumanneskja þess utan. Líkt og fram hefur komið rak Bjarni nú bú á Syðri-Löngumýri og hafði áður starfað við bú föður síns í Litladal á sumrin en hann taldi sjálfan sig þó ekki efni í sérlega mikilhæfan bónda. Hann hafði áhuga á heyskap og ýmsum framfaramálum varðandi búskap en hafði lítið komið nærri skepnuhaldi og fannst það ekki liggja fyrir sér. Sigurjón þótti hinsvegar lunkinn fjárbóndi svo Bjarna hefur væntanlega verið mikill styrkur að ganga í félag við hann. Ekki síst hefur þetta svo verið hentugt fyrirkomulag þar sem Bjarni dveldi fjarri heimilinu mestallan vetrartímann meðan hann sinnti starfi sínu við farkennslu og þá væri Önnu ómetanlegur styrkur að því að hafa foreldra sína nærri sér.

Bjarni vísar öðru hvoru að jarðnæðismálinu í bréfum sínum og dagbókarfærslum næstu mánuði og auðsætt er að það veldur honum nokkrum áhyggjum. En nú hefst farkennslan á ný svo það er í nógu öðru að snúast. Bjarni hefur kennslu veturinn 1922 á Grund í vestanverðum Svínavatnshreppi og nú skilja á og hálsar elskendurna að. Tækifærum til samfunda fækkar og bréfin lengjast á ný.

Grund, 26. okt. 1922.

Ástin mín!

Hjartans þakkir fyrir síðast.

1 Dagbók Bjarna Jónassonar, 24. október 1922.

Nú er jeg nýbyrjaður að kenna og er óvenjufátt í kringum mig: 4 drengir og 2 stúlkur. Það er því ágætlega rúmt um okkur í kenslustofunni, og eru það mikil viðbrigði frá því í fyrra, þá hafði jeg hjer á Grund 11 nemendur, enda komust börnin naumast að borðinu, þá er þau þurftu að skrifa.

Nú eru krakkarnir að skrifa ritgerð um rjettardaginn í haust. Þau fóru öll í rjettina og hafa því frá ýmsu að segja. En jeg sit hjer úti í horni og hugsa um þig.

Jeg hefi ekki komist til þess fyr að byrja á brjefinu, en hugurinn hefir þó stöðugt verið hjá þjer. Jeg lifi í endurminningum samfundanna sælu um daginn. Það var dýrlegur tími. Ástarþakkir fyrir alt, elsku vina mín!

Yndisleg var samvinnan við skriftina. En Anna, enn þá dýrlegra er þó að hugsa til þess, að þetta var aðeins upphaf sameiginlegs lífsstarfs. Jeg bið algóðan guð að gefa að samvinnan verði aldrei verri, að sama fegurðin og ástúðin hvíli yfir öllu samstarfinu.

Jeg veit að guð heyrir óskir okkar, barnanna sinna, litlu og vanmáttku, og hann mun gefa okkur styrkinn til þess að hlúa að og glæða guðdómsneistann: kærleikann, sem hann hefir tendrað í sál okkar. Hann mun gera hann að skæru leiðarljósi á lífsleið okkar, ljósi, sem er þess megnugt að forða okkur frá því að villast í rökkurskýjum dægurþrasins og smámunanna, að eilífum vita á helgilandi hjúskaparins. Við þennan vita vona jeg að þú verðir í mínum augum sí og æ sama ástmærin og á fyrsta fundinum, mánudagsnóttina sælu.

„Ást mín fær aldrei fölnað
því eilíft líf mjer hún gaf.“

Það eru engar ýkjur, Anna, að mjer finst líf mitt fyrst hafa byrjað hjá þjer.

„Þú gafst mjer skýin og fjöllin
og guð til að styrkja mig.
Jeg fann ei hvað lífið var fagurt
fyr en jeg elskaði þig.“

Þessa yndislegu vísu lærði jeg hjá þjer. Mjer þykir líka miklu vænna um hana fyrir það. Jeg fann að þetta var fagnaðarsöngur frá þinni eigin sál.

27. okt.

En hvað jeg er hamingjusamur. Jeg get sungið með Stefáni frá Hvítadal:

„Jeg er syngjandi sæll
eins og sjövetra barn.“

Jeg minnst indverska spakmælisins: „Þegar karlmaður *elskar* konu og hún elskar hann, þá koma jafnvel englar af himni ofan og stíga dans í kringum bústað þeirra.“ – „Það er Paradís“, lætur Victor Hugo Esmeröldu segja í skáldsögunni Notre Dame kirkjan í París.

Ást okkar hefir búið okkur Paradís, ofurlítið jarðneskt guðsríki, helgan reit, sem ekkert óhreint má snerta. Það er dýrasta og helgasta eignin okkar. Þenna helgireit viljum við vernda og láta bera fagran og ilmandi gróður.

En vandi er að gæta fengins fjár. Og mitt í algleymisfögnuði hamingjusamrar ástar, grípur hann mig stundum: óttinn, óttinn við sjálfa hamingjuna. Þetta lætur, ef til vill, hálf undarlega í eyrum, en jeg veit að þú skilur það samt, og sennilega hefir þú orðið vör við sömu tilfinninguna. Við það, sem manni er hjartfólgnast hlýtur altaf að vera bundinn hinn leyndi ótti um að missa það. En í þessu er líka aðalstyrkurinn fólgin. Það knýr mann einmitt til þess að leggja alt fram til þess að vernda það, að fórna öllu. Kærleikurinn er fórnfús vilji.

30. okt.

Nú hefi jeg ekkert bætt við brjefið í 2 daga. Ferðalög um helgina. Á laugardagskvöldið fór jeg heim að Litladal og í gær skrapp jeg heim að Löngumýri. Þá sá jeg heim til þín. Mikið langaði mig alla leið til þín, en tíminn leyfði ekki för. Í nótt gisti jeg í Litladal og kom hingað í morgun kl. 9.

Óvænlega horfir með Löngumýri. Mjög litlar líkur til að jörðin fáiast keypt, og enn minni von um makaskifti á Löngumýri og Austurhlíð, en það hefði verið allra æskilegast. Ekki ómögulegt að Guðrún sjálf fengist til þess að selja, en Páll á Guðlaugsstöðum mun letja þess, og Siggi mun vilja reyna að halda í jörðina. En ábúð get jeg auðvitað fengið áfram og sennilega með auknum nytjum. Annars lofuðu mæðginin að taka þetta alt til rækilegrar yfirvegunar.

Í nótt dreymdi mig einkennilegan draum um þetta efni. Mjer þótti pabbi þinn koma til mín og segja við mig, að jeg þyrfti ekki að tala við þau Löngumýrarmæðginin um jarðnæði, það yrði sjeð fyrir því á annan hátt. Mjer fanst jeg spyrja hálfundrandi: „Hvernig?“ Brosti þá pabbi þinn og sagði: „Við verðum í engum vandræðum í vor.“ Já, jeg vildi að satt yrði.

Jeg finn það altaf betur og betur, að foreldrar þínir þurfa að vera með. Fjarvera mín við kensluna, gerði þjer veturna óþolandi, svo er okkur báðum þörf á aðstoð þeirra við búskapinn og síðast, en ekki síst: Jeg má ekki taka þig frá þeim.

En elsku vina mín! Jeg trúi ekki öðru en það verði einhver ráð, þó að málin skýrist e.t.v. ekki á þann hátt, sem maður hefði helst kosið, enda er það svo jafnan í lífinu, að maður verður að slá eitthvað af kröfunum.

Jeg veit að mjer muni geta þótt innilega vænt um foreldra þína. Mjer hlýnar um hjartað í hvert sinn, sem jeg hugsa um alla ástúðina, sem þau hafa sýnt mjer. Jeg væri ódrengur, ef jeg reyndist þeim ekki góður sonur.

Langt er kvöldið. Hjer hefi jeg enga aukakenslu, og hefi jeg því töluverðan tíma afgangs kenslustörfunum. Get reyndar altaf haft nóg að gera, því að margt á jeg enn óskrifað af skýrslunum, en mikinn tíma gæti jeg þó haft afgangs handa þjer, ef fjarlægðin bannaði ekki samfundi.

Penninn nær svo undra skamt og verður því það besta og innilegasta jafnan ósagt. Þögul návistin ein, talar oft betur en nokkur orð fá gert.

Jeg minnst samfundanna sælu síðast. Mjer fanst loftið þrungið af ilmi, þegar þú varst í nánd við mig, þótt varir beggja þegðu. Eða þá þegar jeg lá vakandi á næturna. Ekkert hljóð, nema andardráttur fólksins í baðstofunni. Jeg hlusta eftir andardrætti þínum. Jeg verð allur að heyrn. Ljettur, ljúfur blærinn af vörum þínum berst til mín í rökkurkyrð næturinnar. Það er sama loftið og jeg anda að mjer og sem þegar verður hluti af sjálfum mjer. Það er kveðja frá þjer, gjöf frá þjer. Það ert þú sjálf.

Þeir sem unnast talast oft best við í þögninni. Jeg segi í þögninni, en kringum elskendur er aldrei þögn. Ástin gefur öllu líf.

1. nóv.

Í gærkvöldi var jeg á fundi fram í Ljótshólum. Var þar samþykkt að setja girðingu fyrir framan Svínadalinn. Þurfti jeg að mæta þar sem hreppsnefndarmaður og svo sem umráðamaður Gafls.

Jón Pálmason færði mjer þar ný tíðindi, að Tungunes mundi sennilega verða alt boðið til kaups. Þá þurfum við umfram alt að reyna að ná í jörðina. Tungunes er gott býli, þó að jeg vildi heldur Löngumýri.

Jeg verð að segja þjer eitthvað hjeðan frá Grund.

Kent er í stofu frammi. Þar er sæmilega rúmgott, en húsið er mjög gallað, og er því örðugt að halda því heitu, þótt jafnan sje viðunandi, sökum góðrar viðleitni húsbændanna.

Einn gluggi er á stofunni, mót austri, í áttina til þín. En nú sje jeg ekki lengur heim til þín, þó að jeg horfi út um gluggann, enda eru 2 hálsar á milli.

Inn af stofunni er lítið herbergi. Þar er rúmið mitt. Á litlu borði við

rúmið, stendur myndin af þjer, ástin mín. Hversu margar ánægjustundir hefi jeg ekki haft frammi fyrir mynd þinni. Hún geislar inn í sál mína sól og sumri, þó að norðankyljan ráði úti.

Þríbýli er á Grund: Ragnhildur, Pjetur gamli Tímóteus og fóstursonur hans Júlíus Frímannsson. Jeg er í fæði hjá Pjetri og Júlíusi. – Pjetur gamli er besti karl: Kátur og fjörugur vel, þótt tekinn sje hann að eldast, töluvert skapmikill, en hreinlyndur. Hreinlyndið er einn af fegurstu kostum mannsins. Góð vísan eftir Hafstein:

„Hitti’ ég á leið minni góða’ og göfga sál,
þótt galli einhver fegurð hennar meiði,
ef aðeins hún er hreinlynd og alveg laus við tál,
af öllu hjarta faðminn henni’ ég breiði.“

Nú um tíma hefi jeg haft gest á næturna: Þorstein Sölvason tilvonandi tengdason Ragnhildar. Hann bíður eftir skipsferð suður, ætlar til Vestmannaeyja, í fiskvinnu. Fær ekki atvinnu við kenslu hjer um slóðir. Gaman oft að spjalla við Þorstein, því að hann er greindur piltur.

Nú er klukkan langt gengin eitt og Þorsteinn löngu sofnaður. Geymi því brjefið til morguns. Góða nótt, hjartans vina mín!

2. nóv.

Jeg var að lesa Nýal Helga Pjeturss í gærdag. Ágætlega er sú bók rituð, þó að margt orki tvímælis. Gaman að lesa það sem hann ritar um lífgeisla og magnan. Kenning hans finst mjer ekki eins ósennileg og ætla mætti í fyrstu og í ljósi þeirrar kenningar verður mjer margt ljósara í mynnkynssögunni en áður. Mjer finst og kynning okkar sanna gildi kenninga hans. Síðan jeg vann ást þína, er jeg áreiðanlega meiri og betri maður og giftudrýgri í öllum viðskiftum. Jeg veit að jeg á þetta að þakka kærleiksrikum, göfugum áhrifum frá sál þinni, magnan frá þjer.

En hvað sem öllum fræðikenningum líður, þá er auðskilið, að andleg áhrif elskendanna á hvort annað, hljóta að vera mjög mikil, og verður hinn andlegi styrkauri frá ástvininum aldrei metinn til verðs.

Gott hjónaband er því áreiðanlega mesta hamingjan á jörðu hjer. En hjónabandið er því aðeins gott, að sál hjónanna mætist í einni von, einni trú og einum kærleika. Þá fyrst er um fulla samstilling að ræða, því að þá hafa tvær sálir fundið einn og sama farveg.

„Alls heimsins hvöt er eining
um hnatta og aldabil,
því stirnir djúp af stjörnum
og steinn af sólaryl,
því rjettist björk frá bergi
og bára af sævarhyl.“

3. nóv.

Elsku vina mín! Í gær endaði jeg á vísu eftir Einar Ben. um hvöt alls heimsins til samstillingar. Það er einmitt samstillingin, sem sennilega er fyrsta skilyrðið til hamingjusams hjúskapar, að hjónin geti átt samleið í andans heimi. Þar er auðvitað mikið komið undir skyldleika í skapgerð, en þó mest undir hinu, að þau sjeu fús til þess að gefa og þiggja af hvort öðru, og láti hvort annað njóta fulls trúnaðar.

Kr. Arinbjarnar lækur hjer á ferð í eftirlitsför með farskólunum. Skoðaði í dag hjer á Grund, þá búinn austur frá. Öll börnin heilbrigð, og jeg auðvitað gallhraustur. Húsakynni viðhlítandi. Læknisfrúin með í förinni. Fer hún með manni sínum í allar eftirlitsferðirnar. –

Nú verð jeg að fara að koma brjefinu í póst. Verst hvað það verður langt þangað til þú færð það. Býst ekki við að geta heimsótt þig fyr en kensla er úti hjer. Stöðugar annir um helgarnar, en vona að verða frjálsari, þegar jeg kem að Guðlaugsstöðum. O!, hvað jeg hlakka til. Nú verður áin vonandi ekki til hindrunar. Hálfur mánuður enn eftir af kenslutíma hjer á Grund, þá sennilega niðurföfnunarfundurinn. Ef jeg mögulega get, þá heimsæki jeg þig, þegar í lok kenslutímans hjerna. Vonast eftir línu frá þjer með póstinum.

Jæja, elskan mín! Nú verð jeg að loka brjefinu. Ástarkveðja til ykkar allra. Vertu svo altaf blessuð.

Pinn elskandi
Bjarni.

Hér kveður við bókmenntalegan tón í skrifum Bjarna, hann vitnar í vísu-orð og málfarið er myndrænt og ríkt af ljóðrænu. Anna kann greinilega að meta ljóð því að í bréfinu er einnig að finna ástarljóð sem hún hefur kennt honum. Hjónaley sin skreyta þannig bæði ástarjátningar sínar með vísu um ástina og Bjarni bætir við skilgreiningum á ástinni og hjónabandinu.

Bjarni víkur ekki oft að trúmálum í dagbókum sínum en átján ára gamall leitast hann við að skilgreina guð í bréfi til vinar síns:

Hvað er guð? Hann er kærleikur, óendanlegur kærleikur og guðsríki er kærleikur, eitt stórt samsafn af kærleika, þar sem, kærleikurinn samhljómar í hjörtum allra.¹

Í bréfum Bjarna til Önnu kveður oft við sama tón. Ástin er gjöf frá guði og kærleikur guðs mun lýsa þeim rétta leið í hjúskapnum. Hjónabandið verður aðeins gott ef sálir hjónanna eru samstilltar og mætast í trú, von og kærleika; „guð er kærleikur og kærleikurinn er guð.“² Bjarni er því sannfærður um tilvist guðs sem kærleiksafli og leiðarljóss mannanna. Síðar á lífsleiðinni svarar Bjarni spurningu um viðhorf sín til trúmála:

Eg hafði lesið flest rit biblíunnar fyrir fermingu. Eg var þá þegar enginn bókstafstrúarmaður. Afstaða mín í trúmálum hefir ekki tekið miklum breytingum síðan. Hefi alltaf hugsað mér æðra vald á bak við tilveruna, afl, sem við getum kallað guð. Eg hefi vonað að þetta guðdómlega vald leiddi þróunina í tilverunni til ákveðinna marka. Að það væri ekki eingöngu tilviljun hvað bæri sigur úr bytum í þeim átökum. Eg trúi því og treysti að bak við þetta standi æðri máttarvöld, að hér sé guðlegt afl að verki, sem stjórnir hringrás lífsins og þróuninni. En þá megum við ekki gleyma því, að við, hver einstaklingur þurfum að vera virkur þátttakandi í þróuninni. – Að við þurfum að vinna með guði, en ekki á móti honum.³

Í dagbók Bjarna frá námsárunum í Reykjavík kemur fram að hann hafi sótt messur í Fríkirkjunni og hlustað þar á afbragðsræður síra Ólafs Ólafssonar.⁴ Í sveitinni nefnir hann stöku kirkjuferðir en ekki finnst honum alltaf kraftur í kirkjusókninni:

Merkileg kyrð á fólkinu hér í sveitinni. Eg held meir að segja að enginn nenni í kirkju, sem eru einu mannamótin hér.⁵

Kirkjuferðirnar voru þannig félagslegir viðburðir, ekki einungis trúarlegir. Síðar, þegar Bjarni var fluttur í Bólstaðarhlíðarhrepp, starfaði hann nokkuð að málefnum Bólstaðarhlíðarkirkju, var m.a. formaður sóknarnefndar 1932-1950 og í nokkur ár frá 1957. Lögðu þau Anna og Bjarni alltaf mikla

1 Úr bréfi til Sveins Halldórssonar, skrifað upp í dagbók Bjarna Jónassonar, 18. júní 1909. Sjá viðauka I.

2 Úr bréfi til Önnu, 7. ágúst 1922.

3 Úr svari Bjarna Jónassonar við níundu spurningu Sigvalda Hjálmarssonar, júní 1975. Sjá viðauka III.

4 Dagbók Bjarna Jónassonar, 1. janúar 1909. Sjá viðauka I.

5 Dagbók Bjarna Jónassonar, 7. ágúst 1910. Sjá viðauka I.

rækt við kirkjustarf í sókninni enda mikilvægur þáttur í félagsstarfi sveitarinnar. En ekki hefur alltaf verið sérlega öfundsvert að sitja messur í kaldri sveitarkirkju í byrjun tuttugustu aldar eins og þegar Bjarni sótti jólamessu á Svínavatni í fimbulkulda 1912:

Eg fór til kirkju og var hálf dauður úr kulda í kirkjunni, og hefir verið líkt ástatt fyrir fleirum. Organistinn skalf t.d. svo að hann átti fult í fangi með að halda fingrunum við nóturnar. Slæmt að kirkjur skuli vera ofnlausar. Það getur verið stórkostlega heilsuspillandi fyrir menn, er koma heitir af gangi að hlýða á messu í mjög köldu húsi.¹

Köld húsakynni voru vitanlega víðar til baka en í kirkjum á þessum tíma og fóru skólarnir ekki varhluta af þeim vanda. Bjarni lýsir í bréfi sínu hér að ofan húsakosti á Grund, þar sem farskólinn er staðsettur þá stundina, og nefnir að örðugt sé að halda kennslustofunni heitri þrátt fyrir góða viðleitni húsbændanna. Svona var þetta víða á bæjum þar sem farskólinn fékk inni og var þá ekki einungis kalt við kennslu heldur var svefnaðstaða kennarans iðulega óupphituð kytra. Á árunum sem Bjarni kenndi við barnaskólann á Blönduósi mátti hann einnig oft glíma við köld húsakynni:

Undanfarna daga hefir verið mjög froshart. Og þá hefir nú verið kalt hér í skólanum. Kvöldin hafa alveg verið voðaleg, eg hefi oft og tíðum ekki haldist í húsum inni.²

Á morgnana þegar kennsla átti að hefjast var hitastigið í kennslustofunni stundum undir frostmarki svo fresta þurfti kennslu þar til hægt var að ná upp svolitlum hita.

En þrátt fyrir köld húsakynni á Grund er ekki annað að skilja en Bjarni uni sæll þar og sé ánægður með að vera tekinn aftur til starfa við kennsluna þann veturinn. Hann situr úti í horni og hugsar um Önnu á meðan börnin skrifa stíla og á kvöldin situr hann í litla herberginu sínu, horfir á mynd af henni, lætur hugann reika til undangenginna samverustunda og dreymir um að þau fái að hittast sem fyrst aftur. Nú er erfiðara að koma því við þar sem hann dvelur langt frá Austurhlíð en stundum gefast óvænt tækifæri til heimsóknna.

1 Dagbók Bjarna Jónassonar, 25. desember 1912. Sjá viðauka I.

2 Dagbók Bjarna Jónassonar, 4. febrúar 1912. Sjá viðauka I.

Grund, 6. nóv. 1922.

Ástin mín!

Hjartans þakkir fyrir samveruna í gær. Bjóst sannarlega ekki við því á föstudagskvöldið var, þegar jeg lauk við brjefið til þín, að jeg gæti heimsótt þig í gær. –

Orsakakeðjan hnýtist oft einkennilega: Barn veikist á Snæringsstöðum og því verður að fresta fundi, sem ákveðinn hafði verið á Stórabúrfelli, en það gefur mjer aftur tækifæri til þess að heimsækja þig. Jeg er skapavöldunum þakklátur. Barnið er að hressast og jeg vorkenni þeim ekki svo mjög Jónatan Líndal og Jóni Pálmasynt, þó að þeir hafi farið ónýtis för.

Ágætlega gekk mjer förin til baka. Blöndu fór jeg á milli Brandsstaða og Hóla, þar á traustum ís. Kom við á Löngumýrunum báðum og í Stóradal, enda kom jeg ekki að Litladal fyr en kl. 10. Þar beið mín uppbúið rúmið. Gunna systir spilaði fyrir mig nokkur lög, áður en farið var að háttu. Hefi alltaf gaman af hljóðfærastætti, þó að jeg sje ósöngvinn sjálfur. Hingað var jeg kominn í morgun nál. klukkutíma fyrir kenslutíma.

Auðvitað ekkert nýtt að frjetta. Býst við að hafa mikið að gera þessa viku: skriftir og ferðalög. Á miðvikudagskvöldið þarf jeg yfir að Stóradal og svo þarf jeg að hafa verðlagsnefndarfund eitthvert kvöldið yfir á Auðkúlu. –

Jú, frjettir annars: Barnslát hjer í dalnum. Kristín á Mosfelli, dóttir Ágústis Björnssonar og Borghildar Oddsdóttur, ljætst á laugardaginn var, – berklar. –

Jæja, elskan mín! Má ómögulega vera að skrifa lengra nú. Fæ ferð með þessar línur í fyrramáli til Blönduóss og kem þeim í póst þar. Fæ sennilega brjefið frá þjer á miðvikudagskvöldið, þá komið að Litladal með manninum, sem flutti póstin til Bl.óss í dag.

Ástarkveðja til ykkar allra.

Vertu svo alltaf blessuð, vina mín

þinn elskandi

Bjarni. –

Grund, 15. nóv. 1922.

Ástin mín!

Hjartans þakkir fyrir brjefið. Jeg fjekk það á fimtudaginn var. Mikið sá jeg eftir því í gær, að jeg hafði ekki tilbúið brjef til þín. Björn gamli í Koti kom hjerna snöggvast í hundahreinsunarför sinni, en það var fyrri

hluta dags og jeg því bundinn við kensluna og gat því ómögulega hripað þjer línu. Óvíst að jeg geti komið línu til þín hjeðan af áður en fundum ber saman, en ætla þó að hafa brjef tilbúið, ef tækifæri skyldi gefast.

Engar frjettir af mjer. Altaf frískur. Björg gamla í Sólheimum, móðir Hannesar er dain, ljstet 6. þ.m. Var hún orðin mesti aumingi og því þörf hvíldarinnar. Hálsbólga hjer hingað og þangað, en hefir þó ekki enn hindrað skólastörfin, enda forðast menn samgöngur við sýktu heimilin eins og framast er hægt.

Niðurjöfnunarfundurinn byrjar sennilega úr helginni, ef veikindi í Holti hindra ekki.

Elsku vina mín! Mikið hefir mig langað til þess að vera horfinn til þín á kvöldin, þegar dagsverkinu hefir verið lokið, þó það væri ekki nema nokkur augnablik í senn, aðeins að fá að sjá þig og fá vissu um að þjer líði vel. En jeg heimsæki þig daglega, þó að líkamanum sje bönnuð för. Hugurinn er stöðugt hjá þjer. Minningarnar vaka. Jeg lifi upp samfundina. Jeg minnst þess hvað það fjekk mjer mikils fagnaðar fyrrasunnudag, þegar jeg kom inn í búrið til ykkar mæðgna að sjá hve koma mín olli þjer mikillar gleði. Ástarþakkir, vina mín!

Nú er asahláka og má því búast við að losni um ísinn á Blöndu, en ís getur verið kominn á hana aftur um það leyti sem jeg kem austur að Guðlaugsstöðum. Þá verður stutt á milli okkar. Jeg tel dagana.

Nú er komin nótt. Jeg stóð úti á hlaðinu áðan. Ylmjúkur sunnan blærin vafði mig örmum. Hann flutti mjer kveðju frá þjer. Góði vindur! Berðu ástmey minni kveðju mína. Hún sefur núna. Þú finnur einhversstaðar smugu til þess að komast inn í bæinn hennar. En farðu hægt, þú mátt ekki vekja hana. Hvíslaðu kveðju minni inn í drauma hennar. Og á morgun, þegar hún kemur út, þá kyssirðu hana fyrir mig. –

Vertu sæl, ástin mín! Góða nótt!

Pinn elskandi

Bjarni

1./12.

Á morgun ætla jeg að heimsækja þig, elskan mín, ef jeg mögulega get. Jeg vona að áin verði ekki ófær. Nú er bráðum mánuður síðan fundum hefir borið saman. Ástin mín. Ó! hvað jeg þrái þig heitt. Þú ert líf mitt, ljós mitt. En bráðum fæ jeg að vefja þig örmum. Jeg sef á rósum í nótt. Anna mín, hjartað mitt! Ótal kossar handan yfir hálsinn og ána. Góða nótt.

Pinn B.

Hending ræður nokkru um samskipti hjónaleysanna, fundarfrestun verður til þess að Bjarni getur skotist í heimsókn til Önnu í Austurhlíð og hann ornar sér við minninguna um gleðina í svip hennar þegar hann birtist þar óvænt. Þau biða bæði bréfa en erfitt getur verið að koma bréfum í póst og óvíst hvenær leggist til ferð. Nú er hávetur, Blanda er á ís og því ekki eins mikill ferðatálmi og að sumri og Bjarni telur dagana þar til farskólinn fær-ist yfir á Guðlaugsstaði sem standa rétt handan árinna frá Austurhlíð. En á meðan fjöll og dalir skilja þau að dvelur hugur Bjarna stöðugt hjá Önnu, hann endurlifir samfundi þeirra í huganum og kallar náttúruöflin í lið með sér. Áður en hann náði ástum Önnu bað hann ána um liðveislu við að syngja henni manljóð, nú biður hann sunnanblæinn að bera ástmey sinni kveðju og kossa.

Stóradal, 11. des. 1922.

Ástin mín!

Hjartans þakkir fyrir síðast. Háttadur og skrifa því með blýanti, – þú fyrirgefur. Vel gekk mjer förin vestur yfir um daginn, þó að dimt væri og ilt færi. –

Ekki horfir vænlega enn með jarðnæðið. Tungunesið verður sennilega alls ekki selt, og fari svo að eigendurnir neyðist til þess – því nauðung er þeim það, þá mun Gísli í Þórormstungu eiga að sitja fyrir kaupunum. Jeg skrifa þabba þínum nánar um þetta. Sendi jeg ykkur brjef í fyrra máli með póstinum að Guðlaugsstöðum og bið Pál að koma því yfir ána. –

Jeg skrapp heim að Litladal í kvöld, til þess að spjalla við Óla bróður um framtíðina. Hann sagði m.a. að svo mætti aldrei fara, að jeg yrði að fara hjeðan burtu úr sveitinni, heldur yrði að losa Litladal. Bróðurlega mælt. Hann er góður bróðir. Mjer þætti auðvitað slæmt ef hann viki mín vegna, nema að hann gæti náð í eitthvað gott, og ekki veit jeg hvort jeg gæti þegið þá fórn. –

Elsku vina mín! Jeg vildi að hamingjan gæfi, að jarðnæðisspursmálið leystist á sæmilegan hátt. Gætum við fengið hjer sæmilegt jarðnæði, þá kvíði jeg ekki framtíðinni. – Mig dreymir ekki um nein auðæfi, en jeg þrái sjálfstætt heimili, þar sem jeg gæti notið samvista þinna og helgað þjer líf mitt. Auðvitað mundi jeg ekki hika við að leggja atvinnu mína hjer í sölurnar, ef á þyrfti að halda. En ástin mín! Það er meir en atvinnan, því að kenslustarfið er mjer kært, og þó að árangurinn af starfinu sje ekki mikill, þá held jeg að jeg hafi unnið dálítið gagn. –

Jeg trúi því fastlega að eitthvað rætist úr þessum vandræðum. Vandræði sagði jeg, nei, nú eru engin vandræði til. Síðan jeg vann ást þína finnast mjer allir vegir færir.

Á laugardaginn var, var jeg á samfundi hreppsnefndanna að Tindum. Þar var nóg um kappræður, en þó fátt gert merkilegt. – Í fyrri nótt gisti jeg svo á Ásum og kom ekki heim hingað fyrr en seint í gærkveldi. –

Jæja, hjartans vina mín! Má ekki vera að skrifa meira, nóttin kallar til svefns og í fyrri máli þarf jeg að skrifa þabba þínum, áður en kensla byrjar.

Nú hlakka jeg til jólanna. „Á jólum, þá erum við á Hólum“, sagði Jón Arason. Á jólum, þá er jeg hjá þjer.

Góða nótt, ástin! Ástarkveðja til ykkar allra.

Vertu svo alltaf blessuð

þinn elskandi

Bjarni.

Litladal, 12. des. 1922.

Ástin mín!

Hjartans þakkir fyrir brjefið í dag með þabba þínum og alt og alt. Nú gisti jeg yfir í Litladal; fór hingað í kvöld með þabba þínum. Við erum nú báðir háttaðir, og þó svo sje má jeg til með að hripa þjer fáeinar línur.

Mikið er jeg þjer þakklátur fyrir boð þitt að vinna eitthvað fyrir mig. Nota það seinna í vetur. Annars er jeg ekki í neinum vandræðum nú, en vinnuföt mín í töluverðu ólagi og því þörf umbóta fyrir vorið. –

Sennilega hefir Páll komið brjefinu yfir um í dag, en þitt brjef er innan í hjá þabba þínum, svo þú verður að bíða þess þangað til hann kemur heim.

Elsku vina mín! Mig dreymdi þig svo mikið í nótt, er var, það hefir verið fyrir komu þabba þíns og brjefinu. Það gladdi mig sannarlega að hann skyldi koma. – Hann hefir aldrei komið hjer síðan þabbi flutti hingað. Þegar Hannes heitinn á Guðlaugsstöðum var jarðaður, ætlaði jeg að fá hann hingað, en það tókst ekki. Jón Pálmason var þá fyrri til. Jeg áræddi þá reyndar ekki sjálfur að bjóða honum hingað, en kom þabba til þess. – Jeg man hvað mjer þótti það leitt, þegar hann sagði mjer aftur, að þabbi þinn hefði afþakkað, sökum þess að Jón Pálmason hefði áður boðið sjer heim. –

Ástin mín! Ó, hvað jeg hlakka til samfundanna um jólin, og yndislegt er að hugsa til þess, að þú þráir samfundina engu síður en jeg. –

Jeg kem sennilega strax daginn eftir að jeg hætti að kenna. –

Góða, fyrirgefðu þessar fáu línur. Kystu mömmu þína fyrir mig.

Vertu svo blessuð og sæl, elsku vina mín.

Þinn elskandi

Bjarni.

Bjarni sækist ekki mjög eftir að safna auðæfum en hann þráir að búa þeim Önnu gott heimili. Í dagbókum hans kemur glöggt fram hvað hann telur sjálfsbjörgina nauðsynlega og hann er meðvitaður um hve lítið geti þurft til þess að menn missi fótanna. Hann skrifar lofsamlega um þá sem honum finnst sýna dugnað og framfarahug, finnur til með öðrum sem lenda í erfiðleikum sökum veikinda eða ómegðar, og vill að samfélagið rétti fram hjálparhönd í slíkum tilfellum, en hefur minni samúð með þeim sem spilla eigin örlögum vegna óreglu eða óráðsú.

Jarðnæðismálin eru enn óleyst, einhverjar þreifingar eru með tilteknar jarðir en samningar hafa ekki náðst. Bjarna er mjög í mun að fá jörð í Svínavatnshreppi því þar hefur hann fastar rætur; foreldrar hans og bróðir búa þar, hann stundar þar vinnu sína sem farkennari, situr í hreppsnefnd, gegnir embætti hreppstjóra og hefur starfað ötullega að ýmsum félags- og framfaramálum hreppsins um árabil.¹ Ólafur, bróðir Bjarna, býðst jafnvel til að láta Litladal eftir, svo mikið kappsmál er honum að halda honum í hreppnum. Í Svínavatnshreppi voru allgóðar bújarðir og efnahagur almennt bærilegur. Þar var töluverð gróska í félagsmálum og vilji til samvinnu í framfaraskyni. Bjarni fann ýmsum hugðarefnum sínum og hugsjónamálum góðan farveg í hreppnum og því er afar skiljanlegt að hann hafi viljað vera um kyrrt þar. En þó ekki blási enn byrlega með jarðnæði er engan bilbug á Bjarna að finna, með Önnu sér við hlið eru honum allir vegir færir. Samfundir þeirra, þó oft séu stuttir og stopulir, gera honum sífellt betur ljóst hvílíkt lán honum hefur auðnast í lífinu:

Desember 1922

17. Sunnud. Sama átt. Mjög frostlítið og milt veður. Dál. fjúk um tíma. Fór fram í Guðlaugsstaði í dag og þaðan yfir að Austurhlíð. Yndislegt að heimsækja elsku Önnu mína, en gat ekki dvalið hjá henni nema stutta stund, því að jeg varð að fara til baka í kvöld. Altaf finn jeg betur og betur hversu Anna er góð og mikilhæf stúlka, og aldrei get jeg fullþakkað hamingju mína.²

Farskólinn flyst um set og jólin ganga í garð, Bjarni dvelur í næsta nágrenni við Önnu og kærkomin tækifæri gefast til samfunda. Í febrúar heldur Bjarni aftur yfir í Svínadal og bréfin lengjast á ný.

1 Pétur Sigurðsson gerir þátttöku Bjarna í félagsmálum í Svínavatns- og Bólstaðarhlíðarhreppi mjög góð skil í minningarbók sinni um Bjarna, *Vorþeyr og vébönd*.

2 Dagbók Bjarna Jónassonar, 17. desember 1922.

Grund, 6. febr. 1923.

Ástin mín!

Hjartans þakkir fyrir síðast og alt og alt. Mjer gekk ágætlega vestur að Litladal á sunnudagskvöldið. Tafði jeg dál. bæði á Löngumýri og í Stóradal, enda kom jeg ekki að Litladal fyr en undir háttatíma, kl. að ganga ellefu.

Hált var á milli Brandsstaða og Hóla, eigi síður en í vetur, er við vorum þar á ferðinni, en nú var hvorttveggja að eigi var eins dimt og jeg vel frískur, enda datt jeg aldrei.

Hingað að Grund kom jeg ekki fyr en í morgun, klukkan að ganga tíu. Blindhríð var í gær fram yfir nónn, og hjelt jeg því kyrru fyrir heima í Litladal. Þar líður öllu vel. Seinni partinn í gær var reyndar vel ratandi, en þar sem jeg var búinn að tapa deginum, hvort sem var, hreyfði jeg mig ekkert.

Sumt af krökkunum kom hingað í gærkveldi, en eitt vantar enn þá: Hermínu á Hrafnabjörgum. Nemendurnir eru þó þegar sex, því að einn nýsveinn bættist við: 10 ára gamall piltur frá Mosfelli. Nemendurnir eiga því að verða alls 7, ef að Hermína kemur, sem jeg vona að verði. Annars hefir heimiliskennari – Guðmundur á Svínavatni – verið á Hrafnabjörgum um tíma, og telja grannarnir því miklar líkur til, að Sigvaldi bóndi noti ekki meira skólann í vetur, en jeg trúí ekki öðru en Hemmý litla komi.

Nú eru krakkarnir að skrifa stíl, og nota jeg því tímann til þess að byrja á brjefi til þín. Ingvar getur komið með dótið í dag, og mig langar til þess að geta sent þjer línu með honum. –

Í dag hefi jeg haft upprifjunarpróf með krökkunum og hefir það gengið misjafnt, enda er það ólíkt hvað þessi flokkur er misjafnari en Guðlaugsstaðadeildin. –

Nú er jeg í fæði hjá Ragnhildi, en ekki hjá Pjetri og Júlíusi eins og í vetur. Sef þó í sama stað.

Elinberg kom með mjer vestur í morgun, og hefir hann setið við að lesa í dag, og verð jeg að taka hann í tíma, þá er krökkunum sleppur.

Ekkert ákveðið hefi jeg frjett enn um Akurinn, en tel líklegt að pabbi sje horfinn frá honum, því miður. Karl á Mosfelli frjetti á Blönduósi á laugardaginn var, að Ágúst á Hofi hefði boðið 14000 kr., en Giljárbræður 14500 kr. og væri það hæsta boð. Hann hafði ekki heyrt getið um neitt boð frá pabba. Annars lítið að byggja á sögnum, er ganga manna á millum. Pabbi nú altaf á Blönduósi, en kemur heim fyrir helgina, og þá fæ jeg að vita hið rjetta. Getur farið svo, að ekki verði annars kostur, en að gera sjer Löngumýrarháflenduna að góðu næsta ár.

Ingvar er kominn og með brjef frá þjer. Ástarþakkir, elsku vina mín! Það gladdi mig svo ósegjanlega að fá frá þjer línu. Nú er dagsverkinu lokið. Elinb. var í tímum fram að kveldverði. Jeg er búinn að borða og er kominn fram í stofuna aftur. Hjer sit jeg einn í kyrðinni og hugsa um þig. Sennilega eru þið mæðgurnar enn frammi í eldhúsi. Jeg flýg til þín í huganum. Andinn er enga stund yfir flóana, hálsana og ána. Bærinn er enn opinn. Jeg rata inn. Ástin mín! Jeg kyssi þig. Jeg sje kinnarnar roðna af gleði. Ó! hvað jeg er sæll. Heyrðu, er þjer ekki kalt á höndunum? Nú er mjer heitt. Hjerna, vina mín, legðu þær mjer að hjartastað. Það slær fyrir þig. Þú átt það alt: Hvern blóðdropa.

Jeg sit hjer einn í kyrðinni og hugsa um þig í fjarlægðinni, bak við hálsana. En hjartans vina mín!, í framtíðinni vona jeg, að jeg geti jafnan setið hjá þjer, að dagsverkinu loknu. Bara við getum notið sem lengst ástar og umönnunar pabba þíns og mömmu.

Það var mjer að kenna, að hann sótti ekki Brunku þína á sunnudaginn. Hann sat inni mín vegna. Aumingja Brunka fjeck þess vegna hríðina á mánudagsnóttina. En jeg vona að hún fyrirgefi mjer þín vegna. En, jeg hefi meira á samviskunni gagnvart Brunku, og nú skrifta jeg. Það var á sunnudaginn. Brunka og Jörp voru enn á beit suður og upp í brekkum, en hin hrossin voru komin heim. Við pabbi þinn ræddum um hrossin. Hann gat þess hversu Brunka þín væri feit og það væri leitt að hún gæti ekki gengið lengur. Jeg segi þá við hann: „Kannski þú viljir reka hana og Jörp út á Löngumýrarmýrar, þar að sennilega er þar nokkur jörð?“ En hverju heldur þú að pabbi þinn hafi svarað? „Heldurðu að jeg fari að láta hana Brunku hennar Önnu ganga, ef jeg tek inn hin hrossin?“ Mig langaði til þess að kyssa hann fyrir þetta svar. Og nú þarf jeg ekki eingöngu að fá fyrirgefningu hjá Brunku. Jeg þarf að biðja þig fyrirgefningar.

Þú spyrd um hvenær við sjáumst næst. Veit ekki, ástin mín! Þú þarft ekki vera að afsaka að jeg leggi á mig svona langar ferðir þín vegna, því að öll mín þrá er til þín. En hvert sporið verður þúsund sinnum ljettara, þegar jeg veit hversu fundurinn er þjer kærkominn.

Get ekki enn sagt um það hvort mjer verður hægt að koma um næstu helgi. Kem hið fyrsta og jeg get. En um fram alt: Þú mátt ekki vera hrædd um, að jeg fari mjer neitt að voða. Jeg skal fara gætilega og alls ekki vera á ferðinni í slæmu veðri. Nú á jeg ekki einn líf mitt, og jeg finn til ábyrgðarinnar.

Góða, þú þarft ekki altaf að vera afsaka brjefin þín. Þau eru mjer heilög. Jeg finn í þeim sjálfa þig, sál þína, hreina og göfuga og fórnfúsa ást. Jeg á enga eign hjartfólgnari, ekkert, nema sjálfa þig. –

Nú er komið miðnætti, og augun eru farin að þyngjast. Jeg loka því brjefinu.

Hjartans kveðja til pabba þíns og mömmu.

Vertu svo altaf blessuð og sæl, elsku vina mín, og minstu þess, að þó jeg sje í fjarlægð, þá er jeg þó stöðugt nálægur þjer í anda.

Pinn elskandi

Bjarni.

Eins og áður hefur komið fram hafa bréf Önnu til Bjarna ekki varðveist en afar ólíklegt er að Bjarni hafi fargað þeim því þau eru honum sem heilög ritning. Hann gleðst ósegjanlega við bréf hennar og les þau svo oft að hann kann þau nær utan að. Líklegra er að Anna hafi fargað bréfunum sjálf að Bjarna gengnum þar sem henni hafi ekki þótt mikið til þeirra koma. Hún afsakar þau við hann en hann biður hana að láta það vera, engin eign sé honum kærari. Anna var greind kona og prýðilega vel máli farin en hógværd og lítillæti voru henni í blóð borin svo hún hefur ógjarnan viljað flagga þeim verkum sem henni var ekki tamt að vinna. Þó hún væri mjög námfús fékk hún ekki að njóta mikillar skólagöngu og það er skiljanlegt að hún hafi fundið til vanmáttar síns að þessu leyti gagnvart hinum ritfæra heitmanni sínum.

Í bréfum sínum afsakar Anna einnig þær löngu ferðir sem hann þarf að leggja á sig til að heimsækja hana. Líklega af sama lítillæti og áður en jafnframt hefur hún verið hrædd um hann í vondu færi og vetrarmyrkri því hann fullvissar hana um að hann fari varlega. En þrátt fyrir afsakanir og lítillæti er Önnu greinilega alveg eins umhugað um að þau nái fundum og honum því hún gengur eftir því við hann hvenær þau hittist næst.

Bjarni situr einn í kyrrðinni og lætur hugann reika yfir flóana, hálsana og ána til Önnu, dagbókin fær að heyra hugleiðingar hans um framtíðina og heitmey hans:

Febrúar 1923

8. Fimtud. Hvesti af suðri s.p. Stormur í kvöld og þítt.

Mikið hefi jeg nú að gera. Elinb. í tímum hjá mjer fram að kvöldverði. Mjer finst jeg vera hálf uppgefinn að loknu dagsverki. Altaf hefi jeg þó ánægju af að kenna, og vona jeg að jeg þurfi ekki að láta af kenslustörfunum, en aðstaðan er nú slæm. Nú veltur alt á því, að jeg geti fengið hentugt jarðnæði hjer í sveitinni. Jeg þyrfti í framtíðinni að geta haft skólann að mestu heima hjá mjer. Hitt er ómögulegt að vera altaf fjarri heimilinu. Heimili mitt verð jeg að meta meir en kenslustarfið og launin, og leysist ekki jarðnæðisspursmálið sæmil. á næstunni, verð jeg

að reyna að fá mjer jarðnæði, þar sem best býðst og hverfa einhuga að búskapnum. Foreldrar unnustu minnar vilja koma til mín. Mjer yrði það mikill styrkur, því að Sigurjón er ágætur búmaður. [...]

Eins og nú standa sakir er afar örðugt að selja, eru það naumast annað en sjerstakl. góðar jarðir, t.d. jarðir með vjeltæk engi, sem veruleg boð eru gerð í, en þær eru jafnan yfirkeyptar. – Nú eru víða boðnar jarðir til sölu: t.d. Þingeyrar nýl. sagðar auglýstar. Ekkert líklegra en að sum fjallakotin fari í eyði. – Sveinn í Sljettárdal hættir að búa í vor, og munu engir enn hafa falað jörðina, aðrir en þeir Björn í Stóradal og Sigvaldi þar. Sje naumast hvernig Björn getur verið við búskap áfram: Börnin orðin 5, hann jafnan fólkslaus og skuldirnar að vaxa honum yfir höfuð. Slæmt með aumingja Björn, að hann skuli lenda í þessu voða basli, um jafn greindan og nýtan dreng. En þetta er töluvert almenn saga. Hjónaband er stofnað með litlum efnum, og svo kemur barn á hverju ári. – Fyrir forgöngu síra Björns voru hjer nýl. hafin samskot til handa Karli á Mosfelli. Börnin þar orðin 9 og eignin mjög lítil, en sennil. kemst hann af, ef hann fengi nú nál. 1000 kr. styrk. Byrjuðu samskotin mjög myndarlega, með 50–100 kr. á mann.¹

9. Föstud. Ekkert varð úr hláku. Mun hafa heitt af sjer f.p. í nótt. Rok á sunnan fram á dag. Sennilega harðnað enn á jörð. Gangfæri mun nú orðið ágætt, – alhjarnað. Jeg geri því ráð fyrir að skreppa heim í Austurhlíð annað kvöld. Það er ansi langt, fjögurra tíma ferð, en hvað er það, þegar jeg á von á fundi elsku Önnu minnar. Jeg er sæll, því að jeg elska og jeg er elskaður. Jeg hefði naumast trúað því áður, að ástin gæti veitt mjer jafn mikla sælu. Þetta átti jeg þó eftir karlfauskurinn. [...]

Anna mín!, ástin mín! Ef jeg væri skáld, skyldi jeg syngja þjer dýrlegan óð. Þú hefir gert mig að meiri og betri manni. Við hjartayl þinn vissi jeg fyrst hvað lífið var. Jeg minnst fyrsta fundarins, fyrsta fundar elskendanna. Sú yndislega nótt mun jafnan vera dýrlegasti vitinn og helgasta minningin á lífsleið minni. Hafi jeg nokkurn tíman fundið til návistar guðs, þá var það þá. Hvorugt okkar mun naumast hafa munað eftir því, að jörðin var til. Það voru tvær *sálir*, sem fundu hvor aðra. Svo hrein og göfug og um leið svo innileg. Svo er þjer varið Anna, og með vaxandi kynningu hefir mjer jafnan orðið ljósara þessi dýrlegu einkenni sálar þinnar. Jeg er sæll. Jeg elska þig og jeg veit að þú elskar mig eins heitt og nokkur kona getur elskað. – Jeg elska þig. Þú ert upphaf og endir lífs míns, þú ert sjálft líf mitt.²

1 Dagbók Bjarna Jónassonar, 8. febrúar 1923.

2 Dagbók Bjarna Jónassonar, 9. febrúar 1923.

Bjarni ávarpar Önnu áfram í dagbókinni næstu daga en afritar þá kafla jafnframt í næsta bréf til hennar. Eða kannski skrifar hann bréfið fyrst og afritar svo í dagbókina. Það gildir einu hvorn háttinn hann hefur á en ljóst er að á þessu tímabili renna dagbókarskrifin og bréfaskriftirnar nokkuð saman, dagbókin ber keim af sendibréfi og sendibréfin lesast eins og dagbókarfærslur.

Grund, 10. febr. 1923.

Ástin mín!

Hafði fastlega ætlað mjer að heimsækja þig í dag, en í gærkveldi kom hjer Stebbi á Kúlu og býður mjer f.h. þess á Kúlu á dansleik þar í kvöld. Jeg sagði honum þegar, að jeg hefði ætlað mjer upp að Austurhlíð í kvöld, en hann sagði mjer þá, að þjer hefði verið boðið. Jeg lofaði því að koma. Hvort tveggja var, að mjer þótti hálf ókurteist að neita boðinu, þar sem það á Kúlu þá boð til okkar að Litladal í vetur, og svo gat jeg jafn vel búist við að sjá þig þar. Jeg vona þess fastlega að jeg fái að sjá þig á Kúlu í kvöld. Jeg finn það svo ósköp vel, að jeg mun ekki hafa hálfa ánægju af skemtuninni, ef þú verður þar ekki. En eftir því sem jeg hugsaði það betur, finst mjer ólíklegra að þú komir. Þetta er löng leið og veðráttan hefir verið óstílt, þó að nú sje gott veður. Jeg hugsaði mjer í gærkveldi að reyna að láta mig dreyma um þetta í nótt, en það tókst ekki, að vísu dreymdi mig þig, en af því get jeg þó ekkert ráðið um kvöldið í kvöld. – Til vonar og vara byrja jeg því á brjefi til þín.

Ekkert sjerstakt að frjetta. Jeg hefi altaf verið frískur. Nú snerti jeg aldrei á spilum og háttá altaf á sama tíma. En jeg hefi líka afar mikið að gera: kenni jafnan til kl. 9 á kvöldin. Í gærkveldi fjeck jeg boð frá pabba um að jeg fyndi hann hið fyrsta. Vona að það sje eitthvað viðvíkjandi Akri. Jeg get naumast trúað því, að jeg verði kyr á Löngumýri. Draumurinn í vetur. Ja, jæja, draumar eru oft ekki annað en rugl, en þeir hafa stundum gengið merkilega eftir.

Hefi skrifað þessar línur í stíltíma. Nú er tíminn úti og jeg verð að hætta að sinni. – Bæti við seinna, ef jeg sje þig ekki í kvöld. Sendi þjer ástarkveðju í anda, elsku vína mín.

12./2.

Fjeck ekki að sjá þig á Auðkúlu á laugardagskvöldið var; bjóst aldrei verulega við því, en mikið hefði það glatt mig. Jeg sem var fastlega búinn að ásetja mjer að heimsækja þig um kvöldið, en jeg gat ekki annað en þegið boðið, annað hefði verið ókurteisi. Í boði var þarna fólk frá: Grund, Holti, Litladal og Tungunesi, alls nál. 20 manns. Dansað var alla nóttina,

en jeg lá um 2 tíma í lokin uppi í rúmi. Mjer er illa við að vaka heilar nætur. Ekki var að heyra annað á fólkinu, en að það hefði langað mjög til þess, að þú hefðir getað verið með.

Hitti pabba í gær. Enn þá er ekki gert út um sölu á Akri. Pabbi gerði 15000 kr. boð, og er það hæsta boð, en eins líklegt að Giljárbræður bæti við. Annars hjelt pabbi að svo gæti farið, að þeir Steinnesbræður: Guðmundur og Ólafur fengju jörðina með virðingarverði, þrátt fyrir að hún hefði verið auglýst. Mjer þykir þetta þó næsta ólíklegt, þar sem svona hátt boð er komið, en Giljárbræður óttast jeg.

Jeg var óheppinn í gærkvöldi. Hannes á Guðlaugsstöðum var hjer á ferð, en jeg náði ekki í hann til þess að koma með honum brjefi til þín. – Jeg fór af dansleiknum á Auðkúlu í gærmorgun fram að Litladal og svaf þar fram um nón, og fór svo hingað vestur í gærkvöldi, en þá var Hannes kominn fram hjá, fram í Snælingsstaði. Jeg skrapp þá þegar fram að Snælingsstöðum, en náði þó ekki í Hannes, hann þá kominn austur að Litladal.

13./2.

Elsku vina mín! Jeg vildi að jeg væri orðinn ljettur sem blærin og fljótur í för sem hugur manns. Jeg skyldi þá fara í ferðalag, heim, heim til þín, ástin mín! Jeg veit að þú yrðir fegin komu minni. Mjer er sem jeg sjái ljetta sólskinsbrosið vara þinna og finni ylinn frá leiftrum augna þinna, sem bjóða mig velkominn. En vina mín! Jeg er aðeins vanmáttkur, staðbundinn maður, og því verð jeg að sitja kyr, því að vængir vonarinnar nýttast eigi líkamanum. En hugur minn þarf engin fargögn frá skynheimi vorum. Taugastöðvar heilans gefa honum flýtir meiri en sveiflum ljósvakans. Hann er hjá þjer. Fyrsta hugsun mín á morgnana og síðasta hugsun mín á kvöldin ert þú, og hvenær, sem hugur minn fær hvíld frá önnum dagsins, þá er hann hjá þjer.

14./2.

Vina mín! Nú er dýrlegt veður. Nú væri gaman að koma á gönguför með þjer. Það er um hádegisdag og börnin eru í skriftartíma. Við skiljum þau eftir ofurlitla stund og höldum út í góða veðrið. Hvert eigum við að koma. Upp í brekkurnar, þangað, sem að vísýnið skín. En ólukkans svellin eru svo hál, en jeg hefi stafinn minn, og hjer er hönd mín, vina mín! Armarnir mínir eru að vísu grannir og kraftalitlir, en þegar þeir eiga að styðja þig, þá vex þeim megin um allan helming.

15./2.

Ástin mín! Tók ekki á penna seinni partinn í gær. Síra Björn kom hjer í húsvitjun og sat hjer fram á háttatíma. Það varð því stuttaralegt það, sem jeg skrifaði þjer í gær. Við vorum aðeins að leggja af stað í gönguförina, og nú er myrkur úti, svo að jeg læt við þetta sitja. Ef til vill eigum við eftir að fara þessa gönguför – upp í brekkurnar hjá þjer, – ekki einungis í huganum, heldur í raun og sannleika.

En, vina mín! Við eigum meiri för fyrir hendi, förina, þar sem karl og kona eiga að styðja hvort annað og lifa hvort fyrir annað, sameiginlega lífsbraut elskendanna. Og vonglöd horfum við til framtíðarinnar, til framtíðalandsins, draumlandsins sólroðna, sem bygt er af samstiltum hugum ástvinanna úr dýrasta og helgasta efninu, sem til er: trú, von, og kærleika.

Jeg get ekki vænst þess, að leiðin verði altaf greið, torfærulaust blómlendi, og jeg veit ekki hvort að slíkt væri heppilegt, en hitt vona jeg, að yfir lífsbraut okkar hvíli jafnan heiðríkja og sólskin, heiðríkja hreinna og göfugra hugsana og ylur hjartans. Þá mun okkur vegna vel, þó að líf skjörin sjeu ekki altaf sem blíðust, því að ástin breytir tárunum í perlur.

16./2.

Anna, elskan mín! Dagarnir líða. Annað kvöld kem jeg á fund þinn. Jeg treysti því að jeg komist alla leið, að Blanda verði enn á ís. Nú er að vísu hláka, en svo hæg, að jeg trúi ekki öðru en að ísinn á Skjólínu fái að vera í friði. Jeg kem. Ó!, hvað jeg hlakka til.

Kyssi þig í huganum einn koss fyrir fram, ástin mín!

þinn elskandi

Bjarni.

Það kemur sér að hafa auðugt ímyndunarafl og myndríka hugsun þegar fjarlægðir hamla samfundum, hugur Bjarna er frjáls sem fuglinn og flýgur til Önnu þó líkaminn komist hvergi. Hann býður elskunni sinni í gönguför í huganum en minnir líka á að þau eigi sameiginlega lífsgöngu fyrir höndum sem ekki er víst að verði alltaf greið. Rómantíkin er því vafin raunsæi, fæt-urnir standa fastir á jörðu þó hugurinn reiki um víðan völl.

Bjarni getur oft um drauma í bréfum sínum til Önnu og þó hann segi hér að draumar séu oft ekki annað en rugl er auðsætt að hann telur að stundum sé mark á þeim takandi sem vísbendingum um það sem koma skal. Hann tæpir einnig stundum á draumum í dagbókum sínum:

Enginn vafi á, að við mennirnir fáum stundum fyrirboða einhversstaðar utan úr tilverunni um óorðna hluti. Jeg hefi ábyggilega fengið stundum þannig löguð skeyti í draumi.¹

Draumar eru þannig í bland skilaboð úr dularheimi og samspil minninga og ímyndunarafis líkt og þegar Anna birtist Bjarna í draumum og linar þannig einmanaleika hans og söknuð.

Grund, 19. febr. 1923.

Ástin mín!

Hjartans þakkir fyrir indælu samverustundirnar síðast og alt og alt. Vel gekk ferðalagið hingað vestur, en áætlunin breyttist. Fyrst og fremst var Blanda ekki á ís fyr en út á Sandhólshyl, og tafði það mig svo, að jeg kom ekki fram að Guðlaugsstöðum fyr en farið var að rökkva. Gat ekki sjeð neinn úti hjá þjer, þegar jeg fór um á móti, en hlýjum minningum andaði til mín yfir ána. Jeg nam staðar á gilbarminum. Brekkan, sem við sátum í, í dag, blasti við. Bið þig að bera þangað kveðju mína.

Fjekk ómögulega að fara frá Guðlaugsstöðum í gærkveldi, enda ansi hált og vont að vera á ferðinni í jafnmiklu myrkri. Fór svo frá Guðlaugsstöðum í morgun, töluverðu fyrir fótaferðartíma og kom hingað vestur kl. rúml. 9, svo að jeg stóð mig ágætlega (byrja kenslu kl. 10). Jeg kom þó við bæði í Litladal og Holti, drakk kaffi í Litladal, en mjólk í Holti.

20./2.

Vina mín! Sennilega er pabbi hættur við Akurinn. Erlendur í Hnausum var hjer í dag, og hjelt hann að hærra boð mundi komið en 15 þús. kr., sem þó mundi ekki vera frá þeim Giljárbræðrum og talið væri sjálfsagt, að þeir bættu samt við. Einnig sagði Erlendur mjer, að Sveinbjörn í Hnausum hefði nýl. átt tal við pabba, og hefði honum skilist svo sem hann mundi ekki hækka sitt boð. Mjer þykir þetta næsta sennilegt, því að verðið er auðvitað orðið langt of mikið.

Jeg mintist á norðurförina við pabba þinn á leiðinni út eftir á sunnudaginn, og leitst honum hið besta á. Þetta getur orðið yndisleg för, og er jeg þegar farinn að hlakka til. –

21./2.

Elskan mín! Margs hefi jeg að minnast frá samfundi okkar um daginn. En hver heldurðu að sje hjartfólgna endurminningin? Það eru ekki kossar þínir, hlýir sem skin sólar, nje armarnir þínir mjúku, sem mjer er

1 Dagbók Bjarna Jónassonar, 28. janúar 1924.

hugstæðast. Það er hvorugt þetta, og veitstu þó hversu kærkomin mjer eru atlot þín, svo kvenlega hóglát, en um leið svo innileg. Já, vina mín! Önnur minning er mjer ríkari í huga. Það er frá laugardagskvöldinu. Jeg sat frammi hjá ykkur mæðgunum. Þú stóðst hjá mjer við borðið, og jeg hjelt um hönd þjer. Augu okkar mættust. Augnatillit þitt þá, þrungið af ást og þrá, er mjer ógleymanlegt. Það sagði mjer betur en nokkur orð fá gert hvað þú ant mjer heitt. Jeg hefi sjaldan fundið það eins vel og þá hvað jeg er ríkur, hvað jeg hefi fengið mikið með þjer. Mjer fanst guð tala til mín úr þessum augum. Nú skil jeg til fulls vísu Sig. Júl.:

Guðsríki er hvar?
Horf þú í ástríkisauga,
ylgeislar hjartans sem lauga.
Guðsríki er þar.

22./2.

Ástin mín! Aðeins örfá orð. Eiríkur í Ljótshólum sagði mjer í dag, að pabbi væri áreiðanl. hættur við Akur. Jón Þ. á Hjúki hefði boðið 15500 kr. Von væri og á boði frá einhverjum Eyfirðing, og talið væri líklegt, að Giljárbræður ættu eftir að koma með nýtt boð.

Mikil veikindi sögð í Stóradal. Í gær hafði verið að sækja lækni til Gunnu litlu, dóttur þeirra hjónanna. –

24./2.

Ástin mín! Gaman hefði verið að geta heimsótt þig í dag, en þess er enginn kostur, vegna fundarhaldanna í Holti. Hefi ekkert kent í dag. Í morgun bráðsnemma fór jeg fram að Gafli, til viðtals við Sigurvalda þar, vegna hinnar fyrirhuguðu afrjettargirðingar. Í Gafli var alt fólkið lasið af kvefi, bóndinn með mikinn hita og auðvitað rúmfastur, og verður því konan að bæta á sig skepnuhirðingunni og þó eru fimm börn á palli og hið elsta einungis 7 ára. Það er örðugt líf fyrir mörgum einyrkjanum. Fátæklegt var um að litast í baðstofunni í Gafli, fátt um þægindin og klæðnaðurinn virtist af skornum skamti, en mest fanst mjer til um loftleysið í baðstofukytrunni. Jeg hefði ekki haldið við lengi þar inni. – En börnin, öll fimm, litu þó hraustlega út.

Örbirgðin er böll, en auðurinn getur líka orðið böll. Þetta er einmitt eitthvert mesta vandræðaefti núverandi stjórnskipulags heimsins: skifting auðsins. En, góða, jeg ætla annars ekki að fara að ræða um það núna. –

25./2.

Hjartans vina! Nú verð jeg að loka brjefinu og koma því í póst. Veit ekki enn, hvort jeg get heimsótt þig um næstu helgi. Sökum veikindanna í Stóradal getur orðið einhver vandræði með kensluna þar. –

Sat á fundunum í Holti í gær fram á nótt, fór svo yfir að Litladal, en þegar til baka aftur í morgun, og hafði jeg tíma með krökkunum í dag, þó að sunnudagur væri, til þess að vinna upp það sem tapaðist í gær. –

Nú verð jeg að hætta, elsku vina mín, því að jeg á enn óskrifuð 2 brjef í póstinn og annað þeirra vandamál, brjef til stjórnarráðsins vegna girðingarmáls Svíndælinga. –

Hjartans kveðja til pabba þíns og mömmu. Vertu svo alltaf blessuð og sæl

þinn elskandi
Bjarni.

Bjarni drepur oft í bréfum sínum og dagbókum á ýmis störf sín að félags- og framfaramálum í hreppnum. Hann var á þessum tíma hreppsnefndarmaður og hreppstjóri í Svínavatnshreppi, sat m.a. í kjörstjórn og verðlagsnefnd og sat fundi um girðingarframkvæmdir, vegagerð, símamál, niðurfjöfnun og fleira. Ennfremur var hann í stjórn Kaupfélags Húnvetninga og Sláturfélags Austur-Húnvetninga og deildarstjóri félaganna beggja um áratuga skeið. Eins og áður hefur komið fram trúði hann á samábyrgð og samstillt átak samfélagsins og hafði samvinnuhugsjónina að leiðarljósi alla tíð:

Á þessum erfiðu tímum veitti ekki af að samvinnumenn gætu staðið vel saman, því ef það er nokkuð sem bjargar út úr ógöngunum, þá er það samvinnuhugsjónin í framkvæmd.¹

Bjarni kunni vel að meta dugnað og framfarahug en taldi að uppbygging samfélagsins öllum til bóta ætti að vera markmiðið, ekki söfnun fjár til eigin hagsmuna. Fátækt væri hið mesta þjóðfélagsból sem samfélagið ætti að taka höndum saman um að uppræta en of mikil söfnun auðs gæti líka verið ból og brýnt væri að innræta börnum eitur féhyggju:

„Ágirndin er rót alls ills“. Fregn segir að maður hafi verið myrtur til fjár í Rvík. Hörmulegt að slíkt skuli geta komið fyrir hjá okkur. Mikill hluti glæpa á rót sína að rekja til ágirndarinnar, því er það að fátt ríður eins mikið á að innræta börnunum og eitur fjehyggjunnar. Mjer finst mammonshyggjan stórum hafa vaxið hjá okkur á síðari árum. Mikill hluti

1 Dagbók Bjarna Jónassonar, 18. apríl 1922.

manna hugsar naumast um annað en krónuna. Óráðvendni í viðskiftum og fjárprettir eru algengir hlutir.¹

Nú verður nokkurt hlé á bréfaskriftum Bjarna og Önnu og vænta má að samfundir þeirra hafi orðið fleiri og reglulegri. Blanda er ýmist ófær vegna jakaburðar eða á ís og Bjarni sætir lagi að komast yfir eins oft og hann mögulega getur. Í einsemdinni ávarpar hann hana þó áfram í dagbókinni:

Elsku Anna mín! Jeg lá lengi vakandi í rúminu í gærkveldi og var að hugsa um þig, þig og framtíðina, þig og guð. Alt hið besta í fari mínu er frá þjer. Þú ert hamingja mín, – heilladís lífs míns. Í mínum augum ert þú fegurst og göfugust allra kvenna, því að jeg elska þig.²

Í apríl dregur svo til nokkurra tíðinda:

Þá er jeg loksins búinn að ná eignarhaldi á jörð. Keypti Blöndudalshóla í gær, en get sennilega ekki flutt þangað á þessu vori. Verðið nál. 9½ þús. kr. – Mikið, þar sem alt er í rúst.³

Jarðnæðismálið er loksins í höfn, Bjarni, Anna og foreldrar hennar hafa tryggt sér bújörð. Markmiðið hafði verið að finna jarðnæði í Svínavatnshreppi svo Bjarni ætti hægt með að sinna áfram atvinnu sinni þar og félagsstörfum en þegar útséð þótti um að það tækist afréðu þau að kaupa jörðina Blöndudalshóla í Bólstaðarhlíðarhreppi. Þar með var sýnt að Bjarni og Anna hæfu búskap austan megin árinna sem svo oft hafði skilið þau að. Þó Bjarna hafi verið óljúft að flytja úr Svínavatnshreppnum, ekki síst þar sem ljóst væri að hann gæti ekki haft skólann heima hjá sér, leist honum um margt vel á Blöndudalshóla og taldi sig ekki geta verið betur staðsettan varðandi áframhaldandi farkennslu í Svínavatnshreppi. Í Blöndudalshólum bíður því framtíðin:

Hjeðan af á líf okkar að vera tengt við Blöndudalshóla. Jeg segi hjeðan af. Auðvitað veit enginn hvað framtíðin ber í skauti, en hitt þykir mjer líklegt, að jeg skifti ekki um bústað, svo fremi að engin óhöpp komi fyrir, svo að jeg verði tilneyddur. Mjer er óljúft að breyta mikið til. – Jeg hygg og, að jeg muni una vel hag mínum í Blöndudalshólum.⁴

1 Dagbók Bjarna Jónassonar, 22. nóvember 1923.

2 Dagbók Bjarna Jónassonar, 1. mars 1923.

3 Dagbók Bjarna Jónassonar, 27. apríl 1923.

4 Dagbók Bjarna Jónassonar, annáll um áramót 1923–24. Sjá nánar hér að aftan.

Blöndudalshólmur, 15. júní 1923.

Sigfus Reyjolfsson Bjarnsonar

Tilundarvottar:

Soggviðjónasson

Skarpheljónsson Einarsson

Sigurjón Jóhannsson

Áminnduð þáttur og afurðulitun kaupsamninga
lýsi þess hjátt þá Bjarna Jónasson og Sigurjón Jóhannsson
og þess eigendur af förtum: Blöndudalshólmur. Þóðlata-
hlítarhreppi. Þáttur þáttur þáttur þáttur þáttur þáttur
þáttur þáttur og ummátt, þáttur þáttur þáttur þáttur
og skýður af förtum: þáttur þáttur, þáttur þáttur þáttur

Blöndudalshólmur, 15. júní 1923

Tilundarvottar:

Soggviðjónasson

Skarpheljónsson Einarsson

Sigfus Reyjolfsson

Þáttur þáttur þáttur 15. októ. 1923 kr. 2000,00 - þáttur þáttur þáttur
Þáttur þáttur þáttur 21. októ. 1923 kr. 2000,00 - þáttur þáttur þáttur

Þáttur þáttur manntalsþingryðju. Þáttur þáttur þáttur
af Þóðlatahlít 17. júní 1924 og ummátt i afurð- og vottunarlát
þáttur þáttur kr. 100,00, þáttur 385-86

Vottar

Þáttur- og þáttur þáttur

100,00 - eitt þáttur þáttur 5000

Þáttur.

Þáttur.

Þáttur þáttur

Þáttur þáttur þáttur Blöndudalshólmur
þáttur þáttur þáttur

Þáttur Blöndudalshólmur 24. októ. 1923

Sigfus Reyjolfsson

Hluti kaupsamnings vegna kaupa Bjarna Jónassonar og Sigurjóns Jóhannssonar á
Blöndudalshólmur, 15. júní 1923.

Nú tekur við mikill annatími er Bjarni, Anna og foreldrar hennar leggjast á eitt við að undirbúa flutning að Blöndudalshólum. Að mörgu er að hyggja, húsakostur er bágborinn og vinna þarf að ýmsum jarðabótum.

Júní 1923

30. Laugard. Nú hefir langur tími liðið síðan jeg hefi skrifað í dagbókina. Annir svo miklar að jeg hefi orðið að láta það sitja á hakanum. Nú þarf jeg að rifja upp hið helsta, sem drifið hefir á dagana síðan.

Tíðafarið. Þurrviðri og kuldar hjeldust til maíloka, en 2. júní – laugard. – skifti um tíð. Úrfelli síðan og jafnan hlýtt. Ágætis grasveður. Tún nú orðin ágæt og útlit með sprettu á engi í besta lagi. Jeg byrjaði líka á túninu í dag, og hefir maður ekki átt því að venjast undanfarið að geta byrjað slátt um 11. helgi. –

Nú bý jeg í Blöndudalshólum. Sigfús tók Löngumýrarháflenduna. Bl.hóla keyptum við Sigurjón á 9850 kr. – Jörðin varð 500 kr. dýrari af því við fengum hana í vor. Jeg með hálfu kaupið. Borgunarskilmálar hagstæðir. Fluttum hingað 21. maí. Hjer uni jeg ágætl. hag mínum, en mikið þarf hjer að gera svo að jörðin sje vel sætileg.

Bæjarhús: Baðstofa í þrennu lagi, gömul og snöruð, en mun þó geta staðið nokkuð. Norðurhúsið þó vel viðunandi. Jeg bý í suðurhúsinu, lítil kompa og köld, en ekki ósnotur útlits. Baðstofan er austast bæjarhúsa. Gluggi í suður á suðurhúsi, en á hinum hluta baðstofunnar á vestri. – Búrið er að norðan verðu, næst baðstofu. Það hús er 10-20 ára. Skarsúð. Norðurstofa og hliðveggir þiljað að ofan. All-gott hús. Gluggi í suður yfir göngum. Skáli að norðan verðu, vestast, með lofti yfir. Má heita óstæðilegur. – Eldhús að sunnan verðu, gamalt en stæðilegt og ljelegur eldiviðarkofi suður af. Útveggir að húsum þessum mega allir heita ónýtir og þök flest ónýt. Bæjarhúsið mjög í jörðu og er því byggingin enn verri að sjá að utan, en þegar inn er komið.

Peningshús: Fjós með hlöðu norðan bæjar, – sund á milli. Fjósið nýl. uppgert úr gömlu og hlaðan nýbygð, hvort tveggja sæmil. hús. Önnur peningshús eru þessi: Hólhúsin: 2 fjárhús, yfir rúmar 90 kindur, saman, sperrureist, veikviða, lítið eitt snöruð fram. Veggir gallaðir. Húsin vel stæðileg. Einhöluðkofi norð-vestan verðu húsa, jafnlangur húsunum, má nota bæði fyrir fje og hross. Nýl., en alt of rislítill og viðir liggja því undir skemdum. Ein tótt fyrir þessum húsum með gölluðum veggjum. Fjárhús suður og upp á túni yfir 45 kindur með ljelegum þilstafni framan undir. Sperrureist, veikviðað og mjög snarað. Veggir ljelegir. Einhöluðkofi norðan undir. Viðir litlir og ljelegir, veggir ljelegir. Kofi þessi lá inni á

parti fremst. – 2 hesthúskofar yfir 12 hross, – fremur veikviða og ljelegir.
– Slæm er byggingin og er óhjákvæmilegt að byggja flest upp á næstu árum (5-10). Fjósið, hlaðan og Hólhúsin mun geta staðið lengi. Vonandi kemur það með tímanum. Jeg hefi mikla trú á framtíðinni.¹

Gjaforð: Töfrar draumsins

Í júlí 1923 má svo lesa færslur í dagbók Bjarna sem láta lítið yfir sér en lýsa þó afar merkum tímamótum í lífi hjónaefnanna:

14. Laugard. Við Anna gefin saman í hjónaband vestur í Litladal af síra Birni Stefánssyni. Töluvert margt fólk við. Veðrið yndislega gott. Rignði fyrst í morgun, en stytta svo upp. Blæjalogn, alskýjað og heitt.

15. Sunnud. 13. í sumri. Líkt veður. Við Anna fórum frá Litladal í dag og heim að Hólum.²

Sumarið 1923 líður við uppbyggingu í Blöndudalshólum og hefðbundin bústörf. Bjarni skrifar lítið í dagbók sína, helst stuttar færslur um veðrið og heyskapinn en nefnir söknuð sinn þegar Anna bregður sér daglangt af bæ. Um veturinn hefst farskólinn á ný og er hann haldinn í Stóradal, Litladal og á Grund. Bjarni dvelur því langdvölum að heiman en hefur trúlega komist heim í Blöndudalshóla um helgar. Þegar farskólinn er á Grund er þó lengra að fara og varasamt að halda út í háveturinn. Nú verða bréfin enn á ný að brúa bilið á milli ungu hjónanna.

Grund, 11. des. 1923.

Ástin mín! Hjartans þakkir fyrir alt og alt. Á morgun fæ jeg ferð heim til þín. Sendi þjer því nokkrar línur. – Okkur Óla gekk vel á sunnudagskvöldið vestur yfir. Töfðum lengi á Löngumýri, enda var alt háttað í Litladal, þegar við komum þar. –

Nú lítur út fyrir að ætti að gera gott gangfæri. Getur þá vel verið að jeg komi heim um helgina kemur, ef gott veður yrði á laugardaginn. Jeg veit að mjer leiðist, geti jeg ekki komið til þín. En, vina mín! Þú manst það, að jeg kem ekki nema veðrið sje gott. Þú þarft því ekkert að óttast um mig.

Gvendur Sveinsson lofaði að athuga um ofninn og ná honum upp, væri þess nokkur kostur og koma honum heim að Tindum. Jeg bað hann og að taka tölur í peysuna. – Ef farið yrði út eftir með sleða, þarf auðvitað að

1 Dagbók Bjarna Jónassonar, 30. júní 1923.

2 Dagbók Bjarna Jónassonar, 14. og 15. júlí 1923.

Júlí 1923

Anna fór til á'ls s. p. í dag.
 Óluverdur is er sagður fyrir
 lausd. — Í dag höfðum við
 eiginlegan dag. Meiri hluti
 eiginlegrar semilega vel gættinn.
 Anna og hofum við ekkert þegit
 um angir um þá. —

Óstin mín! Til þín leitas hug-
 um í kvöldkyninu, til þín um
 mítt út fjáru. Nu er þú kominn
 alla leið. Þú fylgst þess. Hug-
 umm út dalinn. Þá þig
 þegar þú fírt af lúki og klappat
 Ásta þig veit að honum þess
 vart um þig eftir þessa fór.

Ágúst 1923

1. Mítt Ágúst. Lohvott s. p.
 Anna kom heim í kvöld ulan
 af á'ls.

2. Kvöld sömu völdinn, þó
 vagn: líkt í dag. —

3. Kvöldur eróð skinn í kvöld,
 annars þust sedu, norðinn
 kub, þoka íð efra. Þust-
 lausd. —

4. August á'ls. góð. Þetta
 þustur fram yfir nín. Þetta
 þustur og fangar lólu. upp, —
 þá sem mest var unnið,
 þustur. upp í kvöld og ma

Úr dagbók Bjarna um mánaðamót júlí-ágúst, 1923.

koma með lopann. En þá er eftir að borga á hann. Jeg veit að kaupfjelaðið
 borgar fyrir mig.

Nemendurnir eru 6, — 5 drengir og 1 stúlka. Vantar enn 2 drengi frá
 Hrafnabjörgum. Helmingur barnanna gengur hingað frá Geithömrum, en
 yfir hinum sit ég á kvöldin frammi í stofu.

Ástin mín! Þetta er fyrsta brjefið, sem jeg skrifa þjer, síðan við
 giftumst, fyrsta brjefið til konunnar minnar. Yndislegur hefir samveru-
 tíminn verið, stöðug fylling vonanna. Hugurinn er meyr af þakklátsemi.

Elskulega konan mín! Tryggi fjelagi í blíðu sem stríðu! Ótal bönd
 tengja sálir okkar saman, því að við höfum gefist hvort öðru, og jeg er þú
 og þú ert jeg. — Og hvert sem jeg fer, flyt jeg þig með mjer, flyt þig í
 heimi endurminninganna, flyt þig í sjálfum mjer. Jeg finn það svo ósköp
 vel, að jeg er ekki lengur eingöngu mitt gamla „jeg“, því að þú ert í mjer.
 Nýjar kendir, nýjar tilfinningar, nýjar hugsjónir, sem þú hefir vakið, eða
 gefið mjer. Meira að segja líkaminn getur flutst til, sbr. „hjónasvipur“;
 ástvinir, sem lengi eru samvistum, verða oft einkennilega sviplíkir. En,
 hvað þá um hinn andlega líkama, sálina? Þar verða skiftin svo óendanlega

ríkari. Ein sál getur orðið hlaðin af sál annarar veru, alveg eins og sólin gefur jörðinni hluta af sjálfri sjer í ylgeislum sínum.

Ástin mín! Þú ert sól lífs míns. Kærleiksgeislar þínir hafa vermt og laugað sál mína og framleitt þar nýjan og betri gróður. Jeg bið guð að gefa, að jeg geti gefið þjer sem mest á móti, að jeg geti veitt sem mestu af frjódögg, ljósi og yl inn í sál þína.

Vina mín! Vertu sæl! Jeg vef þig örmum, í anda og kyssi þig.

Þinn elskandi

Bjarni.

Kær kveðja til pabba og mömmu

þinn

B.J.

13. des.

Ástin mín! Brjefið fór aldrei í gær. Eypór Guðmundsson, sem jeg ætlaði að senda það með sat hjer um kyrt, en nú fer hann í dag.

Vona að veðrið verði sæmilegt á laugardaginn svo að jeg geti komið. Annars getur hugsast, að jeg verði þá að athuga trippin mín og geti því ekki komið. – Hörmulegt að vita af blessuðum hrossunum úti núna. Mjer líður bara illa, þegar jeg hugsa til þeirra. Ekki eru menn enn þá farnir að taka þau inn hjer. Fje hefir og verið beitt þessa daga hjer á Grund og ekki gefin nema hálf gjöf, en frammi í dalnum stendur það alveg við. Útlitið er slæmt. Nú hafa piltarnir mikið að gera heima, þegar farið verður að taka hrossin. Jeg vildi að jeg væri kominn til þess að hjálpa til. Hrossunum hlítur að líða afar illa úti núna á hjarninu í stöðugu stormviðri. –

Altaf blessuð,

þinn

B.

Hjónabandið uppfyllir greinilega allar þær vonir sem Bjarni hafði gert sér og í bréfinu áréttar hann ást sína til Önnu og tilfinningarnar sem hann ber til hennar. Hann er ekki samur maður því hún hefur vakið honum nýjar kenndir og hugsjónir.

Um áramótin 1923-1924 hafa Bjarni og Anna verið gift í nær hálf t ár og lífið er að færast í fastar skorður. Þá staldrar Bjarni við og skoðar helstu þætti lífs síns af yfirvegum og rökfestu, lítur yfir liðna tíð og fram á veginn. Undangengið ár hefur verið viðburðaríkt og fjallar Bjarni m.a. um konu sína, hjónabandið, búskapinn og kennsluna í áramótaannál sem fyllir 28 blaðsíður í dagbók hans:

Áramótin 1923-1924.

Á leitinu. Áramótin eru nokkurs konar leiti á lífsleið okkar, sjónarhæð, sem hyggilegt er að nema staðar á og litast um, líta yfir leiðina fögnu og gera ráðstafanir fyrir ferðalaginu á ókomna tímanum.

Mjög er það misjafnt hvoru megin við leitið hugurinn dvelur frekar og fer það aðallega eftir aldri okkar. Hugur æskumannsins er jafnan allur í ókomna tímanum, en eftir því sem aldurinn verður hærri, á hið liðna meir og meir af hug okkar.

Nú nem jeg staðar á leitinu. Mig langar til þess að litast ofurlítið um, enda stend jeg sennilega á einhverju merkasta leitinu mínu. Á árinu liðna hafa gerst áhrifaríkir atburðir, atburðir, sem hljóta að ráða mestu um framtíð mína.

Hjónaband. Jeg hefi bundist konu, en það er jafnan ábyrgðarríkasti atburðurinn í lífi hvers manns. Gæfa manns fer að mestu eftir því hvernig þau ráð takast. Þau sporin geta leitt til hinnar mestu hamingju, sem nokkurum manni getur hlotnast, en þau geta líka skapað einhver hin grimmustu og ömurlegustu örlög, því mishepnað hjónaband er þyngra en tárur taki.

Jeg held að jeg hefði aldrei getað kvænst án ástar, jeg hefði heldur gengið „einn og óstuddur að þeim dimmu dyrum“. Hjónaband án ástar er ekkert líf, og stundum verra en nokkurt líf. Annars er hæfileiki manna til að elska mjög misjafn. Kaldlyndum mönnum og eigingjörnum er ástin jafnan lítilsvirði. En flestum mun ástin þó vera töfrasprotinn guðdómlegi, sprotinn, sem lýkur upp fyrir þeim aldingörðum Paradísar. Hjónaband án ástar, – hvílík heimska. Það er brot á móti öllu mannlegu eðli, það er brot á móti guði, það er að drýgja hór. –

Jeg hefi bundist konu. Jeg hefi verið heppinn í valinu, því að við unnum hvort öðru af heilum hug, og það er fyrsta skilyrðið, hyrningssteinn hjúskaparhamingjunnar. Sje hugur hjónanna samstiltur og hendur þeirra samhentar, þá mun jafnan vel fara.

En mörg hjónaböndin hafa svo sem farið illa, þó að þau hafi virst vera stofnuð af ást. Jeg veit það, en jeg bið guð að gefa okkur hamingjusama sambúð, og jeg hefi svo sterka von um, að það rætist, að hjartað svellur af gleði.

Anna er ein af þeim konum, sem hljóta að verða góðar eiginkonur, njóti þær ástar í hjónabandinu. Hún er ástrík og göfug, blíðlynd, en svo kvenlega hóglát, að ástaratlotin fá hinn dýrlega helgiljóma, sem halda þeim jafnan ferskum og gefa von um nýja dýrð. Hún hefir ágæta hæfileika: góðar gáfur og er svo hög, að það leikur alt í höndunum á

henni. Hún er sívinnandi og alt, sem hún gerir er með sama snyrti-svipnum. Hún hefir þennan dýrlega hæfileika að geta gert hvert hreysi vistlegt. Þetta er engin persónulýsing, enda átti það aldrei að verða það.

Jeg hefi bundist konu. Jeg finn til ábyrgðarinnar, sem á mjer hvílir, og jeg væri ódrengur, ef jeg reyndist ekki Önnu eins vel og geta mín leyfir. Án hennar hefði ekkert orðið úr mjer. – En sú breyting. Meðan jeg var einn, fanst mjer líf mitt svo tóm og tilgangslaust, og ráð mitt var stöðugt á reiki, en nú er alt hik horfið. Nú er það ekki lengur jeg einn. Nú hefi jeg ástvin við hlið mjer, og jeg finn það stöðugt, að afleiðingar athafna minna snerta einnig hana. Ef nokkuð getur knúð mig til dáða, þá er það þetta. –

Jeg er hamingjusamur, því að jeg elska og er elsaður. Hjúskapartíminn enn stuttur, en vonirnar hafa fyllilegt rætst. Jeg get ekki kosið mjer meiri sælu.

Brúðkaup okkar var 14. júlí. Það var á túnaslætti. Veislan stóð í Litla-dal. Síra Björn á Auðkúlu gaf okkur saman, en svaramenn voru: Guðm. Ólafsson alpm. Ási, móðurbróðir minn og Friðfinnur Jónsson trjesmiður Blönduósi, móðurbróðir Önnu. Fór vígslan fram í heimahúsum. Yndislegt var veðrið. Veislugestirnir spáðu auði og friði. Það rigndi um morguninn. Jeg er ekki að biðja um auð. Mjer er nóg geti jeg skapað okkur sæmil. heimili. Jeg man að síra Björn mintist bæði á hitann og kyrðina, kvað það boða ástúðlegt og friðsamlegt hjónaband. Þökk sje honum og öðrum fyrir hamingjuóskirnar.

Konan mín. Anna Margrjet Sigurjónsdóttir er fædd í Hvammi í Laxár-dal í Bólstaðarhlíðarhreppi 4. okt. 1900. Hún er því nær 10 árum yngri en jeg. Þar bjuggu þá foreldrar hennar: Sigurjón Jóhannsson hreppstjóra Sigvaldasonar í Mjóadal og Ingibjörg Solveig Jónsdóttir bónda Guðmundssonar á Strjúgsstöðum. Misserisgömul fór Anna að Auðólfsstöðum til móðurbróður síns Guðm. Jónssonar bónda þar og dvaldi þar í 3 misseri, en flutti þá heim aftur til foreldranna, sem nú bjuggu á hálfri Finnstungu. Vorið 1913 flutti hún með foreldrum sínum að Eiríksstöðum í Svartárdal. Þar bjuggu þau hjónin 4 ár. Vorið 1917 fluttu þau svo að Austurhlíð í Blöndudal. Keyptu þá jörð af Þorsteini Pjeturssyni.

Barnaskólamentun sína fjekk Anna í farskóla Bólstaðarhlíðarhrepps. Kennarar hennar voru: Tryggvi Jónasson, nú bóndi í Finnstungu og Ingibjörg Guðmundsdóttir frá Mjóadal. – Veturinn 1917-1918 stundaði hún nám við kvennaskólann á Blönduósi, en veturinn eftir gat hún ekki haldið áfram námi, sökum veikinda móður hennar, sem þá lá í sjúkrahúsinu á Sauðárkrók, og varð Anna þá að veita búi föður síns forstöðu. –

Við hannyrða- og saumanám var hún: veturinn 1919-20 hjá Unni Pjetursdóttur á Bollastöðum og í Reykjavík veturinn 1921-1922.

Bújörð og skóli. Síðan jeg tók við farskólakenslunni í Svínavatnshreppi hefir það verið von mín, að sem fyrst kæmist upp fastur skóli með jarðarnytjum á skólastaðnum fyrir kennarann. – Og þetta er áreiðanlega markið, þó að jeg njóti aldrei góðs af. – Jón í Stóradal hóf umræður um þetta mál í „Sveitinni“ veturinn 1919-1920. Tillaga hans var sú að sveitin fengi umráð yfir ákveðnum jarðarnytjum á Auðkúlu og bygði þar skólahús á sínum tíma. – Fræðslunefndin gerði tilraun til þess, að fá þessa kvöð lagða á jörðina, þá er prestaskiftin urðu, en árangurslaust. – Litlar líkur og til, að skólahús yrði reist á næstunni, sökum fjárhagsvandráða, þó að málinu ynnist fylgi. Eins og málið horfði við, gat jeg ekki vænst þessara umbóta í nánustu framtíð. Jeg hafði því hug á að ná eignarhaldi á jörð inni í sveitinni, þar sem jeg gæti haft skólann heima hjá mjer.

Jarðar kaup. Jeg hefi náð eignarhaldi á jörð, en um leið er útsjeð um það að jeg geti nokkurn tímann haft skólann heima hjá mjer. Jeg hefi því orðið að slá af kröfunum. Ekki sje jeg þó eftir því sem gert er. – Blöndudalshólar eru svo settir, að þægilegt er að stunda þaðan kenslu í Svínavatnshreppi. Enginn vandi að vera jafnan heima um helgar. Fyrst jeg varð að fara út úr hreppnum, gat jeg naumast lent á heppilegri stað, hvað það snerti. En starfið verður alt utan heimilisins hálf árið, og er það auðvitað leiðinlegt. Hvímleitt gæti það og orðið, en meðan Sigurjóns tengdaföður míns nýtur við, þarf jeg ekkert að óttast um búið, þó að jeg sje fjarverandi. Jeg tel því líklegt að jeg haldi áfram við kenslustörfin, meðan Sigurjón getur haft umsjón með búi mínu, en svo hæpið úr því. Það er miklum vandkvæðum bundið að reka bú með kenslu, sje sitt í hvoru lagi.

Ítrekaðar tilraunir gerði jeg í fyrra vetur til þess að ná í jörð inni í Svínavatnshreppi, en tókst ekki. – Hjelt í fyrstu að Guðrún á Löngumýri ynnist til að selja Syðrilöngumýrina, en það var ófáanlegt, og gerði jeg þó hátt boð. Tungunes var auglýst til sölu, en það var einungis mála-myndaráðstöfun, og varð því ekkert úr sölu. Svo kom nú Ytrilangamýri, en það fór nú alt í hundana og köttinn. Óvinátta okkar Jóns Pálmasonar eyðilagði það tækifæri. – En eins og jeg hefi áður tekið fram, sje jeg ekki eftir jarðakaupunum, þó að ýmsu leyti væri verra að þurfa að fara út úr hreppnum.

Blöndudalshólar. Jörðin sennilega all-góð. Kynnin ná enn svo stutt, að jeg á ekki hægt með að dæma um, svo að ábyggilegt sje. Slægna jörð.

Túnið all-grasgefið, greiðfært, en lítið vel sljett. Gefur sæmil. venjulega af sjer tæpa 200 hesta utan háar. Hætt við að brenni af hólunum í þurkum. Engið suður frá túni, afgirt frá beitolandi. Heldur hallamikið. Greiðfærar mýrar og vallendisbörð. – Grasgefið. Stutt á engið, en vegur ekki góður. Í enginu var slegið s.l. sumar 470 hestar og stóð þá a.m.k. um þriðjungur eftir ósleginn. Get því búist við að í enginu megi hafa um 700 hesta slægjur. Á flóanum fyrir utan og neðan má áreiðanlega hafa töluv. slægjur, og auk þess er töluvert slægjulendi hingað og þangað um brekkurnar. Beitolandið er ljett, en jarðasælt. Hús jarðarinnar eru yfirleitt lítilfjörleg og flest í slæmu ásigkomulagi. Hefi lýst þeim áður í dagb., í vor.

Sjerstök veðursæld er í Bl.hólum, og jörðin einkar hæg og sennilega farsæl bújörð.

Fjármál. Í haust setti jeg á vetur: 1½ kú, 10 hross og rúml. 120 sauðkindur. Þá er jarðeignin: ½ Blöndudalshólar. Fasteignamat jarðarinnar allrar er ekki nema 5000 kr., en kaupverðið var 9850 kr. Jarðarhellingur minn allur í skuld. Tók að mjer veðskuld sem hvíldi á jörðinni við Kirkjujarðasjóðinn, að upphæð kr. 2350,00. Í fyrstu afborgunina í haust 2000 kr. fjekk jeg lán hjá Katrínu Guðnadóttur frá Brún. Lánið er veitt til 10 ára gegn 6% vöxtum p.A. og jöfnum afborgunum með 200 kr. árl. Aðrar skuldir litlar, og ekki meiri en fyrir því, sem jeg á úti-standandi.

Búnaðarumbætur á árinu. Þar er um fátt að ræða. Jarðar kaupin seint ráðin og undirbúningur því enginn. Hyggilegra og að fá nána kynningu af jörðinni, áður en ráðist er í framkvæmdir. Brutum land til túnræktunar út og niður á bakka c. 1 he. Vatn leitt inn í fjósið. Ekkert byggt, en töluv. aðgerðir á húsinu, svo að peningshúsin mega heita sæmil. vistleg.

Litið til baka. Jeg hefi nú um stund dvalið við liðna árið, verið að líta til baka. Árið liðna hlýtur að marka tímamót í lífi mínu. Nú fyrst hefst starf mitt sem bónda. Nú fyrst er líf mitt búið að fá ákveðinn farveg. Jeg hefi eignast fylgd góðrar konu, en það er fyrsta skilyrðið fyrir hamingjusömu lífi. Og jeg hefi kosið mjer bústað. Það atríðið einnig mjög mikilsvert. Jeg hefi knýtt líf mitt við líf annarar manneskju. Við höfum heitið hvort öðru hinni nánustu samvinnu, sem til er meðal mannanna. Hjeðan af stendur hún, vina mín, við hlið mjer og tekur þátt í lífsstarfi mínu. Velferð beggja er undir því komin hvernig samvinnan tekst. – Hún nýtur með mjer ávaxtanna af störfum mínum og gagnkvæmt. Hver nýtileg framkvæmd styður að gæfu hins. Það eru hin dýrlegu víxlskifti: að gefa og þiggja. Að gefa, en vera þó ríkari eftir en áður, að þiggja án þess að vera talinn í skuld. – Og við höfum valið okkur bústað.

– Hjeðan af á líf okkar að vera tengt við Blöndudalshóla. Jeg segi hjeðan af. Auðvitað veit enginn hvað framtíðin ber í skauti, en hitt þykir mjer líklegt, að jeg skifti ekki um bústað, svo fremi að engin óhöpp komi fyrir, svo að jeg verði tilneyddur. Mjer er óljúft að breyta mikið til. – Jeg hygg og, að jeg muni una vel hag mínum í Blöndudalshólum. –

Hvað er framundan? Gamla árið er liðið. Jeg stend á leitinu. Nýja árið bíður, en hvað það ber í skauti sínu, fær enginn sagt um. Gláður kveð jeg gamla árið, og gláður heilsa jeg hinu nýja. Jeg vona að jeg geti sagt hið sama um næstu áramót. Framtíðin er hulin, en hugur vor er góður smíður og nægilegt er efnið: vonir okkar og þrár. Marga höllina mun vegfarandinn líta af leitinu, og þó það hafi ekki verið annað en skýjaborg, hefir hún sennilega ekki verið bygd til einskis, því að jafnvel þó að vonirnar rætist aldrei, knýja þær til dádá. –

Jeg stend á leitinu. Ótal verkefni bíða. Mjer finst jeg hafa sterka löngun til að starfa, og jeg hefi sterka trú á því, að jeg geti unnið nokkurt gagn með aðstoð Önnu minnar elskulegrar.

Kennarastarfið. Jeg hefi frá því fyrsta haft ánægju af því að kenna, mjer hefir fundist það vera köllun mín, og jeg held að jeg hafi unnið töluvert gagn. – Jeg veit að jeg er ekkert mikilmenni, en mjer veitist fræðslustarfið heldur ljett. – Það er dýrlegt starf. Það er unun að finna barnssálirnar vaxa, og það er ábyrgðarmikið og veglegt starf að hlúa að þroska þeirra. En það er erfitt starf, og stundum verður maður fyrir vonbrigðum en marga ánægjustundina hefi jeg þó haft af starfinu.

Jeg hefi ætlað mjer, að gera kensluna að lífsstarfi, ekki einungis vegna launanna, heldur og vegna starfsins sjálfs, og jeg vona að jeg eigi enn eftir að gera nokkurt gagn.

Hefi jeg enn sömu ánægjuna af starfinu? Jeg læt spurningunni ósvarað að sinni. Mjer finst jeg stundum vera í nokkurum vafa. Hugurinn er nú skiftari en áður var, enda er það ekki að undra, því að jeg stend á tímamótum. Nú þarf jeg að gefa vel gaum þeim breytingum sem verða hið innra hjá mjer.

Slæm er aðstaðan við starfið, og óvíst er að mikilla umbóta sje að vænta í nánustu framtíð. – Almennigur vill sem minstu til kosta í þessu efni, og margir mundu gjarnan vilja strika út alla opinbera barnafræðslu. – Heppilegustu lausn í bráðina teldi jeg: að kent væri einungis í tveim stöðum (Stóradal og Litladal), og væru börnin flokkuð á kenslustaðina eftir aldri og þroska. Væri jafnan kent í sömu stöðunum, t.d. í Stóradal og Litladal, væri hægra að koma flokkuninni við. Börnin væru í tveim sjálfstæðum deildum, eldri börnin með 3 mánaða kenslu og hin a.m.k.

með 2 mánuði. Jeg teldi það ekki óhyggilegt að stytta tímann um mánuð, ef deildirnar væru einungis tvær. – En til þess þarf samþykki kenslumálaráðuneytisins. Fræðslunefndin hefir breytingu þessa nú með höndum, en svar er ókomið enn að sunnan. –

Búskapurinn. Ekki mun jeg vera verulega hneigður til búskapar, en þó finst mjer hugurinn hafa frekar hneigst að því nú á síðari árum. Aldrei hefir mjer leiðst erfiðisvinna, og að heyvinnu hefi jeg verulega ánægju. Mjer hefir og gengið heldur vel að afla heyja. Enn sem komið er, er það líka áreiðanlega mín sterkasta hlið við búskapinn. – Skepnur hefi jeg aldrei hirt, nema kýr, þegar jeg var drengur. Eins og að líkindum lætur, hefi jeg því lítið vit á fjenaði. Það er stór vöntun á hverjum bónda. Jeg hefi heldur enga verulega ánægju af búpeningnum, enda mun svo jafnan vera, ef ekki er um daglega umgengni að ræða. – Pau dýrin, sem mjer hafa verið handgengnust eru hundar og kettir, enda á jeg margan kunningjann í þeirri sveit.

En jeg er ekki einn við búskapinn, þar sem jeg hefi Önnu mína við hlið mjer. Henni fellur aldrei verk úr hendi, bráð verklagin og hygginn.

Samvinna. Búskapinn rekum við Sigurjón tengdafaðir minn í sameiningu. Samvinna við öll störf og sameiginlegt mótuneyti. Með þessu móti ætti búreksturinn að verða ódýrari. Það er gott og blessað, geti samkomulagið verið gott, og hefi jeg góða von um að svo verði. Skaplíkir erum við Sigurjón þó ekki, og mikið vænna þykir mjer um Ingibjörgu en hann. Enginn vafi á, að jeg get lært mikið af Sigurjóni hvað búskap snertir. Hann er að mörgu leyti góður búmaður: afburðaverkmaður og ágætis fjármaður.

Umbótaskilyrði. Mikið þarf að laga túnið svo að vel sje. Sennil. ætti þó útgræðsla að sitja fyrir fyrst um sinn, því að mjög mikils er um vert að auka töðufallið. – Ábyggilega ódýrast að rækta tún að nýju út og niður á bakkanum. Nýræktin ætti því öll að vera þar. Sennilega mikið og gott mótak í flóanum, og ætti því ekki að þurfa að brenna miklu af sauðataði, en það er mikilsvert atriði, þegar um nýrækt er að ræða. Um umbætur á enginu er naumast að ræða, nema girðingar. Núverandi engjagirðing þarf mikillar aðgerðar, og nýjar girðingar þurfa að koma úr henni og til árinna, önnur á merkjum milli Hóla og Brandsstaða og hin sunnan við túnið. – Girðingu þarf og þegar að vori um nýræktina út og niður. Fullkomin landamerkjagirðing væri auðvitað mjög nauðsynleg, sjerstaklega á milli Hóla og Brandsstaða. Enginn vafi er á að álitlegt er með garðyrkju í Hólum. Smágarður er nú á hólnum út og niður, og þyrfti að auka garðyrkjuna að miklum mun.

Húsakynnin. Það er mikið og kostnaðarsamt verk að byggja upp í Hólum. Peningshús þau, sem til eru geta flest staðið töluvert, en viðbótar þarf þegar að vori. Þurfum við þá að byggja fjárhús og hesthús niður á Hólanesi. – Þessar húsagerðir drepa engan, en örðugra verður með bæinn. Það er hreinustu vandræði að þurfa að búa lengi við húsakynnin eins og þau eru nú, en óhjákvæmilegt er þó að láta dragast nokkuð með bæjarsmíði. En hvernig á þá að byggja? Og á að byggja bæinn í sama stað? Þessum spurningum er jeg að velta fyrir mér, og jeg get ekki svarað þeim enn. Þetta er hið mesta vandamál, og ríður mikið á að ekki sje rasað fyrir ráð fram. –

Á hverju á að byrja? Aðalstarfið á næsta ári verður út og niður á bakkanum. Þar þarf að koma girðing, og því sem er brotið af landinu, þarf að koma í rækt. Loks þarf að byggja þar peningshús – eins og fyr er ádrepið. Fylsta nauðsyn væri og að fá merkjagirðingu að sunnan. Hefi ekki enn gert mjer fulla grein fyrir kostnaðinum við alt þetta. En ekkert af þessu getur dregist, nema girðingin að sunnan.¹

Athyglisvert er að sjá hvernig Bjarni notar dagbókina til að greina líf sitt og fá skýra yfirsýn yfir helstu þætti þess svo hann geti sem best skipulagt næstu skref. Ást hans og hamingja er augljós þegar hann fjallar um Önnu og hjónabandið en hann elur þó ekki á neinum draumórum því hann getur þess einnig að mörg hjónaböndin hafi farið illa þó til þeirra hafi verið stofnað af ást. Með þessu gerir hann þó ekki lítið úr hamingjunni heldur minnr sjálfan sig á nauðsyn þess að ganga áfram af fullri meðvitund.

Þegar Bjarni skoðar starfsvettvang sinn vegur hann og metur hvort eigi betur við sig, starf bóndans eða kennarans. Hann hefur verulega ánægju af kennslunni og líkt og hann getur margoft í dagbókum sínum og bréfum lítur hann á kennsluna sem annað og meira en starf, hún er hugsjón sem hann sinnir af heilum huga. Hann vill veg þjóðar sinnar sem mestan og telur menntun og menningu eitt öflugasta vopnið til framsóknar og framþróunar í heiminum, því er nauðsynlegt og göfugt verkefni að hlúa að uppfræðslu og innrætingu barnanna sem erfa munu landið. Sem kennari vinnur hann því þjóð sinni gagn um leið og hann stuðlar að þroska barnanna og veitir þeim veganesti inn í framtíðina. Bjarni telur sig vel fallinn til kennslu en öðru gegnir um búskapinn þó hann finni hug sinn heldur hneigjast að honum með tímanum. Hann segir heyskapinn sína sterkustu hlið við búskapinn og eins og lesa má úr reglulegum skýrslum um túntekju og heyafla í dagbókum hans er það helst þar sem áhugi hans liggur. Einnig hefur hann áhuga

1 Dagbók Bjarna Jónassonar, um áramót 1923-24.

á jarðabótum og almennum umbótum en þar má glöggst greina framfarahuginn sem einkenndi allt hans starf. Bjarni hafði mikinn áhuga á hagfræðilegum málefnum og má segja að áhugi hans á búskap hafi helst verið af hagfræðilegum toga. Hólaannáll um áramót 1924-1925 er til að mynda mun meiri rekstrarskýrsla en annállinn hér að ofan enda skilgreinir hann þar annálaritun gagnert í þá veru:

Fyrst og fremst safnaðist á þennan hátt smám saman mikill sagnfræðilegur og hagfræðilegur fróðleikur, og í annan stað er ekki ósennilegt, að þetta gæti orðið all-rík hvöt til umbóta.¹

Þegar Bjarni spyr sjálfan sig um áramótin 1923-1924 hvort hann hafi enn sömu ánægju af kennslunni finnst honum hann ekki geta svarað því þar sem hann standi á tímamótum og þurfi að meta ýmsa kosti og galla. Því sé nauðsynlegt að gefa góðan gaum að þeim breytingum sem verða innra með honum. Leitin að sjálfsþekkingu er mikilvægur þáttur í persónulegum skrifum Bjarna. Hann notar dagbækurnar til að átta sig á upplagi sínu og tilfinningum svo hann geti bætt það sem hann telur að betur megi fara. Í janúar 1924 heldur hann áfram að meta ástæður en nú tekur hann sjálfan sig til ítarlegrar rannsóknar í dagbókarfærslum sem hann nefnir „Skuggsjá“:

6. Sunnud. *Skuggsjá*. Hverjum manni er það nauðsynlegt að þekkja sjálfan sig sem best, en yfirleitt er okkur töluvert áfátt í því efni. Mörgum veitist það ljettara að finna gallana hjá öðrum en hjá sjálfum sjer, því að „hverjum þykir sinn fugl fagur“. Þess vegna hættir okkur og til þess að skoða hæfileika okkar og kosti gegnum stækkunargler sjálfselskunnar og sjálfsbirgingsskaparins. – Þessa annmarka verður hver samviskusamur maður að hafa í huga við sjálfsprófun. –

Jeg hefi nú í huga að skrifa í dagbókina smá hugleiðingar um sjálfan mig undir fyrnefndri fyrirsögn. Mjer dylst það ekki, að þetta er mikið vandaverk, og að á því hljóta að verða töluverðir gallar. En fyrir mjer vakir þetta: að með því móti knýi jeg mig til ítarlegri rannsóknar á sjálfum mjer.

7. Mánud. *Skuggsjá*. Jeg er að upplagi fremur feiminn og óframfærinn og hefir það oft orðið mjer til mikilla бага. Framkoma mín hefir þá orðið þvinguð og óeðlileg, og jeg ekki getað notið mín, nema til hálfs. Jeg hefi barist á móti þessu hugleysi, og nokkuð hefir mjer áunnist, en enn þá er mikið óunnið. Á sumum umræðufundum hefi jeg setið þegjandi af engu öðru en kjarkleysi, þó að jeg hafi fundið það með sjálfum mér, að jeg

1 Dagbók Bjarna Jónassonar, 1. janúar 1925. Sjá Hólaannál 1924-25 í viðauka II.

gæti lagt eitthvað nýtilegt til málanna. Mjer hefir þá stundum liðið illa. Umræðuefnið er mjer töluvert áhugamál. Mjer líkar ekki meðferð ræðumannsins, en jeg bið samt ekki þegar um orðið, annar verður á undan mjer og hann tekur fram nokkuð af því sem jeg vildi sagt, þó að mjer virðist e.t.v. að jeg hafi hugsað þetta atriði betur. Jeg þegi. Mjer finst ræðumaðurinn á undan hafa að nokkru leyti tekið ómakið af mjer, og því sje lítið eftir handa mjer. Kjarkurinn verður minni eftir því sem jeg sit lengur, og svo fer að mjer kemur ekki lengur til hugar að taka þátt í umræðunum. –

Nú orðið kemur þetta naumast fyrir á fundum hjer inni í sveitinni, en enn þá hefi jeg ekki haft kjark í mjer til þess að taka til máls á þingmálafundunum fyrir alþingskosningarnar hjer í sýslu, og hefi jeg þó jafnan fylgt þeim af áhuga. Jeg skammaðist mín í haust fyrir að þegja á fundinum í Bólstaðarhlíð. Jeg held að jeg hefði getað unnið flokki mínum þar nokkurt gagn. – Penna heigulshátt verð jeg að yfirbuga. En er jeg þá í raun og veru heigull? Jeg held ekki. Jeg hefi lent í töluverðum deilum á mannfundum, og jeg hefi þá jafnan harðnað, ef á mig hefir verið ráðist. En mig vantar næga djörfung og einurð, og jeg hefi ekki nægilegt sjálfstraust. – En huglaus er jeg ekki. Jeg hefi lent í lífsháska, en jeg tapaði mjer þó ekki eitt augnablik, enda varð það það sem bjargaði. – Það var í Sljettá, að mig minnir vorið 1918. Áin var í stólpaflóði, enda var asahláka og þá mikið til að leysa. Áin hafði ekki enn brotið alstaðar af sjér ísinn, en fjell kolmórauð ofan á. Jeg fór heiman að um morgun frá Litladal og yfir að Guðlaugsstöðum á barnapróf. Eitt skólabarnanna var með mjer: Sigurður Arnljótsson. Hann var gangandi en jeg ríðandi. Snjóbrú var enn á ánni um klappirnar í Vaðhvammi, þar fór Siggi yfir, en jeg treysti ekki brúnni að halda hestinum. – Jeg lagði því að ánni um vaðið í hvamminum. Hugði jeg ána þar íslaus og fanst ólíklegt að hún mundi verða mjög djúp, en árennileg var áin ekki. Parna fjell hún kolmórauð með miklum straumpunga, og skamt fyrir neðan er klettagil með flúðum og fossum. Jeg legg þó út í. – Óðar en varir er komið á sund. Klárinn, það var Blesi gamli, hrekur óðfluga undan og gilið er skamt frá, en þó kemst hann austur yfir álinn. En þá tekur ný hindrun við. Við austurlandið er ísskör og er sund við skörina, – og því engin tök að hesturinn hafi sig upp úr. Þegar hestinn bar að skörinni, var jeg við því búinn að fleyja mjer af hestinum og upp á ísinn, og tókst það. Gætti jeg þess vandlega að missa ekki hestaumana. En nú var eftir að ná Blesa upp úr og loks tókst það, alveg niður við flúðir, þar náði hann fótfestu á klöpp nokkurri og gat hafið sig upp á skörina. –

Allan tímann var jeg rólegur. Mjer varð þegar ljóst að jeg var í hættu, en það truflaði á engan hátt nje deyfði hugsun mína. Jeg fann að nú var annað hvort að duga eða drepast, og að því reið lífið á að missa ekki stjórn á sjálfum sjer, og það tókst. Við Blesi vorum báðir komnir upp úr ánni að austan verðu, þar sem Sigggi beið skælandi. –

Jeg hefi líka verið talinn sæmilega áræðinn í ferðalögum, bæði við ár og í veðrum. Nei, huglaus er jeg ekki, en mig vantar þetta stöðuga öryggi í umgengni við aðra, öryggið, sem gefur okkur sama jafnvægið við hvern, sem er að skifta. –

Mjög er það misjafnt hvað þessi veikleiki minn gerir vart við sig. – Fáir jeg hrist hann af mjer í upphafi, þá er jeg jafnan hólpinn. Ekkert ber frekar á því, þar sem jeg er með öllu ókunnugur.

Jeg minnst kennaranámsskeiðsins 1921. Þó að jeg segi sjálfur frá, held jeg, að jeg hafi haft þar einna mest áhrif. Jeg fann mig öruggan þegar í upphafi, og um leið var vegurinn ruddur.

8. Þriðjud. *Skuggsjá*. Þegar barn var jeg ákaflega bókhneigður. Mjer hefir verið sagt, að jeg hafi að heita mátt lært fyrirhafnarlaust að lesa. Jeg las alt sem jeg náði í. – Áður en jeg var fermdur hafði jeg lesið alla biblíuna, allar Íslendingasögurnar, Fornaldarsögur Norðurlanda, Árbækur Espólíns og mikið af skáldsögum. – Veturinn sem jeg var fermdur þar jeg landnámu saman við hinar einstöku sögur og skrifaði upp það sem á milli þar. Þann vetur fjest jeg einnig við að rekja ættartölur. Rakti jeg föðurætt mína, ætt Sveinbjarnar í Hnausum og Ólafar á Eiðsstöðum. Sennilega er hugur minn einna hneigðastur fyrir skáldskap og fagurfræði, og það eina sem jeg hafði upp úr dvöl minni á Blönduósi, var það, að jeg las alt sýslubókasafnið að heita mátti. Þá kyntist jeg ýmsu því fegursta í bókmentum heimsins. – En jeg veit að jeg hefi verið of miklum tíma í reyfaralestur. Tíminn er of naumur til þess að lesa alt, sem að hendi kemur og ruslið er einskis nýtt. Einnig les jeg oft ekki með nægilegri athygli. Þetta tvent þarf jeg að hafa hugfast: að velja vel og að lesa með fullri athygli.

EKKI mun jeg lesa eins mikið nú og þegar jeg var unglingur, enda þoli jeg það ekki vegna augnanna. Jeg var altaf með bók. Við matinn og hvenær sem tækifæri gafst. Las jeg þá stundum við slæma birtu, stundum við tunglskin og mun jeg heldur hafa veikt sjónina á þessu. Nú orðið les jeg lítið um heyannirnar. Mest les jeg í skammdeginu, þá vaki jeg jafnan eitthvað fram á nóttina við lestur. –

Veturinn 1920-1921 gat jeg naumast lítið í bók um tíma, sökum

augnanna. En vorið 1921 ljét jeg augnlækni skoða augun (A. Fjeldsted) og fjekk mjer gleraugu. Síðan jeg fjekk þau hefi jeg þolað vel lestur. Augnlæknir kvað mig ekkert vera farinn að tapa sjón, en sagði sjónina veika.

9. Miðvd. *Skuggsjá*. Heldur mun jeg vel lyntur. Full örlyndur, en sáttfús. Nú orðið kemur það ekki oft fyrir að mjer renni í skap svo að á beri, en þó hefi jeg ekki næga stjórn á mjer enn. Markið: fullkomin sjálfstjórn. Jeg er full kappgjarn í samræðum, og hættir þá stundum til að tala mig of heitan. Til athugunar: Tala hægra og rólegar og fara gætilega í að nota sterk orð.

Jafnan hefir mjer samið vel við gamalmenni og börn. Fult svo vel kem jeg skapi við konur sem karla. – Full opinskár mun jeg vera um eigin hag. Glæðlyndur mun jeg vera og fremur ræðinn. Fyndinn er jeg ekki og alveg laus við háð. Gleði mín er því sjaldnast á kostnað annara. Kæti mín enn stundum barnsleg. Lundin er viðkvæm. Tilfinningarnar eru næmar og opnar fyrir öllu fögru, en e.t.v. full næmar fyrir áhrifum. Klúryrði og ruddaskap get jeg ekki þolað. Held að jeg sje yfirleitt sæmilega kurteis í umgengni.¹

Enn tekst Bjarni á við spurninguna um hvort hann sé heigull en kemst að þeirri niðurstöðu að svo sé ekki, hinsvegar þurfi hann að taka á feimni og óöryggi í umgengni við aðra sem háí honum á fundum og mannamótum. Einnig setur hann markið á fullkomna sjálfstjórn svo hann náí að halda ró sinni í kappræðum. Hann metur lund sína viðkvæma og tilfinningarnar næmar og opnar fyrir öllu fögru, þetta fer ekki á milli mála við lestur bréfa hans og dagbóka þó þar komi jafnframt önnur persónueinkenni í ljós sem hann lætur ógetið, svo sem samviskusemi, einlægni, vinnusemi og einurð.

Í byrjun árs 1924 er farskólinn staðsettur á Grund í Svínadal og þá er löng leiðin til Önnu í Blöndudalshólum.

Grund, 4. jan. 1924.

Ástin mín!

Hjartans þakkir fyrir brjefið frá því í gær. Jeg var bæði undrandi og glæður, þegar jeg sá frá hverjum brjefið var. Reyndar sá jeg til ykkar á vatninu og gat búist við að þú værir þar á ferð, en jeg gat ekki vænst þess, að þú gætir komið línu til mín. – Jeg bjóst við þabba þínum að Kúlu og hjelt að jeg mundi fá línu með honum, en þegar það brást, var jeg hættur að vonast eftir brjefi frá þjer. –

1 Dagbók Bjarna Jónassonar, 6.-9. janúar 1924.

Mjer gekk vel í fyrrakvöld vestur að Litladal. Tafði lengi í Stóradal, því að jeg þurfti að gera upp við Jón reikninga fyrir lestrarfjélagið og sjálfan mig. Byrjaði kenslu í gær um hádegíð. Sömu börn og fyrir jólin. Í dag kendi jeg einungis í 3 stundir, sökum jarðarfarinnar. Við fórum 3 hjeðan, þær mæðgur Ragnh. og Ingiríður og jeg. Fátt fólk. Ekkert austan Blöndu, nema frá Eyvindarstöðum. – Annað: Tungunesbræður Haraldur og Erlendur, Ljótshólahjónin, Guðrún á Snæringssst. og dóttirin Ingibjörg og maður hennar Hinrik á Þingeyrum. Ingibjörg bað mig fyrir kæra kveðju til þín. Ágæt ræða hjá síra Birni. Hann var Margrjeti heitinni nákunugur, hún var vinnukona hjá honum á Bergsstöðum. Hann þekti því verkin og lundina hennar Margtjetar. Einnig las prestur upp eftirmæli eftir Gísla Ólafsson, – lagleg erindi. –

Mun komast af án þess að fá peninga hjá K.H. En viltu vita hvernig reikningur minn hjá K.H. stendur? Bið þig og að borga á gjöfina á lopann til Halldórs, en til þess þarftu að fá peninga út hjá Kaupfjélaginu. Taktu þá dálítið meira, svo að þú hafir eitthvað í afgang. Góður brúnn litur kvað fást hjá Kristófer Kristóferssyni. Reyktóbak mun ekki fást í K.H., – gerir ekkert. En fáist munntóbak, þá taktu nokkur lóð. –

Mundu það, að hlífast ekki við að taka út í reikninginn minn, leiki þjer hugur á einhverju. –

Víst væri gaman, ef þú kæmir hjer við í heimleiðinni, en það er töluverður krókur, svo að jeg vil alls ekki, að þú sjert að leggja það á þig, nema að þú fáir sleðaferð hingað fram í dalinn. Jeg skrepp líka heim um aðra helgi, svo að ekki verður langt þangað til að fundum ber saman. Góða, farðu gætilega heim. Þú mátt ekki vera ein á ferð. –

Ástin mín! Jeg á enn eftir að þakka þjer fyrir um jólin. Dýrlegur var samverutíminn. Endurminningarnar verma mig til hjartans, og þær hugga mig í einverunni og lofa nýjum fundum og meiri hamingju. Yndisleg eru víxlskifti elskendanna: að gefa og að þiggja. Að gefa, en vera þó ríkari eftir en áður, að þiggja, án þess að vera talinn í skuld. – Það er einmitt hið guðdómlega við það, það sem gefur hjúskapnum hina sjerstöku helgi fram yfir aðra samninga, það sem gerir hjónabandið, að nokkurs konar sakramenti.

Nú er komin rauða nótt. Jeg verð að hætta. Jeg bið kærl. að heilsa Jóni og Dúfu og litlu stúlkunni. –

Góða nótt, ástin mín! Jeg hlakka til að koma heim um aðra helgi. –
Vertu svo alltaf blessuð

þinn elskandi, Bjarni.

Í janúar dynur yfir mikið áfall í Blöndudalshólum þegar Sigurjón, faðir Önnu, veikist alvarlega og er ekki hugað líf. Eins og kemur fram í dagbókum Bjarna var lungnabólga algengt banamein á þessum tíma en úrskurður læknis er að Sigurjón þjáist af lungnabólgu, brjósthimnubólgu og heilahimnubólgu að auki sem muni draga hann til dauða. Fljótlega er talið að ekki sé um heilahimnubólgu að ræða heldur eitrun frá lungum til heila. Sigurjón liggur þunga sjúkralegu í vikutíma en svo bráir smám saman af honum. Bjarni dvelur eins mikið heima í Blöndudalshólum og honum er unnt þennan tíma en eftir að Sigurjón er úr hættu veltir Bjarni fyrir sér hvaða afleiðingar fráfall hans hefði getað haft:

Örðugri hefði mjer orðið búskapurinn, ef Sigurjón hefði fallið frá, og sennilegt, að jeg hefði ekki til langframa geta haldið hvort tveggju: kenslunni og búskapnum. Vonandi fæ jeg enn að njóta aðstoðar Sigurjóns um langt skeið, því að hann er svo sem ekki gamall maður.¹

Fjarlægðin frá heimilinu er Bjarna ávallt erfið en löngunin til að vera nærri Önnu verður enn sterkari þegar hann veit að hún á um sárt að binda vegna veikinda Sigurjóns:

Jeg hafði ætlað mjer heim að Hólum í dag, en veðrið hamlar för. Jeg hefi engar frjettir haft af Sigurjóni síðan á helgi, og svo langar mig altaf til elsku Önnu minnar. – En jeg verð að setta mig við fjarlægðina, og dýrlegt er þá að koma heim. Jeg er sannarlega hamingjusamur. Fegurstu vonirnar mínar hafa rætst. Ást mín hefir vaxið við kynninguna, og unni jeg henni þó af heilum hug, þá er við hjetum hvort öðru tryggðum. – Anna er ágætum hæfileikum búin, en það er þó ekki aðalatriðið, heldur hitt: að sál hennar er göfug og hrein, og að hún elskar mig eins heitt og nokkur kona getur elskað. Mjer hlýnar um hjartað í hvert sinn sem jeg hugsar til hennar.²

Litladal, 30. jan. 1924.

Ástin mín!

Hjartans þakkir fyrir alt og alt. Hafði fastlega ætlað mjer heim til þín í dag, en veðrið hefir verið svo afar slæmt, að jeg varð að hætta við það. Hjer hefir verið blindhríð í allan dag. Steingrímur á Svínavatni átti að hafa söngtíma með krökkunum, en kom ekki. Skrifa þjer nú nokkrar línur, þó að óvíst sje, að jeg geti komið þeim til þín, áður en jeg kem

1 Dagbók Bjarna Jónassonar, 27. janúar 1924.

2 Dagbók Bjarna Jónassonar, 30. janúar 1924.

sjálfur, sem áreiðanlega verður á laugardagskvöldið. – Pabbi skreppur e.t.v. upp eftir áður en hann fer með póstinn. –

Ástin mín! Mjer hlýnar um hjartað í hvert sinn, sem jeg hugsa til þín. Jeg fann hamingju mína þegar jeg hitti þig. Án þín væri mjer lífið einskisvirði. Þú ert verndarengill minn, góði engillinn, sem rjetti mjer höndina út í myrkrið og einveruna og leiddir mig inn í ljósið og lífið. Ást þín, svo hrein og heit hefir gefið mjer nýtt líf, hefir vakið alt hið besta í sálu minni. Það er þitt verk. Það ert þú, sem hefir gefið augum mínum nýjan svip. Það ert þú, sem hefir fengið hjarta mitt til þess að slá hraðara og senda eldheita og nýja lífsstrauma út í hverja frumu. Það ert þú, sem hefir látið mig hugsa hærra og göfugra, sem hefir lyft hug mínum upp að fótiskör guðs. Og það ert þú, sem hefir hreyft taugar mínar og fengið þær til þess að flytja himneskan unað út í hverja grein. Já, það ert þú, sem hefir vakið mig og skapað mig. Þú ert mjer hvorttveggja í senn: móðir og bróðir.

Ástin mín! Nú er komin nótt. Jeg sit einn hjer í suðurhúsinu og hugsa til þín. Þú ert háttuð og sofnuð. Nú var enginn til þess að verma þig, og rúmið mitt bíður hjer kalt og tómmt. Nóttin heimtir mig í faðm sinn. Hún lofar mjer hvíld og draumum. Hún lofar mjer að hitta þig í munarheimi svefns og drauma. Góða nótt, ástin mín! Svefngyðjan flytur mig í faðm þinn.

Góða nótt!

31./1.

Ástin mín! Ekkert varð úr því, að jeg kæmi brjefinu til þín í dag. Pabbi hálflasinn, og því óvíst að hann geti farið upp eftir áður en hann fer með póstinn. – Verst ef þið getið ekki komið brjefunum ykkar í póst.

Ekkert að frjetta af mjer. Altaf frískur. Hefi töluvert að gera. Börnin mörg, og svo hefi jeg verið að endurskoða sveitarsjóðsreikning á kvöldin. Það er töluvert mikið verk, og nú er því lokið. Á einungis eftir að hreinrita athugasemdirnar. –

Smá styttest til laugardagsins. Jeg hlakka til, vina mín, að koma heim til þín.

Vertu altaf blessuð

þinn elskandi
Bjarni.

Hjónabandið hefur eflt ástina og styrkt, ást hennar hefur vakið allt hið besta í sálu hans og án hennar væri líf hans einskis virði. Hugur Bjarna dvelur

hjá Önnu þegar hann leggst til kaldrar hvílu og hann harmar að geta ekki vermt hana fyrir svefninn.

Sigurjóni batnar ekki fyllilega af veikindunum, á endanum er hann sendur á Blönduós til lækninga og fer Ingibjörg með honum. Á Bjarni erfitt með að hugsa til þess að Anna þurfi nú að sinna búinu ein án aðstoðar foreldra sinna:

Nú verður langt þangað til að jeg get fundið elsku Önnu mína, því að nú lengist á milli. Byrja í fyrramáli kenslu á Grund og þá óhugsandi að fara heim nema um helgar. Ömurlegt fyrir Önnu heima, meðan foreldrar hennar eru bæði fjarverandi.¹

Sigurjón styrkist loksins nóg til að halda heim og þau Ingibjörg snúa aftur í Blöndudalshóla í byrjun mars. Þó Sigurjón næði sér aldrei til fullnustu af þessum veikindum átti hann enn eftir langa ævi. Hann lést 4. ágúst 1961, nær 88 ára að aldri og lifði því alla búskapartíð Bjarna og Önnu í Hólum.

Ýmislegt verður nú til þess að Bjarni kemst ekki heim um helgar, vetrarhörkur, opinberar skyldur og veikindi í sveitinni.

Stóradal, 24. mars 1924.

Ástin mín!

Pungt var að mega ekkert dvelja hjá þjer í gær og að vera útilokaður frá heimilinu, hver veit hve lengi. – En um þetta skal þó ekki fárast, og hvað er þetta, ef við sleppum við smitun, sem jeg vona að verði. En um fram alt farið varlega og forðist samgöngur við hina bæina sem eru í sóttkví. Hafi taugaveikin verið í Tungu, er það heimili hættulegt, en von um að um smitun sje ekki enn að ræða hjá okkur. Farið því varlega. Hjer getur verið mikið í húfi, eins og líkin á börunum í Kotinu og Tungu benda ótvírætt til. Jeg ber þar traust til þín, ástin mín, að þú sjáir um að hjer sje gætt ítrustu varasemi. Hirðuleysi í þessu efni er ómögulegt að afsaka. –

Nú fram yfir mánaðamótin hefi jeg afskaplega mikið að gera vegna skattamálanna. Þó mun jeg einhvern tíman áður en langt um líður skreppa upp eftir til þess að hafa tal af ykkur.

Hripa þessar línur í kenslutíma. Fyrirgefðu þær.

Vertu svo altaf blessuð, elsku vina mín, og jeg vona að hamingjan gefi að við sleppum ómeidd út úr veikindunum, þarna upp frá.

Þinn elskandi

Bjarni.

1 Dagbók Bjarna Jónassonar, 17. febrúar 1924.

Enn gera veikindi vart við sig í Blöndudalshólum og nú er það Anna sem leggst á sóttarsæng. Hún hefur þurft að leggja mikið á sig í veikindum föður síns og álagið tekur sinn toll:

Apríl 1924

9. Miðvd. Logn fram á kvöld, en andaði þá á sunnan. Heiðríkt og froshart, svo að mjög lítið klöknaði.

Við sjúkrabæð Önnu. – Mig dreymdi Önnu mikið í nótt og það á þann veg, að jeg óttaðist að eitthvað væri að. Mikið af þeim ástæðum skrápp jeg heim í kvöld. Sæki jeg þá þannig að, að Anna er lögst veik. – Sigurjón fór til læknis um hádegi í dag, en Sigurbjörg á Æsustöðum var sótt í nótt og hefir verið yfir henni síðan. Anna veiktist í gærkveldi, skömmu eftir að hún var háttuð, af blóðlátum. Hafði hún reynt mikið á sig undanfarna daga og það hefir hún ekki þolað. Leið betur í dag og von enn, að fósturlát verði ekki. En annars er hún enn ákafll. veik. – Hörmulegt var að fá nú þetta áfall og enn er ósjeð hve mikið ilt getur hlotist af.

10. Fimtud. Sama heiðríkjan og kyrðin, þó ekki eins froshart.

Hjá Önnu. Skrápp upp eftir í kvöld. – Batamerki, en óeðlilega mikill hiti. – Sat hjá henni í kvöld og virtist mjer hún nokkuð hressari en í gær. Tekið er nú alveg fyrir blóðmissirinn og verkir orðnir litlir.

12. Laugard. Norðan stormhríð og töluvert froshart.

Hjá Önnu. Fór heim í kvöld. Hægt gengur Önnu að frískast. Altáf töluveður hiti. Í kvöld eftir að jeg kom heim fór því Sigurjón eftir lækni.

13. Sunnud. Sami norðan stormurinn og hríðarveður, þó klöknaði dál. heima í Hólum.

Hjá Önnu. Læknir ókominn enn. Anna virðist heldur hressast og sótthitinn með minsta móti í kvöld.

14. Mánud. Sama átt og sami kuldasteytingurinn. Hríðarlaust þó hjer fremra.

Ekki í hættu. Læknir kom til Önnu í dag. Gat ekki komið í gær, var þá að hjálpa konu í barnsnaud. – Læknir telur Önnu úr allri hættu. Ham-ingjunni sje lof. Jeg var orðinn hálf kvíðinn, enda virtist yfirsetukonan ekki grunlaus um að hætta væri á ferðum. – Fóstrið kvað læknir hafa losnað í byrjun veikinnar. Anna verður að liggja fram yfir páskana.

20. Páskad. Snjóaði töluvert í nótt. Norðaustan kul. Klöknaði þó töluv. í dag.

Komin á fætur. Anna klæddi sig í dag. Hún er nú orðin nokkurn veginn hress, en þó enn töluvert óstyrk. Verður að fara mjög gætilega með sig fyrst um sinn, en þá vona jeg að hún nái sjer bráðlega.¹

Eftir að hafa kynnst hinni ríku tilfinningatjáningu sem Bjarni sýnir í bréfum sínum og dagbókum virðast þessar dagbókarfærslur harla ópersónulegar og skýrslukenndar. Fósturlátið hlýtur að hafa verið þeim hjónum þungt áfall en Bjarni vísar ekki að því hvaða áhrif þessi atburður hafi á hann nema rétt til að geta þess að þetta sé hörmulegt áfall. Hugsanlega hefur áfallið verið sárara en orðum tæki og Bjarna óhægt að takast á við það á annan hátt en að skrasetja framvinduna í grófum dráttum.

En nú fer sumarið í hönd og Bjarni dvelur öllum stundum í Blöndudals-hólum. Þeir tengdafaðgar gera allmikla bragarbót á húsakosti á jörðinni, bæta bæjarhúsin töluvert og byggja einnig 100 kinda fjárhús. Auk þess er ráðist í girðingarframkvæmdir á suður- og norðurmörkum jarðarinnar, unnið að tinasléttun og stækkun matjurtagarða.² Og ungu hjónin taka höndum saman við að gera blómlegt í kringum sig:

Blómagarður. Í morgun settum við Anna niður nokkur blóm fyrir utan gluggann okkar: Ramfang, garðbrúða, morgunfrú, stjúp módír, bellis, kornblóm Vilh. keisara. – Nýl. er Anna búin að eignast 5 inniblóm: Hyllutrje, rós, fussia, senararí, silkivalmúi.

Anna hefir ákafl. gaman af blómum.³

Í vetrarbyrjun hefst farskólinn á ný og Bjarni heldur yfir ána:

Á morgun fer jeg heiman að og byrja kenslu á laugardaginn. – Veit ekki enn hvort jeg byrja í Stóradal eða á Grund. –

Búskapinn verð jeg nú að leggja til hliðar um stund. Hefi ánægju af búskapnum og geri mjer nokkura von um að geta orðið góður bóndi.⁴

Stóradal, 1. nóv. 1924.

Ástin mín!

Nú dvel jeg fjarri þjer. Ein verður þú að ganga til hvílu í kvöld. Nú er enginn til þess að verma þig, þó að þjer sje kalt.

Vina mín! Þú feldir tár, þegar jeg kvaddi þig í gær. Gráttu ekki. Þó að jeg dvelji fjarri þjer, þá er hugurinn hjá þjer.

1 Dagbók Bjarna Jónassonar, 9.-20. apríl 1924.

2 Nánar má lesa um búskap og umbætur í Blöndudalshólum í Hólaannál 1924-25, sjá viðauka II.

3 Dagbók Bjarna Jónassonar, 12. júní 1924.

4 Dagbók Bjarna Jónassonar, 30. október 1924.

Mikið langaði mig heim til þín í kvöld, en annirnar leyfðu ekki. Heim! Það er þjer að þakka að jeg á nú heimili, heimili, sem jeg elska.

Jeg veit að þjer þykir tómlegt núna heima. Jeg man til mín, þá sjaldan þú hefir verið að heiman, og þó eruð þið konurnar viðkvæmari. En gráttu ekki, ástin mín. Lífsstarf mitt krefst þessa, og minstu þess, að jeg er að vinna fyrir okkur. Jeg veit að þú skilur þetta alt ósköp vel, en þú ert svo viðkvæm, því að eins og flestar góðar konur ertu tilfinninganæm, og vetrarkvöldin eru svo löng og ömurleg. Jeg veit að kuldinn úti og myrkrið leitar inn, leitast við að smjúga inn í hugarheima þína. Jeg þekki það fyrir eigin reynd, hversu vetraröflin geta verið máttug, hvað þau geta verið nærgöngul viðkvæmum taugum og breytt viðhorfi okkar við lífinu.

En ástin mín! Jeg veit að þú átt þjer bæði ljós og yl, til þess að eyða myrkrinu og kuldinum. Ástin gefur þjer hvort tveggja. Er ekki loftið í kringum þig þrungið af ástúð úr sambúð okkar? Endurminningin lifir. Þú ert ekki ein. Kona, sem elskar og er elskuð er aldrei ein. Herbergið okkar og hver hlutur inni minnir þig á mig. Ást okkar hefir gefið lífvana hlutunum í kringum okkur líf. Þeir enduróma ástarorðin, sem á milli okkar hafa farið, og allir hafa þeir einhverja sögu að segja úr sambúð okkar.

Góðu dísirnar, sem ást okkar hefir fengið bústað í herberginu okkar, yfirgefa þig aldrei. Hlustaðu á raddir þeirra. Láttu þær syngja yfir þjer svefnljóðin sín, og þá veit jeg að þú sofnar með bros á vör. –

2./11.

Í dag var jeg vestur í Litladal, að athuga bókasafn L.r.f. Fjöltnis, vegna stjórnarskiftanna. Mamma er orðin nokkurn vegin jafn góð í fætinum, en Óli bróðir er farlama enn, þó fylgir hann fötum.

Í Litladal hitti jeg Eyþór Guðmundsson úr Hnífsdal vestra, hann sem var hjer á Eiðsstöðum. Eyþór er nýkominn hingað norður til viðtals við sveitarstjórnina í Svínavatnshreppi. Það er gamla sagan: Eignalaus fjölskylduafaðir og þarfirnar meiri en tekjurnar. –

Fátæktin er böL. Hún er eitthvert mesta böL heimsins, líkamlegt og andlegt átumein og gróðrastía margra lasta. Auðkýfingar og sveltandi múgur, það er hið mikla vandræðaefni þjóðskipulagsins. Sem betur fer þekkjum við Íslendingar hvorugt til fullnustu. En hvaða ráð eru til bjargar? Sennilega engin einhlýt, enda má heyra þá skoðun, að sumir sjeu fæddir til þess að vera fótapúrkur annara. En sú skoðun er óguðleg. Mjer birtir fyrir augum. Mannkynið er á þroskabrautinni, þó að seint gangi, og hver veit hvað okkur er ætlað að komast. Og allir hljótum við mennirnir að hafa sama rjettinn, og faðirinn er hinn sami. – Guðsneistinn er í

hverjum manni. Það er huggunin. Öllum er okkur ætlað að þroskast í áttina til guðs.

3./11.

Kenslan hófst á laugardaginn, en fátt af krökkunum kom fyr en í gær. Bjössu á Höllustöðum vantar enn. Nemendurnir eru nú 7. Stóradalskrakkarnir þrír (Jón, Imba og Gunna), Bjössu í Litladal, Ólafur á Kúlu, Ragnar á Eiðsst. og Ingvar á Eldjárnsstöðum.

Nú er komin hláka. Hvað verður þá um ísinn á Blöndu? Hún getur orðið slæmur farartálmi hún Blanda, þó að sjaldan hafi hún enn hindrað mig frá því að finna þig.

7./11.

Góð er tíðin, en hætt er við að vatn sje töluvert komið í Blöndu. Jeg vona að hún verði þó ekki til hindrunar annað kvöld, því að þá kem jeg heim. Halli er einhvers staðar á Löngumýrarmýrunum. Hann á að bera mig yfir ána, yfir til þín. – Það er dýrlegt að koma heim. Mjer finst hugsunin ein bera mig hálfa leið. Ástin er almáttug, því að hún er frá guði.

Vertu sæl, ástin mín. Jeg kyssi þig í anda. Vertu sæl! Jeg kem.

Pinn elskandi

Bjarni.

Aðskilnaðurinn er Önnu greinilega ekki síður þungbær en Bjarna og hún grætur þegar hann heldur að heiman. Bjarni huggar hana með þeirri fullvissu að ástin reki burt myrkur og kulda.

P.t. Ásum, 15. des. 1924.

Ástin mín!

Fæ ferð fram að Stóradal á morgun. Hripa þjer því nokkrar línur, því að brjefið ætti að geta komist til þín, þegar ærnar mínar verða sóttar vestur, sem sennil. verður núna í vikunni.

Jeg hefi ómögulega getað gleymt í dag tárunum, sem þú feldir í morgun, þegar jeg kvaddi þig. – Þú mátt ekki gráta vana mín!, þó jeg sje fjarri. Mundu, að nú er skamt til jólaleyfisins, og að þá kem jeg og dvel hjá þjer marga daga. Ó!, hvað jeg hlakka til.

Manstu að jeg sagði í gærkvöldi, að jeg yrði aldrei andvaka, þegar jeg svæfi hjá þjer? Þjer virðist þetta e.t.v. einkennilegt, en þetta er nú samt ofur eðlilegt. Í einverunni halda ýmsar hugsanir mjer vakandi, en í faðmi þínum gleymi jeg öllu. Hugurinn verður sem lognsljett haf, vegna

návistar konunnar, sem jeg elska. Jeg bý að svefninum í nótt fram eftir vikunni. –

Get annars ómögulega skrifað neitt af viti núna. Alt á ferð og flugi í kringum mig. Gekk ferðin út eftir ágætl. Tafði rúman hálf tíma á Löngumýri, en kom þó nógu snemma. Gleymdi illa að flytja brjefið fyrir Maríu. Mundi ekki eftir því að hún ætlaði að senda Stefaníu svar með mjer fyr en jeg var kominn út undir Löngumýri. –

Þorl. í Sólheimum, falletti maðurinn – mun ætla að hafa boð um jólin, til þess að endurgjalda Litladalsboðið. – Heldurðu ekki að þú færir, ef hann byði þjer?

Fyrirgefðu fá orð í flaustri. – Ótal kossar frá þínum elskandi

Bjarna. –

Í byrjun árs 1925 vill Sigurjón ganga út úr rekstrinum í Blöndudalshólum. Má telja að veikindin sem hrjáðu hann veturinn áður hafi ráðið þar nokkru um en einnig eru þeir tengdafiðgar afar ólíkir og trúlegt að þeir hafi verið ósammála um ýmislegt í rekstrinum. Sigurjón mun hafa átt til að rýra Bjarna við sveitunga þeirra og látið að því liggja að hann væri ekki mikill búmaður en Bjarni er orðvar í dagbók sinni:

Sigurjón vill hætta búskap að vori. Þá verð jeg að taka við allri jörðinni. Kaupi jeg þá sennil. eitthvað af lifandi peningi af Sigurjóni. Óvíst er, hvort þetta er fjárhagslega sjeð, hagur fyrir mig, en jeg verð þó frjálsari. Samvinnubúskapur okkar Sigurjóns hefir svo sem gengið vel. Samkomulag ágætt. En illa hefi jeg kunnað því, að engir reikningar hafa verið okkar á milli. Ekki er þó svo að skilja, að jeg telji að á mig hafi hallast, en hitt er annað að jafnan er best að hver jetti sitt. Fór jeg þess á leit við Sigurjón í fyrra, að við hefðum sameiginlega verslunarreikning fyrir búið, en hann þyktist einungis við.¹

Gjalda þarf jeg varhuga við því að vera hirðusamur. Mjer hefir heyrst á þeim tengdafiðrum mínum báðum, að þau teldu mjer áfátt í þeim efnum. Hafi það komið fram í búskapnum, þá held jeg samt, að það sje ekki ríkt í upplaginu, a.m.k. mun jeg hafa þótt sæmil. hirðusamur með skjöl mín og pappíra. Ástæðan gæti þó legið í því, að hugurinn væri ekki nægilega við búskapinn.²

1 Dagbók Bjarna Jónassonar, 26. janúar 1925.

2 Dagbók Bjarna Jónassonar, 31. janúar 1925.

Ekki verður þó úr því að Sigurjón bregði búi að sinni og bjuggu þau Ingibjörg áfram í tvíbýli við Bjarna og Önnu til 1935.

Vorið 1925 er tími mikilli væntinga hjá ungu hjónunum í Blöndu-dalshólum því þau eiga senn von á sínu fyrsta barni. Sumarleyfisins er því beðið af óþreyju.

Ástin mín!¹

Örfáar línur með pabba þínum til baka. Okkur gekk ágætlega vestur í gær. Fórum um Litladal og Auðkúlu og töfðum á báðum bæjunum. Mundi var fluttur frá Litladal í gær. Hann er orðið það hress, að hann getur staðið upprjettur, með því að styðja sig við, en ekki getur hann gengið ennþá. –

Ekki eru skólakrakkarnir fleiri en 3, eða eins og í vetur. Fullan tíma verð jeg áreiðanlega ekki hjerna, enda mun jeg eiga að vera nokkra daga í Stóradal fyrir prófið í Daladeildinni. Þá verð jeg þó nær þjer. Verst að þurfa út eftir um helgina, því að mig langar svo óumræðilega heim til þín. En nú er þó að saxast á kenslutímam þetta árið, og þá kemur langur og dýrlegur samverutími. Vína mín! Heitar eru vonirnar, sem bundnar eru við dýrustu eignina okkar, gjöfina guðlegu. Heitt verður beðið og djarft verður vonað, að frumgróður ástar okkar, fái vaxa við kærleiksyli samstílra hjartna okkar.

Í gærkvöldi vorum við að spila fram í myrkur, og í morgun klæddi jeg mig kl. sex. Jeg þurfti að skrifa erindi til sýslunefndar fyrir Ragnhildi hjerna og nokkur brjef fyrir kenslutímam. –

Nú eru krakkarnir að koma, og má jeg því ekki vera að skrifa meira.

Hjartans kveðja, elsku vína mín. –

Pinn elskandi

Bjarni.

Næstu mánuði er lítið um bréfaskriftir en í dagbók Bjarna má í maí 1925 lesa um fjölgun í fjölskyldunni og helstu vörður í lífi nýja fjölskyldumeðlimsins:

Maí 1925

10. Sunnud. Bleytufjúk í morgun. Austan gola. Hrein rígning er kom fram á daginn og gekk þá í suðrið. Í kvöld er þó uppgangur af land-norðri.

1 Bréfið er ódagsett en af efni þess má ætla að það sé skrifað skömmu fyrir sumarleyfi og fæðingu fyrsta barnsins. Af leiðarlýsingu að dæma er það skrifað í Svínadal, líklega á Grund eða Geithömrum.

Barnið. Nú erum við hjónin búin að eignast dóttur. Anna veiktist í nótt kl. að ganga 4, og barnið fæddist kl. hjerna 1, rjett kl. rúml. 11 f.h. – Fæðingin gekk ágætl., og líður þeim mæðgunum nú báðum vel eftir atvikum. – Sú litla er feit og þrifleg (14 merkur), en fremur stutt (51 cm). – Sigurbjörg ljósmóðir á Æsustöðum sat yfir.¹

Ágúst 1925

9. Sunnud. Andvari á sunnan. Hálfskýja. Heitt. Gerði skúr um nónið.

Barnið mitt. Í dag var hún skírð litla dóttirin, og fjekk hún nafnið Ingibjörg. Heitir hún auðvitað í höfuðið á móður Önnu. –

Henni fer nú vel að. Fyrstu vikurnar var hún hálf lasin í maganum, en nú um langan tíma hefir hún verið ágætl. frísk. Framförin var lítil fyrst, en er nú á ágætum vegi.

Meir mun hún líkjast Önnu en mjer, þó mun nokkuð úr báðum ættum. Hárið er dökkt eins og á henni. Einnig mun enni og nef þaðan, en niðurandlitið og augun munu vera frá mjer. –

Skírnin fór fram hjer heima og var framkvæmd af síra Birni Stefánss. Dálítið boð höfðum við, en húsakynnin leyfðu ekki að hafa nema fátt: Foreldrar mínir og systkini, Sveinbjörg í Stóradal, Tunguhjónin, Auja og Lilla og Friðfinnur og börn hans. – Dálítið hafði jeg í staupinu og fjörgaði það nokkuð upp. – Farið var í leiki og sungið og sátu gestirnir fram undir miðnætti.²

16. Sunnud. Poka í morgun, en ljetti fljótlega. Andvari á sunnan. Ljett skýja, en þyknaði upp í kvöld.

Íja. Svo köllum við litlu telpuna okkar. – Hún er alltaf frísk, blessunin litla, enda er hún ágætl. þekk. Látin er hún stöðugt liggja í vöggunni. Hún virðist vera kát og fjörug, hefir afar gaman af að spjallað sje við hana og reynir þá sjálf að hjala eitthvað og hlær svo öll út undir eyru.

Lítinn tíma hefi jeg aflögu handa henni, nema sunnudagsmorgnana. Þá ligg jeg hjá henni og spjalla við hana. –

Íja mín, litla, elskul. barnið mitt! Þú ert litli engillinn hennar mömmu og pabba þíns. Við komu þína fær líf okkar hjónanna enn meira gildi. Dýrustu vonir okkar eru bundnar við framtíð þína. Guð gefi þér gæfu og gengi.³

1 Dagbók Bjarna Jónassonar, 10. maí 1925.

2 Dagbók Bjarna Jónassonar, 9. ágúst 1925.

3 Dagbók Bjarna Jónassonar, 16. ágúst 1925.

Desember 1925

6. Sunnud. Sunnan hríð s.p.

Íja. Blessuð litla telpa mín er lasin. Svaf hún mjög óvært í nótt, enda var hún með töluv. hita í gærkveldi. Í dag er hún betri, enda hefir hún gert að gamni sínu. Anna mín hefir erfitt núna, stúlkulaus síðan María fór heim og altóf lítinn svefn á næturnar, síðan Íja varð lasin. Nú er Íja að byrja að tala. Heyrði jeg hana fyrst í dag segja eitt orð: geyið (þ.e. greyið). –

En hvað hún er góð við mig. Um leið og jeg kvaddi hana í kvöld, kom hún með lófana sína litlu og strauk um kinnarnar á mjer. –

En hvað mig tekur það sárt að geta ekki dvalið meir hjá þeim mæðgunum, og mikið vil jeg leggja á mig til þess að geta komist heim til þeirra um hverja helgi.¹

Ástúðin til litlu dótturinnar skín úr skrifum Bjarna og nú verða fjarvistirnar frá heimilinu enn sárari.

P.t. Geithömrur, 10. des. 1925.

Ástin mín!


Þó að skamt hafi jafnan verið á milli samfunda, þá hefi jeg altaf undanfarna vetur skrifað þjer línu, sem jeg hefi fært þjer heim einstöku laugardagskvöld. Jeg finn að þetta er góður siður, sem jeg ætti að halda í framtíðinni. Þó að ekki væru nema örfá brjef á vetri, þá gætu þau e.t.v. eitthvað fyllt í eyðurnar á milli helganna.

Mörg hugsun fer um hugann hjer í fjarlægðinni frá þjer, margt ástarorðið vildi tunga mín geta hvíslað í eyra þjer, og margt er það líka úr sambúð okkar, sem hugurinn dvelur við í fjarlægðinni og jeg vildi gjarnan spjalla um við þig.

Tíminn heima um helgarnar skammur og þá eins og gengur í fleiri horn að líta, bæði Íja litla og búskapurinn. Margar hlýjustu hugsanirnar verða því ósagðar, hugsanir, sem fæðast hjer í einverunni oft í grafkyrð vetrarnæturinnar. –

Jeg veit að brjef geta þó aldrei bætt upp fjarlægðina, og það einmitt um þann tímann, sem hugurinn er frjövastur af hugrænum efnum. Veturinn er frjórri í því efni en sumarið. Sumarið er tími starfs og efnislegra hluta. Verkefni eru alls staðar sem krefjast lausnar, og þau verða ekki leyst án auðlegrar áreynslu.

1 Dagbók Bjarna Jónassonar, 6. desember 1925.



Póstkort til Önnu og Bjarna frá Guðrúnu, systur Bjarna, 13. maí 1925.

Vina mín! Jeg finn sárt til þess, að fjarlægðin á veturna er mikið tap fyrir mig. Hver dagur sem ástvinirnir dvelja fjarri hvor öðrum er í raun og veru tap. Jeg þekki söknuð minn og þrá mína til þín, en þó veit jeg, að fjarlægðin má vera þjer enn þungbærari. Sál þín er viðkvæmari og því næmari fyrir ömurlegum áhrifum, og svo hvíla líka á þjer áhyggjur heimilisforstöðunnar, og alt þetta verður þú að bera ein.

Jeg get að vísu ekki sagt, að jeg sje laus við búskaparáhyggjurnar, þó að jeg sje fjarri heimilinu. Einmitt sjálf fjarlægðin veldur mjer oft miklum áhyggjum. Vikuna þessa hefi jeg oft verið mjög órór út af ánum mínum. Þegar jeg hugsar rólegast, þá finst mjer að vísu engin ástæða til að halda annað en að alt hafi gengið vel og að þær hafi komist heim á mánudag. En samt, – ja, óvissan og ótíðin hefir samt stundum haldið mjög fyrir mjer vökum á næturnar.

11. des.

Oft er jeg í miklum vafa um, hvort eigi mundi eins hyggilegt af mjer að hætta kenslustörfum. Fjárhagslega sjeð er það tap í bili, en jeg gæti eins trúað því, að í framtíðinni væri það ávinningur. Hugsum okkur, að jeg ætti einungis að hafa vandalaus menn við fjárgæsluna á veturna. Hæpið að það gæti gengið vel til lengdar eins og nú er örðugt að fá verkafólk. Það er svo sem ekki eins og maður fái að velja úr.

Enginn vafi er á því að jeg gæti orðið betri bóndi með því að gefa mig eingöngu að því starfi. En jeg held að jeg kynni ekki almennilega við mig á veturna öðru vísi en við kensluna. Jeg er búinn að stunda þetta svo lengi, að kenslustörfin eru orðin eins og samgróin lífi mínu.

Já, vina mín! Þetta mál hefir margar hliðar. Jeg held að jeg sje kennari í góðu meðallagi og því muni jeg geta unnið töluv. gagn á því sviði. En eru það þá ekki hálfgerð svik við sjálfan mig og þjóðfjelagið að hverfa frá starfinu?

Helst hefði jeg kosið, að vera kennari við heimavistarskóla og hafa dál. bú með á skólastaðnum. Það mun og verða framtíðarskipulagið í sveitunum. –

17. des.

Það er komið að miðnætti. Jeg er einn inni í kenslustofunni, svefnherberginu mínu. Heimilisfólkið er háttað, nema húsfreyja. Hún ein er enn eitthvað við vinnu frammi. Því miður er þetta of algeng saga um bændakonurnar: Fyrst úr rúminu á morgnana og síðust í það á kvöldin, og þá bíður hennar e.t.v. ung barn, sem hún verður að fórna einhverju af hinum stutta svefntíma.

Pungur er oft róðurinn, en hversu sjaldgæft er þó ekki að heyra mæðurnar kvarta. Engin ást er fórnfúsari en móðurástin. Hún fórnar öllu, án þess að krefjast nokkurs í staðinn.

Elskan mín! Nú er alt orðið kyrt og hljótt. Ekkert hljóð heyrir, nema tifið í klukkunni á veggnum og þyturinn í vindinum úti. Jeg sit hjer við borðið og hugsa til þín. Nú vona jeg, að þú sjert sofnuð, því að klukkan er langt gengin tólf. Hvíldartími þinn er alt of skammur. Það er gamla sagan. Þú ert móðir, og ástin okkar litla krefst þín oft úr svefnró næturinnar. Nætturnar hafa gert vanga þinn þynnri og fólvari. En, vina mín! Þú verður að unna þjer hvíldar á daginn. Lífsstarf okkar er nýbyrjað, og jeg vona að þú getir geymt enn lengi æsku þína. Jeg veit að þú segir, að það sje svo mikið að starfa. Já, veikindin á Löngumýri, sem hafa tekið frá okkur vetrarstúlkuna, hafa gert þjer svo óendanlega örðugra fyrir, en samt, tóvinnan verður að sitja á hakanum, heldur en að þú getir ekki fengið næga hvíld. Heldurðu að jeg meti ekki meira heilsu þína en nokkrar bandhespur?

Það er góður kostur að vera áhugasamur og kappfullur, en alt verður að hafa sín takmörk. Þú verður að ætla þjer af. Þú gerir það ekki einungis fyrir þig. Þú gerir það fyrir mig, og þú gerir það fyrir barnið okkar, því að þitt líf er okkar líf.

Ástin mín! Nú er klukkan orðin tólf. Svefninn er kominn í augun og

rúmið bíður. Hugurinn er heima, heima hjá ástvinunum mínum: konu og dóttur. En hvað jeg er ríkur og mikið hefi jeg að þakka. Hamingjusamt heimili er heilagur staður. Það er hlið himins. Það er ofurlítið guðsríki á jörðunni, því að þar sem kærleikurinn er, þar er guð.

En, vina mín! Jeg veit að við erum engir englar. En jeg vona að friður guðs og kærleiki megi hvíla yfir heimilinu okkar. Með þeirri ósk kveð jeg þig í kvöld.

Pinn elskandi
Bjarni.

Enn veltir Bjarni fyrir sér hvort hann eigi að láta af kennslu og snúa sér alfarið að búskapnum en sem fyrr vegur þyngst í þeim vangaveltum að hann telur sig betri kennara en bónda og að hann geri þjóðfélaginu meira gagn með kennslunni. Best væri að kenna við fastan skóla í sveitinni og reka bú með. Þetta hafði verið draumur Bjarna frá því hann hóf kennslu en hér er ekki enn farið að hilla undir þá tilhögun þó Bjarni telji það verða framtíðarskipulag til sveita.

Bjarni brýnir fyrir Önnu að ofgera sér ekki við vinnu, kappsemi sé kostur en allt verði að hafa sín takmörk. Hann er vel meðvitaður um vinnuálag íslenskra bændakvenna og afleiðingarnar sem gegndarlaust strit getur haft fyrir líf þeirra og heilsu. Bjarni hefur kynnst lífi húsfreyja á þeim heimilum sem hýst hafa farskólann en einnig hefur hann dæmi sér nær, Elín móðir hans var löngum heilsulaus og sama gildi um Ingibjörgu, móður Önnu. Hann biður Önnu því að slá af vinnunni og sjá til þess að hún fái næga hvíld svo hún megi varðveita æsku sína sem lengst.

Bjarni skoðar einnig líkamlegt ástand sitt og veltir fyrir sér hvort hann sé tekinn að eldast úr hófi:

Er jeg að verða karl? Held að mjer sje virkilega farið að fara aftur. Augun eru farin að verða veik. Nú sit jeg með tvenn gleraugu, dökk augu utan yfir hinum. Í fyrra og núna var jeg slæmur í augunum s.p. vetrar. Er farinn að þola illa mikinn lestur. Aðallega er það hægra augað, sem mjer er ilt í. Augnlok þess eru jafnan þrútin og stundum verkjar mig í sjálft augað.

Þá er nú hárið heldur en ekki farið að þynnast, bráðum orðinn sköllóttur. Þrálát flasa veldur. Hve vel sem jeg reyni að hirða hárið, og þó að jeg beri í það lyf, þá get jeg aldrei upprætt flösuna. Og það er ekki nóg með það, að hún sje í hárinu. Hún hefir einnig komið í andlitið og á bolinn. Liðagigtin lætur mig líka sjaldan í friði. Hún hefir þó aldrei



Bjarni, um 1925.

komið nema í vinstra hnjeð. Jeg má helst aldrei vera blautur nje kaldur. Bænadagana hirti jeg fjeð fyrir Kristinn, því að hann fór í burtu, og var jeg stöðugt blautur dagana þá, enda varð jeg þá afleitur af gigtinni. Þegar jeg var unglingur, varð jeg slæmur af magaveiki, en batnaði nokkuð vel við sveltu og sjerstakt matarhæfi um lengri tíma. En nú 2-3 seinustu árin finst mjer jeg verða veikari fyrir aftur.

Það gengur svona í lífinu, það fer hverjum aftur þegar honum er fullfarið fram.¹

Sjálfskoðunin er gagnger ytra sem innra og Bjarni metur ástandið af stöku raunsæi. Það gengur svona í lífinu, maðurinn leitast við að ná fullum þroska og njóta hans í blóma lífsins en svo fer óðum að halla undan fæti.

Heldur lítið varð úr áformum Bjarna um að skrifa Önnu eftirleiðis nokkur bréf á vetri til að stytta tímann á milli samfunda. Hugsanlega hafa annarnar orðið meiri en svo að hann hafi haft tíma til bréfaskrifta, einnig má vera að þörfin hafi minnkað eftir því sem þau hjónin kynntust betur og hversdagslífið tók völdin. Þá má líka ætla að með bættum samgöngum hafi samfundunum fjölgað yfir veturinn, einkum eftir að Bjarni tók við far-

1 Dagbók Bjarna Jónassonar, 16. apríl 1925.

kennslu í Bólstaðarhlíðarhreppi 1931. Síðasta bréf Bjarna sem hér er birt er frá byrjun árs 1926, eftir það sendi hann Önnu aðeins nokkrar stuttar orðsendingar.

P.t. Ásum, 2. febr. 1926.

Ástin mín!

Hjartans þakkir fyrir síðast. Mikið langaði mig heim um helgina var, en jeg kendi á sunnudagsmorguninn og fór svo með alla krakkana til Kúlukirkju. Býst jeg við að síra Birni hafi þótt það ánægjulegt. Hingað kom jeg svo á sunnudagskvöldið. Í gærkvöldi fór jeg svo í mikið ferðalag. Aðalfundur búnaðarfjel. Svínavhr. og L.F. Fjölnis var í gær í Litladal, og fórum við Jón G. þangað fram eftir eftir kenslutíma. Ljeði Jón mjer gæðing, svo að förin var hin ánægjulegasta. Komum við ekki heim fyr en kl. 3 í nótt. –

Nemendurnir hjer þeir sömu og fyrra tímabilið og auk þess Helgi á Svínavatni. Nú er fullráðið að ekkert verður kent í Stóradal í vetur. Verður skólinn hjer á Ásum nú í 5 vikur og svo 7 vikur samfleytt í Svínadalnum. Jeg verð því altaf í mikilli fjarlægð frá þjer, ástin mín, en meðan tíð er góð og gott færi gerir það ekkert til.

Jón á Auðkúlu ráðinn að Auðólfsst. Gerði það án þess að láta mig vita, þó að hann hefði áður gefið loford um að ráða sig ekki án minnar vitundar. Svo fór það. Mundi og Palla á Löngumýri munu fara að Sljettárdal. Ómögulegt því að segja um hvernig búskapnum verður háttað á Löngumýri á næsta ári. Má því eins búast við að María geti ekki gefið ákveðin svör að svo stöddu um vinnu á næsta ári. –

Enn er Dóri Eyvindarsst. ókominn. Slæmt að geta nú ekki notað akfærið. Það verður altaf töluv. vandkvæðum bundið að vera bundinn fjarri búinu hálf árið. – En, góða! Þetta mas verður ekki til annars en að þreyta þig. –

Jeg tel dagana til helgarinnar. Og nú fæ jeg að vera hjá þjer heilan sunnudag. Já, ástin mín! Við getum alls ekki vænst þess, að lífið bjóði ekki ýmsa örðugleika og tímanlegar áhyggjur, en þeim sem unnast verður ljettara um að bera alt þess háttar. –

Býst við að fá ferð fram eftir á morgun, svo að jeg geti komið þessum línum til þín. Fyrirgefðu brjefið. Þetta er skrifað innan um hóp af fólki. Kær kveðja heim. Kystu litlu vinuna okkar fyrir mig. –

Vertu altaf blessuð, þinn elskandi

Bjarni.



Anna og Bjarni með elstu dætur sínar, Ingibjörgu og Elínu, um 1930.



Ingibjörg, Flín og Jónas Bjarnabörn með frændsystikimum sínum, Theódóru og Jóhanni Baldurs, börnum Jóns Baldurs, bróður Önnu. Mynd tekin um 1935.



Sigurjón og Ingibjörg, foreldrar Önnu, og barnabörn: Ingibjörg, Eln, Jónas, Köfínna og Sigurjón. Mynd tekin um 1944.



Ejarni og Jónas, um 1940.



Köfínna og Ólafur Snæbjörn, um 1947.



Í Mjóadal, æskuheimili Sigurjóns, föður Önnu. F.v. Ingibjörg, Anna, Elin, Sigurjón, Jónas og Björg, systir Sigurjóns. Mynd tekin um 1940.



Gestir í Blöndudalshólum, 1944. Bjarni situr fyrir miðri mynd, vinstra megin við hann Ingibjörg, Elín og Kofinnna, hægra megin Anna með Sigurjón og Jónas. Ingibjörg, móðir Önnu, er lengst til hægri.

ANNA OG BJARNI Í HÓLUM

Ástir samlyndra hjóna

Í dagbókum Bjarna Jónassonar má lesa þroskasögu hans á sextán ára tímabili, frá 1909 til 1926, með nokkurra ára hléi. Bréf hans til Önnu Sigurjónsdóttur rekja ástarsögu þeirra inn í fyrstu ár hjónabandsins, þegar þeim sleppir hafa þau verið gift í á þriðja ár og eignast eina dóttur. Bjarni og Anna lifðu bæði fram á 93. aldursár og áttu samleið í rúm sextíu ár svo að sagan sem hér hefur verið sögð lýsir aðeins upphafinu á þeirra löngu lífsgöngu. Líkt og greint hefur verið frá hélt Bjarni ekki dagbók á árunum 1926 til 1944 og þegar hann tók aftur til við skráningu dagbókar varð hún með allt öðrum hætti en þær fyrri, aðallega stuttar færslur um veðurfar. Fyrri bækurnar falla í báða meginflokka dagbóka, „skráningadagbók“ og „tilfinningadagbók“, samkvæmt skilgreiningu Davíðs Ólafssonar sagnfræðings¹ en frá 1944 á aðeins fyrri skilgreiningin við. Engar hugleiðingar liggja eftir Bjarna um hjónaband þeirra Önnu eftir fyrstu árin svo aðeins verður dregin upp sú mynd af sextíu ára samleið þeirra hjóna sem blasti við öðrum.

Anna og Bjarni hófu búskap í Blöndudalshólum í Bólstaðarhlíðarhreppi eftir að þau gengu í hjónaband 14. júlí 1923. Þau eignuðust sex börn en misstu eitt þeirra í æsku. Ingibjörg fæddist 10. maí 1925, Elín 23. september 1927, Jónas Benedikt 4. mars 1932, Kolfinna 30. maí 1937, Sigurjón 10. ágúst 1941, en hann lést úr bráðri botnlangabólgu 7. desember 1945, og Ólafur Snæbjörn 29. febrúar 1944.

Öllum sem til þeirra hjóna þekktu ber saman um að hjónaband þeirra hafi verið afar ástríkt og að þau hafi gengið mjög samhent til allra verka. Lífið var þó fráleitt alltaf auðvelt. Til að mynda var barnsmissirinn þungbær, yngsti sonurinn fæddist með Downs-heilkenni og elsta dóttirin hefur átt við veikindi að stríða frá því hún komst á fullorðinsár. En þannig var lífsins gangur líkt og Bjarni ritaði í síðasta bréfinu til Önnu hér að framan:

Við getum alls ekki vænst þess, að lífið bjóði ekki ýmsa örðugleika og tímanlegar áhyggjur, en þeim sem unnast verður ljettara um að bera alt þess háttar.²

1 Davíð Ólafsson, „Að skrá sína eigin tilveru“, bls. 60. Sjá nánar umfjöllun í inngangskafla.

2 Úr bréfi Bjarna til Önnu, 2. febrúar 1926.

Í bréfum Bjarna kemur glöggst fram að hann gerir sér háleitar hugmyndir um hjónabandið. Það er samruni tveggja sála og byggir á vináttu og kærleik tveggja einstaklinga sem deila jafnt lífsstarfi og leyndustu hugsunum. Á fyrstu hjúskaparárunum staðfestir Bjarni í bréfum sínum og dagbókum að hjónabandið sé uppfylling allra drauma hans og vona og við nánari viðkynningu verður honum sífellt ljósara hve lánsamur hann er með lífsförunautinn. Af frásögnum afkomenda og annarra samferðamanna þeirra Önnu og Bjarna má merkja að þau flíkuðu ekki tilfinningum sínum hvort til annars en öllum ber saman um að þau hafi verið einkar samstillt og gengið einhuga til allra verka.

Anna og Bjarni bjuggu mestalla sína búskapartíð í tvíbýli, fyrst við foreldra Önnu til 1935, svo við Guðmund Einarsson og Sigríði Björnsdóttur 1939 til 1959. Vann Guðmundur töluvert við bú þeirra en annars sinntu vetrarmenn jafnan rekstrinum í fjarveru Bjarna yfir kennslutímamann. Annars lagði fjölskyldufólkið allt hönd á plóginn, börnin gengu í ýmis verk eftir því sem þau höfðu þroska til og Anna var afar verklagin á smærri og stærri verk. Hún þótti einstaklega handlagin og hafði mikla unun af hannyrdum ýmiskonar. Henni lét því vel að munda saum- og heklunálar en stærri verkfæri léku engu síður í höndunum á henni og ef beita þurfti hamri eða sög var hún mun líklegri til að láta til sín taka en Bjarni.

Bjarni og Anna höfðu mikinn áhuga á ræktunarmálum og strax í upphafi búskapar þeirra var matjurtagarður við bæinn stækkaður til muna og átti eftir að stækka enn á komandi árum. Áhugi Bjarna var mestan part búrekstrarlegur, matjurtaræktunin var nauðsynleg og jafnframt hagkvæm aukabúgrein ef svo bar undir. Anna hafði hinsvegar brennandi áhuga á ræktuninni sjálfri og sinnti henni áfram löngu eftir að þau hjón brugðu búi. Hún hafði að auki mjög mikinn áhuga á skógrækt og vann mikið starf við uppgræðslu skógarreitar við Blöndudalshóla sem er hin mesta bæjarprýði og annálaður víða um sveitir. Áhugi á skrúðgardarækt færðist mjög í vöxt á fyrri hluta tuttugustu aldar og voru víða sett niður tré við íbúðarhús til sveita en Anna gekk mun lengra í þessum málum en almennt gerðist og ræktaði upp töluverðan skóg í hlíðinni fyrir ofan bæinn. Sinnti hún þessu áhugamáli ávallt af atorku og alúð og varð skógræktarstarf hennar öðrum mikil hvatning.

Bjarni stundaði farkennslu í Svínavatnshreppi til 1931 en tók þá við stöðu farkennara í Bólstaðarhlíðarhreppi. Hann átti eftir að upplifa þær umbætur í fræðslumálum sem hann vonaðist eftir strax á fyrstu árum sínum í kennslu, að farskólar legðust af og við tækju fastir skólar til sveita, en þær komu þó ekki til fyrr en eftir að hann hafði látið af störfum. Í erindi fluttu

á fræðslumálafundi á Blönduósi 20. febrúar 1940 gerði Bjarni grein fyrir þeim aðstæðum sem hann byggði við sem farkennari:

Í strjálbyggðu sveitunum, eins og þeim héruðum, sem ég hefi starfað í, eru börnin að jafnaði í dvöl á skólastaðnum, um heimangöngu er ekki að ræða, nema frá einstöku bæjum. Farskólinn er þá í raun og veru heimavistarskóli, án þess að eiga húsnæði.

Skólinn er að jafnaði á mörgum stöðum á vetri, ef til vill ekki nema mánuð í stað. Húsakynnin eru að jafnaði mjög ófullnægjandi og í mörgum tilfellum alls endis óviðunandi. [...] Ég hefi verið við farkennslu í tveimur héruðum í samtals 24 ár. Í öðru héraðinu kenndi ég á nálægt helming bæjanna, og á hinum hef ég nálægt því náð þriðjungnum. Í báðum þessum héruðum var lítið um nýbyggingar.¹

Bjarni gegndi stöðu farkennara í Bólstaðarhlíðarhreppi til ársins 1953 en lét þá af kennslu fyrir aldurs sakir.

Eins og fram hefur komið vann Bjarni mikið að félagsmálum í Svínavatnshreppi á meðan hann bjó þar og gegndi ýmsum opinberum skyldum fyrir hreppinn. Eftir flutninginn í Blöndudalshóla tók hann fljótlega að gefa sig að félagsmálum í Bólstaðarhlíðarhreppi. Leit hann á það sem sjálfsagða skyldu, auk þess sem hann hafði einlægan áhuga á félagsstarfi og framfaramálum, lagði rækt við ungmennafélagshugsjónina sem hann hafði hrifist af á unga aldri og var sannfærður samvinnumaður alla tíð. Anna lagði einnig sitt af mörkum til félagsstarfa í hreppnum, tók t.a.m. þátt í stofnun kvenfélags hreppsins 1927 og var ein helsta driffjöður í starfsemi þess um áratuga skeið.

Bjarni var mikill áhugamaður um sagnfræði, hagfræði og ættfræði og stundaði rannsóknir á þessum sviðum um áratuga skeið. Áhugi Bjarna á þjóðlegum og sagnfræðilegum efnum vaknaði þegar í ásku, hann var mikill aðdáandi Íslendingasagna og sannfærður um uppeldis- og fræðslugildi þeirra. Þegar Bjarni gerðist farkennari fór hann að skrásetja þjóðlegan fróðleik og naut þess þá mjög að vera samvistum við sagnafrótt eldra fólk á bæjunum sem hann dvaldi á og skrifa upp frásagnir þess. Þó Bjarni teldi sjálfur afköst sín við ritstörf mjög takmörkuð var hann atorkusamur fræðimaður á ýmsum sviðum. Fræðistörfin stundaði hann helst þegar hann var fjarri heimilinu við kennslu á veturna, á sumrin gafst enginn tími til slíks vegna anna við búskapinn. Má því kannski segja að þó fjarvistirnar frá fjöl-

1 Pétur Sigurðsson, *Vorþeyr og vébönd – Minningarbók um Bjarna í Blöndudalshólum*, bls. 106.



Dóms- og kirkjumálaráðherrann

Æunngjörir: Að ég hér með skipa

BJARNA JÓNSSON

til þess að vera farkennari í Bólstaðarhlíðarhreppi í Húnavatnssýslu

frá 1. október þessa árs að telja

Hann skal því vera stjórnarvöldunum trúr og hlýðinn, halda stjórnar-
skipunarlæg ríkisins og rækja starf sitt með árvekni og samvirkusemi, allt sam-
kvæmt heiti um það.

Útgefið í Reykjavík, 12. október 1931.

Bj. Jónsson



Jóns. Bergþórsson

Skipunarbréf

handa Bjarna Jónssyni sem farkennara í Bólstaðarhlíðarhreppi í
Húnavatnssýslu.

Skipunarbréf Bjarna til stöðu farkennara í Bólstaðarhlíðarhreppi, 1931.



Bjarni í hópi nemenda, um 1949.

skyldunni hafi verið þungbærar hafi þær einnig gefið tækifæri til lesturs og grúskis sem hefðu tæplega gefist ella.

Um Bjarna hefur verið rituð bókina *Vorþeyr og vébönd. Minningarbók um Bjarna í Blöndudalshólum* eftir Pétur Sigurðsson (Héraðsskjalasafn Austur-Húnavetninga, 1987). Hefur bókina m.a. að geyma nokkrar ritgerðir og erindi en eftir Bjarna liggja margar aðrar ritgerðir og greinar. Má þar nefna: „Upphaf Skeggstaðaættar“ og „Guðmundur ríki í Stóradal“, *Svipir og sagnir. Þættir úr Húnavatnsþingi* (Sögufélagið Húnavetningur, 1948). „Þorleifur í Stóradal“, *Svipir og sagnir II. Hlynir og hreggviðir* (Sögufélagið Húnavetningur, 1950). „Framfarafélagið í Svínavatnshreppi“ og „Harðindin 1881-1887“ (f.hl.), *Svipir og sagnir III. Troðningar og tóftarbrott* (Húnavetningafélagið í Reykjavík, 1953). „Harðindin 1881-1887“ (s.hl.), *Svipir og sagnir IV. Búsæld og barningur* (Húnavetningafélagið í Reykjavík, 1955). „Jón í Sólheimum“ í *Svipir og sagnir V. Fortíð og fyrirburðir*. (Bókaforlag Odds Björnssonar, 1962). „Sögufélagið Húnavetningur“ í *Húnaþing I* (Búnaðarsamband Austur-Húnavetninga et al., 1975). Greinar í *Húnavöku*, riti Ungmennasambands Austur-Húnavetninga, m.a.: „Harmsaga gerist á Geithömrum“ (2. ár, 1962). „Manndrápsbylur“ (3. ár, 1963). „Hestur og tvö slys“ (6. ár, 1966). „Frá upphafi átjándu aldar I-II“ (8.-9. ár, 1968-1969). „Erfiðar kaupstaðarferðir“ (10. ár, 1970). „Halldór Helgason, Mosfelli“ (10. ár, 1970). „Vorboðar“ (11. ár, 1971). „Litast um í Svínavatnshreppi I-IV“ (16.-19. ár, 1976-1979). „Minnisstæðasta veðrið“

í *Húnvetningi*, ársriti Húnvetningafélagsins í Reykjavík (1992). Að auki greinar í *Tímanum*, *Samvinnunni* og fleiri tímaritum.

Við stofnun Héraðsskjalasafns Austur-Húnavatnssýslu gafst loksins tækifæri til markvissrar geymslu heimilda um sögu héraðsins og var Bjarni mikill áhugamaður um starfsemi safnsins. Árið 1977 afhenti hann safninu ættfræðibókasafn sitt að gjöf og 1982 gaf hann safninu öll handrit sín og skjöl – þar á meðal gögn sín um sagnfræði og ættfræðileg málefni, svo og dagbækur sínar – svo þau gætu komið öðrum fræðimönnum og áhugafólki að gagni við rannsóknir. Eru þessi gögn hans þau sem einna mest er sótt í á Héraðsskjalasafninu í dag.

Pegar Bjarni var á níráðisaldri svaraði hann svo spurningu gamals nemandans síns um hvaða starf hann hefði kosið sér ef hann hefði ekki orðið kennari og bóndi:

Hugurinn hneigðist mest til sagnfræði og hagfræðilegra efna. – Störf sem snertu það efni hefðu því verið mér hugstæðust. Eg hefði því kunnað vel t.d. störfum, sem nú er völ á við Árnasafn. Eins hefði eg kunnað vel störfum hjá Hagstofu Íslands. – Annars gat eg hrifist af ólíkum verkefnum. Í því lá bæði styrkur minn og veikleiki. Mikil afköst á hrifningarstundunum, en e.t.v. ekki næg þrautseigja.¹

Anna og Bjarni stunduðu búskap í Blöndudalshólum til 1961 en þá tók Jónas sonur þeirra við búinu. Þjuggu þau hjón þó áfram í Blöndudalshólum til 1980 er þau fluttu á Blönduós. Eftir að þau brugðu búi undi Bjarni sér helst við lestur og fræðagrúsk en Anna sinnti matjurtaræktinni og hannyrdum. Í bréfi til dóttur sinnar 1972 bregður Bjarni upp mynd af hversdagslífi þeirra hjóna:

Mamma þín er furðu hress, ef hún gætir þess að reyna ekki of mikið á sig. Hún hefir líka mjög reglubundið fæði og stundar leikfimi á hverjum morgni. Við höfum það rólegt hér á efri hæðinni. Tökum morgunfréttir í rúminu á morgnana og háttum um síðari kvöldfréttir. Auk húsverkanna er mamma þín svo jafnan eitthvað með band og vinnutæki. Eg hefi meira segja einstaka sinnum fengið vinnu hjá henni við að vinda band í hnykla eða halda í hespur. Annars fæst eg alltaf nokkuð við lestur og skriftir. Nú er samvinna að hefjast hjá okkur Heiðmari í Ártúnum um úrvinnslu á verkefni, sem eg var búinn að safna miklu til. Vona eg að því verði lokið, þó að eg dugi ekki til.²

1 Úr svari Bjarna Jónassonar við sjöundu spurningu Sigvalda Hjálmarssonar, júní 1975. Sjá viðauka III.

2 Úr bréfi Bjarna Jónassonar til Kolfinnu, dóttur sinnar, 24. nóvember 1972.



Blöndudalshólar, 1944.



Blöndudalshólar, 1967.



Blöndudalshólar, 1984.



Blöndudalshólar, 2008.

Anna og Bjarni lifðu bæði langa ævi en þó þau væru sæmilega heilsuhraust alla tíð fór ekki hjá því að þau fyndu fyrir álagi og striti áratuganna þegar þau settust í helgan stein. Anna hafði hlakkað til þess að hafa meiri tíma til að sinna hannyrðum þegar vinnustritinu lyki en þegar til kom hafði gigt sest í fingur hennar og hún gat illa sinnt fínni verkum. Bjarni átti erfitt með gang síðustu árin og kenndi hann vosbúð á árum áður og miklum göngum í gegnum tíðina um. Þungbærara var honum þó að sjónin gaf sig mjög undir það síðasta svo hann átti erfitt með lestur og skriftir. Bjarni og Anna fluttu úr Blöndudalshólum að Hnithbjörgum, dvalarheimili fyrir aldraða á Blönduósi 1980. Bjarni skýrir dóttur sinni frá flutningnum í síðasta bréfi sínu til hennar, rétt tæplega 89 ára að aldri:

Blönduósi 13. janúar 1980.

Elsku Kolfinna mín og þið öll. Nú erum við þá komin í nýja bústaðinn. Fluttum á miðvikudaginn var og nutum þar ómetanlegrar aðstoðar Jonna. Þetta var allt saman mikið fyrirtæki, því að margir voru bögglaðir. Vorum við sérstaklega heppin með veðrið, kyrrt og þurrt veður. Vöru-flutningabíll frá Kaupfélaginu flutti farangurinn, en Jonni flutti okkur gömlu hjúin. Halldór í Finnstungu aðstoðaði bæði við fermingu bílsins í Blöndudalshólum og affermingu á Blönduósi. Var þetta allt mikið verk og erfitt. Burður ofan af lofti í Hólum og svo að koma öllu upp á aðra hæð nýja heimilisins á Blönduósi. Eg gat lítið hjálpað til við þetta allt saman og samt var eg kúfuppgefinn. [...]

Mamma þín biður kærli. að heilsa.

Pinn elskandi faðir,
Bjarni Jónasson.¹

Bjarni lést á Blönduósi 26. janúar 1984. Undir það allra síðasta var vitundin aðeins farin að reika frá líðandi stund og til þess sem helst hafði fangað huga hans á langri ævi. Honum var þá tíðrætt um fræðistörfin sem biðu hans og túnin sem hann hugðist slá. En gömlu, lúnu augun hans skærast þegar hann talaði um elsku stúlkuna sína, hana Önnu sem beið hans heima nú þegar skólinn var úti og hann á heimleið. Tilfinningahitinn sem hann sýndi í bréfum sínum yljaði honum því fram undir það síðasta.

Anna lést 5. febrúar 1993. Skömmu fyrir andlát sitt afhenti hún Bjarna, dóttursyni sínum, bréfin sem Bjarni bóndi hennar hafði skrifað henni á þriðja áratug aldarinnar og bað hann að fara með þau eins og hann teldi best. Konan sem afsakaði sín eigin bréf og bað viðtakendur helst að brenna

1 Bréf Bjarna Jónassonar til Kolfinnu, dóttur sinnar, 13. janúar 1980.

sneplana frá sér fór með bréf ástmanns síns sem dýrustu djásn og gætti þeirra fram til hins síðasta en í stað þess að halda innilegum tjáningarmætti þeirra fyrir sig eina afréð hún að leyfa fleirum að njóta þeirra.

Í rannsóknnum sínum á heimildum sem tengjast einstaklingum frekar en stofnunum samfélagsins getur Sigurður Gylfi Magnússon sagnfræðingur þess að minningargreinar og eftirmæli gefi ekki raunsanna mynd af lífi einstaklings en birti þess í stað „helgimyndirnar sem eftirlifendur kjósa að draga upp af hinum látna.“¹ Helgimyndir þurfa samt ekki að vera ósannar þó þær gefi afmarkaða mynd og við lok sögu hjónanna í Hólum verður hér gripið niður í minningarorð tengdasonar þeirra:

Heima fyrir í Blöndudalshólum breyttu þau Bjarni og Anna koti í höfuðból. Sé litið heim til Hóla af Kjalvegi handan Blöndu er það sem auganu mætir til áherslu um líf þeirra beggja: Reisulegur bær í grónum túnum, skógur á melum. [...]

Þau voru hvort öðru stoð og stytta og það voru þau einnig öllum sínum nánustu.²

Gömlu Blöndudalshólahjónin áttu langa samleið og fá ef nokkur þrætu-epli um dagana. Sambúð þeirra einkenndist af væntumþykju, einstöku samlyndi og rótgróinni virðingu hvors fyrir öðru.³

1 Sigurður Gylfi Magnússon, *Forttðardraumar. Sjáfsbókmenntir á Íslandi*, bls. 172.

2 Hinrik Bjarnason, „Minning: Bjarni Jónasson“, *Morgunblaðið*, 4. febrúar 1984, bls. 34.

3 Hinrik Bjarnason, „Anna Sigurjónsdóttir – Minning“, *Morgunblaðið*, 20. febrúar 1993, bls. 30.



Á ferðalagi með kvenfélaginu. Anna og Bjarni eru neðst til vinstri.



Anna og synir Elínar dóttur hennar, Bjarni og Sigurjón Haukssynir, um 1960.



Bjarni og börn Kolfinnu dóttur hans, Anna og Bjarni Hinriksbörn, 1967.



Kvenfélag Bólstaðarhlíðarhrepps. Anna er þriðja frá vinstri í neðri röð.



EFTIRMÁLI

Maður og kona

Ástríðan og tilfinningahitinn sem Bjarni Jónasson sýndi í bréfum sínum til Önnu Margrétar Sigurjónsdóttur var nokkuð sem hann bar ekki á torg. Myndin sem skrif hans gefa af hans innra manni og tilfinningalífi kemur öllum á óvart sem þekktu hann, jafnvel hans allra nánustu, nú þegar bréfin eru dregin fram í dagsljósið eftir rúm áttatíu ár. Ritfærni hans var vel kunn en stílbrigði af þessu tagi hafði enginn fengið að sjá frá hans hendi nema Anna. Börn hans þekktu til að mynda helst fræðimannshliðina á honum. Það dró enginn í efa að hann elskaði konu sína og börn eða að hann bæri góðan hug til sveitunga sinna og samferðamanna en að hann hefði sett tilfinningar sínar fram á svo einlægan og afdráttarlausan máta kemur á óvart. Svo það má kannski segja að það sé frekar tjáningin en tilfinningarnar



Bjarni og Anna í Blöndudalshólum, 1977.

sjálfar sem vekur undrun. Hér getur margt komið til, vissulega hefðir og tíðarandi, en ekki síður persónuleiki og tjáningarformið sjálft. Í skrifum Bjarna kemur fram að hann var að upplagi feiminn og oft óöruggur í samskiptum við aðra, það er því afar skiljanlegt að honum hafi látið betur að tjá sínar viðkvæmustu hliðar skriflega en munnlega. Í rituðum texta gefst tækifæri til að móta hugsunina á allt annan hátt en í tali og þar slá nærvera og viðbrögð annarrar manneskju ritara ekki út af laginu.

En þó Bjarni bæri tilfinningar sínar ekki almennt á torg var hann greinilega ekki viðkvæmari fyrir þeim en svo að hann afhenti Héraðsskjalasafninu á Blönduósi allar dagbækur sínar þar sem hver sem er getur lesið um margar af leyndustu hugsunum hans. Og það sama má segja um Önnu. Hún var fremur hlédræg og lítillát og kærði sig trúlega ekki um að aðrir læsu bréf sín til Bjarna enda hafa þau ekki fundist og þykir líklegt að hún hafi sjálf fargað þeim. Hinsvegar kaus hún að láta frá sér bréfin sem hann skrifaði henni og veita þannig fleirum hlutdeild í þessari tilfinningaþrungnu sögu. Og frekar en halda henni fyrir fjölskylduna eina hef ég, í samráði við hana, ákveðið að leyfa fleirum að njóta. Ég tel að þetta innlit í einkalíf Bjarna og Önnu beri þeim mjög fagran vitnisburð og haldi minningu þeirra á lofti um leið og það geti hvatt aðra til að rækta góðar og fallegar tilfinningar í sjálfum sér.

Vinna mín að þessu verki hefur verið mikil lærdómsför. Ég hef öðlast meiri þekkingu á íslensku samfélagi í byrjun 20. aldar og innsýn í hugmyndaheim og tilfinningalíf fólks á þeim tíma. Þannig geta persónulegar heimildir á borð við dagbækur og bréf haft merkt sögulegt gildi og veitt fyllri mynd af samfélagsháttum, lífskjörum og þankagangi þjóðar. Í rannsókn sinni á áhrifum fjölpjódlegra hugmyndastefna á Íslendinga 1830-1918 getur Ingi Sigurðsson þess til að mynda að erfitt sé að meta áhrif upplýsingarinnar á almenning „m.a. vegna þess að ritheimildir frá alþýðufólki liggja fyrir í takmörkuðum mæli.“¹ Í dagbókum og bréfum Bjarna má greina mjög skýran hljórn af þeim hugmyndafræðilegu hræringum sem léku um Ísland á fyrstu áratugum tuttugustu aldar og mótuðu hugarheim aldamótakynslóðarinnar. Þessar heimildir, og aðrar af svipuðum toga, eru því mikilvægt innlegg í skilning okkar á sögu lands og þjóðar.

Það sem ég hef fram yfir margan lesandann er að saga Bjarna og Önnu er líka saga fjölskyldu minnar og þar með hluti minnar eigin sögu. Ég hafði ákveðna mynd af ömmu minni og afa áður en ég lagði upp í þessa för en það sem áður var fremur brotakennd mósaík er orðin mun dýpri og litríkari heildarmynd. Um leið hef ég fengið betri innsýn í líf og lag móður minnar,

1 Ingi Sigurðsson, *Erlendir straumar og íslensk viðhorf*, bls. 31.

Kolfinnu Bjarnadóttur, þetta er fólkið sem ól hana upp og umhverfið sem hún er spröttin úr og mótaði því hennar fyrstu gerð. Líkt og áður segir hefur móðir mín veitt mér mikla aðstoð við vinnslu bókarinnar og sú vinna hefur verið engu síður upplýsandi og ánægjuleg fyrir hana en mig. Með því að grúska í gömlum gögnum, fletta í gegnum myndaalbúm og ræða við mig og aðra hefur hún bæði minnst foreldra sinna á markvissan hátt og öðlast nýja sýn á þau og sögu þeirra. Það hefur aukið enn á ánægju mína að fylgjast með henni sökkva sér ofan í skrif föður síns, lesa upp það sem grípur hana helst, hlæja hér, flissa þar, jafnvel strjúka burt stöku tár. Vinnsluferlið hefur því haft mikið gildi fyrir okkur báðar og vonandi gegnir sama máli um aðra þá sem lesa afraksturinn.



Anna með börnum sínum á níraðisáfmælinu 1990: Jónasi, Elínu, Kolfinnu og Ingibjörgu. Á myndina vantar Ólaf Snæbjörn.



Þrír ættliðir, 1984: Kofinnna Bjarnadóttir, Anna Sigurjónsdóttir og Anna Hinriksdóttir.



Gluggað í myndaalbúm: Anna og bókarhófundur, 1984.

Heimildaskrá

Óbirtar heimildir:

Dagbækur Bjarna Jónassonar eru í eigu og vörslu Héraðsskjalasafns Austur-Húnavetninga á Blönduósi. Þar hafa bækurnar ekki verið skráðar hver fyrir sig, aðeins öskjurnar sem geyma þær.

Sendibréf Bjarna Jónassonar til Önnu Sigurjónsdóttur eru í fórum afkomenda þeirra.

Viðtal Júditar Jónbjörnsdóttur kennara við Bjarna Jónasson og Önnu Sigurjónsdóttur, tekið að undirlagi dóttur þeirra, Elínnar Bjarnadóttur, árið 1975. Viðtalið er á tónbandi, um þrír tímar að lengd, og er í fórum afkomenda Bjarna og Önnu.

Birtar heimildir:

Bjarni Jónasson, „Sögufélagið Húnavetningur.“ *Húnaþing I*. Ritnefnd Sigurður J. Líndal og Stefán Á. Jónsson. ([S.l.], 1975), bls. 307-318.

Davíð Ólafsson, „Að skrá sína eigin tilveru. Dagbækur, sjálfsmynd og heimsmynd á 18. og 19. öld.“ *Einsagan – ólíkar leiðir. Átta ritgerðir og eitt myndlistarverk*. Ritstjórar Erla Hulda Halldórsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon (Reykjavík, 1998), bls. 51-88.

Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðrikið – uppruni og endimörk*. Ritstjórar Adolf Friðriksson og Jón Karl Helgason (Reykjavík, 2001).

Ingi Sigurðsson, *Erlendir straumar og íslensk viðhorf. Áhrif fjölbjóðlegra hugmyndastefna á Íslendinga 1830-1918* (Reykjavík, 2006).

Lofur Guttormsson (ritstjóri), Ólafur Rastrick og Ólöf Garðarsdóttir, *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007. Fyrri bindi: Skólahald í bæ og sveit 1880-1945* (Reykjavík, 2008).

Ólafur Ásgeirsson, *Iðnbylting hugaþfarsins. Átök um atvinnuþróun á Íslandi 1900-1940* (Reykjavík, 1988).

Pétur Sigurðsson, *Vorþeyr og vébönd. Minningarbók um Ejjarna í Blöndudalshólum* ([Blönduós], 1987).

Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur. Þjóðerni, kyngervi og val á Íslandi 1900-1930* (Reykjavík, 2004).

Sigrún Sigurðardóttir, *Elskulega móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur*. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 3 (Reykjavík, 1999).

Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg. Einsögunannsókn á íslensku sveitasamfélagi 19. og 20. aldar*. Sagnfræðirannsóknir 13 (Reykjavík, 1997).

Sigurður Gylfi Magnússon, „Félagssagan fyrr og nú.“ *Einsagan – ólíkar leiðir. Átta ritgerðir og eitt myndlistarverk*. Ritstjórar Erla Hulda Halldórsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon (Reykjavík, 1998), bls. 17-50.

Sigurður Gylfi Magnússon, *Fortíðardraumar. Sjálfsbókmenntir á Íslandi*. Gestarítstjóri Guðmundur Hálfðanarson. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 9 (Reykjavík, 2004).

Sigurður Gylfi Magnússon, *Sjálfssögur. Minni, minningar og saga*. Gestarítstjóri Soffía Auður Birgisdóttir. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 11 (Reykjavík, 2005).

Pórbergur Þórðarson, *Cfvitinn* (Reykjavík, 1975).

Ljósmyndir og póstkort í bókinni eru úr safni fjölskyldu Bjarna og Önnu. Ýmis skjöl eru fengin úr gagnasafni Bjarna sem geymt er á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavetninga á Blönduósi.



Anna og dætur á nírvæðisfælinu, 1990: Kofinna, Elín, Anna og Ingibjörg.


Viðauki I

Dagbók Bjarna Jónassonar 1909-1914

Bjarni hóf nám í Kennaraskóla Íslands í Reykjavík haustið 1908, sautján ára að aldri. Hann bjó öll námsár sín í Reykjavík að Laugavegi 37 hjá Árna Jónssyni, framkvæmdastjóra Völundar, og konu hans Lilju Kristjánsdóttur. Yfir sumartímamann dvaldi hann í foreldrahúsum í Litladal í Svínavatnshreppi í Austur-Húnavatnssýslu og sinnti þar bústörfum og öðru sem til féll. Bjarni útskrifaðist með kennarapróf vorið 1911 og þá um haustið tók hann við stöðu kennara við barnaskólann á Blönduósi.

Bjarni hélt dagbók nokkuð reglulega frá 1909 til 1912, þó með stöku hléum, en 1913 og 1914 verða dagbókarfærslurnar mun stopulli og hætta loks.

Hér er birt í heild dagbók Bjarna frá þessum árum svo lesendur geti gert sér gleggri mynd af dagbókarskrifum hans. Hér má m.a. finna athyglisverðar lýsingar á námsvist og félagslífi í Kennaraskólanum, frásagnir af ferðum Bjarna á milli Reykjavíkur og Austur-Húnavatnssýslu, bæjarlífinu í Reykjavík, baráttu bænda við íslenska veðráttu og fyrstu kennsluárunum á Blönduósi.



1909

1. janúar (föstudagur)

Ekki vaknaði eg nú fyr en klukkan hálfgingin tíu í morgun, það var heldur eigi að búast við því, því seint var gengið til rekkju í nótt, eigi fyr en kl. 1½.

Það var margt fólk í boði hjá þeim hjónunum Árna Jónssyni og Lilju Kristjánsdóttur. Meðal annars var jólatrésskemtun, sem hafði verið frestað til þessa kvölds vegna veikinda þeirra hjónanna um jólin og líka vegna þess að þá var Borg-hild litla Asbelund ný dáin.

Árni spilaði fyrir okkur á organið en fremur lítið var um sönginn.

Eg var við messu í frikirkjunni í dag hjá síra Ólafi Ólafssyni og hlustaði eg þar á afbragðsræðu, eins og í þau öll skifti sem eg hefi verið við kirkju hjá honum.

Það er líka ágætt tækifæri til þess að minnast margs við áramótin. Líta yfir liðna æfi og láta huginn dvelja við liðna atburði og hjá horfnum ástvinum o.s.frv.

Margs get eg minst á þessu nýliðna ári, þó engar sérstakar hugnæmar sorgar-eða gleðiendurminningar séu við það bundnar.

Eg hefi eigi mist á því neinn nákominn ættingja, nema Jón föðurbróður minn í Chicago, sem eg hefi aldrei séð, því hann var fluttur vestur áður en eg fæddist. Eg hefi heldur eigi orðið að sjá á bak neinum vini mínum, en aftur á móti hafa mér bæst nýir vinir, þar sem að sumir af skólabræðrum mínum eru t.d. Pétur Einarsson og Sveinn Halldórsson o.fl.

Seinni partinn í dag heimsókti eg Svein Halldórsson, hann var alveg nýkominn af spítalanum, leit hann þó eftir vonum út, hefir ekki horast mjög mikið í leggunni og býst eg við að hann nái sér bráðlega aftur svo að hann geti sókt tíma í skólann eftir að leyfið er úti.

Eg hefi setið mestmegnis heima í dag, en lítið þó starfað (lauk við bréfin mín heim.) Veðrið hefir heldur ekki verið heppilegt til þess að vera mikið úti, því það hefir verið sífeldur eljagangur í allan dag.

Í kvöld eftir að eg hafði borðað kvöldverð, settist eg að spilum og spilaði „Kött“ í 4^{ar} klukkustundir við þau hjónin Lilju og Árna og Guðrúnu systur hans og stúlku-urnar hérna í húsinu (J. og St.) og tvö mæðgin héðan innan af Laugaveginum.

Fór að háttu kl. liðlega eitt

2. janúar (laugard.)

Tíðinda lítill hefir dagurinn í dag verið fyrir mig. Hefi eg altaf verið heima, utan að eg sat á Ungmennafélagsfundi suður í skóla í kvöld frá kl. 5-8. Þar gerðist fátt markvert. Slóg dálítið í brýnu fyrir tveim ritstjórum „Örvar-Odds“ þeim Þorsteini Jónssyni og Jörundi Brynjólfssyni út af Gefjunargreininni sælu um daginn, „Lýðveldi á Íslandi.“

Veðrið í dag hefir verið hálf hráslagalegt, rok og gengið á með krapasléttingi við og við svo það hefir eigi verið neitt skemtilegt að vera úti.

3. janúar (sunnud.)

Var lítið heima fyrri partinn í dag. Heimsókti fyrst Ólaf Kjartansson sem býr hjá Bergi Þorleifssyni söðlasmið á Skólavörðustíg 10. Dvaldi eg þar þó nokkra stund og ræddi við Berg gamla um alla heima og geima. Hann er hinn bezti karl, skynsamur vel og skemtinn í viðræðum.

Guðmundur föðurbróðir minn hafði átt heima hjá honum þegar hann var hér á mentaskólanum fyrir eina tíð, og kannaðist karl því strax við ætt mína og hafa þau hjón Bergur og kona hans Hólmsfríður Árnadóttir verið hin alúðlegustu við mig og hefi nokkrum sinnum drukkið hjá þeim kaffi í vetur og það nú síðast í dag.

Við Ólafur gengum okkur svo til skemtunar niður í bæ. Heimsóktum við Guðmund Gunnlaugsson umsjónarmann okkar. Hann var ekki kominn á fætur karlinn og var þó klukkan farin að ganga tvö, hafði hann vakað við bréfaskriftir alla nóttina út. Hann sendi líka ein tíu bréf með norðan pósti, svo það er ekki furða þótt hann hafi þurft að sitja við bréfaskriftir í jólaleyfinu, enda hefir hann varla sést á götu alt jólaleyfið út. Það er mikill munur með mig, eg sem hefi sem ekkert verið heima í öllu leyfinu.

Seinni partinn í dag heimsókti eg Héðinn Valdimarsson frænda minn (Þingholtsstræti 18.) Dvaldi eg hjá honum á aðra klukkustund og mösuðum við um hitt og þetta. Lánaði hann mér „Bóndann á Hrauni“, ætla eg svo að lesa hann og fara svo í leikhúsið á eftir og sjá hann leikinn.

Í kvöld var margt fólk í boði hér hjá þeim Árna og Lilju, helzt börn og kvenfólk. Fyrst var jólatrésskemmtun, en síðan dans á eftir í fjórar klst. frá kl. 8-12. Dönsuðum við í daglegustofunni, bárum burt úr henni borðið, stólana og legubekkin, svo það varð bærilegt rúm.

Það var nú raunar ekki margt sem dansaði, ekki nema við Árni að karlmönnum til, en miklu fleiri stúlkur. Það var nú frú Lilja og stúlkurnar hjá henni (Júlíana og Steinunn) og Sigrún Asbelund og svo fjórar aðrar stúlkur er ekki áttu heima hér í húsinu.

Þetta hefir nú verið seinasti dagurinn af jólaleyfinu okkar á Kennaraskólanum. Eg hlakka nú held eg bara til að fara að læra aftur, eg er orðinn hálf leiður á iðjuleysinu og langar mig því til þess að taka til starfa aftur við námið, þó eg búist nú við að verða hálflatur eins og fyrri daginn.

Ekki hefi eg eytt miklu í skemtunir í jólaleyfinu, ekki einum eyrir, utan til skólaskemtunarinnar okkar miklu á þriðjudaginn var, og kalla eg þetta mikla sjálfsafneitun – og það af mér, sem hefir þó ákaflega mikið gaman af skemtunum, en það dugir ekki annað til þess að geta lifað hér fyrir mig en að neita mér um alt, sem ekki er hægt að segja að sé beinlínis nauðsynlegt.

Veðrið í dag hefir verið gott, kyrt en nokkuð kalt – ágætis gangfæri.

4. janúar (mánud.)

Í dag fór eg í skólann kl. 11. f.m. og dvöldum við þar aðeins í tæpa klukkustund á meðan okkur var sett fyrir. Þar voru þeir báðir Sveinn Halldórsson og Sigurður

Kristjánsson er báðir hafa legið undanfarandi í liðugan hálfan mánuð. Eru þeir orðnir allbrattir báðir og býst eg við að þeir nái sér bráðlega aftur eftir leguna.

Nú er eg búinn að lesa „Bóndann á Hrauni“, las hann í dag. Margt og mikið mætti auðvitað segja um leikritið, því tilþrif eru þar víða afarmikil, en eg ætla að láta það bíða þangað til að eg er búinn að sjá það (leikritið) leikið. Leikritið er ófæð það bezta sem við höfum eignast enn sem komið er í þeirri grein bókmentanna og er mjög líklegt að höfundurinn, Jóhann Sigurjónsson, eigi glæsilega framtíð fyrir höndum í leikritasmíði ef hans nyti við.

Það sem mér hefir þókt einna mest í varið, við að lesa það svona fljótlega yfir, er það, hvað það er frumlegt og ramm-íslenzkt að efni til og búningi.

Í dag hefir verið bærilegt veður – eljagangur við og við, og talsvert kalt.

5. janúar (Þriðjud.)

Vorum í fótboltaleik í dag í leikfímistímanum hjá Ólafi Rósinkranz. Nokkrir „Mentaskólapiltar“ voru með, gekk það svona og svona, við Kennaraskólapiltar flestir óvanir. Hættum ekki fyr en kl. var nær því orðin fjögur og kom eg því seint heim til miðdagsverðar, enda voru þau Sigurður Þorsteinsson og Halldóra Þórðardóttir búin að borða, er eg kom heim og varð eg því að setja einn við borðið núna.

Gott veður í dag. Gerði dálftið fól í nótt. Í kvöld hefir gengið á með eljum við og við.

6. janúar (miðvd.)

Mér gekk illa að vakna í morgun. Júlíana mátti vekja mig tvívegis og varð eg því síðbúinn að heiman ekki fyr en kl. 8., og hafði þó hraðan á að tygja mig eftir að eg vaknaði þá loksins. Það var og svo mikill asi var á mér að eg gleymdi að fara í kápuna. Þegar eg kom út var fyrst dálítill hríðarmugga en hvesti og gerði þreifandi byl er eg var kominn upp á miðjan Frakkastíg. Við Skólavörðuna náði eg þeim Þorsteini M. Jónssyni og Magnúsi Stefánssyni og urðum við svo þrír samferða yfir holtið og náðum við, með illum leik suður í skólann, allir fannbarðnir og grátt leiknir af Kára gamla. Var þá kenslustund nýbyrjuð. Eg nagaði mig nú í handarbökin fyrir deyfðina og svefninn, því að nú hafði eg þess vegna orðið mér til skammar, með því að koma of seint í skólann – auðvitað var það nú ekki nema vanalegt með sum af hinum heiðruðum bekkjar systkinum mínum að þau kæmu oft og tíðum eigi í tæka tíð í skólann, svo að það var nú ekki verið að kippa sér upp við það þó að einhverir kæmu of seint í tíma. –

Og svo hafði eg og fengið þenna óhræsis byl og orðið við það allur útverkður.

Hefi lítið verið heima seinnipartinn í dag. Las hjá Péttri Finarssyni suður í Gróðrastöðinni og reiknuðum við heimaðæmið mikla saman, en hamingjan má vita hvort við höfum fengið annað enn tóma vitleysu út úr því, minsta kosti vonast eg ekki eftir því að Ólafur gefi mér þumlungs eða þumlunga stórt R. fyrir það.

Ekkert skemti eg mér í kvöld, eg hefi þó verið vanur því á þrettándanum undanfarið, skólinn var líka svo seint úti hjá okkur fyrstbekkingum í dag, ekki fyr en kl. 4 (handav. kl. 2-4), að eg varð að nota kvöldið til þess að lesa undir morgundaginn.

Í dag hefir verið sífeldur eljagangur og stundum gert svört él og frost hefir einnig verið talsvert mikið, nú er komið dálítið fól á jörðu – gangfæri gott – nokkuð hált á götum bæjarins.

7. janúar (fimmtud.)

Tíðindalítið hefir dagurinn í dag verið fyrir mig, en það er nú samt ekki af því, að eg hafi setið hér altaf uppi á herbergi mínu, síðan eg kom úr skólanum. Kl. 5 í kvöld fór eg suður í Gróðrastöð til Péturs Einars og lásam við svo saman ofurlítið, reyndar lenti nú mestur tíminn í ólátum og masi, eins og svo oft vill brenna við hjá okkur Pétri. Kl. 6 fórum við svo á glímufund. Var glímt í 1½ klst. af talsverðu kappi, en altof fáir sóttu fundinn, er það annars einkennilegt hve áhuginn á glímunum virðist alment vera lítill hjá okkur Kennaraskólapiltum. Glímufundirnir hafa vanalega verið mjög illa sóttir og einstöku sinnum meira að segja fallið niður glímufundir hjá okkur, en nú upp á síðkastið virðist þó heldur vera að lifna yfir þeim.

Í dag hefir verið gott veður – kyrt en nokkuð mikið frost. –

8. janúar (föstud.)

Í dag vorum við aftur í fótboltaleik í leikfímistímanum hjá Ólafi. Nú gekk það talsvert betur en um daginn (síðastl. þriðjud.) þótt mikið vanti enn á það, að það megji heita gott, enda er heldur eigi að búast við slíku strax í annað sinn.

Málfundur var í dag hjá okkur suður í skóla frá kl. 4½ -6. Talsvert var þar nú sagt, eigi er hægt að neita því, en skolli er eg hræddur um að það hafi eigi alt verið af viti. Pétur karlinn skemti okkur mikið því að í hvert skifti sem hann stóð upp til þess að tala gátum við ekki stilt okkur um að hlæja, af því að hann var svo meinfyndinn og gamanssamur og eg held meira að segja að Elías gamli Bjarnason og Ólafur minn Kjartansson hefðu eigi fremur en við getað stilt sig um að hlæja og eru það þó langmestu stillingmenn skólans. Pétur er annars hinn mesti snillingur að klæða ræðu sína í fyndinn og gamansaman búning og fer oft vel á því hjá honum, en stundum finst mér hann þó fara alt of langt, og verða meira að segja of persónulegur á stundum, og sannast þar að „af öllu má of mikið gera“ og að „það er vandratáð meðalhófið“. Í dag keypti eg mér Sturlungu (fyrsta bindið, meira er ekki komið ennþá út af henni) og hugsa eg mér nú gott til glóðarinnar að fara að lesa hana í hjáverkum mínum. Frágangur virðist vera ágætur á bókinni, eins og vænta mátti þar sem að dr. Björn Bjarnason kennari minn hefir búið hana undir prentun og Sigurður Kristjánsson bóksali verið kostnaðarmaður að henni. Sigurður Kristjánsson hefir unnið þjóð sinni ómetanlegt gagn með útgáfu „dýrustu gimsteina bókmenta vorra“ Íslendingasagnanna. Og væri það óskandi að þjóðin sýndi það, að

hún kynni að meta starfsemi Sigurðar, með því að kaupa þær (Íslendingasögurnar), láta þær sitja í fyrirrúmi fyrir öðru t.d. útlenda rómanaruslinu sem nú fyllir bóka- markaðinn hér á landi.

Smekkur þjóðarinnar þarf að taka breytingum frá því sem nú er til þess að góðar bókmentir geti í raun og veru þrífist, því að mikill meiri hluti bóka þeirra og rita sem nú seljast bezt á bókamarkaðinum er lélegt rusl en beztu bækurnar liggja oft og tíðum svo árum skiftir ósnertar í bókahillunum. En þetta á alt fyrir sér að lagast í framtíðinni.

Í dag hefir verið rigning og rok og var orðið fjarska hált á götum bæjarins í gærkveldi.

9. janúar (laugard.)

Ungmennafélagsfundur var í kvöld hjá okkur suður í skóla frá kl. 5-8. Fáir sóttu fund og umræður voru fremur daufar. Mest var rætt um þegnskylduvinnuna, framsögumaður var Kristján Sigurðsson. Hann skýrði málið vel og var í flestum greinum á sama máli og aðalhöfundur og frummælandi þessa máls Hermann Jónasson fyrirv. alþm.

Hugmyndin og tilgangurinn er auðsjáanlega ágætur, ekki verður því neitað. Tilgangurinn er ekki annar en sá að vinna landi voru sem mest og bezt gagn. Margt og margt mætti telja af því sem þegnskylduvinnan gæti að öðru jöfnu komið góðu til leiðar t.d. vendi hún menn á stundvísi og reglusemi; þær dygðir eru alment á lágu stigi hjá oss Íslendingum og veitti því sannarlega ekki af að glæða þær. Einnig myndi hún ef réttilega væri af stað farið, vekja ást þjóðarinnar á landinu og glæða löngun hennar til þess að starfa fyrir það. Þá myndi orðtakið „alt fyrir Ísland“ verða samgrónara hjörtum þjóðarinnar og síður verða eintómt bergmál, dautt og máttlaust, eins og það er hjá mörgum hverjum nú. Svo hefði það og mjög góð áhrif viðkyrning sú er menn kæmust í hver við annan, og margt fleira mátti auðvitað telja upp eg nenni því ekki.

En ókostirnir. – Þeir eru reyndar þónokkrir og gætu orðið all miklir ef framkvæmd öll yrði eigi í góðu lagi, en það er nú mjög hætt við því, minsta kosti fyrsta sprettinn. Það þyrfti mjög færa menn til þess að vera fyrir og sjá um vinnuna og jafnframt kenslu þá sem ætti að vera henni samfara, en þeir menn held eg séu varla fáanlegir hér innanlands, þá er að leita til útlanda segja nú sumir, fá sér þaðan menn sem eru færir að hafa stjórnina á hendi, það getur auðvitað gefist vel, en ekki er mér samt vel við það, er eg hræddur um að útlendingar yrðu hér eins og nokkurs konar út á þekju.

Eg þykist ekki vera fær til þess að skera úr því hvort þyngra yrði á metunum kostirnir eða ókostirnir í máli þessu ef að það ætti að fara að gagnrýna það, eg hefi heldur ekki aflað mér nauðsynlegrar þekkingar á málinu til þess að geta dæmt um það, en einungis vil eg geta þess að eg álít málið þess vert að það sé nákvæmlega tekið til yfirvegunar bæði í ritum og ræðum.

„Örvar-Öddur“ var allgóður núna. Sagan af Þorsteini berskerk og Jörundi ramma þótti mér ágæt, einnig var talsvert varið í kvæðið „Frelsi“.

Í nótt hafði fryst og var bærilegt veður fyrst í morgun, talsvert frost og þéttings gola en þegar leið að hádegi fór að gera við og við él og jafnframt harðnaði veðrið meir og meir og í gærkvöldi var illstætt veður um það leyti sem eg kom af fundi og versnaði það þó eftir það.

10. janúar (sunnud.)

Mikið hefir verið um dýrðir hér í dag, hjá templurunum, sökum 25 ára afmælis reglunnar hér á landi, en minst af því hefi eg séð, því að eg er eigi templari og gat því eigi fengið aðgöngumiða að skemtunum þeirra. Eg samgleðst þeim og fagna yfir hinum mikla sigri sem templarar hafa unnið hér á landi, og þakka þeim fyrir hið blessunarríka og heillavænlega starf þeirra og vona að þeim takist sem fyrst að gera óvættina „Bakkus“ alveg landræka. Og þegar búið er að brjóta vald hans á bak aftur, sem hefir lagt margan manninn í gröfina fyrir tíma fram, spilt hamingju og rænt lífsfrið fjölda fjölskyldna, já og meira að segja rænt margan manninn heiðri og sæmd og skilið við hann alls lausan svívirtan og fyrirlitnan í hegningarhúsunum, já þegar búið er að útrýma því öllu sem þessu hefir komið til leiðar (þ.e. víninu) þá vonar maður að margar af hinum verstu meinsemdum þjóðlífsins batni og hverfi að mestu leyti.

Glímur vóru í dag í glímufélaginu okkar, var glímt suður í skóla í tvær klukkustundir frá 12-2. Eg gerði mér þá skömm að sækja ekki glímufundinn, veðrið var þá vont og langt fyrir mig innan af miðjum Laugavegi og suður í skóla, svo mér var nokkur vorkunn. Á glímufundinum vildi til slys, þó eigi stórkostlegt – Kristján Sigurðsson gekk úr liði á þumalfingri, það var kipt samstundis í liðinn af glímu-mönnunum, fór hann svo til lækna og töldu þeir það ekki hættulegt.

Eg hefi mikið til verið heima í dag og fáir hafa heimsótt mig, enginn af skóla-bræðrum mínum nema Ólafur Kjartansson og las hann hér hjá mér í 1½ klst. Svo heimsótti og Lárus gamli Jónsson mig, hafði eg ekki séð hann síðan á gamlársglasi, sagði hann mér nokkrar fréttir að heiman, sem eg var ekki búinn að fréttast áður.

Veðrið í dag hefir verið fremur slæmt. Í morgun var logndrifa fram til hádegis, minkaði þá fannkoman, en hvesti og fór þá að skafa. Í kvöld hefir þó verið gott veður, kyrt og frost mikið.

11. janúar (mánud.)

Tíðindalaust í dag. Hefi verið heima síðan eg kom úr skóla og lesið því nokkurn vegin vilt. Sveinn Halldórsson var hjá mér í 2½ klst. og lás um við saman, reyndar gekk mestur tíminn í mas og aðgerðarleysi, er það vanalegt þegar Sveinn er hjá mér.

Kristján Sigurðsson var ekki í skóla í dag, vegna slyssins í gær, leið honum þó all vel og verður vonandi jafngóður bráðlega en hætt er nú við að hann geti ekki tekið þátt í glímum fyrst um sinn.

Það hefir verið ágætis veður í dag að öðru leyti en því að það hefir verið nokkuð frostmikið, eða svo fanst mér það, eg var hræddur um að eg myndi missa eyrun er eg fór í skólann í morgun. Nú er talsvert mikið fól komið á jörðu.

12. janúar (Þriðjud.)

Fátt hefir borið við sérstakt í dag er eg man eftir. Eg ætlaði að heimsækja Héðinn Valdimarsson frænda minn í kvöld, en hann var þá ekki heima svo eg varð að snúa aftur við svo búið. Hitti eg ungfrú Laufey Valdimarsdóttur systur hans og bauð hún mér að koma síðar er Héðinn myndi vera heima. Að þessu búnu fór eg til Ólafs Kjartanssonar var þá Guðmundur Gunnlaugsson fyrir hjá honum og voru þeir að lesa. Guðmundur kemur oft til Ólafs og lesa þeir vanalega saman meira eða minna á hverjum degi og semur þeim hið bezta. Dvaldi eg svo hjá Ólafi í 1½ klst. og las með þeim Ó. og G. og masaði við á milli. Fylgdi Ólafur mér svo heim og eg kom heim klukkan langt gengin nú. Settist þá auðvitað strax að kvöldverði og borðuðu þau núna bæði með mér Halldóra Þórðardóttir og Sigurður Þorsteinsson, urðu fjórugar samræður undir borðum um andatrúna (spiritusisminn) og svo trúarbrögðin yfir höfuð.

Eg ætla að geta þess að í leikfiminna í dag eða öllu heldur þegar við vorum að klæða okkur lá við sjálft að það yrði „slagur“ út af umræðum um stjórnmál, sem komumst í. Rifumst vér um frumvarpið og kosningaúrslitin í sumar o.fl. Aðal frumvarpsmennirnir voru þeir Pétur og Páll Stefánsson en á móti aftur við Axel Jónsson og svo Sveinn Halldórsson. Margt sögðum við en færra af viti, því að, það hljóp hiti í suma og þá hefir skynsemin og rækileg yfirvegum alls ekkert að segja.

Veðráttu.

Í morgun er eg kom á fætur var hríðarjagandi, er óx er leið á daginn og frá kl. 1-4 var töluverð fannkoma (logndrifa) en þá stytta upp og gerði bezta veður en jök frostið aftur á móti þónokkuð.

13. janúar (miðvikud.)

Hefi eg verið heima síðan eg kom úr skóla í dag, en það var nú ekki fyrr en klukkan að ganga fimm, því að handavinna var frá 2-4. Guðmundur Gunnlaugsson var ekki í handavinnutímanum, vegna þess að hann fer á morgun með „Ingólfi“ upp í Borgarnes og þurfti hann því að tygja sig til ferðarinnar seinni partinn í dag. Hann á hjá Þórði lækni Pálssyni í Borgarnesi, og mun hann ætla sér að innheimta það núna.

Í kvöld heimsóttu mig 3 skólabræður mínir, það voru þeir: Axel Jónsson og Sveinn Halldórsson og Ólafur Kjartansson. Lásu þeir Ólafur og Sveinn báðir með mér dálitla stund. Reiknuðum við Ólafur „heimadæmin“ og var það létt verk og löðurmannlegt, því að þetta hafa verið hin langléttustu dæmi sem við höfum nokkurn tíma fengið til heimreikunar. Svo heimsótti mig einnig í kvöld Lárus gamli Jónsson, spjallaði eg núna lítið við hann því að Sveinn Halldórsson var þá fyrir hjá mér.

Á fleira er held eg óþarfi að minnast. –

Í dag hefir verið ágætis veður, heiðskírt og kyrt en nokkuð mikið frost þó ekki eins mikið og undanfarandi daga. Snjór er nú orðinn töluverður á jörðu. –

14. janúar (fimmtud.)

Glímufundur í kvöld suður í skóla í glímufélaginu. Glímt af kappi miklu í tvær klukkustundir frá kl. 6-8. Mér er heldur að fara fram, þótt seint gangi það, það er heldur eigi að búast við fljótum framförum, þar að eg hefi til þess að gera sótt glímufundina sjaldan. Hefi eg stundum eigi mátt vera að því, sökum annara anna, svo er eg svo illa settur, þar sem að eg bý svona langt frá skólanum. Eg las í 1½ klst. hjá Péttri í kvöld, áður en eg fór á glímufundinn. Síðan eg kom af glímufundinum hefi eg altaf verið heima. Ólafur Kjartansson kom til mín skömmu á eftir, þegar eg var að enda við að borða kveldverð og vildi hann fá mig með sér niður á tjörn, en eg gat ekki orðið við bón hans, því að eg ætti svo mikið ólesið, mig langaði þó til þess, því að það er fjarska gaman að vera úti í svona góðu veðri og nú er.

Eg ætlaði að fara í leikhúsið í kvöld og sjá „Bóndann á Hrauni“ leikinn, því að mig hefir langað fjarska mikið til þess að sjá hann leikinn, en það kom aldrei til þess, því að það varð að hætta við að leika hann í þetta skifti, sökum þess að aðgöngumíðarnir voru svo lítið keyptir.

Það er einkennilegt þetta og varugavert, hvað áhugi manna á leikritinu virðist vera lítil, þetta er víst í annað sinn, sem hætta hefir orðið við að leika það, sökum þess hve fáir hafa keypt aðgöngumíðana. Ástæðan til þessa er að öllum líkindum sú að það er of íslenzkt fyrir Reykjavík. Hún er enn þá svona óþjóðleg, að hún getur ekki virt að verðleikum ramm-íslenzkt leikrit. Áhuginn og aðsóknin að leikhúsinu hefir verið meiri undanfarið, þegar útlend leikrit hafa verið sýnd, og hafa þó sum þeirra alls ekki verið betri en þetta (Bóndinn á Hrauni).

Í dag hefir verið gott veður, nokkuð frosthart fyrripartinn en eftir miðdag blæja logn og ágætis veður, enda var það notað í kvöld af skautamönnunum. Skautafélagið hafði látið moka tjörnina, þ.e.a.s. afgirða svæðið sitt á henni og svo dælt upp á hana vatni. Ekki var eg þar, því eg mátti eigi vera að því, sökum þess að eg átti þá svo mikið ólesið af því að eg var svo lengi á glímufundinum. –

15. janúar (föstud.)

Í kvöld átti að vera málfundur í Málfundafélaginu okkar en það varð ekkert af honum sökum þess, hvað fáir komu. Það var nú hvorki meira né minna en heilir fimm er komu og það þó ekki fyr en 15-20 seinna en ákveðið var að fundur skyldi byrja. Það voru báðir framsögumennirnir Árni Friðriksson og Þuríður Vilhjálmisdóttir og Axel Jónsson, Sigurður Kristjánsson og eg. Það er leiðinlegt að hugsa til þess ef að Málfundafélagið yrði að lognast svona út af eins og allar líkur

virðast benda á. Það er meir en lítið skeitingarleysi og staðfestuleysi sem kemur fram hjá all-flestum meðlimum þess nú upp á síðkastið, því að svo virtist áhuginn og meðvitundin fyrir félaginu og starfsefni þess vera mikil þegar það var stofnað, en það virðist alt hafa hjaðnað sem sápubólur. Sannleikurinn er líkast til sá að það er of mikið um félögin í skólanum og eru þau að öllum líkindum búin að ofbjóða starfskröftum nemanda og þar sem að skólinn er svona út úr er mjög erfitt fyrir all-flesta að sækja marga fundi í hverri viku suður í skóla. Að öðru leyti er mjög líklegt að það ráði miklu um það hvað málfundirnir eru illa sóttir, að við úr fyrsta og öðrum bekk höfum leikfimi á föstudögum frá 2-3 og erum við vanalega svo síðbúnir úr henni að við komum eigi heim fyr en klukkan yfir hálf gengin fjögur og eigum við þá eftir að borða og ganga svo suður í skóla og er flestum okkar því ómögulegt að mæta á réttum tíma þ.e. kl. 4.

Í dag kom norðanpóstur og fékk eg aðeins tvö bréf, annað frá pabba en hitt frá Bjarna Jónssyni í Þórormstungu (*bætir inn fyrir cfan á Undirfelli*). Öllum líður vel heima (í Litladal).

Pabbi segir mér lát þeirra Ragnheiðar í Tungunesi og Soffíu Benediktsdóttur á Rútsstöðum frænku minnar. Soffía er ein af þeim mörgu ungu og efnilegu stúlkum, sem hafa orðið berklaveikinni að bráð.

Svo segir hann mér lítið af öðrum fréttum utan þess að hann getur þess, að það hafi orðið töluverðir skaðar af ofviðrinu á mánudaginn milli jóla og nýárs þar nyrðra í Vatnsdal og Þingi. Það hafi fokið hey o.fl. á Eyólfsstöðum, Másstöðum, Hnausum og Vatnsdalshólum og ef til vill víðar.

Jörð segir hann að hafi verið þar góð og sé lítið búið að gefa fé og sem ekkert búið að taka inn af hrossum. Bjarni frændi minn segir mér engar sérstakar fréttir.

Í dag hefir verið gott veður fyrir það mesta, skafrenningur um tíma og nokkuð kalt.

16. janúar (laugard.)

Ungmennafélagsfundur var í kvöld. Eg var fundarstjóri, Sveinn Halldórsson skrifari. Fátt gerðist markvert. Helzta að það var ákveðið að hafa nokkurskonar Þorrablót sunnudagskvöldið fyrsta í þorra og á þar að minnast goðanna og drekka minni þeirra í gosdrykkjum. En á eftir fundi var leikið ofurlítið leikrit er Pétur Einarsson tók saman í jólaleyfinu. Þessir léku:

Brynleifur Tóbiasson
Sigríður Jónsdóttir
Kristjana Blöndal
Pétur Einarsson
Gísli Guðmundsson
Sveinn Gunnlaugsson
Eyþór Þórarinnsson

Eg skal svo á morgun minnast dálítið á leikritið og meðferðina á því að hálfu leikenda. Þegar búið var að leika var farið að dansa og dansað í 2 klst. frá kl. 10-12.

Veður hafði verið ágætt í dag, kyrt og ekki frosthart en nú þegar eg lagði á stað heim af dansinum var það farið að spillast, orðið talsvert hvast og komin þó nokkur hríð. –

17. janúar (sunnudaginn)

Eg lofaði því í gærkvöld að lýsa ofurlítið leikritinu, sem var leikið þá, og ætlaði eg mér að gera það í dag en eg þarf nauðsynlega að finna Pétur áður og fá að sjá hjá honum leikritið, en eg hefi ennþá ekki getað komið því við sökum annara anna, eg læt það því býða þar til tækifærið gefst.

Í dag lagði eg af stað til þess að heimsækja Hédinn Valdemarsson frænda minn, en þá hittist sem fyr svo illa á að hann var ekki heima, en frú Bríet Bjarnhédinsdóttir móðir hans og ungfrú Laufey Valdimarsdóttir systir hans buðu mér að bíða eftir honum og þá eg það, komst eg svo í fjörugar samræður við þær mæðgur um kvenréttindamálið, voru þær nokkuð harðorðar og Laufey eigi síður. Eg gat þó að mestu leyti verið á sama máli og þær, minsta kosti í öllum aðal atriðum, eg er líka einlægur kvenfrelsismaður, en tel þó heppilegra að fara að öllu gætilega og taka ekki stór stökk í einu. Eftir að eg var búinn að býða í liðuga klst. kom Hédinn heim, drakk eg þá með þeim kaffi með brauði. Svo masaði eg dálítið við Hédinn og fór svo heim og fékk eg þreifandi byl á mig á leiðinni.

Fáir hafa heimsótt mig í dag, enginn af skólabræðrum mínum nema Ólafur Kjartansson, las hann hér ofurlítið hjá mér, fór hann svo í leikhúsið til þess að sjá „Bóndann á Hrauni“ leikinn en eg mátti ekki vera að því vegna þess að eg átti svo mikið eftir ólesið.

Veðráttu:

Frostlítið og kyrt framan af í dag, en gerði talsvert él um miðjan daginn og hvesti þá líka, í kvöld hefir veðrið verið all gott, eg hefi nú reyndar ekki komið út fyrir dyr síðan kl. 6 í kvöld.

18. janúar (mánud.)

Í kvöld var glímt í 2 klst. suður í skóla af all-miklu kappi; framfarir auðsjáanlegar, enda mun ekki veita af því ef við eigum að þreyta við Flensbyrginga á laugardaginn kemur. Sveinn hefir lesið hjá mér í 2 klst. frá kl. 7½ - 9½, en eg hefi ekkert verið úti í dag síðan eg kom úr skólanum, nema þetta að eg fór á glímu-fundinn.

Veðráttu:

Frostlítið, eljagangur og hvast.

20. janúar (miðvd.)

Ekkert nenti eg að skrifa í gær, eg hafði líka fremur lítið til þess að skrifa, því að dagurinn var ósköp tíðindalítill fyrir mig. Það var ekkert annað en þetta sama, fyrst að rífa sig upp úr góðu og notalegu rúmi um kl. 7 og labba svo alla leiðina suður í skóla í myrkrinu (veðrið og gangfærið var þá gott) og setjast svo þar á skólabeckinn og dvelja þar í 6 klst.; fara svo heim og borða og þar á eftir að heimsækja kunningjana og lesa eitthvert hrafl undir morgundaginn. Þetta eru í fáum orðum sagt aðaldrættirnir úr hversdagslífi mínu. –

Á meðan að við vorum í handavinnunni í dag frá kl. 2-4 gerði voðalegt ofsarok og byl, sem létti eigi fyr en eg var kominn heim. Er mjög hætt við að bylur þessi hafi gert tjón, því að það hvesti svo fjarska snögglega, það hefir líka frétst að bátur hafi farist frá Kjalarnesi með 5 mönnum, þrem kórlum og tveim konum þar á meðal Guðmundur bóndi á Esjubergi. Báturinn var á leið héðan frá Reykjavík til Kjalarness. Fleiri slysfarir hefi eigi heyrt enn sem komið er, getið um.

Í kvöld var glímufundur í liðuga klst. Fáir sóttu fund og er það fyrirgefanlegt núna, sökum þess að veðrið var svona slæmt. Það var einnig glímt í gærkvöld en eg var þá ekki á glímufundinum og það verður líkast til glímt á hverju kvöldi þessa vikuna og mun eigi veita af því til þess að geta orðið dálítið undirbúinn fyrir laugardagskvöldið, þá eigum við sem sé að þreyta við glímumenn Flensborgarskólans. Þeir eiga að sögn marga góða glímumenn og hafa æft glímurnar mikið í vetur, svo það er alls ekki álitlegt fyrir okkur Kennaraskólapilta að leggja til bardaga við þá og megum við búast við því að okkar menn býði algerðan ósigur í viðskiftunum. Eg hefi heyrt að þeir Flensbyrgingarnir muni verða 12 og höfum við ekki vönum mönnum á að skipa á móti svo mörgum. Einn af okkar beztu mönnum er líka óvígur (Kristj. Sigurðsson) og svo aðrir talsvert sárir (Guðm. Benediktsson slæmur í fæti) og svo hefir Sigurður Kristjánsson, sem er einn af okkar allra beztu glímumönnum, verið svo lasinn nú um langan tíma, að það er alveg óvíst að hann þoli að glíma til lengdar.

Jæja, það er óþarfi fyrir mig að eyða fleirum orðum um þetta, það er engin minkun fyrir okkur að býða ósigur, þeir buðu okkur út og meiri hefði skömmin verið ef við hefðum skorast undan því að glíma við þá. En hvað sem þessu líður þá verður nú þetta til þess að hleypa dálitlu kappi í okkur og til þess að vekja frekari og meiri áhuga á glímunum en hingað til hefir sýnt sig – og þá væri vel farið.

21. janúar (fimmtud.)

Eg man ekki eftir neinu sérstöku sem borið hefir fyrir mig í dag. Pétur Einarsson kom til mín kl. liðlega 4 í dag og las hann svo hjá mér til kl. 7½. Við reiknuðum líka heimaðæmin og vorum við ekki mjög lengi að því. Það er skemtilegt að lesa með Pétri og skemtilegt að masa við hann, því að hann er kátur og fjörugur og gamansamur. Hann er nu reyndar ekki neitt sérlega góður námsmaður, því að hann er hálflátur að lesa, en hann er vel greindur og hefir fljótar og næmar

hugsanir, svo að hann stendur sig fremur vel í „tímum“ þótt hann lesi ekki vel undir þá. Þegar Pétur fór frá mér gekk eg til Ólafs Kjartanssonar og las hjá honum mannkynssögu, eg hefi einhvernvegin tapað mannkynssögunni minni, líkast til skilið hana eftir í skólanum.

Guðmundur Gunnlaugsson var fyrir hjá Ólafi og les hann nú orðið mestmegnis hjá honum, minsta kosti er það, að í hvert skifti sem eg kem til Ólafs er Guðmundur þar. –

Páll Stefánsson heimsótti mig í kvöld og vorum við búnir að gera ráð fyrir því að fara á Landsbókasafnið, en ekkert varð þó af því í þetta skifti. Hann fór frá mér suður í skóla á glímufund, en eg sat kyr eftir heima, hjá Pétri (hann var þá nýlega kominn hingað til mín) því að mátti ómögulega vera að því að fara á glímur núna, þurfti að lesa undir morgundaginn.

Í dag hefir verið óblítt veður, ofsarok og sífeldur éljagangur.

22. janúar (föstud.)

Í dag vorum við í fótboltaleik í leikfímistímanum hjá Ólafi Rósenkranz. Okkur er óðum að fara fram og gekk það nú all-vel. Eftir að eg var búinn að borða mið-dagsverð fór eg suður í skóla á málfund. Fáir sóttu fundinn, en umræður urðu þó fremur góðar og stóð yfir fundurinn í alt að því tvær klukkustundir. Umræðuefni var: Skólaiðnaður og framsögum. Þuríður Vilhjálmisdóttir. Þuríður er mælsk og greind og talaði hún því vel í málinu, bæði langt erindi og snjalt.

Sveinn las hjá mér landafræði og aðrir hafa eigi heimsótt mig. Eg hefi ekkert farið út síðan eg kom að málfundinum, nema að eg brá mér snöggvast til Axels Jónssonar og masaði ofurlítið við hann. Fleira man eg ekki af því sem mig langaði til að biðja dagbókina mína að geyma fyrir mig, auðvitað er skólalífið fult af smá atvikum, ánægjulegum og gamansömum, en eg get þó alls ekki farið að skrifa um það í dagbókina, eg yrði þá líka oft í vandræðum um hvað eg ætti að taka og hverju eg ætti að sleppa. –

Veðráttá:

Logndrifa í morgun og framundir hádegi, frostlítið, hvesti er leið á daginn og gekk þá við og við á með krapaslettingi t.d. þegar eg fór á málfundinn (kl. liðlega 4) fékk eg svart él á mig, og varð eg talsvert blautur.

Mig er farið að syfja núna, og ætla eg því að leggja frá mér pennann og fara að sofa.

23. janúar (laugard.)

Um 30 nemendur af Flensborgarskóla sátu á Ungmennafélagsfundi hjá okkur í kvöld. Það voru jafnt konur sem karlar. Fundurinn var góður. Sra. Magnús flutti þar fyrirtaks fyrirlestur, því miður púntaði eg hann ekki hjá mér, en eg treysti mér eigi til þess að minnast á hann við þig dagbókin mín, en hann hefði þó sannarlega verið þess verður.

Umræðuefni var mentamálin, frm. Þorsteinn M. Jónsson. Góðar umræður. „Örvar-Oddur“ var eigi meira en í meðallagi, að mínum dómi, í þetta sinn – alt of mikið ástabragð að honum, hvorki meira né minna en tvær ástarsögur.

Á eftir fundi þreyttu svo Flensbyrgingar glímur við okkur. – Af þeirra liði glímdu 12 en af okkar ekki nema 11. Það voru þessir: Magn. Stef., Axel Jónsson, Brynleifur Tóbiásson, Guðm. Benediktss., Gísli Guðmundss., Guðm. Gunnlaugsson, Kristján Sig., Jóhann Einarss., Jónas Stefánss., Pétur Einarsson og Sig. Kristjánss.

Okkar menn unnu sigur, og hann frægan. Flensbyrgingar glímdu þó flestir fremur liðlega og voru að því leyti töluvert jafnari en okkar menn, því að sumir af þeim glímdu afar stirt, sem eðlilegt var þar sem að nokkrir af þeim voru sama sem ekkert æfðir, en aftur á móti voru fleiri vel góðir glímumenn eins og t.d. Sig. Kristjánsson, Guðm. Bened., Kristján Sigurðsson og Magnús Stefánsson, Pétur Einarss.

15. febrúar

Nú hefi eg um langan tíma ekkert nent að skrifa í dagbókina mína, eg hefi líka haft fátt sérstakt til að skrifa og stundum eigi haft tíma til þess. Dagarnir koma og hverfa hver á eftir öðrum án þess eg eiginlega veiti því eftirtekt og fáir þeirra skilja eftir neinar sérstakar endurminningar. Auðvitað er skólalífið fult af ýmsum máatvikum og viðburðum, ánægjulegum og gamansömum, en fæst af þeim er þó svo að það sé hægt að færa þá á pappírinn.

Mikið hefir gengið á í dag við þingsetninguna. Við vórum í skóla til kl. 10.40 í dag. Gátum við því tímans vegna verið við guðþjónustuna í kirkjunni er hófst kl. 12. En ekki komst eg inn í kirkjuna. Eftir að kl. var orðin 10 fór fólkið að safnast saman fyrir framan kirkjuna í sundinu á milli alþingishússins og dómkirkjunnar. Fyrst voru það nokkrar hræður en svo óx hópurinn alt af jafnt og þétt unz hann fyllti altundið alla leið suður í Vonarstræti. Kl. 11½ var kirkjan orðin full en lítið borð sást á mannfjöldanum fyrir utan og hefir það víst skipt mörgum hundruðum er frá varð að hverfa.

Eg ætlaði nú ekki að láta fara eins fyrir mér við alþingishúsið eins og við kirkjuna. Fór eg þess vegna ekkert heim, heldur beið eg við alþingishúsdynar á meðan að verið var í kirkjunni. Jú eg komst inn úr dyrunum. En sá troðningur, en sá gauragangur. Eg er alveg hissa að það skildi eigi verða stórslys. Auðvitað hálftróðust margir undir og einstaka maður fór alveg um koll.

Eg gat eigi annað en vorkent vesalings stúlkunum, einkum feitu frúnum, sem við og við voru háhljóðandi og löðrandi í svita streyttust við að ryðja sér braut gegnum órjúfandi mannfylkinguna. En eg kendi minna í brjóst um skrautlegu möttlana þeirra, þó að þeir yrðu nú ef til vill enþá verr útleiknir en sjálfir eigendur þeirra. Það hefði farið betur um þá að hanga kyrrir heima á fatasnaganum. – Eg er nú kominn frá efninu. Ekki var alt búið þó að maður kæmist inn fyrir hurðina,

Það var eftir að komast upp á áheyrendapallana. Og það er nú eigi hlaupið að því fyrir þrengslunum. Þarna var maður við mann og meira að segja við og við ofan á hver öðrum. Vopnin sem menn notuðu til þess að ryðja sér braut gegnum órjúfandi mannfjöldann voru ölnbogarnir og gengu þeir óspart til beggja hliða. Eg var svo óheppinn að meiða mig í annan ölnbogann á glímufundi skömmu fyrir þingsetninguna, og stóð eg því illa af vígi í bardaganum, enda komst eg eigi upp á pallana fyr en eftir langan tíma og mikið erfiði. En þar var nú hvert rúm skipað og ókyrð mikil, meira að segja áflog við og við. Eg hafði þess vegna lítið gagn af því sem fram fór niður í þingsalnum, heyrði einungis orð og orð á stangli.

Á meðan að troðningurinn var sem mestur hafði verið brotnar rúður í skjaldpílinu fyrir framan þingsalinn og lágu glerbrotin þar á víð og dreif og var því hættulegt fara þar um.

20. febrúar

Eg hefi nú hvílt mig við að skrifa í dagbókina í fjóra daga og samt nenni eg eigi að skrifa hér annað en ofurlítið brot úr bréfi, sem eg skrifaði þabba í dag:

... „Nú er aftur farið að komast fjör í pólitískar umræður hér í bænum. Það hefir oft slegið í brynu hér hjá okkur í skólanum, útaf stjórnmálum, einkum síðan þingið kom saman.

Í okkar hóp eru talsvert margir frumvarpsmenn, (S.K.; Br. T.; Kr. S.; Kr. B.; P.E.; P.St. o.fl. o.fl.) því miður. Kappræðurnar enda svo stundum í áflogum. Ganga stundum tveir menn fram, sinn úr hvorum flokki og berjast á þann hátt, að þeir taka saman og fara í hryggspennu, og þykir þá hvorum flokknum fyrir sig mikið undir því komið að hans maður beri sigur úr bítum.“ –

21. febrúar

Eg set er kafla úr bréfi er eg skrifaði Ólafi bróður mínum í dag:

... „Í gærkveldi var samfundur 5 ungmennafélaga hér syðra settur og haldinn í Bárubúð (frá kl. 8-3).

Félögin voru þessi:

Ungmennafél. Reykjavíkur

“ Iðunn (Rvík)

“ Kennaraskólans

“ Seytjandi júní (Hafnarfj.)

“ Flensborgarskóla.

Á fundinum voru alls rædd 7 málefni og voru það þessi í röð talin:

1. Upp úr sumarferðum: skógræktarmál, Þórh. B. biskup
2. Móðurmálið: Lára Inga Lárusdóttir (Iðunn)
3. Dýraverndun: Þorst. Þórarinnsson (Flensborg)
4. Þegnskylduvinnan: Kristj. Sigurðsson (Kennaraskól.)

5. Kosningaréttur og kjörgengi: Þorst. M. Jóns. (Kennarask.)

6. Þú eða þér: Jón Helgason (Seytjandi júní)

7. Sambandsmál: Jakob O. Lárusson (U.M.F.R)

Fundurinn var ljómandi skemtilegur og fór að öllu leyti vel fram.

Slíkir samfundir ungmennafélaganna geta haft afar mikil og víðtæk áhrif á samlíf og samvinnu þeirra.

Aðal skilyrði fyrir því að ungmennafélögin geti unnið með árangri að sínum fögru, göfugu og háleitu hugsjónum er að allir séu, sem einn maður í baráttunni. Allir, sem einn og einn, sem allir þarf að verða að föstum einkunnarorðum félaganna og hvers einstaks meðlims. En til þess þarf nánari og innilegri viðkynningu samúð á meðal meðlimanna innbyrðis og félaganna í heild sinni.

Að þessu gætu slíkir samfundir ungmennafélaganna unnið, bæði með því að ræða sín helztu og hjartfólgnustu áhugamál í sameiningu og stuðla að frekari persónlegri viðkynningu félagsmanna.

Í þessu skyni var því haft ofurlítið hlé á umræðum um tíma til þess að menn gætu talast við og kynst ofurlítið persónulega. En því ver og miður var tíminn alt of stuttur, svo verulegt gagn held eg fáir hafi haft af hléinu.

Fundur þessi er áreiðanlega fjölmennasti ungmennafélagsfundurinn, sem alt til þessa hefir verið haldinn á landi hér; hátt á þriðja hundrað meðlimir sátu hann.

Seinna í vetur halda þessi sömu félög, að öllum líkindum, annan sameiginlegan fund til þess að ræða helztu áhugamál sín, svo sem: sambandsmálið (þ.e. ungmennafélaganna), móðurmálið, skógræktarmálið o.fl. o.fl.“ ...

Kvöldstund þessi var með þeim skemtilegri, sem eg hefi lifað í vetur. Umræðurnar voru góðar. Af okkar mönnum töluðu fyrir utan framsögumennina (Kristj. og Þorst. M.) Svafa Þórhallsdóttir og Jóhanna Eiríksdóttir. Svafa talar vel, er stutturð og talar skilmerkilega og ljóst. Jóhanna er talsvert mælsk en hún talar eigi ennþá nógu skipulega; það getur nú lagast með æfingunni.

Ferðasaga frá Rvík og norður um land.

2. apríl (föstud.)

Eg vaknaði kl. 6 í morgun og fór þá samstundis að týgja mig til fararinnar. En ekki leist mér á ferðaveðrið, var komið þéttings rok og leit út fyrir að það mundi hvessa enn þá meira. Eg lagði þó af stað niður á bryggju og kom við um leið hjá Sigurði Jakobssyni frá Steiná (Bergstaðastræti 2). Hann hafði komið með „s/s Vesta“ að norðan þann 27. f.m. og ætlaði nú að verða mér samferða norður aftur. Kl. 7½ vorum við niður við bryggju og var þar þá strax farið að safnast fyrir talsvert af fólki er ætlaði að verða með bátnum upp eftir. Þar voru þeir fyrir skóla-bræður mínir og væntanlegir ferðafélagar Pétur Einarsson og nafnarnir Jóhann Einarsson og Jóhann Jóhannsson og þónokkuð mörg skólasystkini mín er ætluðu að kveðja okkur og árna okkur allra fararheilla. Veðrið var sífellt að harðna og var nú komið hið versta slagveður, rigning og ofsa rok. Það var því fullar líkur til þess

að „Ingólfur“ litli yrði að liggja kyr í dag. Það varð líka sú raunin á Ingólfur fór ekkert og þetta sama slagveður helzt til kl. 2 e.m., þá lyndi og gerði bezta veður.

3. apríl (laugard.)

Kl. 7 f.m. fór „Ingólfur“ úr Reykjavík. Veður var gott fyrst um morguninn en hvesti er á leið. Eftir hálfa aðra klst. komum við til Akraness en vegna óhagstæðra sjávarfalla urðum við að bíða þar í 4 klst. (til kl. 12.30).

Á Akranesi er talsverð bygging. Þar eru mikil tún og standa húsin dreifð og hlítur þar því að vera fremur fallegt á vorin er túnin eru orðin græn og gróin.

Kl. hálfgingin fjögur komum við svo upp til Borgarness.

Eg var ekkert sjóveikur á leiðinni upp eftir og þeir félagar mínir lítið, nema Jóhann Jóhannsson, sem var talsvert lasinn.

Eftir hálsannarstíma hvíld í Borgarnesi lögðum við af stað eitthvað áleiðis upp í Borgarfjörðinn; höfðum hugsað okkur að ná upp að Galtarholti.

Þrír Húnvetningar af Flensborgarskóla bættust við í hópinn og ætluðu þeir að verða okkur samferða gangandi norður. Það voru þeir Hafsteinn Jónsson frá Balaskarði, Jónas Pétursson frá Hvammi í Vatnsdal og Miðfirðingur Björn að nafni frá Minna-Núpi.

Tvær skólasystur mínar urðu okkur samferða á „Ingólfi“ upp eftir, þær Eufemía Gísladóttir frá Hvammi í Norðurárdal og Kristín Jónatansdóttir frá Stóra-Kroppi. Þær áttu báðar von á hestum í Borgarnesi en Kristínu brást hann, varð hún okkur því samferða dálítið áleiðis, þangað til hún varð að beygja út af þjóðveginum og fara yfir Hvítá.

Kl. 8 vorum við komnir upp að Galtarholti og urðum við Kennaraskólapiltarnir þar eftir en hinir fjórir héldu áfram upp að Svignaskarði.

4. apríl (sunnud.)

Kl. tæpt 9 lögðum við upp frá Galtarholti og upp að Svignaskarði. Þeir voru það kyrrir ennþá félagar okkar og undu sér vel við kaffidrykkju.

Veður var all-gott fyrst, þeysandi og skúrar við og við, en seinni partinn dynjandi rigning og rok. Borgarfjörðurinn er víða mjög fallægur og sumstaðar vaxinn lágum skógi. Fyrir ofan Stafholtstungurnar, en svo heita tungur þær er liggja á milli Gljúfurár, Norðurár, Þverár og Hvítár, tekur Norðurárdalurinn við. Hann er langur og víðast hvar hrjóstugur, en þó skógi vaxinn talsvert upp eftir. Um kl. 5 komum við að Hvammi sem er ofarlega í dalnum. Þar býr síra Gísli Einarsson faðir Eufemíu skólasystur minnar. Næsti bær fyrir ofan Hvamm er Sveinatunga, þar býr Jóhann Eyólfsson. Hann hefir sýnt hverju atorka, kjarkur og dugnaður getur komið til leiðar og það upp til fjalla. Íbúðarhús og geymsluhús hefir hann byggt úr steini og eftir þessu eru aðrar framkvæmdir hans. Frá Sveinatungu er löng og leiðinleg bæjarleið upp að Fornahvammi, sem er efsti bærinn í Norðurárdalnum.

Fornihvammur er til þess að gera nýlega bygður og greiðir landsjóður 300 krónur á ári hverju fyrir greiðasölu þar.

Kl. 8 um kvöldið komumst við upp að Fornahvammi blautir og þreyttir og þar vorum við um nóttina. Við höfðum nægilegt að eta en þröngt var um okkur um nóttina. Við sváfum 3 saman í rúmi upp á lofti. Rúmið var lítið, en svo var annað verra, að það var svo lágt undir súðina, að eg sem svaf instur var algerlega skordaður inn undir hana. Um nóttina vaknaði eg svo við að eg var að því kominn að kafna og varð mér svo mikið um það, að eg stökk í dauðans ofboði fram úr rúminu og ofan á gólf.

Mánudaginn 5. apríl lögðum við á Holtavörðuheiði kl. 9 um morguninn í góðu veðri. Færi var allgott, talsverður snjór norður á miðja heiði, en þrammaði í hann. Þegar kom norður á miðja heiði varð snjórinn minni en miklu meiri vaðall. Holtavörðuheiði er lág og villugjörn. Þegar bjart er veður sést Eiríksjökull í fjarska, Baula og ýms önnur fleiri fjöll. Norðan til á heiðinni, skömmu fyrir framan Grænumýrartungu, sem er fremsti bær í Hrútafirði, er Miklagil. Gil þetta er oft ilt og hættulegt yfirferðar en nú komumst við klaklaust yfir það á ís. Kl. 3 um daginn blasti Hrútafjörðurinn við okkur og hafrænan norðan af firðinum lék um vanga okkar og hvíslaði að okkur, lágt en angurblítt, mjúkum og hlýjum kveðjuorðum. Um nóttina gistum við allir að Þóroddsstöðum hjá Þorvaldi bónda Ólafssyni föðurbróður Páls Stefánssonar skólabróður míns. Þorvaldur er hinn skemmtilegasti karl og áttum við ágætis nótt hjá honum en þrátt fyrir það var gistingin ódýrari hjá honum en öðrum er við höfðum gist hjá á leið okkar.

Þriðjudaginn 6. apríl kl. liðlega 9 lögðum við á Hrútafjarðarháls. Um nóttina hafði fryst en með morgninum gerði éljagang og helst hann meiri hluta dagsins. Yfir Miðfjarðará fórum við á ferju hjá Reykjum. Þar (á Reykjum) hitti eg pabba. Hafði hann átt ferð vestur einmitt um þetta leyti og hafði hann því tekið með sér hross handa mér.

Þó eg væri ekki orðinn neitt sérlega þreyttur, þótti mér mjög vænt um að fá nú hross, en verst þótti mér að eg varð nú að skilja við þá félaga mína, því nú gátum við eigi lengur átt samleið, þar sem þeir voru gangandi, en eg ríðandi.

Um nóttina gistum við að Guðmundi bónda á Þorkelshóli.

Morguninn eftir á miðvikudaginn 7. apríl héldum við frá Þorkelshól og heim. Fórum þá yfir hinar gullfallegu sveitir Þing og Vatnsdal sem með réttu hafa verið nefnd hjarta Húnavatnssýslu.

„Fagur er Vatnsdalur, fagurt er Þing,
fjöllin sér raða í hverfihring o.s.frv.“

Heima eftir misseris fjarveru, ó!, það var yndislegt.

En veturinn var ekki úti þar fram til dalanna. Snjór var enn þá yfir alt, en var þó óðfluga að sjatna.

3. júní

Í dag fékk eg bref frá Sveini Halldórssyni skólabróður mínum. Er hann kominn frá Kothúsum norður á Hrísey á Eyjafirði. En hvað mér þótti vænt um að fá bréf frá Sveini; hann var einna bezti kunningi minn á skólanum og hann hefir líka orðið fyrstur til að skrifa mér. Hann skrifar mér ferðasögu sína suður í Garð eftir að skóla var sagt upp.

Hann segir mér þær fréttir að sambekkingur okkar Jónasína Sveinsdóttir frá Kjarnholtum í Biskupsstungum sé hætt við skólanám – minsta kosti í bráðina – og sé ráðin vinnukona til síra Bjarnar Þorlákssonar á Dvergasteini.

Lárus gamli Jónsson hefir líka sagt mér að hún hafi orðið að hætta vegna fjárskorts. Lárus þekkir hana síðan hann var í Kjarnholtum hjá Gísla bónda Guðmundssyni.

Einnig segist Sveinn hafa fengið bréfspjald frá Guðm. Gunnlaugssyni fyrr. umsjónarmanni okkar fyrstbekkinga og býst Guðm. við að verða ekki á skólanum að vetri.

8. júní

Í dag komu dagblöðin og flytur Fjallkonan fregnir um hvernig burtfararprófið frá Kennaraskólanum hefir fallið, er fór fram um miðjan fyrri mánuð.

Eg tek hér greinina orðréttu upp eftir Fjallkonunni og hljóðar hún þannig:

„Kennaraskólinn í Reykjavík

Þar fór fram burtfararpróf um miðjan þ.m. (þ.e. maí) og luku þessir 29 nemendur prófi, með þeim einkunnum, er hér segir:

	Í bókl.	Í verkl.
1. Arnfríður Einarasdóttir	5,00	5,33
2. Brynleifur Tobíasson.....	5,67	5,67
3. Einar Loftsson	4,50	5,00
4. Elías Bjarnason	5,17	5,67
5. Gísli Guðmundsson	4,83	4,83
6. Guðjón Rögnvaldsson	5,00	5,33
7. Guðmundur Benediktsson	5,17	5,67
8. Guðrún Guðmundsdóttir	5,50	5,67
9. Ingibjörg R. Jóhannesdóttir	5,17	5,00
10. Jóhanna Eiríksdóttir	5,17	5,33
11. Jónas Stefánsson	4,83	4,83
12. Jónína Sigurðardóttir	5,17	5,33
13. Jörundur Brynjólfsson	5,33	5,50

	Í bókl.	Í verkl.
14. Kristján Sigurðsson	5,67	5,67
15. Kristmundur Jónsson	4,00	4,00
16. Magnús Stefánsson	5,50	5,33
17. María Jónsdóttir	4,83	4,83
18. Marzilína Pálsdóttir	4,83	5,00
19. Rannveig Hansdóttir	4,83	4,83
20. Sigdór Vilhjálmsson	5,33	5,50
21. Sigríður Jónsdóttir	4,67	5,00
22. Sigurgeir Friðriksson	5,33	5,33
23. Svafa Þórhallsdóttir	5,67	5,67
24. Sveinn Gunnlaugsson	5,17	5,17
25. Sigfús Bergmann	5,00	5,33
26. Valdimar Sigmundsson	5,50	5,67
27. Þóra Pétursdóttir	5,00	5,67
28. Þorbjörg Jónsdóttir	4,83	5,33
29. Þorsteinn M. Jónsson	5,67	5,67

Þrír nemendur tóku ekki próf, sakir veikinda og af öðrum ástæðum. Prófdómarar voru: Guðmundur Helgason uppgjafaprófastur og Jóhannes Sigfússon adjunkt. –

Framhaldsnámsskeið handa kennurum stendur nú yfir við Kennaraskólann og er þar margvíslegur um manninn: um eða yfir 50 manns, og er von á fleiri í viðbót, því að 70 kennarar sóttu um aðgang að námsskeiðinu. Er þetta fólk víðs vegar að, fjær og nær, karlar og konur.“

Lengra nær eigi Fjallkonugreinin. Þessir þrír nemendur er eigi tóku próf voru þessir: Eyþór Þórarinnsson, frá Vestmannaeyjum, Friðrik Klemensson Skagfirðingur og Helgi Salomonsson frá Laxárbakka í Dalasýslu.

Helgi Salomonsson varð að hætta um miðjan vetur vegna þess að Salomon bóndi faðir hans andaðist og var hann (Helgi) þá kvaddur heim.

Helgi var beztu náungi, greindur vel og góður félagsmaður. Hann var í ritstjórn „Örvar-Odds“ þangað til hann fór vestur. Ritaði hann talsvert í hann, meðal annars má nefna söguna: „Þegar eg kom í fyrsta sinn til Reykjavíkur“ og „Söguna af stúlkunni er vildi giftast“. Hin síðar talda er svar til Sjönu (Kristjönu O. Blöndal) við greininni „Sagan af litla manninum“.

Eyþór Þórarinnsson varð að hætta undir vor vegna þess að lækarnir voru hræddir við berkla (lungnatæringu) í honum. Fór hann heim til sín til Vestmannaeyja en ætlaði sér ef heilsan leyfði að taka próf en af því hefir þó ekki orðið.

Svo hefi eg frétt að Friðrik hafi eigi getað tekið próf vegna veikinda, að hann hafi lagst í taugaveiki skömmu áður en prófið byrjaði. Eg er hissa að Sveinn skuli

eigi hafa getið um þetta við mig í bréfinu er hann skrifaði mér um daginn, hann hafði þó hitt nemendur úr þriðja bekk eftir að prófið var úti.

Þar yfirgefa þessir 29 nemendur Kennaraskólann og flytja heim í áttthagana eða kanna ókunna stigu eftir því til hvers hugur þeirra stendur og efni þeirra og ástæður leyfa. Eg óska þeim allra heilla með framtíðina og vona að það verði, sem mestur og happadrygstur árangur af starfsemi þeirra.

Kennaranir eiga mikið og að ýmsu leyti erfitt hlutverk fyrir höndum. Fræðslumálefni voru enn þá í miklu óefni. Fræðslulögin nýju virðast að vísu eiga bæta úr helztu annmörkunum en þau lög eru varla, enn, sem komið er, komin til framkvæmda og er enn óvíst hve árangurinn af þeim verður happasæll.

Því ver og miður hefi eg ekki enn þá getað aflað mér svo mikillar þekkingar á fræðslumálum þjóðar vorrar að eg geti, í raun og veru, gagnrýnt fræðslulögin.

En aðalgallinn finst mér vera – ekki kröfurnar um þekkingu barnanna – heldur að fullnaðarpróf er heimtað af fjórtán ára börnum.

Mér findist heppilegra að færa aldurs takmarkið til fullnaðarprófs upp úr 14 til 16 ára aldurs.

Minsta kosti í sveitunum hagar þannig til að framkvæmd laganna í núverandi mynd yrði mjög erfið og kostnaðarsöm.

Heppilegasti tími til náms er án efa aldurinn frá 16-20. Þá, en fyr ekki, eru all flestir nemendur orðnir það þroskaðir að þeir geta hæglega tekið við því sem kent er. Og þegar menn eru komnir á þann aldur geta þeir næstum því numið það á einum vetri, er börn innan fjórtán ára aldurs þurfa fjóra vetur til að nema.

Mér finst þess vegna misráðið að heimta fullnaðarpróf svona snemma en hallast helst að því að heimilin sjá um einhverja undirbúningsfræðslu barnanna til 14 ára aldurs, undir eftirliti fræðslunefndanna en svo taki unglingaskólarnir (sem eg ætlast til að komið verði upp um land alt) við börnunum og veiti þeim nauðsynlega mentun „fyrir lífið“.

Þá álfít eg einmitt heppilegt að herða á námskröfunum enn þá meir, bæta við námsgreinum og veita fullkomnari fræðslu, að minsta kosti í sumum námsgreinunum.

Hvað viðvíkur kostnaðinum þá yrði hann að líkindum ekkert minni, ef ekki meiri með þessu síðar nefnda fyrirkomulagi, en hann kæmi hentugra niður og það, sem mest er um vert, að með því móti fengist miklu meiri og notasælli fræðsla.

Kostnaðurinn kæmi léttara niður að því leyti, að þar, sem foreldrarnir þyrftu algerlega að kosta börn sín á barnaskólana, þá þyrftu þau ekki, ef síðari aðferðin væri tekin upp annað en að styrkja þau að einhverju leyti á unglingsskólana, því 14-20 ára unglingum ætti eigi að vera nein vorkunn að kosta sig að mestu eða öllu leyti.

Þrátt fyrir það, þó eg hafi komist að þessari niðurstöðu í fræðslumálunum eftir að eg er búinn að hugsa talsvert um þau, er alls ekki víst að hún (niðurstaðan) sé rétt. Það er svo margt, sem hér þarf að taka til greina; margt, sem mælir með og margt, sem mælir á móti að maður þarf að hafa mikla þekkingu og reynslu til að geta dæmt um þetta mikilsverða mál.

En með aukinni þekkingu í þessa átt og meiri reynslu verð eg hæfari að taka mér aftur penna í hönd til þess að láta skoðanir mínar á fræðslumálunum í ljósi og þá mun eg biðja þig, dagbókin mín að geyma þær hugsanir mínar er eg fel þér til geymslu. Þér er trúandi fyrir þeim. Þú ert þögull en steinninn, því þú gefur ekkert bergmál.

(Seinni tíma viðbót/endurskoðun:)

Mentunin á að vera til þess að vekja og þroska hæfileikana en ekki til þess að veita æskumanninum stórar klyfjar af tölum og nöfnum í farnesti út í lífið. Þá er eg reit um þetta mál 8. júní 1909 hefi eg ekki tekið nægilega tillit til þessa.

Rvk. 7. nóv. 1910. Bjarni Jónasson

18. júní.

(Kafli úr bréfi til Sveins Halldórssonar skólabróður míns.)

„Hér er kyrð og næði. Hér gefst manni því betri tími til að hugsa, en í Reykjavíkurskarkalanum. Líta yfir fortíð og leggja braut framtíðarvonanna í huganum.

Eg hefi alt frá barnæsku verið mjög stórvirkur í loftkastalasmíði. Hefi eg byggt hverja skýjaborgina ofan á aðra og þegar stormar og brotsjóir vonbrigðanna hafa sópað þeim í burtu, hefi eg jafnóðum byggt aðra upp í staðinn. –

Því meir, sem eg hugsa um lífið og tilgang þess, því fullvissari verð eg um, aðal kjarni þess hlýtur að vera kærleikurinn.

Kærleikurinn er hið eina sanna og verulega lífsgildi, sú máttarstoð er ver lífið hrúni og glötun.

Mér finnast allar dygðir vera innifalnar í kærleikanum. Hann felast í öllu góðu er vér þekkjum.

Hvað er guð? Hann er kærleikur, óendanlegur kærleikur og guðsríki er kærleikur, eitt stórt samsafn af kærleika, þar sem, kærleikurinn samhljómar í hjörtum allra.

Vinur minn!

Kappkostum því að eignast, sem allra mest af kærleika og látum hann hafa áhrif á lífern okkar.

Hvílíkt ógurlegt myrkur er ekki á jörðunni af kærleiksleysi mannanna; alt bál stafar af vöntun af kærleika.

Öllum mönnum er það meðfætt að elska. En hinn meðfæddi kærleiksneisti í manninum er eins og eldsglóð, er deyr út, ef hana vantar eldsneytið og nákvæma umhugsun.

Það þarf að leggja rækt við kærleikann í manninum því annars getur hann kulnað og næstum því dáði út með öllu. –

Það er komið í afturelding. Hingað og þangað út um heiminn sjást fagrir ljósblettir, er fara óðum stækkandi. Aukum kærleikann! Gerum jörðina að guðsríki!

En til þess þarf að veita mörgum og miklum straumum af kærleika yfir jörðina.

Eg er svo hjartsýnn að eg efa eigi að smátt og smátt muni ljósblettirnir skírast

og stækka unz þeir verða að skínandi glitfögurum geislaböndum er mun hylja alla jörðina. Og þá er jörðin orðin að guðsríki.

Síðustu orð mín skulu verða: „Aukum kærleikann! Aukum kærleikann. –“

Bréf þetta hefi eg skrifað upp eftir minni og er það því hér alls ekki orðrétt, en efnið er auðvitað að mestu leyti hið sama.

30. júní

Nú er vorvinnan úti og túnasláttur er að byrja.

Fyrst unnum við hin vanalegu vorverk: vallarávinslu, útstungu og tóttahreinsun.

Fjósið var bygt upp, tveir veggirnir alveg að nýju og settur hálfstafn (þilstafn) fram á hlaðið með nokkuð stórum glugga.

Sveinn Geirsson í Seli hjálpaði þabba til við bygginguna. Hann er vel lagvirkur og alvanur veggjahleðslu. Í túninu lét þabbi slétta alt að 400 □ faðma. Var það fyrir sunnann sléttuna er gerð var í fyrra.

Framræsluskurður var grafinn meðfram sléttunni að sunnan svo henni er engin hætta búin af vatni.

Kofinn fram á hlaðinu fyrir norðan skemmuna var rifinn og moldin úr honum flutt í flagið.

Búnaðarfélagsmenn þeir, er unnu hjá þabba voru: búfr. Pétur Jakobsson frá Skollatungu og Arelíus Gíslason í Eyvindastaðagerði.

Pétur Jakobsson er væntanl. skólabróðir minn og bekkjarbróðir, ætlar sér að „ganga upp“ í annan bekk í haust. Hann hefir í tvo undanfarna vetur fengist eitt-hvað við barnakenslu og notið eftir að hann kom af skólanum (Hólaskóli) einhverra tilsagna í gagnfr. t.d. hjá Þorvaldi Guðmundssyni kennara.

Hann getur orðið keppinautur. –

Í þrjá daga undir mánaðarmótin unnum við Óli bróðir í sleðabrautinni á Búrfellsflóa.

Sigurður Árnason í Stóradal hafði tekið að sér vinnu þessa en varð að hætta vegna veikinda en verkstjórn hafði nú á hendi Sigurður Þorsteinsson á Eiðs-stöðum.

Braut þessi er áframhald af sleðabraut þeirri er gerð var í fyrra neðan af Blönduósi og upp að Laxárvatni og þaðan í hreppamót.

Til þessarar framhaldsbrautar veitti sýslusjóður alt að kr. 160 með því skilyrði að verkinu yrði lokið fyrir haustið.

Mikið var eftir óunnið er við hættum (eftir lauslegri áætlun alt að 20 dagsv.) og verður það að líkindum unnið í haust.

Í gær og í dag vann eg í vegavinnu fyrir framan Svínavatn (bæinn). Var gert þar við brautina all-stórum kafla fyrir sunnan og ofan túnið. Verkstjóri var Pétur Jakobson búfræðingur.

Tíðarfar hefir verið gott í vor og hefir því sprottið óvenjufljótt. Tún eru alls

staðar orðin fullspröttin og er víða byrjað að slá (þó óvíða hér í hrepp) og á einstaka stað fyrir hálfri annari viku.

Engi lítur líka mjög vel út og eru því allar líkur til að heyskapur geti orðið með allra bezta móti í sumar – og þá er mikið fengið.

18. júlí (sunnud.)

Lokið við að slá túnið á miðvikudagskveldið var þann 14. þ.m. Hefir það staðið yfir í hálfan mánuð. – Ópurkar – Enginn baggi var kominn inn á miðvikudagskveldið og mjög lítið sætt upp.

Bundum 20 hesta á fimtudagsmorguninn. Gerði þá hellirigningu svo við urðum að hætta.

Pabbi hefir haft tvo kaupamenn í hálfra aðra viku. Ólaf Ólafsson frá Blönduósi (verður eigi meira) og Þórð Sigurðsson frá Keflavík. Þórður verður hér liðlega að hálfu, hitt að Auðkúlu hjá sra. Stefáni M. Jónssyni, að minsta kosti í 3 vikur.

Nú um þetta leyti fara póstar. Eg skrifa nú ekkert bréf. Hefi skrifað með hverjum pósti síðan eg kom heim en ekki fengið nema ein 2 – tvö – bréf.

25. júlí (sunnud.)

Búið að sæta alt upp á túninu. Ágætisþurkur í gær en lítil þurkur hina daga vikunnar.

Enginn kaupamaður þessa viku, Þórður á Kúlu kemur í dag og verður þá hér í 2 vikur í einu. Við Óli slóum hér fyrir ofan túnið á milli þess við vorum í heyinu. Reitingasöm slægja og hálfsnögt en kjarngott.

26. júlí (mánud.)

Í dag kom pósturinn. Eg fékk bréf frá Axel Jónssyni frá Sultum, skólabróður mínum. Hann segir:

„Mér gekk ferðin heim í vor ágætlega, þó eg væri annað slagið sjóveikur. Eg dvaldi í Vestmannaeyjum í ½ mánuð og vann eg þar fyrir fargjaldinu norður. Dvaldi eg svo í ½ mánuð heima en fór svo í vegagerðarvinnu og er búinn að vera 7 vikur í þeirri vinnu. Eg hefi haft 120,00 krónur upp úr þessum tíma og verð eg svo framvegis í sumar í þessari sömu vinnu.“

Aðrar sérstakar fréttir segir Axel mér ekki og getur hann eigi um nein skólastökin okkar.

1. ágúst (sunnud.)

Í þrjá fyrstu daga vikunnar bundum við inn 190 hesta af töðu (20 komnir áður) og 60 hesta af útheysi.

Set hér á eftir skrá yfir töðuna af hverjum bletti fyrir sig af túninu.

Skýrsla um töðu af Litladalstúninu sumarið 1909:

	Taða hestar tals
Af Niðurtúninu (hér frádregst alt að 400 ferfaðm. (er var sléttað í vor)	23
“ Miðtúninu	31
“ Hesthústungu.....	20
“ Ytritungum	12
“ Úttúninu.....	50
“ Púfnavelli	44
“ Utaukanum	13
“ Gerðinu	17
Samtals hestar	210
Hér við bætist háin af túnin sem varð	40 hestar
Taða alls	250

Undanfarin ár hefir fengist þetta um 160 hestar af túninu og er því töðufallið 50 hestum meira núna en undanfarið eða 31¼ %.

Af töðunni voru látnir um 150 hestar við fjósið, 20 við húsin útá túnunum, 20 við húsin suður og upp og enn aðrir 20 hestar við syðra hesthúsið.

Pórður Sigurðsson var hér þessa viku og verður minsta kosti til næstu helgar.

Seinnipart vikunnar slóum við niður með túninu af utan, flæðið, bæjarhvammm-inn og út með börðunum. Misjöfn slægja. Hvammurinn góður – með allra besta móti. –

Hefi setið heima í dag. Það er komið upp í vana fyrir mér að hreifa mig ekkert á sunnudögunum. Nota þá tímann til þess að lesa í bók, mér til gagns og skemtunar.

Í dag skrifaði eg Péttri Einarssyni í Skógum skólalbróður mínum. Hann lofaði að skrifa mér að fyrra bragði, en er ekki enn farinn til þess, og skrifaði eg honum því duglegt skammarbréf. (!)

8. ágúst (sunnud.)

Vikuna, sem leið hafa gengið stöðug votviðri og hefir því enginn baggi verið þurkaður.

Höfum slegið úti á skurðunum. Góð slægja og yrði það því mikið hey ef það hrektist ekki til muna, en því ver og miður eru allar líkur til þess.

Hinn 21. júní í vor á fræðslumálafundi er haldinn var að Svínavatni lagði fræðslu-nefndin fram frumvarp til fræðslusamþykktar fyrir Svínavatnshreppsfræðsluhérað. Það var samþykkt eftir all-miklar umræður við á dreif (10 atkv. gegn 5).

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir farskóla með minst 2 mánaða kenslu.

Á umræðum þeim er urðu um frumvarpið og spunnust út af því, mátti heyra að menn voru, mjög alment, meira eða minna óánægðir með fræðslulögin nýju.

Meira að segja einn fræðslunefndarmaðurinn (sra. Stefán M. Jónsson) dæmdi þau niður fyrir allar hellur. Framkvæmd þeirra kvað hann ókleifa fyrir kostnaðarsakir o.s.frv.

Annar fræðslumálafundur var svo haldinn eftir messu á Auðkúlu í dag. Aðal verkefni þess fundar var að fá skólastað fyrir sveitina að vetri. Miklar umræður urðu um fræðslulögin nýju og fræðslumálefni. Sama óánægjan yfir fræðslulögnum, sem á fundinum að Svínavatni 21. júní.

En hér virtist mér koma enn greinilega í ljós, að það væru ýmsir, er ekki vildu gera meir en beinlínis væri hægt að segja að væri lagaskylda. Um hvað væri lagaskylda urðu aftur mjög skiftar skoðanir. Sumir og það t.d. einn fræðslunefndarmaðurinn sra. Stefán M. Jónsson hélt því fram að fr.lögin hefðu ekkert lagalegt gildi enn þá, það væri ætlast til að menn væru alveg sjálfráðnir hvort þeir notuðu þau eða eigi til 1912 þá yrði tekin fullnaðarákvörðun. Að því, sem frekast var séð virtust margir vera á sama máli. (Ýmsir óráðnir og ómögulegt að segja um hvað þeir vilja.)

En aftur á móti voru aðrir og það t.d. tveir fræðslunefndarmennirnir Jónas B. Bjarnason (pabbi) og Jón Guðmundsson og svo Jón Jónsson í Stóradal er héldu því fram að fræðslulögin öðluðust nú þegar gildi að öðru leyti en því að fresturinn með að semja fræðslusamþykkt væri framlengdur til 1912, en þrátt fyrir það lægu hinar sömu skyldur í mönnum að fullnægja námskröfunum (þ.e. í lögnum.) Siðferðisskylda er það þó foreldra barnanna eða umráðamanna þeirra að sjá um að þau verði eigi að ölnbogabörnum þjóðfélagsins fyrir mentunarskort. Því verður eigi með réttum sökum mótmælt.

Mentunin og menningin er nú orðið það „veldi“, sem mestu ræður í framsókn og framþróunarbaráttunni í heiminum.

Sönn mentun er því fyrsta og helzta skilyrðið til þess að geta komist áfram í heiminum. Vanti mentunina eru meiri líkur til að maður geti eigi fylgst með og verði þar af leiðandi að ölnbogabörnum þjóðfélagsins. En þetta gera sér eigi nógu margir ljóst enn þá. Væri það, vildu menn leggja svo ótal mikið meira í sölurnar en þeir vilja nú.

„Meira ljós og meiri menning“ þetta eru kröfur nútímans og þeim verður að fullnægja. *Allir* þurfa að verða sammála um nauðsyn á aukinni mentun. En hitt er eigi nema eðlilegt að sitt sýnist hverjum um hvaða leið muni vera heppilegust til þess að afla sér mentunarinnar.

Mest finnst mér vera komið undir kennurinum. Um fram alt þurfum vér að fá góða kennara hið allra fyrsta, sem séu starfi sínu vel vaxnir og geri það að lífsstarfi sínu. (Kenslustörf mega ekki vera unnin í hjáverkum.) Hann er mislitur kennarahópurinn okkar og ávöxturinn af starfi þeirra er eftir því mjög misjafn.

Eg, sem lærisveinn, hefi dálitla reynslu viðvíkjandi þessu. Þeir kennarar, sem eg hefi notið kenslu hjá hafa verið svo misjafnir að þeim er eigi jafnandi saman (eg á hér eigi við kennara mína í vetur). Einn þeirra lét mig til dæmis læra alt utan að orðrétt. Eg lærði hjá honum t.d. Ritreglur Valdimars Ásmundssonar. Hann hlýddi

mér yfir þær og varð vondur, ef eg gat eigi þulið þær utan bókar en leitaðist alls ekki við að skíra efnið neitt fyrir mér.

Hver ætli að hafi orðið árangurinn af þessu námi?

En svo í fyrra vetur ('07-'08) naut eg kenslu hjá Jóni frænda mínum í Stóradal um dálftinn tíma. Það voru viðbrigði. Honum á eg að þakka að eg stóð mig vel í íslenzkunni í vetur.

Menn gera sér góðar vonir um Kennaraskólann. Þær rætast vonandi. Margir nemendur hafa áreiðanlega brennandi áhuga á kenslustörfum og mentamálum. Skólastjórinn (sra. Magnús Helgason) er sannkristið góðmenni og jafnframt afburðamaður. Það er unun að njóta tilsagnar hans. Latir fá áhuga því hann er svo upplífandi í tímum. Námið verður þannig manni léttara og maður les ekki einungis til þess að „gata“ ekki, heldur til þess að taka framförum í því, sem hann kennir og láta hann með því sjá, sem mestan árangur af starfsemi sinni.

Og aðrir kenslukraftar eru yfir leitt góðir.

Og þrátt fyrir þetta er ekki hægt að ábyrgjast, að það geti eigi komið fyrir að „gyltir leutinsar“ komi af Kennaraskólanum. Menn, sem ekki séu stöðu sinni vaxnir og verði þess vegna altaf ónýtir kennarar. –

Þessháttar menn slæðast auðvitað altaf með. –

15. ágúst (sunnud.)

Framan af vikunni votviðri á mánudaginn, þriðjudaginn og miðvikudaginn en um miðjan dag á fimtudaginn þornaði upp og á föstudaginn (13. ág.) var ágætis þurkur og fram um miðjan dag á laugardaginn en þá gerði hellirigningu og hefir svo rignt öðru hvoru síðan.

Við settum upp meiri hlutann á föstudaginn og laugardaginn, áttum eftir tvö flekki er skúrina gerði. Svo eigum við talsvert í föngum.

Þórður Sigurðsson var á Kúlu vikuna sem leið. Við Óli því tveir einir og slóum við aðallega hána. Mætti slá afar mikið af túninu aftur, ef það bitist ekki.

22. ágúst (sunnud.)

Sömu votviðrin þessa viku til laugardags og kuldi á fimtudaginn og föstudaginn; snjóaði þá talsvert í fjöllin. En í gær (laugard.) var allgóður þurkur og settum við því mikið upp. Fram eftir miðvikud. var þurt veður og bundum við þá inn 45 hesta en urðum að hætta sakir rigningar. – Þórður hér þessa viku. Slóum niður Steinholtin og niður á bökkum. – Góð slægja. –

Póstur kom þann 19. Eg fékk bréf frá Sveini Halldórssyni. Litlar fréttir. – Honum líður vel. Hann leggur á stað suður þann 9. okt. með norsku gufuskipi er heitir „Flóra“. Kristinn Ben er einnig í Hrísey og stundar sjó. Hann fer suður þann 14. okt. með s/s „Prospero“.

29. ágúst (sunnud.)

Þurkur hefir verið öðru hvoru vikuna, er leið. Við bundum inn á þriðjudaginn 163 hesta útheys. Bárum þá alveg upp Stórhústóttina og næstum því tóttina út frá. Á föstudaginn bundum við 10 hesta af þurrbandi en urðum þá að hætta sökum rigningar og fórum við þá að binda votaband heim á tún og bundum við þá 75 hesta.

Ágúst Sigfússon á Rútsstöðum var hér þessa viku, en Þórður Sigurðsson var á Auðkúlu.

5. september (sunnud.)

Síðast liðna vika hefir verið að mestu leyti þur, en þó aðgerðar litlir þurkar. Á þriðjudaginn þurkuðum vér útheyið á túninu en skúr er gerði skömmu fyrir mið-aftan bleytti fyrir vor hána og eins heyið í Nesinu. Það tók þó að mestu af aftur og fórum vér þá að fanga upp og áttum vér einungis eftir 2 flekki er fór að rigna um kveldið kl. liðlega tíu. Á fimtudaginn bundum vér inn útheyssætin af túninu og þurkuðum hána og bundum hana inn. Bundum alls 79 hesta. – Á föstudaginn þurkuðum vér og sættum upp föngin í Nesinu og höfðum vér lokið því um nónið en þá gerði hellirigningu, sem rennbleytti fyrir oss hitt, er flatt hafði verið um morguninn. Á laugardaginn bundum við fyrst 6 hesta af há en síðan 41 hes útheys úr Nesinu. Síðara hluta dagsins var allgóður þurkur og vispuðum vér þá úr heyinu og fönguðum það upp um kveldið.

12. september (sunnud.)

Óþurkar enn. Fyrrihluti síðustu viku að mestu þur en votviðri seinnihluta hennar. Á mánudaginn bundum við úr Nesinu 48 hesta, áður komnir 41 úr því. Lukum við Nesið á miðvikudagskveldið og býst eg við að sé úti í því enn frá 40–50 hestar. Það er sætt upp núna. Seinni hluta vikunnar slóum við niður í Steinholtum.

Þórður Sigurðsson var á Kúlu vikuna er leið og vorum við Óli því tveir einir.

Póstur kom á mánudaginn. Eg fékk ekkert bréf. Pétur Einarsson ekki farinn að skrifa mér enn. Eg skil ekkert í því, að hann skuli eigi skrifa mér og eins Páll Stefánsson.

Það er hörmung að lesa minnihlutablöðin (Lögr. og Rvík.) núna eins og hefir verið altaf undanfarið. En sú blaðamenska. Hún er melur á rótum siðferðislífs þjóðarinnar íslenzku. Spilling í nánd, sé eigi þegar tekið í taumana.

Stjórn málin – baráttan fyrir frelsi fósturjarðarinnar – sem ættu að verða til þess að sameina hugi þjóðarinnar, gera eigi annað en kveikja æ meiri og meiri sundrung.

Sundrungin er þjóðarmein. Bardagaaðferðin er röng ekki fair play. Hvernig á að fara að uppræta rottu eðlið í blaðamensku vorri? Hvenær hætta menn að naga bakið á andstæðing sínum? Niður með óhreinu vopnin! Þau hjálpast að því að útrýma því, sem bezt er og göfugast á jörðunni þ.e. kærleikanum. Guðsneistanum í manninum. Dýrustu máttarstöð lífsins, þeirri, er ver það hruni og glötun. Þar er hætтан.

Siðferði þjóðarinnar er í hættu. Eg hugsa með skelfingu til ástandsins á Rússlandi.

Ó vesalings fóstur mín. Fjallkonan hvítfaldaða, betur væri að þú færir aftur í legið þitt forna en að börnin þín yrðu hatrinu og mannvonskunni að bráð.

En ungmennin. Hvílk hættu að þau glatist í þessu moldviðri hatursins og blekk-ingarinnar, sökvi og komi ekki upp aftur að eilífu þ.e.a.s. óskemd.

19. sept. (sunnud.)

Ekkert hefir verið slegið vikuna, sem leið. Hirtum heim af engjum á þriðjudaginn (14. þ.m.) Eigum enn óþurkað á tünun. Á miðvikudaginn rigndi afar mikið. – Langmesta rigningin, sem komið hefir í sumar.

Seinna set eg hér skýrslu um heyaflan í sumar. Nú er Óli bróðir í göngunum en pabbi norður á Sauðárkrók, fór í gærmorgun. Hann fór til þess að sækja girð-ingastaura er hann átti þar geymda. Hann hefir, sem sé tekið að sér fyrir ákvæð-isverð (400 kr.) að girða túnið á Rútstöðum fyrir óðalsbónda Jóhann Pétur Þorsteinsson.

26. sept. (sunnud.)

Bundum inn af túninu á mánudaginn – alhirtum. –

Þrátt fyrir óþurkana hefir heyjast vel í sumar. Grasspretta var líka óvenjugóð. Hefði mátt slá afar mikið meira, ef tími eða mannaflí hefði leyft. Taflan er eg set hér á eftir sýnir heyaflan. –

Skýrsla um heyafla í Litladal sumarið 1909:

	Taða hestar tals.	Úthey hestar tals.	Hey alls hestar tals.
Í fjóstótt og fúlgv þar við	146	170	146
Í ærhústótt		20	170
Í Stórhústótt	12	75	87
Í Réttarhústótt og fúlgv þar við	20	165	185
Í hesthústótt syðri	44	46	90
“ ytri	8	46	54
Samlagt	250	502	752

Af þessu 250 hestum af töðu voru 40 hestar af há. Alt að helmingur af því var af Niðurtúninu. Há var slegin á öllu Niðurtúninu; mikiltíla á Miðtúninu; ofurlítið á Hesthústungunni (slétturarn fyrir neðan hesthúsið); á nokkrum hluta Ytritunga (Fjóstungan) og á liðlega hálfu Úttúninu. Hefði mátt slá talsvert meir af há, ef hún hefði eigi bitist. –

3. okt. (sunnud.)

Skift um tíð. Fyrsta fölið gerði á aðfaranótt þess 1. þ.m. (okt.). Síðan hefir altaf við og við verið eljagangur en tekið alt af upp á milli.

Nú er búið að þekja öll heyin og gera í kringum þau; gera við Stórhúsið, er hefir legið inn á gólfi síðan í sumar o.s.frv. Einnig hefir verið rist ofan af dálitlum blett hér fyrir sunnan og neðan bæinn. – Daglaunara hefir pabbi haft í liðuga viku. Það er Kristófer Pétursson frá Mjóadal. Hann fór heim til sín í dag, en kemur að líkindum aftur og verður þá við niðursetningu girðingarstauranna á Rútsstöðum, er pabbi þarf ef veður leyfir að setja niður í haust.

Í gær var Kaupfélagsmarkaður í Kúlusókn. Pabbi lét nú 52 kindur hvað, sem seinna verður. –

Fréttir hafa mér borist af ýmsum skólasystkinum mínum.

Brynleifur Tobiasson frá Geldingaholti hefir (að sögn Péturs Jakobssonar) sótt um skólastjórástöðu við barnaskólann á Eyrarbakka. En ekki hefir enn frétt hvort hann hefir fengið þá atvinnu eða eigi. Jónína Sigurðardóttir frá Lækjamóti verður annar kennari við barnaskólann á Sauðárkrók að vetri. Skólastjóri þar er Jón Björnsson frá Veðramóti.

10. okt. (sunnud.)

Nú er kominn mikill snjór. Aðal snjóinn gerði á aðfaranótt miðvikudagsins og á miðvikudaginn. – Ill-mögulegt að komast um jörðina. – Fé hefir alls staðar verið smalað, en gengið illa að koma því sama, sökum ófærðarinnar. Sem dæmi upp á það hvað vont hefir verið að koma fé áfram, skal eg nefna:

Um miðjan dag á miðvikudaginn birti talsvert í bráðina svo að Lárus Jónsson í Stóradal sá til kinda yfir á Ingibjargarseli. Fer hann þá og vitjar um þar. Þetta var þá dilkar með tveim lömbum er Jón í Stóradal átti. Áin stóð full af krapu, svo að Lárus treysti sér ekki að koma kindunum yfir hana, og tók hann þess vegna það fyrir að reka þar hingað út eftir (að Litladal). Eftir langan tíma kom hann þeim út að Litladalkoti (gamla bæjarrústir eins og Ingibj.sæl sem er þó ekki nema nokkra mínútna gangur í góðu færi. Þar varð hann að skilja við þær, en nú þorði hann ekki að láta þær vera þarna um nóttina. Tók hann því þar til brags, að fara hingað út eftir. Við pabbi fórum því með honum fram eftir og höfðum við með okkur poka. Þeir komu líka í góðar þarfir, því að við urðum að bera lömbin alla leið heim en ærin gekk með herkjum.

Nú er snjóinn mikið farinn að minnka og hefir verið þýðviðri í dag.

Nú fer eg að leggja af stað suður. Fer af stað á miðvikudaginn landveg suður í Borgarnes. Pétur Jakobsson búfræðingur verður mér samferða. Hann er væntanlegur sambekkingur minn.

12. júní (sunnud.)

Langt er nú síðan eg hefi skrifað í dagbókina mína og talsvert margt hefir drifið á dagana síðan. Gaman væri ef eg hefði tíma til að rifja eitthvað upp af því núna. Byrja eg þá þar sem eg hætti seinast.

Miðvikudaginn 13. okt. f.á. lögðum við Pétur Jak. upp suður. Samferða okkur var Eiríkur Einarsson frá Bólstaðarhlíð, á Hvítárbakkaskólann. Ferðalagið gekk seint, enda fengum við veður ill. Þriðjudaginn 19. okt. komum við svo til Reykjavíkur.

Fyrstu dagana eftir að eg kom suður, þangað til að skóli var settur, var eg svo smátt og smátt, að rekast á gömlu kunningjana, skólasystkini mín. Eg heimsótti skólastjóra, þegar daginn eftir að eg kom suður. Hann kvað von á mörgum nýjum nemendum. Í efri bekkina gengu 24 undir próf, 10 í efsta bekk og 14 í annan bekk. Inntökuprófið fór þannig að 4 af þeim 14 sem ætluðu að ganga upp í annan bekk féllu. Það voru þessi

Halla Jónsdóttir
Bjarni Bjarnason
Pétur Jakobsson og
Ólafur Sigurðsson.

3 hin fyrst töldu settust í fyrsta bekk en Ó.S. fór á verslunarskólann (2. bekk). Enginn fell af þeim er gengu upp í þriðja bekk.

Skóli var settur fyrsta vetradag. Af gömlu nemendum vantaði:

Í 2. b. Guðm. Gunnlaugsson og Jónasínu Sveinsdóttur
Í 3. b. Árna Friðriksson og Þuríði Vilhjálmsdóttur.

G.G. er vinnumaður á Austara-Landi í Þingeyjarsýslu og Jónasína vinnuk. hjá sra. Birni Þorlákssyni á Dvergasteini. Þuríður er trúlofuð einhverjum blessuðum búfræðing þar nyrðra og Árni er í þann veginn að gifta sig austur á Seyðisfirði.

Heimili mitt í Reykjavík var hið sama og í fyrra Laugaveg 37 hjá Árna Jónssyni bókhaldara og frú Lilju Kristjánsdóttur konu hans. Herbergi hafði eg ekki sama og í fyrra; nú bjó eg niðri, í herb. inn af Kransabúðinni. Halldóra Þórðard. frá Ráðgerði bjó í herb. sem eg hafði í fyrra. Hún stundaði nám við Kvennaskólann (4. b.) Aðrir leigjendur hjá Árna voru: Asbelund vélastjóri í Völundi með fjölskyldu. Jón og Júlíus Árnasynir verslunarmenn og Kristján Sæmundsson sótari með fjölskyldu, í kjallaranum.

Margar hugljúfar endurminningar hefi eg frá vetrinum. Skólalífið var ágætt. Eignaðist eg talsvert marga góða kunningja á meðal hinna nýju nemenda, og við þá eru ótal endurminningar bundnar. Félagsskapur meðal nemenda skólans var mikill og góður. Fyrir skólann var eitt allsherjarskólafélag, formaður þess var Sigurður Kristjánsson. Í sambandi við skólafélagið var ungmennafél. sem við stofnuðum í fyrra, stjórn þess skipaði Helgi Salomonsson form. Svafa Þorleifsdóttir frá Skinna-

stað, ritari og Guðm. Ólafsson „Sörli“ galdkeri. Í skólanum var svo glímufél. já meira að segja tvö, annað fyrir kvenfólk. Glímur voru að vísu eigi æfðar sem skyldi; áttum við samt nokkra góða glímumenn t.d. Jóhann Einarsson frá Laufási (hann vann tvenn I verðl. á Kappgl. í Iðnó) Sigurður Kristjánsson frá Ystafelli, sem var eins góður glímumaður og Jóhann, en hann gat ekki glímt á Kappgl., Helgi Salomonsson, Bjarni Bjarnason, Pétur Einarsson, Ág. V. Ásgrímsson og fl. Söngfél. var og í skólanum og naut það að nokkru aðstoðar Sigfúsar Einarsson tónskálds kennara okkar í söng, form. Þess var Jóhann Einarsson. Söngkraftar voru góðir á skólanum, enda var oft tekið lagið. Þess utan höfðu fyrsti og annar bekkur málálfingafél., en þriðji bekkur hafði fél. með sér til þess að ræða ísl. bókmentir með leiðsögn Jónasar Jónssonar kennara.

Margt og margt fleira hefði eg gaman að minnast á hér, en tíminn leyfir nú það ekki.

Nú er eg kominn heim fyrir löngu, kom á fimtudaginn annan í sumri. Við Pétur Jakobsson urðum samferða norður. Fengum veður ill, hríð á hverjum degi meir eða minna, enda urðum við hríðarfastir heila og hálfra dagana t.d. laugardaginn fyrstan í sumri vorum hríðarfastir í Hvammi í Norðurárdal hjá sra. Gísla Einarssyni. Hann er gestrisinn og hinn mesti höfðingi heim að sækja.

Það hefir verið bága tíðin í vor og útlitið var víða orðið ilt en breytti til batnaðar. Fellir hefir þó óvíða orðið að mun, helst á Ströndinni. Hér í sveit enn talsvert víða þó nokkrar fyrningar. Nú í hálfan mánuð hefir tíð verið köld og er því útlit með grassprettu slæmt. Á fimtudaginn var gerði hret og í dag hefir hríð verið í allan dag.

Manndauði hefir verið talsverður, hér í sveit, í vetur og vor. Meðal annars hafa dáið tveir bændur: Magnús Björnsson á Syðrilöngumýri og hreppstj. Jón Guðmunds óðalsbóndi í Stóradal. Jón andaðist 4. maí úr lungnabólgu eftir viku legu. Allan sinn búskap nema 3 seinustu árin bjó hann sæmdarbúi á óðalsjörð sinni Guðlaugsstöðum í Blöndudal. Þar bjuggu foreldrar hans og ættfeður. Foreldrar hans voru sæmdarhjónin Guðm. Arnljótsson varaþingmaður og Elín Arnljótsdóttir hreppstj. Árnasonar á Gunnsteinsstöðum í Langadal. Giftur var Jón heitinn Guðrúnu Jónsdóttur frá Stóradal Pálmasonar alþm. Þau hjón eignuðust 3 börn, dætur og einn son (Jón Jónsson). Dæturnar báðar (Elínborg og Ingibjörg) dóu uppkomnar, ógiftar heima hjá föður sínum. Konu sína misti Jón fyrir löngu, og hefir hann síðan búið með ráðskonu, Elínu Sigurðardóttur frá Eldjárnsstöðum systur Jóns bónda á Brún.

Fyrir þrem árum seldi Jón heitinn óðalsjörð sína bróðursyni sínum Páli Hannessyni (bróður Guðm. læknis) en keypti Stóradal af erfingjum Jóns Jónssonar mágs síns.

Jón heitinn var afbragðs búmaður og fyrstur til allra framkvæmda í hvívetna. Guðlaugsstaði bætti hann mjög með húsabyggingum og jarðabótum; túnið girti

hann með garði og vír, og er það með fyrstu girðingum hér um slóðir. Byrjaður var hann og á endurbótum í Stóradal, girti t.d. túnið á öðru ári.

Í þrjár vikur hefi eg verið í jarðabótarvinnu hjá „búnaðarfélaginu“. Vinnufél. minn er Hjálmar Jónsson frá Sauðanesi. Búnaðarfélagið heldur nú 7 menn í vor. Unnið höfum við Hjálmar: í Litladal, Stóradal, Sólheimum og á Syðrilöngumýri.

Áhugi á framkv. í búnaði er altaf að færast í vöxt. Nú eru bændur sem óðast að girða túnin, enda er það vel farið, því ræktun á óvörunu landi er óvissri og áhættumeiri. Nú í vor girða þessir:

Jóhann P. Þorsteinsson á Rútsstöðum
sra Stefán M. Jónsson á Auðkúlu
Jóhannes Helgason á Svínavatni
Ingv. Þorsteinsson í Sólheimum
og ef til vill Pálmi á Löngumýri.

Áhugi á garðyrkju er einnig að vaxa hér. Tveir eða þrír bændur hafa komið sér upp garði í vor. Góð viðbót. Komið hefir og til orða að koma upp sameignargarði við Auðkúlurétt, en óvíst tel eg að því verði komið í framkvæmd í bráð.

Tveir búnaðarfyrirlestrar voru haldnir á Auðkúlu eftir messu á sunnudaginn var (5. þ.m.). Fyrirlesararnir voru búfræðingarnir: Jón Pálmason á Löngumýri og Pétur Jakobsson skólabr. minn.

Kafli úr bréfi.

„... Hvað ber svo sem til tíðinda? Eg hefi ekki enn stigið fæti mínum út fyrir sveitina síðan eg kom heim. En andinn er frjáls, honum eru allir vegir færir, og hann er hvorki takmarkaður af tíma né rúmi, eins og líkaminn. Þótt „fjallið“ byrgi auganu sýn, sér andinn yfir í „dalina fögru“. Þangað en leiðin er löng. Hvað býr þar? Hamingjan? Uppfylling æskudraumanna? Hvað er hamingja? Því er í raun og veru ekki fljót svarað. Það sem gerir einn manninn hamingjusaman verður ef til vill öðrum til hinnar mestu ógæfu. Hamingjan er í raun og veru ekkert annað en samræmi í lífsskjörum og eiginleikum. En vandinn er að fá samræmið; því þekking vor á sjálfum oss nær svo skamt. Vilji maður verða hamingjusamur er fyrsta leiðin að gagnþekkja sjálfan sig. Skólarnir eiga hjálpa manni að því takmarki. Takmarkið er og verður að ná sem mestu samræmi á alt lífið. ...“

19. júní (sunnud.)

Vikuna sem leið skifti um veðráttu, og er nú komið gott veður.

Við Hjálmar unnum:

2 daga í Stóradal

2 “ á Syðrilöngumýri og

2 “ í Stóradalsseli.

Fimmtudaginn (16. þ.m.) var uppboð haldið á þrotabúi Sigurjóns Hallgrímssonar á Litlabúrfelli. Pabbi hélt uppboðið; hann er settur hreppstjóri í stað Jóns heitins í Stóradal.

Í gær (18. þ.m.) var manntalsþing og hreppaskil haldin á Svínavatni. Kosnir voru og 3 menn í hreppsnefnd og hlutu kosningu:

Páll Hannesson á Guðlaugsst. (endurkj.)

Jóhannes Helgason á Svínavatni og

Finnbogi Stefánsson á Eiðsstöðum

Þar fór og fram kosning á aðal- og varamanni í sýslunefnd. Aðalmaður var kosinn Jónas Bjarnason í Litladal (pabbi) en varamaður Jóhannes Helgason á Svínvatni.

Í fræðslunefnd voru kosnir Jónas Bjarnason í Litladal af hreppsnefnd, Guðmann Helgason á Snæringssstöðum og Stefán Jónsson prestur á Auðkúlu af almenningi.

Engin skeyti hefi eg enn fengið frá skólasystkinum mínum nema „kort“ frá Söllu, skrifað á Húnaflóa. Hún var þá á leið norður með „s/s Vestu“. Eg er nýbúinn að skrifa Söllu, og hefi eg sett kafla úr bréfinu hér að framan. Einnig hefi eg skrifað Jóhanni frá Skarði og Péttri í Skógum.

Pétur Jakobsson hefir dvalið hér í sveitinni í vor, og verið í vinnu hjá búnaðarfélaginu. Í sumar verður hann kaupmaður á Kúlu og Löngumýri.

20. júní (mánud.)

Í gær var glímt um verðlaunapeninga ungmennafél. hérna. Fáir tóku þátt í kappglímunni og var það illa farið. Verðlaunin hlutu:

Guðni Jónsson I. verðl.

Hjálmar Þorsteinsson II. “ og

Jón Pálmason III. “

Þar voru og reyndar aðrar íþróttir og þágu sigurvegararnir blómsveiga að verðlaunum.

Áhugi á íþróttum er mjög að vakna, hér sem annars staðar, á landi voru. Nokkrir sveitungar mínir eru og orðnir góðir glímumenn t.d. Jón Pálmi, sá er Akureyrarskjöldinn vann í vor.

Í dag vann eg í Stóradal en á morgun verð eg við smalamensku hjá pabba. Þá á að rýja geldfé og marka lömb. Svo verður settur vörður, fram yfir helgi, úr Gílsárgili og vestur í fjall. Óli bróðir verður í honum.

Hvenær skyldi girðing komast á um vötnin?, – bráðum vona eg. Það værir þægindaauki. Þá mætti hafa sauðfé alt fyrir norðan girðingu, en stóðhross fyrir framan. Girðingin yrði svo sem ekki voðalega dýr, eitthvað um 4000 kr. Og kostnaður þessi kæmi niður á fjórar sveitir. Gerum ráð fyrir að Svívétningar yrðu að borga $\frac{1}{3}$ – $\frac{1}{2}$, skyldi það ekki borga sig samt. Þá myndi tapast færri lömbin og þá myndi ekki þurfa eyða mörg hundruð krónum árlega í fjallskil.

26. júní (sunnud.)

Það sem eg hefi unnið hjá búnaðarfél. þessa viku hefi eg verið í Stóradal. Hjálmar hefir ekki verið með mér. Fram um miðja viku var hann við fé sitt, en seinni part hennar hefir hann verið á Löngumýri (syðri). Arelíus bróðir Jóns bónda þar hefir legið í lungnabólgu og hefir Hj. verið þar til hjálpar.

Á þriðjudaginn og miðvikudaginn var eg heima til þess að hjálpa þabba við smalamenskuna. Heimtur voru hér fremur góðar, og alheimti (8 ær og 1 gemlingur).

Veðrátta þessa viku hefir verið fremur góð, norðan átt að vísu, þoka á nóttum en sólskin og hiti á daginn. Túnum hefir því farið mikið fram, en engin líkindi eru þó til að slátrun geti byrjað á vanalegum tíma.

Hjálmar Jónsson kom hér í kvöld og sagði hann lát Arelíusar Gíslasonar á Syðri-Löngumýri; hann andaðist í morgun. Ekki bjóst Hjálmar við að geta verið í búnaðarvinnunni í bráð. Hann þarf fyrst og fremst að sinna skepnum sínum við smalamenskuna á morgun, og svo þarf hann að vera eitthvað á Löngumýri.

Í dag fékk eg bréf frá Pétri í Skógum. Það er skrifað 15. þ.m. Fréttir segir hann fáar, nema vonda tíð. – Bjóst jafnvel við að geta ekki komið á skólann að hausti, og er það illa farið, því bæði er það Pétur er fremur góður námsmaður og besti félagsmaður.

3. júlí (sunnud.)

Víkuna, sem leið vann eg í Stóradal, lauk við sléttuna út og niður. Mundi og Þóri unnu með mér að nokkru fjóra seinustu daga vikuna.

Jón í Stóradal hefir sléttað talsvert í vor (c: 450 □ faðm.). Hann er áhugamaður hinn mesti og tel eg víst að hann verði ágætisbóndi sem faðir hans heitinn.

Á sunnudaginn var andaðist Hólmsfríður Stefánsd. prests á Auðkúlu. Hún hefir legið lengi í berklaveiki, – og þungt haldin nú upp á síðkastið. Það hefir þá dáíð hér tvent á sunnudaginn var – Arelíus og H. Stefánsd. Manndauði hefir verið hér með mesta móti, þótt engar farandsóttir hafi valdið.

Á mánudaginn var fór fram smalamenska til rúningar á ám. Heimtur yfirleitt góðar og er það auðvitað að þakka verðinum. Þabba vantaði einungis 2 ær.

Þabbi hefir komið upp smíðjukofa fyrir sunnan bæinn, þar, sem hestaréttin var áður.

Undanfarandi vika hefir verið köld – norðan átt með talsverðum vindi –. Túnum hefir því lítið farið fram. Maður er kominn í tún sumstaðar t.d. í Stóradal að mun. Útlitið er því slæmt. Grasleysis sumar ofan á harðan vetur. Lambadauði hefir ekki orðið að mun meiri en venjulega hér í sveit; en þar sem heyþröng var að ráði hefir víst talsvert drepist.

4. júlí (mánud.)

Í dag var Árelíus heitinn á Löngumýri jarðaður. Þar verðum vér einu sinni enn að sjá í bak ungum og efnilegum manni. Hann var 23 ára gamall og orðinn all vel efnum búinn.

Eg hefi unnið heima í dag – hjá pabba – og verð eg ef til ekki meira annars staðar í vor. Hér er mikið en að gera, þarf að byggja eldhúsið upp og geymsluhús að nýju.

Í dag unnum við í torfi; þöktum smiðjuna. Hún verður besta hús, þegar hún verður fullgerð, enn er eftir að setja stafnpil að framanverðu.

Byrjað var á ullarþvotti í dag. Veður betra venju í dag.

10. júlí (sunnud.)

Eg skrifaði seinast á mánudaginn var og er þá að byrja á þriðjud. Á þriðjud. og miðvd. vann eg heima í torfi en á fimtud. og föstud. vann eg út í Sólheimum. Við Hjálmar áttum eftir að vinna þar búnaðarfélagsvinnu. Hlóðum við garð að nýju fyrir sunnan réttina og gerðum að garði fyrir utan túnið. Eg hefi haft gott af því að vinna með Hj. í vor, því að hann kann vel til verka og hefir glögt auga fyrir því sem betur má fara.

Nú er skift um veður til hins betra, sunnanátt með regni og hiti á milli. Túnum fer því mikið fram, enda eru nú síðustu förvöð. Um þetta leyti í fyrra var nær því búið að slá túnið hérna.

Eg er fyrir nokkru byrjaður að safna grösum. Það gengur að vísu seint, því bæði er það, að eg hefi lítinn tíma og þekki fátt grasa, en greining er erfið óvönum. Hefi nú alt að 30 teg. í pappírur.

Veikindi enn. – Lárus Jóhannsson hefir legið þungt haldinn í lungnabólgu; tvísýnt um bata. Hann fór að búa á hálfum Höllustöðum í vor.

Í dag frétti eg að Bjarni á Undirfelli, frændi minn, hefði lagst í lungnabólgu í gær. Hann hefir verið í vegavinnu í vor á Blönduósi.

17. júlí (sunnud.)

Víkuna sem leið hlóðum við alla veggja að eldhúsinu og geymsluhúsinu tilvonandi, Sveinn í Seli var hér í 2 daga við veggjahleðsluna.

Á laugardaginn fór eg í kaupstaðarferð út á Blönduós, sótti pöntun á 4 hesta. Hitti eg í þeirri ferð margt manna sem eg hefi ekki séð um lengri tíma.

Þeim Lárusi á Höllustöðum og Bjarna frænda er báðum að batna lungnabólgan.

Nýlega fékk eg kveðju frá Helga Sal. Hann var hér á ferð með Matth. Þórðarsyni fornmenjaverði, sem ferðast í sumar um Skagafjarðarsýslu og Húnavatns til fornmenjarannsókna.

Í dag fékk eg 2 póstbréf, annað frá Árna Jónssyni bókhaldara í Rvk. en hitt frá Sveini Halldórssyni. Árni segir engar fréttir að sunnan, nema kalda tíð og þar af leiðandi slæma grassprettu. Segi mig velkominn til sín aftur að vetri.

Þá er nú bréfið hans Sveins míns:

„Eins og þú vissir, þá fór eg heim til mín í vor þegar skóli var úti og þar var eg til 10. júní, en þá fór eg austur á Seyðisfjörð ... er eg á Brimnesi við Seyðisfjörð ... ræ á vélarbát við 4. mann ... býst við að hafa 4. mánaða vinnu ... til 14. október.“

Þá fræðir og Sveinn mig um nokkur skólasystkini mín:

„Einarína Guðmundsdóttir er hér á Seyðisfirði ... Hann (Árni frá Ósgröf) er á Norðfirði og hefir 65 kr. um mánuðinn ... Á Fáskrúðsfirði hitti eg Arnfríði Einarsdóttur og biður hún að heilsa þér ... Siggi Guðjónsson ... er á Fáskrúðsfirði ...“

Skrifaði Sveini aftur samstundis í dag. Set hér kafla úr því.

Kaflí úr bréfi:

„... Íslenskri náttúru hefir alt af verið viðbrugðið fyrir fegurð, en hvar gætir hennar betur en fram til dalanna? Þá er vorið með sólina og ylinn hefir leyst í sundur klakabúning náttúrunnar en skartað henni aftur með geislandi blómaskrúði; þá er fallett hjá oss dalbúum. Þá má kenna alt við sunnu, hvamminn, hólinn og barðið alt laugast í brosi hennar. Hvílk unun er ekki að þiggja ástarbrof af fríðri meyarvör en hvað er það hjá guðlegu sólbrofi?

Þau sól og hann blær stíga hér dans við skrautbúnar dalliljur. Ekki klæðast þær þó silki og demöntum en búningur þeirra er þó fegurri og smekklegrí en ríkustu prinsessu heimsins.

Náttúran í sumarbúningnum – hvílk dýrð. Komdu með mér út á hólinn um sólsetur í kvöld, þá skal eg sýna þér dýrlega sjón. Sólin er að sýga í ægi. Seinustu aftangeislar hennar eru í skilnaðarfaðmlögum við spegilsléttan vatnsflötinn; tárin titra á hjúpri brá liljanna minna á hólnum; fjallið er orðið niðurlútt og það skuggar í andlit þess, hart og svipmikið, en þókan, sem sveipast um enni þess mýkir þó ofurlítið svipinn. ...“

20. júlí (miðvikud.)

Ég byrjaði að slá á mánudaginn var, – (18. þ.m.) hinir piltarnir í kaupstað-arferð – sló þá nýju sléttarnar (740 □ faðm.) á 9 klst. Í gær voru þeir Óli og Lárus með mér til skiftis en í dag báðir. Niðurtúnið búið á hádegi í dag, og var þá byrjað á Miðtúninu. Í dag skrifaði eg Árna Jónssyni og sendi honum 70 kr. til lúkningar skuld minni.

24. júlí (sunnud.)

Að morgni.

Skifti um tíð á fimmtudaginn og hefir síðan verið votviðri, – mesta slagveður í morgun. Nú er búið að slá Niðurtúnið, Miðtúnið, Tungurnar og helming Úttúnsins.

Pabbi hefir ekki verið heima seinnipart vikunnar, en kemur að líkindum í kvöld. Hann hefir verið að halda hrossamarkað fyrir Söludeildina og ásamt Magnúsi á Sveinsstöðum metið Kaupfélagstryppin. Pabbi hefir ýmis störf á hendi fyrir Kaupfél. t.d. er hann í stjórnarnefnd þess, svo er hann og bæði form. í Kaupfél. og sláturfél.deild hér í sveitinni.

Áhugi fyrir Kaupfél. og samvinnufélagsskap virðist fara dagvaxandi. Svínvetningar versla nú orðið mest megnis við Kaupfél.

Að kvöldi.

Leiðindaveður hefir verið í allan dag, sífellt norðan slagveður. Eg hefi því alltaf setið heima og ekkert gert nema skrifað og lesið ofurlítið. Ætlaði mér að safna grösum í dag en treysti mér ekki út í veðrið; á nú 30-40 plöntur þurkaðar og dálítið í pressu. Slæmt fyrir mig að tapa sunnudögunum frá grasafrrannsóknnum því annan tíma hefi eg ekki til þeirra hluta.

30. júlí (laugard.)

Gaman í gær; hitti þá Helga Sal. skólabróður minn. Hann var hér á ferð með Matthíasi Þórðarsyni fornmenjaverði sem ferðast í sumar um Skagafjörð og Húnavatnssýslu til þess að skrásetja kirkjugripi. Þeir Helgi og Matthías gistu í Stóradal á föstudagnóttina og kom Helgi hingað yfir um á meðan Matth. fór út að Svínavatni. Eg fylgdi svo Helga að Kúlu.

Guðmundur Hannesson læknir var hér á ferð, kom á laugardaginn var, í kynnisleit til foreldra minna og ættingja.

Veikindi enn, – Hjálmar Jónsson búfr. lagstur í lungnabólgu norður á Heiði í Gönguskörðum.

Í dag um hádegi lukum við við túnið. Enginn baggi er kominn inn, en sætt upp á Niðurhúsinu og Miðtúninu, og nokkuð í föngum. Óþurkur til baga. Að vísu hefir ekki rignt stórkostlega, síðan á sunnudag, en stöðugar þokur. Túnið var alt að því í meðallagi.

31. júlí (sunnud.)

Heima í allan dag. Hafði nóg að gera við grösín mín, færa á pappír það, sem þurt var orðið í pressunni og safna að nýju.

Ekki lítur þurklega út enn. Í dag þoka fyrir partinn og þurkleysa seinni partinn. Taða farin að skemmast. Slæmt að fá vonda nýtingu núna, þar sem tíminn er orðinn svona stuttur, sem hægt er að nota til hevvinnu.

Ekki eru góðar ástæður hjá Lárusi á Höllustöðum. Hann er einyrki en getur ekki unnið, er ekki búinn að ná sér eftir leguna í vor. Nokkurir hafa veitt honum mannhjálpi. Vel og ræktarlega er það gert, af Stefáni á Svínavatni bróður Lárusar að vinna hjá honum viku endurgjaldslaust.

5. ágúst (föstud.)

Ekkert framfarir venju annað enn um veðrið og daginn. Náttúran hefir sýnt oss ýms svipbrigði dagana þessa. Hvílk mismunum. Í gær norðan slagveður frá morgni til kvölds, en í dag sólskin og hiti. Já, þurkurinn hefir verið lífill. Gátum þó á miðvikudaginn og í dag vísað svo úr hevinu að það varð fangandi, og er nú alt í fongun nema á Gerðinu. Höfum verið að slá niður í mýrinni; – snögt að vísu, en haggott. Á miðvikud. bundum inn liðlega 30 hesta.

6. ágúst (laugard.)

Ekki var þurkurinn í dag; – rigning í morgun og þoka í allan dag.

Einkennilega fögur sjón var að sjá, hvernig þau þoka og sól, ófust saman, í kvöld, skömmu fyrir sólsetrið. Sól og blær höfðu rýmt þokunni úr dalnum, um tíma, en nú var hún að koma aftur. Hún fór hægt og rólega, nam staðar á öðru hverju leiti; teygði svo úr sé og skautst áfram, létt og lipurt. Sko! Þarna var hún búin að breiða yfir fenin í flóanum. Þykt en mjótt þokuband lá yfir flóanum endilöngum en hér og hvar upp um alla hlíðina voru fagrir sólskinsblettir. Eg fór þá að hyggja að sólinni, nei, – hún sást ekki blessuð, – þokan huldi hana. En, – hvað var þetta. – Bungurnar stóðu í ljósum loga. Þokan var búin að ná Bungunum en sólin sló eldslit á hana. Þokan alt í kring, sem ýmist hækkaði eða lækkaði, döknaði eða lýstist, var svo dásamlega lík reykjabólstrum. Ó!, – þetta var dýrleg sjón.

7. ág. (sunnud.)

Gott var veðrið í dag að vísu, en þurklítið; þoka nema miðpartinn úr deginum. Fáir hafa komið í dag, – engar fréttir. Merkileg kyrd á fólkinu hér í sveitinni. Eg held meir að segja að enginn nenni í kirkju, sem eru einu mannamótin hér.

12. ág. (föstud.)

Þoka, sífeld þoka. Tíðin er orðin þreytandi og útlitið er orðið slæmt. Stöðugar norðanþokur nætur og daga. Á þriðjudaginn var þó þurkur um stund. Þurkuðum þá á Hesthústungunni. Skömmu eftir nónið gerði rigningu, er bleytti fyrir okkur

heyð á Gerðinu, sem var orðið nokkurn vegin þurt. Í fyrradag bundum við inn 36 hesta.

Í dag fór Þorlákur í fiskikaup út á Skagaströnd.

14. ág. (sunnud.)

Góður var dagurinn í dag, – ágætisþurkur, enda hefir hann víðast verið notaður þótt sunnudagur væri. Við þurkuðum og sættum 5 töðusæti (á Gerðinu) og 9 útheysæti. Engin tugga lá því í flötum flekkjum á mánudagsnóttina, hitt alt í fögum.

15. ág. (mánud.)

Ágætisþurkur áfram. Sættum liðlega 20 töðusæti. Nú fer að lagast. Fimm töðuflekkir eftir enn á Úttúninu.

16. ág. (þriðjud.)

Sama veður. Þurkuðum og sættum 7 töðusæti og 20 útheysæti. Haldist sama veður áfram, eins og allar líkur eru til, sætum við útheið upp á morgun.

17. ág. (miðvikud.)

Sama veður í dag og undanfarna daga. Sættum upp megnið af útheiðinu, eftir 4 flekkir flatir og 2 í fögum. Nú eru til um 100 sæti.

18. ág. (fimmtud.)

Poka fram um dagmál en birti úr því og gerði þurk. Þurkuðum þessa flekki, sem eftir voru í gærkvöldi. Bundum af túninu í dag – hirtum. –

Skýrsla um töðuaflann er færð hér á eftir.

Skýrsla um töðuafla af Litladalstúninu 1910:

	Hestar tals
Af Niðurtúninu	24
“ Miðtúninu	24
“ Hesthústungunni	16
“ Úttúninu	40
“ Þríhyrningi	10
“ Þúfnavelli	36
“ Útaukanum	13 ½
“ Gerðinu	18 ½
Samtals	182

Í fyrra fékkst af túninu 210 hestar. Mismunurinn er því æði mikill, enda var grassprettu í fyrra með allra besta móti, sem verið hefir um all-langan tíma.

Af töðunni voru 161 hestar látnir við fjósið, 9 við Stórhúsið og 12 húsín suður og upp.

20. ág. (laugard.)

Bundum inn útheyið í dag og í gær (170 hesta). Bárum upp Réttarhústóftina með 131 hesti. Þar voru til talsvert miklar fyrningar. Veður ágætt, þurkur að vísu eigi eins góður og fyrri part vikunnar. Mikið hefir lagast með heyin vikuna þessa. Taða var raunar orðin talsvert hrakin, en úthey ekkert.

Fréttir hafa nú borist af nokkurum skólasystkinum mínum: Um skólakennara-stöðu við barnaskóla Ísfirðinga sækja þeir nafnarnir Sig. Sigurðsson og Sigurður Kristjánsson. Guðm. Ólafssyni hefir boðist kennarastaða við Hvítárakkaskólann. Ásgeir Magnússon, sem hefir verið kennari hjá Sigurði nokkra undanfarna vetur ætlar að fara utan til frekari náms.

Hér í sveitinni heyrist lítið talað um fræðslumál. Alt situr enn við gamla lagið. Heimilin annast fræðsluna. Sum börn verða því mjög afskifta, þar sem ekki er hægt að taka kennara, enda fást þeir þá ekki. Svo er og hitt, kennaranir mjög misjafnir, enda er árangurinn eftir því. Besta fræðslu hafa óefað fengið börnin sem voru hjá Jóni frænda í Stóradal í vetur. Hann er hinn mesti áhugamaður um fræðslumál og maður miklum hæfileikum búinn með góða mentun.

28. ág. (sunnud.)

Vikuna sem leið slóum við út á Brúnum. Slægjan dágóð en all-mikið sinuborið. Þurkur lítill. Sættum þó í gær um 30 sæti. Eigum í föngum 15 flekki, og einn flekk flatan á engi og nokkra háar flekki. – Slóum sem sé há alla morgna fyrir skatt. – Eigum áreiðanlega um 120 hesta úti eftir vikuna, og má það dágott heita.

Eftir því sem „Ísafold“ kennir hefir hvorugur þeirra nafnanna, skólabræðra minna, Sigurðar Kristjánssonar og Sig. Sigurðssonar, fengið kennarastöðuna við barnaskóla Ísfirðinga; hún er sem sé veitt Guðjóni Baldurssyni (Svarfdælingi) cand. phil.

Fór til kirkju í dag að Kúlu. Hitti þar Sveinbjörn Jakobsson frá Holti. Hann gegnir skrifstofum á skrifstofu Sláturfél. Sunnlendinga á veturna en er við heyvinnu á sumrin hjá Guðm. frænda sínum í Holti. Eg fór svo með Sveinbirni fram að Holti og dvaldi þar góða stund, og kom hann svo með mér heim.

3. september (laugard.)

Þurkflæsa á mánudaginn og þriðjudaginn, – þurkuðum þá það sem í föngum var og bundum inn á þriðjudaginn 102 hesta. Um 20 hestar í sætum eftir enn úti, eftir fyrri vikuna. Votviðri seinni hluta vikunnar, í gær norðan slagveður, en í dag hlýtt veður en regn seinni partinn. Engin tugga þur, sem slegin hefir verið vikuna þessa. Slóum Steinbreiðina og fyrir ofan hana, – hálf léleg slægja, – sinuborið og húsmikið: Í dag ætlaði eg vestur í Vatnsdal með Sveinbirni Jakobssyni, en hætti við í þetta skifti og fer ekki fyr en eg fer í Vatnsdalsrétt fyrir þabba í haust. Við höfum í alt sumar átt von á frændfólki okkar á Undirfelli hingað upp eftir, en það er ekki farið að koma enn.

4. sept. (sunnud.)

Margeir Jónsson frá Ögmundarstöðum skólabróðir minn var hér á ferð í gær. – Eg hitti hann þó ekki. Hann er enn þá atvinnulaus, hefir sótt um kenslu þar nyrða, en býst við neitun.

Í dag var fræðslumálafundur haldinn að Svínavatni. Eg gat ekki verið þar, varð að sinna heyi, því þurkur hefir verið í dag. Við höfum því verið í heyi alt til þessa; – en nú urðum við að hætta vegna stormsins (kl. 4 e.m.).

Þá er á kveldið leið lygndi; fórum við þá út eftir og fönguðum upp alla flötu flekkina.

5. sept. (mánud.)

Útsynningur í dag, – rok og regnhriðjur við og við.

Í morgun sættum við úr föngum þeim í gærkveldi, höfðu þau blásið í nótt og voru orðin vel þur. Engu þorðum við að dreifa, en 2 sæti sættum við úr ljá.

11. sept. (sunnud.)

Nú er þar að byrja, er hætti eg seinast. Á þriðjudaginn (6. þ.m.) sama veður og á mánud., dreifðum þá og þurkuðum talsvert en fönguðum hitt upp aftur. Á miðvikudagsmorguninn byrjuðum við að binda, en urðum að hætta sakir rigningar skömmu eftir hádegðið. Bundum þá 35 hesta. Við bundum, svo aftur, seinni partinn í fyrradag (9. þ.m.) 64 hesta. Í gær sættum við upp all-mikið og fönguðum talsvert. Ekkert liggur flatt, nema ofurlítið ljáarhorn. – Höfum slegið í Nesinu.

Þabbi fór út á Blönduós í gær á stjórnarnefndarfund Kaupfél.

Kristján Sigurðsson frá Brenniborg, skólabróðir minn, er trúlofaður Margréti Blöndal á Brúsastöðum. Hann er ráðinn kennari, í vetur, hjá Vatnsdælum. Ingibjörg Benediktsdóttir, er var kennari hjá þeim í fyrra, er orðin kennari við Kvennaskólann á Blönduósi.

Með síðasta pósti fékk eg bréf frá Sveini Halldórssyni. Hann segir mér engar fréttir. Honum leiðist hálfvegis sjómenskan og hlakkar hann til þess að losna. Hann fer suður með s/s „Ingólf“ 17. okt.

Í dag skrifaði eg Sveini og Pétri Einarssyni og einnig „Skinfaxa“.

17. sept. (laugard.)

Kl. 12 á hádegi

Ekki ætlar slátturinn að enda vel – húðarrigning það, sem af er deginum í dag og líkindi til þess að hún haldist talsvert fram eftir deginum.

Við höfum verið við heyskap þessa fimm daga vikunnar sem liðnir eru. Á þriðjud. og miðvd. bundum við inn 160 hesta útheys og 11 hesta af há. Í fyrra fengum við 40 hesta af há, og er því mismunurinn afskaplegur. Alls verður 60 hestum minna af töðu núna enn í fyrra, en útheysheyskapurinn verður þó dálítið meiri, svo að eg vona að það jafni töðumismuninn. Núna eigum við úti um 30 hesta, nokkuð af því uppsætt.

Að kvöldi þess 17. sept.

Þetta hefir verið ljóti dagurinn. Skömmu eftir hádegidi stytta þó upp um tíma, en þá gekk í vestrið og gerði von bráðar ofsarok með dynjandi rigningu. Unnum í heyi um tíma, en hættum þegar versnaði til muna. Nú verður víst ekkert slegið meir.

Óli bróðir fór í gönguna í gærmorgun. Þeim (gangnamönnunum) gefur ekki vel núna. Þeir leituðu Búrfjöllin í dag, og þar hefir verið voða veður.

Pabbi fór í gær út á Blönduós ásamt Jóni í Stóradal, og er hann ný kominn heim. Þeir voru að sækja vatnsleiðslupípu; hafa sem sé í hyggju að veita vatni í bæinn og fjósið. Vatnsveita er ekki komin á neitt heimili enn hér í sveitinni. Pabbi og Jón verða því fyrstir.

18. sept. (sunnud.)

Kl. 12 á háð.

Í nótt hefir hann gengið norður fyrir og snjóað í fjöll og á háls og enn þá er hríðar mugga en festir ekki á lálendi.

Kl. 9 e.m.

Seinni partinn í dag hefir verið kyrt en kalt veður. Snjór situr því enn á fjöllum og hálsum. Mikið frost í kvöld. Það er nær því fyrsta frostið í sumar.

Ýmsir hafa komið hér í dag. Á meðal þeirra var Sveinbjörn Jakobsson. Hann leggur af stað suður á miðvikudaginn kemur (21. þ.m.) Pétur Jakobsson kom hér einnig í dag. Hann er ráðinn í að fara suður í haust. Við verðum að líkindum samferða. Í haust vinnur Pétur að girðingu fyrir Ingvar í Sólheimum.

19. sept. (mánud.)

Kl. 10 e.m.

Í dag var þurkur seinni partinn. Bundum votaband niður á Bakka og þurkuðum það svo mikið til. Sætin bundum við heim (11 hestar). Eigum úti nú alt að 30 hestum.

23. sept. (föstud.)

Á þriðjudaginn var gerði ákaflegt veður. Þá fór illa heyið okkar á Bakkanum, – mistum í ána víst um 15 hesta. 6 hestum náðum við heim á þriðjud. en hinu sem eftir var (9) í gær.

Eg fór í Vatnsdalsrétt á þriðjud. og var þar við drátt á miðvd. og kom heim í gær.

Hitti þar frændfólk mitt og margt kunningja. T.d. skólabr. mína Kristján Sigurðsson og þá Bened. Jónasson og Jónas Pétursson. Bjarni frændi á Undirfelli ætlar í haust á gagnfræðaskólann á Akureyri. Á Undirfelli hitti eg Ólöfu Snæbjarnardóttur frænku mína, sem dvalið hefir í 17 ár vestur í Barðastrandasýslu. Hún var þar í kynnisleit. Í gær hefir hún lagt af stað vestur og með henni Kolfinna Snæbjörg Jónsdóttir, frænka mín, sem dvalið hefir í sumar á Undirfelli, og fylgdarmaður Ólafar Guðm. Geirdal frændi Kolfinnu. – Kolfinna var í söngfélagi Kennaraskólans í fyrra vetur og býst við að verða það einnig í vetur.

Nú er öllum heyskap lokið, við hverja tóft er komið fallett hey. Skýrsla um heyaflann er færð hér á eftir.

Skýrsla um heyafla í Litladal sumarið 1910:

	Taða hestar tals.	Úthey hestartals.	Hey alls hestar tals.
Í fjóstóft og fúlgur 2 þar við	161	17	178
Í Réttarhústóft		141	141
Í Ærhústóft	12	158	170
Í Stórhústóft	9	101	110
Í Syðri-hesthústóft og fúlgur þar við	11	104	115
Í Ytri “		49	49
Samlagt	193	570	763

Eins og skýrslan ber með sér hefir heyskapurinn í sumar orðið heldur betri en í fyrra. Munurinn á samtölu töðu og útheys er að vísu lítill, einungis 11 hestar. Nú höfum við fengið 68 hestum meir af útheysi en 57 hestum minna af töðu en í fyrra. Þess vegna verður samtölu mismunurinn eigi meiri en þetta. Mestur munurinn er á hánnu. Hún spratt, sem ekkert núna, enda var eigi við því að búast, þar sem taðan

lá svo lengi á túninu. Að heyvinnu hefir verið unnið hér, í sumar, í 9 vikur. Það er því styttri tími en í fyrra, þá unnið í liðugar 10 vikur.

Sumarið hefir þó alls ekki verið hagstætt og undirbúningurinn var afleitur, enda spratt mest eftir að byrjað var að slá. Stöðugar þokur til 14. ág. skemdu töðuna aðeins og eyddu margri stund til lítils.

Og vindarnir í september hafa gert töluvert tjón. Við töpuðum t.d. 15-20 hestum, og svo öll verkatöf, sem naumast verður metin til verðs.

Engi spratt hér fremur vel, góð slægja var t.d. í Brúnunum og sumstaðar í Nesbreiðinni. Mátt hefði heyja hér mikið meir, ekkert var t.d. slegið fyrir sunnan og var þar þó dágóð slægja með pörtum.

Mikaelsmessu (föstud. 29. sept.)

Kl. 12 á háð.

Nú er skift um tíð, en eigi til batnaðar. Í staðinn fyrir storminn er nú hríð á hverjum degi. Snjóaði fyrst á sunnudagsnóttina og gerði þá talsverðan snjó. Síðan hefir öðru hvoru verið hríðarmugga.

Gangnamenn eru ókomnir enn af Auðkúluheiði – áttu að koma í gærkveldi. – Sauðadalsgangnamenn leituðu ekkert hálsana, treystust ekki sakir snjóarins. – Nú stendur réttin yfir, er þar venjufremur fátt manna og skepna. Heimalandasmalanir hafa og víða tekist fremur illa, sakir dimmveðursins og ófærðarinnar.

Fyrsti Sláturfélagsmarkaðurinn hér í sveitinni var á síðastliðinn laugardag og sunnud. Pabbi lét 30 hrútdilka.

30. sept. (föstud.)

Gangnamenn komu ofan í gærkveldi (þ.e.a.s. á Berginu). Voru þeir því einum degi á eftir áætlan, enda lágu þeir um kyrt einn daginn – þriðjudaginn. – Þá var blindhríð þar fremra. Í gær gátu þeir og lítið leitað, sakir dimmveðurs.

Nú er hætt að snjó. En lítið tekur upp. Suðaustanátt með dálitlum vindi. Snjór er dálítill hér neðra en all-mikill til hálsa.

Í dag byrjuðum við á greftri fyrir vatnsveitupípunum.

1. okt. (laugard.)

Vel hefir ræst fram úr veðrinu. Allur snjór nú farinn. Þýðnaði upp seinnipartinn í gær, og síðan hefir verið þýðvindi.

Við Óli höfum unnið að greftri fyrir vatnsveitupípunum. Gengur seint. Bæði vatn og grjót til stórtafa.

Á morgun fer eg út á Blönduós með fjárrekstur til Magn. kaupm. Stefánsson fyrir Jakob í Holti. Jakob hélt í dag markað fyrir Magn.

Blönduósi 12. okt. (miðvd.)

Nú um langan tíma hefi eg ekkert skrifað í dagbókina mína. Nú er eg farinn að hugsa til suðurferðar. Ætla nú með „s/s Vesta“. Hún er ókomin enn, átti þó að fara héðan þann 9 þ.m. Eg er því búinn að bíða hér á Blönduósi skipsins í nokkra daga. Bagalegt hvað skipin halda illa áætlun. „Vestri“ fór héðan á sunnudaginn, þá 11 dögum á eftir áætlun. „Austri“ skip frá því „sameinaða“ er hér á höfninni í dag, – tekur kjöt hér, bæði hjá Kaupfél. og Sæmundsen. Allmargir bíða hér Vestu m.a. ungfrúrnar Margrét Kristófersdóttir og Ósk Jósefsdóttir og einnig Guðný Guðmundsson í Holti.

Í dag frétti eg til ferða tveggja skólabræðra minna: Péturs í Skógum og Guðm. Sörla. Komu í gær landveg að norðan á hestum og halda þeir þannig til Borgarness en þaðan fer Pétur sjóveg með „Ingólf“ til Reykjavíkur. En Guðm. verður víst kennari á Hvítárbakka.

Pétur Jakobsson verður að líkindum þeim fél. samferða suður. Hann var áður búinn að ákvarða sig með Vestu en það hefir eitthvað snúist í kollinum á honum. Við vorum sammældir í Sólheimum þegar eg fór hingað út eftir, en þá var hann þar hvergi. – Hefði eg vitað fyrir um ferð þeirra Þingeyinganna (P. og G.) myndi eg hafa beðið þeirra og slegist í för með þeim.

Rvk 17. okt. (mánud.)

Þá er eg loksins hingað kominn, kom um dagmál í gær.

Nú ætla eg að rifja upp helstu punktana úr ferðasögunni.

Vesta kom á Blönduós á miðvikudagskvöldið, þá var gott veður og beið eg því vongóður morguns. En daginn eftir, á fimtudaginn var ofsarok, sem hélst fram undir miðjan dag á föstudaginn. Vesta hafði allan þenna tíma legið óafgreidd. Var því brugðið við hið bráðasta er lygndi og fólk og flutningur flutt um borð, en nokkuð af vörum sat eftir í henni, sem áttu að fara til Kaupfélagsins.

Mitt á milli rismála og dagmála á föstudaginn lagðist Vesta við hafskipabryggjuna á Ísafirði. Ísafjarðarkaupstaður stendur á tanga sem gengur fram í fjörðinn. Fyrir sunnan tanga er Pollurinn. Þar er ágæt höfn og dýrlega fögur. Húsin eru flest mikið fremur lagleg og stendur kaupstaðurinn að því leyti ekkert að baki höfuðborginni, ef ekki framar. Stærsta hús bæjarins er Good-Templarahúsið. Þar eru allar meiri samkomur á Ísafirði haldnar. Vatnsveitu hafa Ísfirðingar í hús sín, enda hagar þar vel til; snarbrött fjallshlíð fyrir ofan með ótal lækjum og uppsprettulindum.

Á Ísafirði hitti eg Súdda og Jónas söngbróðir og dvaldi hjá þeim til skiftis á meðan skipið stóð við, í dýrlegum fagnaði. Súddi hefir tímakenslu við barnaskóla Ísfirðinga, til jafnaðar 4 klst. á dag. Jónas starfar að öllu leyti í þarfir sönggyðjunnar. Hann kennir söng við barnaskólann, stýrir kirkjusöngnum o.s.frv. Fréttir fékk eg nú af mörgum skólasystkinum mínum. Sig. Kristjánsson er I. kennari við barnaskólann í Bolungarvík, Páll Stefánsson II. kennari við barnaskólann í

Hnífsdal, Kristbjörg Jónatansdóttir á Bíldudal, Helgi Sal. verður við farkenslu norður í Viðidal. Friðrik Hjartason hitti eg á Ísafirði, – beið þar Vestu. – Guðbjörg Hjartardóttir var með Vestu, hún sagði mér að Solveig Albertsd. kæmi ekki í skólann í haust, en yrði við kenslu í vetur á Árskógsströndinni, en byggist svo við, að taka þriðja bekk að ári. Ástæður féleysi. –

Í gær og í dag hefi eg hitt talsvert af skólasystkinum mínum, mörg eru þó ókomin enn.

Í dag skrifaði eg pabba nokkrar línur með Helga Sal. Hann fer á morgun af stað norður.

18. okt. (þriðjud.)

Í dag kom eg fyrir dóti mínu í nýja bústaðnum. Eg bý í sama húsi og í fyrra, hjá Árna Jónssyni bókhaldara og frú hans Lilju Kristjánsdóttur, en herbergi mitt er nú annað. Í fyrra bjó eg á fyrsta sal en nú niður í kjallara. Það er rúmgott herbergi og vel búið húsgögnum en birtu er nokkuð ábótavant.

Í kvöld hóf mag. Guðmundur Finnbogason fyrirlestra sína í heimspeki. Hann hefir nú í 3 undanfarin ár stundað heimspekisnám við ýmsa háskóla erlendis, sem styrkþegi Hannesar Árnasonar sjóðsins. Vel sagðist Guðm. Byrjaði hann á því að segja frá Hannesi Árnasyni og sjóðstofnun hans. Svo gaf hann yfirlit yfir það sem hann ætlar að segja í þessum 20 fyrirlestrum, sem hann heldur í vetur.

21. okt. (föstud.)

Meiri hluti nemenda eru nú komnir í bæinn. Svenni er ekki kominn enn þá. Hann kemur með „Ingolf“ sem von er á á hverri stundu.

Eg hefi verið að duppa mig upp þessa dagana. Nú er eg búinn að fá mér ný föt – náttúrlega „moderne“ yfirfrakka og regnkápu. Svo leik eg „fínan herra“ á götunum – einkum á kvöldin, því gasið góða er hæfilega bjart til þess að ekki sjáist, hvað sé innan í yfirfrakkanum góða úr Sturlu-búð. Mig vantar nú auðvitað prik í hendina, en dálítið bætir það nú að eg hefi annað hvert vindil eða pípu í kj.....

22. okt. (laugard.)

Í dag kl. 4 e.m. setti skólastjóri Magnús Helgason Kennaraskólann með ágætis ræðu. Það er hrein unun að heyra sra. Magnús tala. Þar er gullvæg hugsun í indælu- um búningi. Margt manna var við skólasetninguna. Nýir nemendur eru allmargir; búist er um 60 alls af gömlum og nýjum. Allmargir ætla í annan bekk og í þriðja bekk fær inngöngu Ólafur gagnfr. Sveinsson frá Firði: Það er af sérstökum ástæðum, því samkv. reglugj. skólans fær enginn inngöngu í haust í þriðjabekk. Árni Friðriksson kemur og núna á skólann. Hann var í hitteðfyrri í öðrum bekk.

Í gær hitti eg Dýrleifu Pálsdóttur. Hún vinnur hér á saumastofu. Áður hafði eg

hitt Guðrínu Jónsdóttur (kaupm.) Þær spiluðu oft „Whist“ við okkur Pál Stefáns-son í fyrra vetur.

„Ingolf“ kom í dag og Sveinn Halldórsson með honum. Á morgun skreppur hann heim til sína suður í Garð. Nú vantar orðið fátt af þeim gömlu nemendum sem væntanlegir eru. Jóna og Magnea eru ókomnar enn, þær koma með Ingólfi sunnan í Keflavík.

23. okt. (sunnud.)

Í dag heimsótti eg Jón Þorkelsson doktor. Eg færði honum nokkur gömul skjöl frá föður mínum. Þrír frændur Jóns voru með mér: Ólafur Kjartansson skólabróð-ir minn, Jón bróðir hans og Ólafur Halldórsson (kaupms í Vík.) Jón gamli tók hið besta á móti okkur og veitti okkur kaffi. Einkennilega skoðun hefir dr. Jón á fræðslumálum, líkast því að hann sé humanisti.

5. nóv. (laugard.)

Dagurinn í dag merkisdagur fyrir mig. Eg kendi sem sé í dag (íslensku). Það var fyrsta kensluæfingin, sem við nemendur höfum kent í. Jónas hefir kent til þessa, en nú förum við að taka við. Eg set hér tímaseðilinn. Það er fyrsti tímaseðilinn sem eg hefi samið og þætti mér því gaman að eiga hann geymdan til minningar.

„Íslenskukensla“

Tímaseðill 5. nóv. 1910

- I. Spyrja úr síðustu lexíu
- II. a Spyrja lauslega úr sjálfri lexíunni
b. Jón helgi – biskupasögurnar (frásögn)
- III. Lestur (málsg. setn. – nafnorð (kyn, tala, föll)
- IV. Endursögn þess er lesið var (annað barn)
- V. Útskýring þungskilinna orða (við þau er x:b.)
- VI. Nokkrar ályktanir um efni (persónur) greinarinnar.

6. nóv. (sunnud.)

Nú loksins er félagskapurinn kominn á fastan fót í skólanum, eftir miklar deilur. Verður hann nær því með sama sniði og í fyrra. Breyting sú einungis að gjörðabókin fyrir sameiginlega fundi heitir nú gjörðab. U.M.F.K. og skólafél., en í fyrra bar hún einungis nafn skólafél. Í stjórn ungmf. eru þrír menn: Pétur Einarsson form., eg ritari og Ólafur Sveinsson gjaldkeri. Skólafélagsstjórnina skipa 2 menn (Guðgeir Jóhannsson og Sigurjón Kjartansson).

Mikið hefi verið gert til þess að heiðra minningu Jóns Arasonar og sona hans. Guðbr. Jónsson hélt alþýðufyrirlestur í dag um kirkjusiði um daga Jóns Arasonar.

Guðbrandur er leiðinlegur ræðumaður, en talsverður fróðleikur var þó í því sem hann flutti.

15. nóv. (Þriðjud.)

Norðan póstur kom í dag. Eg fékk bréf frá systkinum mínum (Óla, Gunnu og Sifu). Fréttir fáar. Óli segir: „Þriðjudaginn 1. nóvember gerði áhlaupa hríð, svo svarta að varla var ratandi. En sem betur fór stóð hríðin ekki nema á þriðjudaginn. Það vildi til að daginn áður fór fram almenn smalamenska og vegna þess að veðrið var kalt og norðan átt létu flestir inn (sauðfé) um kveldið. En samt hefir orðið tjón á nokkrum bæjum sérstaklega á Guðlaugsstöðum. Þeir (Guðlaugsstaðamenn) létu ekki inn um kveldið en höfðu flest inni í hríðinni, en ennþá vantar 16 kindur, sem þeir telja víst að séu fentar. Í Holti lá og fé úti en flest eru þeir búnir að finna og sumt í fönn. Vegna þess að veðurhæðin er svo mikil er besta jörð. Heimturnar eru orðnar góðar hjá okkur. Enga fullorðna kind vantar en 3 lömb og átt þú eitt þeirra.“

Mér hefir verið undanfarið ilt í fæti (um hnéð á vinstra fætinum) og hefi nú seinustu dagana gengið hálf haltur. Í dag fór eg til Matth. lækni Einarssonar. Hélt hann helst að það væri liðagigt og sagði mér að leggjast í rúmið og lét mig hafa einhverja skamta til inntöku. Og nú ætla eg að fara að hátta ofan í rúm.

Á sunnudagskveldið var, var hér spilagildi hjá mér. Gestirnir voru: Jósefína Erlendsdóttir frá Beinakeldu, Margrét Kristófersdóttir frá Köldukinn og Pétur Jakobsson skólabróðir minn. Til þess að hressa okkur á höfðum við limonaði og brauð og „Hills“ síkarettur til þess að reykja. Áður en gleðinni var slitið bauð Pétur okkur heim til sín annan sunnudag hér frá.

1911

Litladal 25. júní (sunnud.)

Nú er langt síðan eg hefi nokkuð skrifað í dagbókina mína. Margt hefir drifið á dagana. Sumt hefi eg haft gaman af að rifja upp, en til þess er enginn tími núna. Eg geri það ef til vill seinna. Nú ætla eg einungis að drepa lauslega á helstu drættina.

Veturinn er liðinn. Eg er útskrifaður af Kennaraskólanum. Skólaárin eru liðin – horfin –, en minningin lifir þó. Eg gleymi þeim aldrei. Óefað eru skólaárin einna stærsti sólskinsbletturinn í lífi flestra manna. Eg má ekki skrifa fleira um þetta núna.

En nú tekur við alvara lífsins – barátta og starf. – Eg hefi verið að afla mér kennaramentunar, og nú verð eg að fara að taka til starfa.

Gaman væri að geta leitað sér frekari mentunar, farið utan. – Eg skal – ef eg

mögulega get. En áður verð eg að safna fé og „kröftum“. Eg var kominn á flugstig með að fara í vor, til Oxford. Ólafur Kjartansson skólabróðir minn fór þangað. Hann gekk frá kennaraprófinu í miðju kafi, þótti sér gert rangt til, en fékk enga leiðréttingu. Eg hefi fengið kort frá honum, skrifað daginn eftir, að hann kom til Oxford. Hann stundar nám í sumar við „Central Labese College“ þar í borginni. Ólafur kemur upp aftur í haust svo framarlega, sem hann fær unglingaskólann í Vík í Mýrdal, sem hann taldi allar líkur til.

Ólafur er ekki námsmaður nema í meðallagi en all-vel greindur og ágætis-piltur.

Eg var að hugsa um að fara með Ólafi utan. Eg var félaus að vísu, en Jón frændi minn í Stóradal hafði lofað mér láni. En svo bauðst mér góð voratvinna – próf-dómarastaða í Austur-Húnavatnssýslu. – Eg tók því, sá sem var að féleysi og aðrar ástæður mínar gerðu mér utanför nær því ómögulega, en í öðru lagi gæti eg haft gott af að kynnst fræðslumálunum.

Á föstudaginn fyrstan í sumri lagði eg af stað úr Reykjavík og norður. Fór með „Ingolf“ upp í Borgarnes og þaðan landveg og heim. Heima í 2 nætur og svo í prófin. Í þeim túr var eg í 28 daga. Í kaup hafði eg 4 kr. fyrir daginn. Eg nenni ekki að skrifa meira um prófin núna. Eg hefi setið í álitsskjölunum í frítímum mínum eftir að eg kom heim. Og eg er búinn að skrifa svo mikið um það efni að eg nenni ekki að skrifa um það núna.

Þegar pófunum var lokið var eg heima um nokkurn tíma, vann ofurlítið að jarðarþótum. Nú er eg búinn að vera í vegavinnu í hálfan mánuð og verð minsta kosti eina viku enn þá. Það er verið að leggja veg fyrir sunnan Vatnsvíkina vestri. Verkstjóri er Friðrik Halldórsson frá Miðhúsum.

2. júlí (sunnud.)

Síðastliðna viku var eg í vegavinnu eins og að undanförmu. Henni er ekki lokið enn. Aðallega er ekki annað eftir en mölburður, en það á all-löngum kafla. Dýr verður vegur þessi, enda var jarðvegurinn afleitur og hin mörgu ræsi hleypa mjög fram kostnaðinum. Til vegagerðar þessar lagði sýslusjóður alt að 300 kr. gegn jafnmiklu tillagi annars staðar frá. Þeirrar fjárhæðar var aflað með frjálsum samskotum sveitamanna annað hvort í vinnuloforðum eða í peningum. Með þessu móti fékst um 600 til vegarins. Nú þegar hefir stærri fjárhæð gengið til hans en samt verður að halda áfram, því ekki má skilja við veginn ómölborinn. Talsverður áhugi er hér að vakna á samgöngumálum sveitarinnar. Vegirnir eru afleitir og sveitin skjálótt og strjálbygð svo óneitanlega eiga menn erfitt afstöðu.

Tíðarfarið undanfarið hefir verið kalt. Ílt útlit er með grasspettu. Tún, sem fyrir 3 vikum litu vel út eru nú lítið betri.

Póstur kom að sunnan núna í vikunni. Eg fékk bréf frá nafna og Guðgeir. Nafni vann fyrst hjá Páli stýrimannaskólastjóra, svo fór hann í vegavinnu upp í Mosfellssveit. Hann tók þátt í Íslandsglímunni 16. júní og lagði þar að velli Hallgr. Benediktsson. Líkindi eru að vísu til að þar hafi slys ráðið úrslitum en annars er Bjarni ágætur glímumaður og er hann nú þegar búinn að fá talsverða viðurkenningu. Guðgeir segir meðal annars:

... „Kunningjarnir – þeir eru nú farnir að tína tölunni, 3 vikur eða meira síðan Helgi fór, en Sigurjón fór 1. maí austur í Vík í Mýrdal og er þar við verslun. Óla er kyr enn og eg veit ekki hvort hún fer nokkuð í sumar. En eg held hún sé búin að fá von um stöðu í vetur einhversstaðar fyrir vestan. Haraldur fór nokkru síðar en Helgi. Bjarni er við vegagerð upp í Mosfellssveit. Hann glímdi hér á Íþróttamóttinu, eins og fleiri góðir menn, en ofjarla átti hann þar. Hallgr. féll þó fyrir honum en það var víst slysi að þakka (eða kenna). Jói á Skarði hefir verið hér í Gr.st. í vor en fór nú með „Castor“. Hingað brugðu sér að gamni sínu Súddi og Jónas Tómi. Komu með „Botníu“ fóru með „Castor“. ... Jóna Sigurj. kom inn eftir fyrir helgina og fór líka með „Castor“ til Keflavíkur. ... Og nú er Sveinn kominn austur á Austfirði, eg man ekki hvern.

Jónas kennari hefir skrifað mér og lætur vel yfir ferðum sínum; sér hann nú hvað best framfarasmæðina hjá okkur heima, er hann reikar um ensku dýrðina, og svo fer hann í þá frönsku – til Parísar.” ...

Bréf hefi eg fengið frá all mörgum skólasystkinum mínum í vor enda hefi eg skrifað þó nokkrum.

Kafli úr bréfi til Bjarna Bjarnasonar:

... „Eg hlakka til að fá að taka til starfa að hausti. En við mikla örðugleika eiga barnakennararnir að stríða. Eg sá það best í vor. Já, nafni, við megum búast við miklum vonbrigðum. Örðugleikarnir mæta manni í öðru hvoru spori. En ekki dugir að láta hugfallast, þegar á hólminn er komið. Skaðinn gerir mann hygginn. Þar sem bresturinn kom í sverðið hefi eg það vænna næst. Svona hefir það altaf gengið. Reynslan er dýrkeypt, en hún er líka sannleikur. Mistök eins eru ef til vill undirstaðan að hamingju annars. „Fall er faraheill“, segir máltækið. Við megum því ekki láta hugfallast, þótt eitthvað gangi á móti í fyrstu, alt getur samt farið vel á endanum.“

8. júlí (laugard.)

Kl. 9. e.m.

Nú er skift um tíð. Í dag var ágætis veður. Sunnan átt og hiti. Túnum hefir farið talsvert fram síðustu dagana. Nær því hvergi farið að slá hér í sveit enn, en í Langadal, Þingi og Vatnsdal víðast hvar byrjað.

Eg kom heim úr vegavinnunni í kvöld. Henni er nú lokið þ.e.a.s. það verður ekki unnið meira í vor. Það er ekki lokið að fullu við mölbúrdinn enn.

16. júlí (sunnud.)

Sólskin og hiti vikuna, sem leið þangað til í gær. Þá þokuloft og gekk norður fyrir með kvöldinu með kulda. Í nótt hefir svo verið frost. Heitasti dagurinn var þriðjudagurinn með mestu hitum, sem eg man eftir.

Á þriðjudaginn 11. þ.m. byrjaði Óli br. að slá hér á túninu. Við hinir piltarnir vorum út á Blönduósi. Síðan á fimtudagsmorgun höfum við svo slegið þrír. Nú er búið að slá: Niðurtúnið, Þríhyrning, Hesthústunguna og mikið til Miðtúnið. Illa er túnið spröttið; – því er nú ver og miður. – Það hefir kalið í frostunum mjög víða.

Í dag fékk eg bréf frá Sveini. Hann er nú kominn austur að Brimnesi við Seyðisfjörð, þar sem hann var í fyrra. Þar verður hann í sumar við sjó og hefir 75-80 kr. um mánuðinn. Leiður segist hann vera orðinn á sjóslarkinu. Sveinn býst jafnvel við að geta komist að, sem kennari við barnaskólann á Seyðisfirði.

Pabbi hefir ekki verið heima þessa dagana. Hann hefir verið að halda hrossa-markað, taka á móti hrossum í K.H. og kaupa fyrir Söludeildina.

19. júlí (miðvd.)

Bundum í dag:

Af Niðurtúninu	18 hesta	
“ Miðtúninu	9 “	
“ Hesthústungunni	14½ “	
“ Þríhyrningi	13 “	alls 54½ h.

23. júlí (sunnud.)

Stíð er tíðin. Í nótt snjóaði. Norðan kalsa veður í allan gærdag. Á mánudaginn var (17. þ.m.) snjóaði og talsvert í fjöllin. Þann snjó tók ekki upp að fullu fyr en á fimtudag.

Nú er búið að slá alt túnið, nema Gerðið og dálftinn blett af Púfnavelli. 4 sæti í Miðtúninu, 1 á Norðurtúninu og 1 flekkur í föngum – hitt alt í flötum flekkjum og í ljá.

Í morgun fór pabbi út á Ós. Hann á von á kaupakonu núna að vestan með s/s Vestra. Í dag hafði eg hugsað mér að fara í grasaleiðangur fram á Blöndugil, en var að hætta við það sökum óveðursins.

30. júlí (sunnud.)

Að morgni.

Óþurkar vikuna sem leið. Fyrripartinn kuldi og bleituhríð við og við.

Lukum við að slá túnið á þriðjud. um hádegi (25. þ.m.). Höfum síðan slegið fyrir utan og ofan túnið. Við Óli rökuðum á föstud. og laugard.

Póstur kom á miðvd. (26. þ.m.) Eg fékk bréf frá Manga. Hann segir meðal annars: Eg fór til Vestmannaeyja 23. apr. með Ceres. ... vann að fiskaðgerð ... síðan var eg pakkhúismaður (hjá G.Ó.) og sá um fiskbreiðslu... Eg hafði í kaup 3,50 kr. á dag í 68 daga. ... Í vor losnaði kennarastaða við barnaskólann í Vestmannaeyjum, og sótti eg um hana til hlutaðeigandi skólanefndar og var mér veitt staðan með 450 kr. í árslaun; svo er mér lofað launahækkun eftir einn vetur ef eg reynist vel. Skólinn er settur 1. sept og endar 28. febr. ...

Að kvöldi.

Purkur í dag, – dagurinn var því notaður til þess að þurka, sættum 5 töðusæti og álíka mörg útheysæti.

31. júlí (mánud.)

Rigndi í nótt og þurklaust í dag.

2. ág. (miðvd.)

Í gær þurkur. Sættum upp á Úttúninu og nokkrar útheysrúkur, fönguðum á Útaukanum. Flasi liggur enn á öllum Púfnavelli og Gerðinu. Í nótt rigndi. Í dag þoka – rigndi dálítið.

Í dag fékk eg 3 póstbréf. Frá Magnúsi Helgasyni skólastjóra, frá Jónu og frá Ólafi Kjartans. Hann (ÓL. Kj.) var þá enn á C.L. College í Oxford. Bjóst svo við að fara með ágústbyrjun á námskeið við háskólann þar í borginni. Kemur svo heim með byrjun október.

6. ág. (sunnud.)

Breytir ekki til batnaðar með tíðina. Stöðugt þokur. Taðan farin að skemmast talsvert. Slógum síðustu dagana fram Hvammana og fram í Kot. Urðum að raka í gær. Bagalegt að hafa enga kaupakonu. Mamma núna í rúminu. Sifa hefir því orðið að vera inni.

Í dag skrifaði eg Guðgeir og Guðbjörgu.

9. ág. (miðvd.)

Súld og fýla fyrri partinn en sæmilegt veður seinni partinn. Skrifaði í dag: Árna Jónssyni bókara í Rvk. Sendi honum nú það er eftir stóð af skuld minni frá því í vetur. Sömuleiðis skrifaði eg skólanefndinni á Blönduósi – Umsókn um barnaskólann. Sendi bókapöntun til „The Educational Supply“ í London. Pantaði meðal annars Willeam James, Talks to Teachers.

10. ág. (fimmtud.)

Purkflæsa fyrri partinn. Rifjað einu sinni. Mest öll taðan fönguð upp.

12. ág. (laugard.)

Purkflæsa allan daginn. Sætt í syðri Hvömmunum – hitt fangað upp. Síðustu dagana slegið að austan verðu við ána.

Skrifaði Jónu í kvöld.

Bundið í dag:	
Af Niðurtúninu	3 hestar
“ Úttúninu	23 “
Samtals	26 hestar.

13. ág. (sunnud.)

Sama veður. Fór út á Ós. Afhenti formanni skólanefndarinnar umsókn mína um skólann. Björn Magnússon fyrirv. kennari á Bl.ósi hefir sótt, – aðrir ekki enn þá.

14. ág. (mánud.)

Purkur. Purkað og sætt í Hvömmunum og taðan mest öll. Þrír flekkir í fongum á Gerðinu. Þyrfti ekki að dreifa þeim, ef þurt héldist.

15. ág. (þriðjud.)

Sama veður. Bundið votaband – 70 hestar – utan og ofan fyrir tún. Meirihluti þess þurkaður og bundinn inn – 39 hestar –. Sætt tvö sæti niður í Hvömmum. Þessir 39 hestar látnir í Ærhústóttina.

Merkilegt. Úrfellin byrjuðu sama dag núna og í fyrra og enduðu einnig sama daginn.

16. ág. (miðvd.)

Alskýjað. Purklaust að mestu. Túnið al-hirt. Bundið nú:

Af Útaukanum	11 hestar	
“ Miðtúninu	14 “	
“ Þúfnavelli	31½ “	
“ Úttúninu	16 “	
“ Gerðinu	15 “	alls 87½

Af þessari töðu látnir 69 hestar við Fjóstóttina en hitt við Ærhúsin (12 hestar) og við Stórhúsið (5). Einnig bundnir 24 hestar útheys – 13 í Stórhústótt og 11 í Ærhústótt.

Skýrsla um töðuafla af Litladalstúninu 1911:

	Hestar tals
Af Niðurtúninu (frá dregst ca 300 □ faðm)	21
“ Miðtúninu	23
“ Hesthústungunni	14½
“ Þríhyrningi	13
“ Úttúninu	39
“ Útaukanum	11
“ Þúfnavelli	31½
“ Gerðinu	15
Samtals	168

Við fjósið voru látnir 151 hestar, 12 hestar í Ærhústótt og 5 hestar í Stórhústóttina.

Há er ekki talin með hér í skýrslunni.

Eins og skýrslan ber með sér er töðufallið með mesta móti núna. Besta hluta túnsins – Niðurtúnið – kól í kuldunum í vor. Grasspretta víðast hvar líka með versta móti núna. Nauðsynlegt væri að mæla hvern part af túninu sem fyrst. Þá væri hægt að gera samanburð á áburði og uppskeru í hlutfalli við stærð.

17. ág. (fimmtud.)

Poka. Bundið úr Hvömmunum 93 hestar í Ærhústóttina.

18. ág. (föstud.)

Poka og súld. Bundið votaband sunnan af Koti. Fékk bréf frá Helga Hallgríms-syni.

20. ág. (sunnud.)

Í gær fórum við fjögur systkinin vestur í Vatnsdal í kynnisleit til frændfólks okkar.

21. ág. (mánud.)

Norðanátt. Heiðskírt. Ágætisþurkur. Þurkað og bundnir inn 53 hestar – 12 í Ærhústóttina (það hey fullgert) og 41 í Stórhústótt.

22. ág. (þriðjud.)

Norðanátt. Alskýjað. Regnhriðjur við og við.

24. ág. (fimmtud.)

Purkur seinni partinn. Sættum nokkuð upp í börðunum að austan.

Í gær fóru þeir pabbi og Þorl. út á Ós – sóttu við. Fékk skrá (katalog) frá Brugsmuller & Kreusen á Þýskalandi. Í dag skifti hreppsnefndin fjallskilum.

26. ág. (laugard.)

Bundið 50 hestar útheys í Stórhústóttina – húsin upp og 4 hestar af há í Fjóstótt. Höfum slegið undanfarið að austan.

3. sept. (sunnud.)

Votviðri vikuna, sem leið. Stormar öðru hvoru. Slegið með fram ánni bæði að austan og vestan og há á morgnanna. Meirihlutinn uppsætt.

Fékk bréf í dag frá Sveini Halldórssyni. Hann býst ekki við að komast að skólanum á Seyðisfirði en hefir sótt um faskólann í Beruneshreppi og býst við að fá hann.

10. sept. (sunnud.)

Fyrri part síðast liðnu viku (4 daga) var eg út á Auðkúlu við slátt. Pabbi og prestur höfðu vinnuskifti. Prestur lánaði pabba kaupakonu í viku í sumar. Tíðarfarið hefir verið stirt. Rigningar og þokur.

Á mánud. voru bundnir inn 12 hestar af há (í syðri hesthústótt), 7 af Niðurtúninu og 5 af Miðtúninu. Slegið fram frá á mánud. Hina daga vikunnar hér heima. Bundið votaband á fimtud., föstud. og laugardaginn (aldrei heilan dag). 4 hestar af þurrabandi á föstud. (úr Bæjarhvamminum) í syðri hesthústóttina.

Á miðvd. var (6. þ.m.) fékk eg bréfspjald frá Guðgeir. Fréttir Kr. Ág. liggur á Vífilstaðarhælinu.

Þurkflæsa í dag. Þurkuðum talsvert á túninu, bæði útthey og há.

11. sept. (mánud.)

Kl. 12 á háð.

Mesta óveður í dag – norðan slagveður. Innistöðudagur algerlega.

Skrifaði í dag:

1. Kristínu Jónatansdóttur, Stóra-Kroppi.
2. Lumann, Berlin.
3. Chr. Hansen, Kmh.

12. sept. (þriðjud.)

Seinni partinn í gær tók að hríða og í allan dag hefir verið talsverð hríð. Hörmulegt er með heyin. En vonandi batnar nú svo bráðum að hægt verði að ná heyjum en naumast eru nokkrar líkur til þess, að hægt verði að halda áfram slætti.

Enga fregn hefi eg fengið frá skólanefndinni á Blönduósi, viðvirkjandi umsókn minni um barnaskólann. Hún hlýtur þó nú vera búin að halda fund. – Hefir haldið hann í byrjun þessa mánaðar, eftir að sýslumaður kom heim (að sunnan). Slæmt að geta ekki fengið að vita úrslitin, sem fyrst. Einn nefndarmaðurinn (Gísli sýslum.) lagði að mér að sækja, en ókunnugt er mér, að mestu, um afstöðu hinna nefndarmannanna. Hálf hræddur um að form. skólanefndarinnar (P. Sæmundsen) hafi þótt eg nokkuð harður í kröfum í álits-skjalinu um prófin í vor.

Annars er það ekki að komast í neinn „lukkupott“ þó eg komist að á Blönduósi. Börnin nokkuð mörg fyrir einn kennara og kaupíð hálf lágt. En annað er þó verri. Á Blönduósi er mjög fátt um dugandi menn, mönnum sem hafa verulegan áhuga á fræðslu og mentun unglinganna. En það er svo afar mikið komið undir samverkamönnum. Það þarf að vera nánin samvinna á milli kennaranna og heimilanna. Takmark kenslunnar er ekki einungis að veita börnunum einhvern vissan forða af þekkingu, heldur alhliða og samræmisfull þroskun sálargáfnanna og líkamans. Það er verið að búa barnið undir baráttu lífsins. En það er vandaverk. Foreldrar og kennarar barnanna þurfa því að leggjast á eitt. Það er sorglegt hversu yfirleitt er lítið hugsað um, á landi voru, hinn yndislega akur barnssálarinnar. Hvað veldur? Þekkingarskortur.

13. sept. (miðvd.)

Nú er þó birt upp hríðin. Talsverður snjór. Bygðum upp fjárdilka Sveins. Slæðingar við Auðkúlurétt. Mjög lítið hefir tekið upp í dag, enda fór mjög snemma að frjósa.

14. sept. (fimmtud.)

Kl. 12 á háð.

Nú er komið þýðindi. Snjórinn sjatnar óðum. Slæmt að geta nú ekkert átt við heyið; það tekur ekki svo upp í dag að það verði hægt á morgun.

Skrifaði P. Sæmundsen á Blönduósi með Kr. Einarssyni söðlasmið. Bað P.S. að láta mig vita um fundarútslit skólanefndarinnar, viðvirkjandi ráðningu skólakennarans.

15. sept. (föstud.)

Ágætisþurkur í allan dag. En hvass til tafa. Dreifðum heyrinu heima á túninu í morgun og sættum alt upp. Snjór alveg horfinn hér. Nokkuð enn eftir um Sólheima. Þar var hann mestur.

Óli bróðir fór í göngurnar í morgun.

16. sept. (laugard.)

Kl. 1 f.m.

Östöðug er tíðin. Skömmu eftir miðnætti í nótt klæddum við pabbi okkur og settum reipi á sætin. Þá var all-hvast og var sætin farið að rífa nokkuð. Undir morgun fór að rigna en vindurinn hélst þó. Nú er vestan óveður.

Kl. 9. e.m.

Um dagmál hætti að rigna og lygnði nokkuð. Við fórum þá að binda votaband sunnan að. Bundum nokkuð af sætunum. Ekki þurt annað í þeim en tuggur og tuggur. 13 sæti eftir, þau bestu.

Þegar á daginn leið herti veðrið, og þegar við fórum seinustu ferðina var orðið svo hvast að það fauk af einum hestinum. Sum sætin heima voru þá komin í beðjur og byrjað var að tæta af heyjunum. Settum þá vírsig á þau. Veður þetta með mestu veðrum. Hlýtur að gera talsvert tjón. Mjög hætt við að sætin okkar fram frá fari í ána.

17. sept. (sunnud.)

Kl. 9. f.m.

Hvast enn þá, en þó miklu lygnari en í gærkveldi og í nótt. Gátum ekki sofið fyrir rokinu í nótt.

Alt hér heima, að mestu, með sömu ummerkjum og í gærkveldi, er við fórum að sofa. –

Kl. 9. e.m.

Gerði besta veður seinni partinn. Bundum þá 33 hesta af útheyi og 13 hesta af há í syðri hesthústóttina. Hún borin upp. – Skrifaði Mgn. Kristjánssyni.

18. sept. (mánud.)

Bundið 89 hestar í Réttarhústóttina. Þar af 33 framan að. Sætin talsvert fokin, líklegt að tapast hafi alt að 10 hestar; hirt af túninu. Útheyið heima á túninu var alt orðið þurt en hafðist ekki alt upp – gerði rigningu um kl. 4.

Fékk í kvöld bréf frá Sæmundsen á Blönduósi. Biður hann mig að koma út eftir til viðtals við skólanefndina viðvíkjandi umsókn minni og fyrirkomulagi skólans á komanda vetri.

19. sept. (þriðjud.)

Fór út á Blönduós í dag til viðtals við skólanefndina. Sat á fundi hjá þeim. Umræðuefni: ráðning skólakennarans. Einungis tvær umsóknir lágu fyrir, frá mér önnur og hin frá Birni Magnússyni fyrv. kennara við barnaskólann þar. Eftir afar litlar umræður var eg ráðinn kennari. Gerðum skriflegan samning. Kaup 18 krónur um kensluviku hverja. Þarf að kenna 7 stundir á degi hverjum. Laus við söng-

kenslu. Fæ fæðispeninga í leifunum. Missi ekki launin þótt veikindi komi upp í skólanum og kensla verði að hætta þess vegna. En veikist eg svo eg geti ekki haldið uppi kenslu (svo nokkru nemi) missi eg kaup fyrir þann tíma, sem úr fellur.

Skólinn byrjar 1. nóv.

Fékk í dag bókaböggul frá „Kunstforlaget Danmark“.

20. sept. (miðvd.)

Fyrri-réttir.

Kulda veður. Réttarstörfin ganga fremur seint.

Skrifaði Péttri Jakobssyni skólabr. mínum, (nú í Viðey) með Sveinbirni Jakobssyni. Sveinbjörn leggur á stað suður á morgun. Hann verður í vetur, eins og að undanförmu, á skrifstofu Sláturhúss Sunnlendinga í Reykjavík. Sveinbj. er ný búinn að kaupa hálfa Hnausa. Verð 5250 kr. hálf.

22. sept. (föstud.)

Kuldi. Bundum af túninu 20 hesta í Réttarhústótt.

23. sept. (laugard.)

Bundum 13 hesta í Réttarhústóttina og 6 hesta í Hesthústótt ytri. Eftir um 1 hestur í rökum hér heima.

Gunna Esp. er ráðin kennari vestur á Hnífsdal. Undirskennari hjá Páli Stefánsyni. Kaup: kr. 14 um kensluvikuna.

24. sept. (sunnud.)

Á hádegi.

Rigning. Pabbi fór út á Ós í morgun. Fór með fjárrekstur til Kaupfélagsins.

Var núna að enda við bréf til Sveins Halldórssonar. Hér er kafla úr því:

„Í vor, þegar eg var í prófunum vakti eg máls á því við kennarana að stofna Kennarafélag hér í sýslunni. Flestir þeirra tóku vel í það. Ekkert hefir þó komist í framkvæmd enn. Það mál þarf góðan undirbúning. En mér virðist nauðsynin mikil. Kennaramir eru að verða sérstök stétt í landinu. Þeir eiga mörg sameiginleg áhugamál. En samvinnu vantar. Nægilegt starfsefni er og til fyrir þess konar félög. Má nefna m.a. fyrirlestrarfræðslu í sveitunum. Óneitanlega finst mér það starf standa kennurum og kennarafélögum einna næst ...“.

Seinna.

Fékk bréf frá Jónu og bréfspjald frá The Educational Supply í London. Jóna biður mig að reyna að útvega sér atvinnu hér nyrðra. Bréfið er skrifað 28. þ.m.

– hefir legið talsvert á leiðinni. Verst að fékk ekki að vita þetta fyr, – hefði áreiðanlega getað komið henni að, við farskólann í Torfalækjarhreppi, ef til orðið um seinan nú. Skrifaði þó samstundis Þórarni á Hjaltabakka viðvíkjandi þessu. Hann er formaður fræðslunefndarinnar.

Jóna segir m.a. þessar fréttir af kunningjunum:

„Guðbjörg bjóst við að verða farskólak. norður á Langanesi – síðast þegar hún skrifaði mér. Þorl. og Helgi Sal. höfðu verið að bítast á um Bolungavík.“

Skýrsla um heyaflann í Litladal sumarið 1911:

	Taða hestar tals	Úthey hestar tals.	Hey alls hestar tals.
Í fjóstótt	155		155
Í Ærhústótt	12	165	177
Í Réttarhústótt	122		122
Í Stórhústótt	5	104	109
Í Syðri-hesthústótt	25	37	62
Í Ytri “	6	6	
	197	434	631

28. sept. (fimmtud.)

Seinni réttir í dag. Pabbi búinn að heimta sæmilega.

Farskóli verður í Bólstaðarhlíðarhreppi í vetur. Kennari Tryggvi Jónasson í Finnstungu.

Jóna getur fengið farskólann í Torfalækjarhreppi. Fær ekki borgaðan ferðakostnað. Sendi henni símskeyti svohljóðandi:

„Getur fengið Torfalækjarhreppsarskólann. Kaup 144 krónur. Ferðakostnaður ekki borgaður. Svar óskast samstundis til hlutaðeigandi fræðslunefndar.“

30. sept. (laugard.)

Undanfarna daga hefir verið talsvert frost en kyrt veður. Nú er búið að gera í kringum öll heyin og flytja um helming af eldiviðnum.

1. okt. (sunnud.)

Sunnan átt og þeyr. Smalað og á morgun verður rekið út eftir. Pabbi lætur þó ekkert núna.

Skrifaði „Nordisk Forlag“ í Kmh.

2. okt. (mánud.)

Fölvaði í nótt. Þó besta veður í dag.

Skrifaði Jónu Sigurjónsdóttur viðvíkjandi farskólanum í Torfalækjarhreppi. Sömu leiðis skrifaði eg Sæmundsen á Blönduósi viðvíkjandi námsbókum handa barnaskólanum o.fl.

3. okt. (þriðjud.)

Sunnanvindur og þeyr 6-7 stiga hiti.

Ristum ofan af þúfnarindanum út og niður. Í morgun fór Þorlákur út á Ós, til að sækja slátur o.fl.

4. okt. (miðvd.)

Sama veður. 8 stiga hiti. Lokið við að rista ofan af út og niður og megnið af því stungið upp.

5. okt. (fimmtud.)

Sama veður. Hiti: 10 stig. Lokið við að stinga upp flagið. Rist torf. Sýðraheshúsið þakið o.fl.

6. okt. (föstud.)

Vestanátt. Þéttings vindur. Hiti 5 stig. – Fluttur eldiviður.

7. okt. (laugard.)

Frysti í nótt. – Smalað.

11. okt. (miðvd.)

Stöðug hláka. Fór út á Ós á mánudaginn var (9. þ.m.) með fjárrekstur til Sláturfél. Au-Hú. og Magn. kaupms.

12. okt. (fimmtud.)

Frysti í nótt. Logn. Líkindi til að þiðni upp aftur. Rifið ofan af ytra Réttarhúsinu og gerðum það upp aftur.

13. okt. (föstud.)

Hláka. Þéttingssunnanvindur fyrri partinn. Logn seinni partinn. Þakið Réttarhúsið ytra.

14. okt. (laugard.)

Sama veður. – Við Óli byrjuðum að grafa skurð suður og niður á hvammbörmum og upp mýrina. Hann á að liggja upp í skurðendann fyrir sunnan túnið.

Úr skurðendanum fyrir sunnan túnið og niður í á eru rúmir 200 faðm. Þetta er nú byrjunin. En erfitt verk er að girða allt túnið (og mýrina). Girðingin yrði löng. Nauðsynlegt vegna vatnsins að hafa skurði; öll skurðabrotin, sem fyrir eru lítil og ónýtt.

Túngirðingar nú komnar á á 7 bæjum: Svínavatni, Sólheimum, Ytri-Löngumýri, Guðlaugsstöðum, Stóradal, Auðkúlu og Rútsstöðum. Svo er og Sigurjón á Tindum nær því búinn að koma á girðingu hjá sér.

Sigurjón er efnilegur bóndi. Nýbyrjaður búskap og er þegar búinn að gera jörðina talsvert til góða.

15. okt. (sunnud.)

Suðvestan. Stormur. Regnhriðjur við og við.

Eyþór í Stóradal fór út á Ós í morgun. Ætlaði að sækja læk'nirinn, en hann fékkst ekki. Jón á Undirfelli liggur út á Ós. Læknir mátti ekki fara frá honum. Ófrétt hvað að Jóni gengur. – Að Stóradal átti að sækja læk'nirinn til Halldóru gömlu.

16. okt. (mánud.)

Sama veður, nema lygnara en í gær.

Við Óli héldum áfram með skurðinn.

Pabbi reif ofan af vesturhlið Miðbaðstofunnar á tveimur stafgólum. Stoðir, vegglaegur o.fl. fúíð og ónýtt. Setti hana upp aftur. Gluggarnir stækkaðir að mun. – Sveinn í Seli var hér við baðstofuna.

Um þetta leyti standa yfir þingmálafundir hér í sýslu. Í dag á Æsustöðum og á morgun á Blönduósi. Fáir hygg eg að fari hér úr sveitinni á fundinn á Blönduósi á morgun –, veit ekki af öðrum en Jóni í Stóradal. Fundir þessir eru einungis boðaðir af hálfu þingmannaefna heimastjórnarmanna (Þórarni og Tryggva). Óvíst er meira að segja hvort sra. Hálfðan getur verið á fundunum hér í austursýslunni. Hann hefir verið suður í Reykjavík. Mjög lítið eru hér rædd þingmál. Ef kosningabaráttan er nokkur þá er hún einungis í kyrþei. Hverjir sigur beri úr býtum við kosningarnar getur verið vafamál.

17. okt. (þriðjud.)

Logn. Þoka hið efra. Rigning.

Við Óli unnum áfram í skurðinum.

Ekki fór Jón í Stóradal út eftir á fundinn.

18. okt. (miðvd.)

Sunnanátt og hiti eins og að undanfögnu.

Smalað fyrir hreppaskilin, sem eiga að vera á morgun.

19. okt. (fimmtud.)

Hreppaskilin í dag. –

Fékk bréf frá:

1. Magnúsi Kristjánssyni og

2. Ólafi Kjartanssyni.

Mangi skrifar:

„Barnaskólinn hér (þ.e. í Vestmannaeyjum) var settur 1. sept. ... Í skólanum eru 105 í 5 bekkjum. Eg kenni í þremur efri bekkjunum og biblíusögur í II. bekk; í tveimur fyrstu bekkjunum er seinnihluta dags, en hinum fyrrihluta, og kenni eg 3 klst. á viku fyrir skólastjóra (bibls.) í eftirskólanum. Í 5. bekk kenni reikning og sögu, í 4. bekk reikn. náttúrufr. og réttitun, í 3. bekk kenni eg reikn. og náttúrufr., og svo á eg að kenna leikf. í öllum bekkjunum (þ.e. í þremur efri b.) – yngri börnunum ekki kend leikf. Nú er eg byrjaður að kenna nokkrum börnum að stafa og fæ aukakaup fyrir það. ... fellur starfið vel. Kennarar skólans bestu menn, og skilja vel starf sitt.“

Bréf Ólafs er skrifað í Rvík. Hann er þá nýkominn frá Englandi. Lætur ágætlega yfir dvölinni þar syðra og árangrinum. Fer bráðlega austur (í Vík í Mýrdal). Segist skrifa mér þá langt og mikið bréf.

Ísafold skýrir frá andláti skólasystur minnar Kristínar Ágústínusardóttur – lá í sumar á Vífilstöðum. Skaði að fráfalli Kristínar. Hún var hin efnilegasta stúlka.

20. okt. (föstud.)

Þoka. Norðankæla. Við Óli í skurðinum en Þorlákur var við vallaráburð.

Í gær byrjuðum við Óli að bera á.

21. okt. (laugard.)

Frysti í nótt – talsvert frost. Borið á. Nú búið að bera á Niðurtúnið, Úttúnið og Þríhyrning.

22. okt. (sunnud.)

Talsvert frost og kyrt veður.

23. okt. (mánud.)

Frosthart. Logn. –

Smalað. Hálsarnir og fjallið var smalað í gær og 3 menn eru nú í eftirleit fram á heiðina.

Óli fór í morgun vestur í Vatnsdal á Áshreppaskil, – og Þorlákur fór út á Ós í lestaferð.

24. okt. (þriðjud.)

Sama veður.

25. okt. (miðvd.)

Mikið frost. Þorlákur kom um hádegðið úr kaupstaðarferðinni, og Óli kom á milli nóns og miðaftans að vestan af hreppaskilum Vatnsdæla. Við fengum 4 kindur (2 ær og 2 lömb). Nú vantar ekki annað en 6 lömb.

Nú stendur yfir niðurjöfnunarfundur hjá hreppsnefndinni hérna.

26. okt. (fimmtud.)

Sama veður. Fölvaði aðeins í kvöld.

27. okt. (föstud.)

Sama veður. Í dag keypti eg nokkrar bækur. Orðabækur Geirs Zoëga (enska). Ný útgáfa af þeirri ensk-ísl. all-aukin. Svo fékk eg og enskukenslubækur Ottó Jespersens (Begynderbog og Lorebog for mellemskolen). Það eru góðar bækur fyrir byrjendur. Eg hefi ofurlítið verið að eiga við Macaulay undanfarið, en hann er erfiður. Mig vantar tilfinnanlega æfingu í daglegu máli, betra fyrir mig því að lesa léttar bækur fyrst meðan eg er að fá æfinguna.

Sömuleiðis keypti eg „Minningar fedra vorra“ eftir Sig. Þórólfsson. Sú bók hefir fengið misjafnan dóm. Eg hefi kynst henni ofurlítið áður. Hún hefir áreiðanlega mikla galla, en óneitanlega er þar all-mikill fróðleikur samankominn.

28. okt. (laugard.)

Vetrardagurinn fyrsti. – Kjörfundur. Og í dag hefir Kennaraskólinn verið settur.

Blönduósi 3. nóv. (föstud.)

Nú er eg hingað kominn, þótt enn sé eg ekkert tekinn til starfa. Skólahúsið var ekki fullgert þegar kensla átti að byrja þann 1. þ.m. Á morgun verður börnunum sett fyrir og kensla byrjar svo eftir helgina – á mánudaginn. – Barnaskólinn er nú efri hluti af húsinu „Tilraun“. Þar eru tvær kenslustofur. Önnur þeirra verður einungis notuð til kenslunnar, en hina hefi eg til íbúðar. Borga eftir hana kr. 2,00 um mánuðinn.

Húsgögn gekk mér illa að fá, en tókst þó nokkuð á endanum. Fékk að láni af dánarbúi Arínu Sveinsdóttur: borð, stóla og legubekk.

4. nóv. (laugard.)

Setti börnunum fyrir til mánud. Skifti þeim í þrjá flokka.

Útlán úr Bókasafni Austur-Hn. 4. nív.
Ingibjörg Bened., kensluk. Blönduósi, 2 bindi
Ingibjörg Sigurðard., kensluk. Blönduósi, 2 bindi
Anna R. Þorvaldsd, forstk. Blönduósi, 2 bindi
Sigurlaug Björnsd. Kornsó, 2 bindi.

Nú er nýlega skift um tíð. Vindur og bleyta – jeljagangur. –

8. nív. (miðv.d.)

Kenslan byrjaði á mánud. (6. þ.m.) Held að mér falli vel að kenna. Börnin eru ekki nema 16. Tvö féllu við prófið en koma líklega seinna. Tvö önnur ætluðu og á skólann, en veikindi hamla.

Hefi verið að skrifa á póstinn dagana þessa. Þessum hefi eg skrifað:

Ólafi Kjartanssýni, kennara í Vík

Ásgrími Magnússýni, kennara í Reykjavík

Magnúsi Kristjánssýni, kennara í Vestmannaeyjum

Bjarna Bjarnasýni á Kennarask.

Guðgeiri Jóhannssýni “

Helga Hallgrímssýni “ og

Péttri Jakobssýni “

Verð bókavörður við sýslubókasafnið í vetur. Samningar um kaup ógerður enn.

9. nív. (fimmt.)

Fékk bréf frá Björgu á Húnsstöðum. Því svarað samstundis.

Póstur kom í dag að norðan. Eg fékk frá Guðbjörgu Hjartardóttur og mynd með. En hvað mér þótti vænt um að fá mynd af blessaðri „Hjartadrotningunni“, og svo er myndin svo yndæl. Guðbjörg skrifar:

„... Í vetur verð eg farkennari á Langanesi. Verður þar kent á 3-4 bæjum. Eg á að byrja nú um veturnæturnar í Þórshöfn; þar verður kent í 3 eða 4 mánuði. ... Svafa á Skinnastöðum ... heldur unglingaskóla í 3 mánuði og barnaskóla í aðra 3, þar í firðinum ... Sigríður Einars ... hefir verið með hæsi í sumar, bjóst ef til vill við að fara suður til lækninga. Kvaðst því ekki leita sér atvinnu ...“.

10. nív. (föstud.)

Í dag lét eg krakkana gera „kort“ af Íslandi í landafræðistímanum. Það tókst ágætlega. Þau höfðu gaman af því.

Væðrið að batna. Í dag hláka.

11. nóv. (laugard.)

Útlánsdagar fyrir bókasafnið ákveðnir á laugardögum og sunnudögum kl. 6.-7. e.m.

Í kvöld hafði eg fund með krökkunum. Stofnaði málæfingafél. Gekk hálf tregt að fá þau til að tala, þó hafði eg að lokum um helming þeirra til þess að standa upp. Geri mér von um að þetta geti orðið þeim til góða.

13. nóv. (mánud.)

Skrifaði pabba í dag. Veður ágætt, nokkuð frost en kyrt veður.

14. nóv. (þriðjud.)

Póstur kom að sunnan í dag. Eg fékk 2 bréf, frá Jónu annað, en hitt frá „Versandhaus“ M. Liemann, Berlin. Fréttir segir hún mér ýmsar. Jóna verður í vetur bæði verslunarstjóri og póstafgreiðslumaður fyrir Ólaf fósturbróður sinn í Keflavík, sem fer utan.

Ingvar Gunnarsson verður kennari í Víðidalnum. Helgi Sal. orðinn tímakennari við barnaskólann í Reykjavík.

Ólafur Sveinsson er kominn til Englands (Edinborgar). Hann fær þar einhverja atvinnu, en aðal tilgangur hans með utanförinni er að læra ensku til fullnustu.

Óla Sigurjónsd. er heimiliskennari í Holti í Önundarfirði. Magga kennir á Miðnesinu. Árni Árnason atvinnulaus. –

Jóna segist vera dálítið byrjuð á enskulestri aftur. Gæti eg nú bara lesið ensku með henni núna eins og í fyrra vetur. Eg las þá ensku með henni og Guðbjörgu.

19. nóv. (sunnud.)

Frostmikið í dag.

Fundur í skautafélaginu hérna. Eg gekk í félagið. Kann að vísu ekkert enn þá á skautum en þarf að læra það. Ný stjórn kosin og framkvæmdarnefnd. Eg var kosinn í framkvæmdarnefndina.

21. nóv. (þriðjud.)

„Ceres“ kom í gær. Eg fékk bréf og sendingu frá Ásgrími Magnússyni kennara. – Frá útlöndum fékk eg verðlista frá verksmiðjunni „Sport“ í Kmh. og pöntun frá Bürgsmüller i Kreiensen, og að síðustu bókaböggul frá „Kunstforlaget Danmark“.

26. nóv. (sunnud.)

Kl. 12 á háð.

Yndælis tíð undanfarið – stöðugt hláka.

Pabbi kom hér í fyrradag og var hér um kyrt í gær. Hann fer heim í dag.

Í gærkveldi var skautafélags„ball“.

2. des. (laugard.)

Í gær fékk eg bréf frá Kristjáni Sigurðssyni kennara. Eg skrifaði honum aftur í dag. Set hér kafla úr bréfinu:

„... Eins og eg gat um við þig í vor, er mér mikið áhugamál að kennarar hér í sýslu mynduðu með sér lögbundinn félagsskap – Kennarafélag. – Eg færði þetta í tal við alla kennarana sem eg var við próf hjá í vor, er var. Tóku þeir mikið fremur vel í það, en fæstir virtust þó hafa verulegan áhuga á málinu. Nú eru sumstaðar komnir nýir kennarar í stað hinna gömlu.

Að Kennarafélag geti gert mikið gagn, er ekki vafamál. Kennararnir eru að mynda nýja stétt í landinu. Já, sérstök stétt þurfa þeir að verða, því eg get ekki búist við eins mikilli festu og jafngóðum árangri af kenslunni, ef kennarasætin skipa að mestu leyti óreyndir og lítt þroska unglingar, sem hlaupa svo frá þessu starfi, ef eitthvað annað býðst, sem gefur meira í aðra hönd. Hér er launamálin vondur Þrándur í götu. En sannfæring mín er að þjóðin megi til að launa alþýðukennurum sínum svo, að hæfir menn, sem finna hjá sér köllun geti gert kennarastarfið að lífsstarfi sínu.

Kennararnir þurfa því að mynda félag með sér, eins og aðrar stéttir þjóðfélagsins. Við eigum ótal mörg sameiginleg áhugamál, sem við þurfum að ræða og athuga í sameiningu og fylgja svo fram til sigurs.

Kennararnir í Austur-Hvs. ættu að mynda fél. með sér, – verra að hafa félagssvæðið mjög stórt, þá erfitt er að sækja fundi.

Eg trúi ekki öðru en við gætum haldið uppi félagi. En fyrst eru vandræðin þau, að ná saman stofnfundi. Til þess er ekki hugsandi fyr en að vori. Málið enda ekki nægilega undirbúið. Eg hefi hugsað mér að skrifa öllum kennurum hér í sýslu um þetta í vetur.

Þú stingur upp á í bréfi þínu að stofnað yrði til kennaramóts fyrir Hvs. og Skfjs. Mér hafði dottið í hug að stofnað yrði til kennaramóts fyrir þetta svæði í líkingu við gagnfræðingamótið í vor er var. Eg get naumast búist við, að hægt yrði að koma á verulegum fjölsóttum umræðufundi fyrir svona stórt svæði. En svona lagað kennaramót gæti þó stuðlað að frekari persónulegri viðkyrningu á meðal kennaranna. Og mjög líklegt finst mér að þetta gæti orðið fyrsta stigið til lögbundins félagsskapar ...“.

Nú er eg búinn að fá útborguð mánaðarlaun mín. Meirihluti þeirra er þegar farinn upp í skuldir. –

Fremur vel líkar mér starfið. En mikið hefi eg að gera. Með aukatímum hefi eg alls 50 tíma á viku. Upp úr hverri viku hefi eg 20 kr. Um mánuðinn eyði eg um 38 kr.

3. des. (sunnud.)

Jón Árnason kennari Laugdæla heimsótti mig í dag. Hann hefir talsverðan áhuga á fræðslumálum og verður hann eindreginn með stofnun kennarafélags. Í

gær hitti eg Magnús Magnússon kennara Svínvetninga. Bar kennarafélagsmálið lítilllega í tal við hann. Tók hann því vel, en áhugi virtist þó enginn fyrir.

Tíðin hefir verið alveg yndæl, þangað til í dag, – suðvestan slagveður.

4. des. 1911 (mánud.)

Í dag skrifaði eg Jónu Sigurjónsd.

5. des. (þriðjud.)

Skrifaði Jóni Þórarinssyni, viðvíkjandi stofnun kennarafélags hér í sýslu, barna-
prófunum að vori o.fl. –

10. des. (sunnud.)

Undanfarna daga hefi eg verið að hamast í að skrifa á póstinn: Bréf skrifaði eg, auk þess sem eg hefi áður tekið fram, Ágrími Magnússyni, kennara Rvk., Bjarna Bjarnasyni og Ingvari Gunnarssyni. Sendi einnig talsvert af kortum. Í kvöld skrifaði eg Sigurjóni Jóhannssyni, kennara í Vindhælishrepp viðvíkjandi stofnun kennarafélags.

Síðast liðna viku hafði eg mjög mikið að gera. Í dönsku bættist við Stefán Þorkelsson. Hafði eg sérstaka tíma með honum fyrst, á hverjum degi, en nú er hann búinn að ná Hermannni og verður framvegis með honum.

Yndælistíð altaf. Snjó gerði nokkurn í vikunni, sem leið, en hann er nú óðum á förum, enda er stöðugt hláka.

12. des. (þriðjud.)

Í dag skrifaði eg Guðbjörgu Kjartansdóttur. Ég set hér kafla úr bréfinu. „... Litlar líkur tel eg til þess að barnaskólinn hérna fái 2 kennara í bráð, nema með því móti, að settur yrði á stofn unglingaskóli í sambandi við hann. Unglingaskólunum er altaf blessunarlega að fjölga. Við alla barnaskóla í kaupstöðum þyrftu að vera unglingadeildir. Í kaupstöðunum er margt af unglingum, sem ekkert hefir að gera um veturinn, en vanta tækifæri til þess að menta sig. Svo er og eitt. Fæstir barnaskólar veita næga undirbúningsmentun undir gagnfræðaskólana. Það vantar enn einn hlekkinn – unglingaskólana í mentamálakefi okkar. ... Farkenslufyrirkomulagið legst smátt og smátt niður; gallar þess eru svo ótal margir. Fastir skólar rísa smám saman upp í sveitunum. Skólunum verða lagðar til jarðir t.d. sum staðar aflögðu prestssetrin. Þá höfum við fengið í stað vesalings farkennaranna, sem hrekjast verða bæ frá bæ, kennara við fastaskóla, sem um leið eru bændur ...“.

13. des. (miðvd.)

Skrifaði þabba nokkrar línur í kvöld, sem eg sendi með Stefáni Þorkelssyni á morgun. Hann fer þá fram að Litladal, til þess að sækja þangað trippi, er verið hefir þar í gæslu. Lét þabba vita hvenær eg myndi koma heim.

15. des. (föstud.)

Póstur kom að sunnan í dag. Eg fékk bréf frá:

Bjarna Bjarnasyni

Guðgeiri Jóhannssyni,

Jónasi Jónssyni frá Hriflu, kennara,

Péttri Jakobssyni og

Kristínu Jónatansdóttur.

Fátt verulegt er mér skrifað af fréttum. Skólalífið á Kennaraskólanum með líku sniði nú og í fyrra, nema nú er ungmennafélagið úr sögunni. Margt nýtt fólk hefir bæst við, nemandatalan lík og í fyrra. Í öðrum bekk þó nokkuð af nýjum nemendum – gagnfræðingum af Akureyri og öðrum fleirum, er fengið hafa talsvert mikla mentun áður. –

Breytingar hafa talsverðar orðið á kenslufyrirkomulagi við æfingakensluna, en ekki er mér skrifað í hverju þær séu fólgnar. Jónas segir mér og, að hann, í utanför sinni í sumar, hafi kynst nýjum aðferðum, og segist hann rita um þær í Skólablaðið eftir nýárið. Jónas hvetur mig til að halda áfram með enskuna. –

Kristín Jónatansdóttir er kennari í Andakýlshreppi í vetur. Hún segir mér að Guðbjörg muni vera atvinnulaus. Hafi ekki komist að í sveit sinni, en ekki reynt fyrir sér víðar. –

22. des. (föstud.)

Skrifaði í dag Tryggva kennara Jónassyni í Finnstungu viðvíkjandi stofnun kennarafélags. Jólaleyfið hófst í kvöld. Eg fer heim á morgun og verð heima fram yfir nýárið.

1912

2. janúar (þriðjud.)

Í dag kom eg að heiman, hefi dvalið heima í jólaleyfinu. Á morgun byrjar skólinn aftur, hefi þá próf til þess að rifja upp og til þess að gefa mér bendingu um þekkingu barnanna.

6. jan. (laugard.)

Póstur kom í dag að norðan. Eg fékk bréfspjald frá Bjarna frænda. Hann er nú í öðrum bekk Gagnfræðaskólans á Akureyri. Sömuleiðis fékk eg Swanlive Walter Scott frá Jónasi frá Hriflu. – Gjöf.

Undanfarna daga hef eg verið að skrifa á póstinn. Skrifaði: Jónasi frá Hriflu, Bjarna Bjarnasyni, Péttri Jakobssyni, Afgreiðslu Skinfaxa, Kristínu Jónatansdóttur (bréfsþjald) og Guðrúnu Espólín.

11. jan. (fimmtud.)

Póstur kom að sunnan í dag. Eg fékk bréf frá:

Jóni Þórarinssyni,

Sveini Halldórssyni,

Aðalheiði Albertsdóttur og

Ingvari Gunnarssyni.

Kveðju fékk eg frá:

Lillu,

Árna Jónssyni og

Sveinbirni Jakobssyni.

Jón Þórarinsson sendi mér fyrirmynd að lögum fyrir kennarafélög. Hann biður mig að gerast úsölumann Skólablaðsins hér á Blönduósi.

Sveinn Halldórsson er kennari á Berufjarðarströnd – farkennari. Líkar starfið all-vél.

Aðalheiður Albertsdóttir er nú í þriðja bekk Kennaraskólans. Bréfið er skrifað í Viðey. Hún dvaldi þar í jólaaleyfinu, – var þar í sumar og líkaði ágætlega. Engar verulegar fréttir úr skólanum. –

Ingvar skrifar bréf sitt að Lækjamóti. Hann er farkennari í Víðidalnum. Eg skrifaði honum fyrir jólin og bauð honum þá heim, en hann, fékk bréfið of seint – það hafði legið. –

Með norðanpóstinum sendi eg Sveini kveðju.

30. jan.

Norðanpóstur kom í dag. Eg fékk bréf frá Bjarna frænda frá Undirfelli. Fréttir engar sérstakar. Skrifaði núna með póstinum suður Aðalheiði Albertsdóttur, Sveini Halldórssyni, Ingvari Gunnarssyni og Sveinbirni Jakobssyni.

4. febr. (sunnud.)

Í gærkveldi hélt Kvenréttindafélagið skemtisamkomu. Þar var sungið, ræður fluttar, sögur og kvæði lesið upp og svo dansað ósköpin öll. Uppboð heilmikið var þar á böglum. –

Undanfarna daga hefir verið mjög frosthart. Og þá hefir nú verið kalt hér í skólanum. Kvöldin hafa alveg verið voðaleg, eg hefi oft og tíðum ekki haldist í húsum inni.

Póstur kom í dag að sunnan. Eg fékk bréf frá
dr. Birni Bjarnasyni
Jónasi Jónssyni frá Hriflu
Bjarna Bjarnasyni
Helga Hallgrímssyni
Guðgeiri Jóhannssyni
Ingvari Gunnarssyni
Birni Þórhallssyni, afgrm. Skinfaxa
og R. Feilk í Lügano, Schweiz.

Dr. Björn hefir legið í ill-kynjaðri hálsveiki undanfarið, en er nú orðinn nær því albata. Illa lætur hann yfir félagslífinu á Kennaraskólanum, segir að því sé altaf að fara aftur. –

Jónas hvetur mig til þess að fara til Oxford og dvelja þar við nám alt að því í 6 mánuði. Kostnaður verstí þröskuldurinn, gæti ekki búist við að komast af með minna en 800 kr.

Bjarni skrifar mér talsvert af fréttum en Helgi sem ekkert. Kveður við sama tóninn hjá Bjarna og dr. Birni viðvíkjandi félagslífinu á Kennaraskólanum. –

Guðgeir les í vetur þýsku hjá Jóni Ófeigssyni.

Ingvar ætlar að heimsækja mig um páskana.

Björn Þórhallsson skrifar mér viðvíkjandi „Skinfaxa“.

R. Feilk sendir mér verðlista yfir úr og fleira þessháttar.

10. febr. (laugard.)

Undanfarið hefir verið mjög stíð tíð. Frosthriðar hvern daginn eftir annan.

Í dag byrjaði söngkensla í barnaskólanum (Rannveig Stefánsdóttir). Ingólfur á Kúlu var hér á ferð. Hann sagði betri tíð fram frá. Fer um helgina norður í Skagafjörð. Eg skrifaði Brynleifi Tobiassyni á Sauðárkróki með honum. Bað Brynleif um upplýsingar viðvíkjandi unglinga skólanum þar. Byrjaði í dag að halda bréfabók. Bréf Brynleifs nr. 1. Er nú að semja heilmikið bréf til skólanefndarinnar viðvíkjandi kenslufyrirkomulaginu við barnaskólann. –

12. febr. (þriðjud.)

Tíðin betri. Frostleysa. Snjór nokkur en jörð þó góð. –

Skelfing er annars leiðinlegt hér á Blönduósi. – Fólkið sjálft er verst. Félagslíf hér alt í molum; fæst þeirra gera annað en að fæðast og deyja. Hvers vegna? Hér vantar hugsandi menn. Félagsskapur, sem er tóm „fjöll“ getur ekki átt neina framtíð. – Mér hálf leiðist. Og hefði eg ekki svona mikið að starfa, þá veit eg ekki hvað yrði úr mér. – Ó!, hvað það er þreytandi að eiga engan vin, vin sem maður getur trúað fyrir sínum heitustu og helgustu hugsunum. Hér langar mig ekki til að gera

neinn að vin, en bréfin eru ófullkominn túlkur til vinanna fáu. – Eg legg líka meir í orðið vinur en alment er gert. – Góðar bækur eru góðir vinir. Því fer nú betur að eg get veitt mér talsvert af þeim. – Það hefir talsvert áhrif haft á mig það, sem eg hefi lesið í vetur. –

25. febr. (sunnud.)

Í gær afmælisdagurinn minn hinn 21, svona líður tíminn, já fari hann vel. Er nú annars nokkuð gaman að lifa? Hver er tilgangur lífsins? Á mannsandanum aldrei að auðnast að leysa úr þeirri spurningu? Mér finst eg ekki geta til þess hugsað. Hvað er maðurinn? Er hann annað en efnið tóm (material)? Já, eg trúi ekki öðru.

Hér vantar í botninn.

22. sept. (sunnud.)

En sá óratími síðan eg hefi skrifað niður línu í dagbókina mína; leiðinlegt að vera svona latur. Mig langar nú til þess að rifja upp hið helsta, sem að dagana hefir dřífið síðan eg skrifaði seinast í dagbókina. Það er sannast ekki margt né merkilegt. Eg altaf kyr á sama stað og viðburðirnir því ekki fjölbreyttir. –

Í vetur, er leið, sótti eg um inntöku á kennaranámsskeiðin, var veitt það, en svo varð ekkert úr því að eg færi. Eg tímdi því naumast, því þá bauðst mér prófdóm-
arastaðan hér í sýslunni og tók eg þá því. Hafsteinn á Gunnsteinsstöðum var próf-
dómari við skólann hjá mér. Hann var vel ánægður með frammistöðu barnanna. Að
barnaskólaprófinu loknu fór eg svo í prófin og var í þeim í nær því 3 vikur. Vann
svo í vegavinnu til sláttar. Heima um sláttinn. –

Þarna er það komið alt, yfirlit lífs míns í hálft ár. –

Tíðin. Vorið kalt og þurviðrasamt. Grasspretta því yfirleitt með verra móti.

Sumarið hagstætt til heyskapar – þurviðri – nýting heyja því ágæt.

Tvö hret gerði þó. Fyrri hretin um mánaðarmót júlí og ág. mjög stórkostlegt. Bleytihríð þá í fulla fjóra daga; gerði mikinn snjó til fjalla og hásveita. Fullar líkur að fé hafi eitthvað fent. Úr seinni hretinu (um mánaðarmót ág. og sept.) varð miklu minna, – snjór þá einungis í fjöllum.

Sláttur byrjaður með fyrsta móti. Það gerðu þurviðrin. Tún voru hætt að spretta og gras á þeim jafnvel farið að skemmast. Heyskapur víðast hvar í meðal lagi, þótt illa væri sprotti; það gerði nýtingin.

Hér koma á eftir heyskýrslur í Litladal.

	Taða hestar	Úthey hestar	Hey alls hestar
Í fjóstótt	161		161
Í Ærhústótt	6	99	105
Í Réttarhústótt	-	196	196
Í Stórhústótt.....	5	80	85
Í Syðrihesthústótt	12	70	82
Í Ytrihesthústótt	-	41	41
Samtals	186	486	672

Töðusamtalan lægri núna, en í fyrra, það gerir, að nú var sem ekkert hægt að slá af há. –

Hér kemur töðuskýrslan.

– Við fyrri slátt

Af Niðurtúninu	28 hestar
“ Úttúninu	37½ “
“ Miðtúninu	23 “
“ Hesthústungunni.....	12½ “
“ Þríhyrningi	11 “
“ Útaukanum	12 “
“ Þúfnavelli	33 “
“ Gerðinu	22 “
Alls	179 hestar

Há

Af Niðurtúninu	6 hestar
“ Miðtúninu	1 hestur
Alls	7 hestar
Taða alls	186 hestar

Nú er alls staðar hætt heyskap. Hvergi slegið neitt vikuna er leið. Einstaka maður (Jóhannes á Svínavatni) var og hættur nokkru fyr. Ekki gerði það þó tíðin að hætt var svona snemma, heldur hitt, að slægjur voru búnar alment, enda gras gjörfallið.

Með mesta móti er um búnaðarframfarir hér í sveitinni núna. Almennur áhugi vaknaður fyrir girðingum. Talsvert margir bændur hafa girt tún sín, og nokkrir eru nú að því. Svo er og stór samgirðing nú á leiðinni. Hún á að liggja úr Blöndu á Eldjárnsstaðaklifi og vestur í Hrafnabjargakvísl og svo út með allri Svínadalsá út

undir Holt (Skriðusel). Girðingu þessa kosta allir bæir fyrir framan Múlagirðinguna (Pröm undanskilin) og vestur að Svínadalsá. Girðing þessi verður rúmlega 8000 fæðmar. –

Plægingamaður (Sigurður í Öxl) var hér hjá einstöku mönnum við plægingar í haust, en annars er alment sléttað enn „upp á gamla móðinn“. Búnaðarfélagið hefir þó nú nýlega keypt plóg svo búast má frekar við að plægingar færist í vöxt. –

Garðrækt færist lítið í vöxt hér og er ilt til þess að vita, eins og öll kornvara er dýr núna. En með aukinni garðrækt mætti spara mjög kornvöruna, og um leið ykist framleiðslan í landinu, og minkuðu aðkaupin. –

Húsabætur gerðar nokkrar mjög myndarlegar. Steinhúsið (íbúð) á Auðkúlu er nú að mestu fullgert, eftir eitthvað enn við innþiljun. Húsið er hið myndarlegasta. – Jón í Stóradal bygði og í vor hlöðu úr steinsteypu. Byggingarefni framtíðarinnar er steinninn.

Yfirleitt virðist mér áhuga bænda á búskap altaf vera að vaxa. En verst er með sveitina hérna hve veginir eru slæmir, því mér virðist framtíð sveitanna hvíla mjög á þeim hyrningasteini – samgöngufærunum.

13. okt. (sunnud.)

Altaf yndælis-tíð, stöðug sunnanátt og þeyvindi. Nú fer að líða að þeim tíma að eg meigi fara að taka til starfa við kensluna. Eg verð áfram á Blönduósi. Hefi nú 19 krónur um vikuna – 1 krónu því meir en í fyrra. –

Óli bróðir er nýfarinn norður að Hólum. Hann verður þar við búfræðisnám í vetur.

16. okt. (miðvd.)

Talsvert föl og þónokkurt frost. Hríðarmugga frá hádegi í gær, nú bjart veður. Pabbi og Þorl. fóru út á Ós í gær. Pabbi með fjárrekstur en Þorl. með hesta undir slátur og girðingastaura. Pabbi lét þó ekkert fé núna – búinn að því, – þetta var sláturfé Þoláks. – Markaðurinn fyrir sláturfé er góður núna, en dilkar eru alment mjög rýrir. Ær hafa þornað nær því upp um mikla hretið í sumar. Eg er búinn að farga því, sem eg ætla að farga. Hjálmar Egilsson á Bl.ósi fékk hjá mér sjö kindur til skurðar. – Eg ætla búa hjá honum í vetur – hefi þar og fæði. – 2 lömb lét eg og til Sæmundsens. Býst við að setja á nú 12 ær og 5 lömb. –

18. okt. (föstud.)

kl. 8. f.m.

Frostlaust í gær. Fyrirtaks hláka í nótt, allur snjór í burtu. Fékk bréf í gær frá Guðm. Jónssyni á Sauðárkrók.

19. okt. (laugard.)

Rigning seinni partinn í gær og fyrri partinn í nótt en svo bleytuhríð. Hætti að snjóa með morgninum. Frostlaust á mæli – má búast talsverðu frosti í nótt. –

Blönduósi 29. okt. (þriðjud.)

Kom hingað í gær. Bý hjá Hjálmari Egilssyni. – Austurstofan. Gæti verið gott herbergi, en er nú ekki fullgert. Eftir er að pappaleggja og mála. Vantar enn tilfinnanlega húsgögn, sérstaklega geymslu. Hjálmar átti auðvitað að leggja þetta til, en getan er þar lítil.

Vikuna er leið, öndvegis tíð, en nú um helgina frysti. Í gær ofsarok og kuldi. Svona veður að mestu nú, þó ekki eins hvast en frostið öllu meira – dálítið fjúk.

30. okt. (miðvd.)

Nú er komin kyrð á veðrið, en frost er talsvert.

31. okt. (fimmtud.)

Kyrt veður en æði frosthart. Hefi lítið starfað þessa dagana, að mestu setið heima. Skrifaði Ólafi Kjartanssyni í Vík í Mýrdal, er og byrjaður á bréfi til Óla bróður.

Slæmar fréttir frá Hrafnabjörgum. Þorbjörg Jósafatsdóttir orðin meira eða minna geggjuð. Læknir fór þangað fram eftir í fyrra dag.

Ekki býst eg við að geta unað hér á Blönduósi til langframa – hér er svo skelfing leiðinlegt. Verst að geta hvergi komist að við fastan skóla í sveit, og geta þá stundað landbúnað eitthvað með. Eg held að það ætti ekkert illa við mig. Eða ef eg gæti komist að við stærri skóla, þar sem eg gæti helgað mig allan einstöku námsgreinum.

1. nóv. (föstud.)

Veðrið stilt og frostlítið. Setti börnunum fyrir í dag. Þau verða eins mörg og í fyrra – 19 –. Mörg ný, og sum þeirra fullnaðarprófsbörn. Nú er hér ósköp heitt og notalegt, liggur því hið besta á mér. Og eg held eg nenni ekki út, þótt eg sé búinn að búa mig alveg undir morgundaginn og klukkan sé ekki nema hálf 7.

5. nóv. (þriðjud.)

Gengur yfirleitt vel í skólanum, kenslan reyndar ekki enn komin í fast horf. Olli Berndsen varð að hætta við skólanámið. Hafði verið fyrir sunnan (Vífilsstöðum) til

lækninga í sumar – snertur af berklaveiki og Jón læknir úrskurðaði núna að hann mætti ekki stunda skólanám. Börnin því 18. Sama tala og seinni partinn í fyrra vetur, eftir að Ingibj. Einarsdóttir veiktist – augnveik. Hún er í skólanum núna. Skifti um tíð í dag. Hláka með þó nokkurri rigningu.

8. nóv. (föstud.)

Ágætis tíð. Ýmsir sveitungar mínir hér í dag. Bjarni í Stóradal situr hér hjá mér núna. Hann verður rekkjunautur minn í nótt. Jóhannes á Svínavatni er að hátta hinum megin. Hér voru og í dag: Jón Pálmason á Löngumýri og Kristinn á Guðlaugsstöðum. – Fékk bréf frá Magnúsi kennara. Skrifaði honum aftur samstundis.

9. nóv. (laugard.)

Bleytihríð fyrra partinn, en gekk í norðrið með kvöldinu. Úrkoman ekki mikil, en veðurhæðin feikileg.

Tveir sveitungar mínir hér staddir í dag. Hjálmar á Höllustöðum og Jón á Syðri-Löngumýri. Eg fékk bréf frá Jóni í Stóradal. Hann biður mig að síma eftir bóluefni í 400 fjár til Reykjavíkur. Pestin farin að drepa þar fremra.

10. nóv. (sunnud.)

Hríð. Póstur kom í gærkvöldi að norðan. Nýbúinn að nálgast bréfin mín af pósthúsinu. Eg fékk bref frá Óla bróður, Sveini Halldórssyni og „Varehuset Gloria“ Kbhn.

Sveinn er einna besti vinurinn, sem eg á. Hann er nú kennari í Bolungarvík.

Óli bróðir skrifar fátt fréttu: Honum líður all-vel, hálf leiddist raunar fyrst. Hann meiddi sig í fæti skömmu eftir að hann kom norður, þó ekki neitt alvarlegt. – Lauk við bréf til Óla.

11. nóv. (mánud.)

Nú hætt að hríða. Birti upp með frosti. Fékk í dag bréfspjald frá Bjarna frænda frá Undirfelli. Hann er í 3. bekk gagnfræðask. á Akureyri. Kortið hafði verið innan í til Gunnu frænku, systur Bjarna. Hún og Jóhanna frænka frá Svínavatni heimsóttu mig í kvöld.

Skrifaði Guðm. Jónssyni, Sauðárkrók.

12. nóv. 1912 (þriðjud.)

Veðrið. Frosthart mjög með morgninum en dró úr því er leið á daginn, og þyknaði upp, og gerði að lokum kafaldsmuggu. Frostlaust var því í kvöld. –

Símtalaði 2 til Reykjavíkur, til Þorleifs Jónsson, póstaðgreiðslumanns og bóka-
verslun Sigfúsar Eymundssonar (P. Halldórsson). Skrifaði Sigbór Magnússyni (frá
Guðrúnarstöðum) á gagnfræðaskólann á Akureyri.

Hefi nú orðið afar mikla tíma kenslu. 2 tíma á hverjum degi og meira segja á
sunnudögum líka.

13. nóv. (miðvd.)

Veðrið. Hláka. – Talsverð rigning í kvöld. Skrifaði Bjarna frænda bréf og einnig
Ástu litlu systur minni.

Eg les altaf ofurlítið af skáldsögum á kvöldin í rúmi mínu. Nú er eg nýbyrjaður
að lesa: „Den skønne Gabriella“ eftir Alex Dumas (dönsk þýðing.) Eftir Dumas hef
eg áður lesið „De tre Musketærer“, „Tyve Aar efter“ og „Ti Aar efter“. Þessar sögur
hans eru mjög fræðandi („historiskir rómanar“) og skemtilegar aflestrar.

14. nóv. (fimmtud.)

Hláka. Talsverð rigning seinni partinn.

Skrifaði Jóni Árnasyni á Stóra-Vatnsskarði og Jóni í Stóradal. Póstur alveg
nýkominn til bæjarins. Eg bjóst ekki við að nenna að vitja um bréf í kvöld á póst-
húsinu. Mér er núna hálfilt í augunum, af of miklum lestri; má því hvorki reyna of
mikið á mig við lestur né skriftir.

Hefi fyrir skömmu lesið Esmeröldu V. Hugós. Ummæli Esmeröldu um ástina
hefi eg reynt að ná í vísu þessari:

Piltur og stúlka, – sálir tvær,
stöðugt færast hvort öðru nær,
snerta hvort annað, – renna í eitt.
Ei framar skilið fær þau neitt.

18. nóv. (mánud.)

Óstöðug tíð. Frysti í fyrrinótt, talsvert frost fyrri partinn í gær. Í dag aftur
hellirigning. Spilaði á laugardagskveldið og talsvert í gær.

„Ceres“ liggur hér nú á höfninni. Hún kom í kvöld og er ekkert farið að afgreiða
hana enn þá. Jón í Köldukinn er hér hjá mér í nótt. Hann ætlar með „Ceres“ norður
á Akureyri.

19. nóv. (þriðjud.)

Kl. 4. e.m.

EKKI batnar tíðin. Ofsaveður í dag, hríð núna. Ekkert hefir verið hægt að eiga
við „Ceres“.

Nýbúinn að lesa „Samfundets stötter“ eftir H. Ibsen. Yndislegt drama. Sannleikurinn og réttlætið sigrar um síðir. Eg hefi nú lesið flest öll leikrit Ibsens. Eg held eg haldi ekki upp á nokkurt skáld meira.

20. nóv. (miðvd.)

Kyrt veður í dag; nokkurt frost framan af, en minkaði er leið á daginn, nú hríðarmugga. „Ceres“ fór héðan af höfninni um miðjan dag í gær, án þess að vera afgreidd. Er nú norður á Akureyri. Skipstjórinn símaði hingað í dag og kvaðst ekki koma fyr en á föstudag.

21. nóv. (fimmtud.)

Hláka. Afskapa rigning með þörtum.

22. nóv. (föstud.)

Útsunnan með eljum og frost með kvöldinu.

„Ceres“ kom í kvöld klukkan 5½. Talvert mikið brim. Ekkert hefir verið átt við afgreiðslu enn.

Í gærkveldi las eg Gildet paa Salhoug eftir Hesler. Stórfenglegur ástarsorgleikur. Ef ef hefði tíma skyldi eg punkta ofurlítið niður hjá mér í dagbókina mína, um hið merkasta, sem eg les. En tíminn leifir það ekki. 9 tíma kensla á dag, og þar að auki öll heimavinna, það er meir en nóg. Nú í kvöld t.d. er eg búinn að leiðrétta alla stíla úr skólanum, bæði í stærðfræði og íslensku.

23. nóv. (laugard.)

Úsynningur. Hvass fyrri partinn; mjög mikið brim. Ceres fór af höfninni um hádegið, án þess að vera nokkuð afgreidd.

24. nóv. (sunnud.)

Logn að mestu, ofurlítill andvari á útsunnan. „Ceres“ alveg búinn að yfirgefa okkur, lá þó hér skamt frá í nótt, en fór héðan með morgninum út flóann. Mér virðist þetta alveg ófyrirgefanlegt með öllu, nú var vel hægt að athafna sig við bryggjuna.

Var mikið til heima í dag. Gestir þónokkrir t.d. Þorl. og Stebbi. Heimsótti í kvöld Berndsen. Magnús kennari Magnússon er hér hjá mér núna, – hann verður hér hjá mér í nótt.

25. nóv. (mánud.)

Hægur fyrri partinn, en hvesti er á leið. Töluvert frost. „Ceres“ lagði upp póst og vörusendingar hingað, á Sauðárkrók. Bréfaþósturinn verður sóttur á morgun.

Hannes frændi minn frá Undirfelli er hér staddur núna. Hann verður hjá mér hér í nótt. Á morgun ætlar hann fram í Svínavatnshrepp.

26. nóv. (þriðjud.)

Töluverð hríð. Ekkert varð úr því í dag að póstur yrði sóttur norður á Sauðárkrók, vegna hríðarinnar.

27. nóv. (miðvd.)

Ákaflega froshart. Gerði fjúk um nónbilið og dró þá nokkuð úr frostinu.

Pórarinn Þorleifsson sagði Vatnsdælu í dag. Krakkarnir hafa verið að spreyta sig á því, hjá mér, nú á þriðju viku að segja nokkrar Íslendingasögurnar. Sumum hefir tekist það mjög vel: Börnin hafa raunar yfirleitt, ekki eins mikið gagn af því, og ef eg segði þær sjálfur, nema þau sem segja þær. En þau kynnast líka mjög vel „sinni“ sögu og fá æfingu í að draga efnið saman.

28. nóv. (fimmtud.)

Ákaflega mikið frost 15-16° á R. Hefi ekki getað byrjað skóla á réttum tíma nú í tvo morgna. Í morgun er eg kom í skólann var 2° frost í skólastofunni.

29. nóv. (föstud.)

Sama veður, frost þó naumast alveg eins mikið og í gær. 4° frost kl. 8 f.h. í skólastofunni. Byrjaði ekki kenslu fyr en kl. 9.

Fékk bréfspjald frá Jóni Árnasyni á Stóra-Vatnsskarði.

30. nóv. (laugard.)

Sama veður, frost þó öllu meira en í gær. „Ceres“pósturinn kom í dag að norðan. Eg fékk bréf frá Óla bróður, og tvo verðlista frá útlöndum – jólaverðlista. –

Samkoma í kvöld á gistihúsinu. Theódór Friðriksson las upp 4 smásögur eftir sjálfan. Tilþrif engin, en nokkur hugsun þó í þeim öllum. Jón Pálmi talaði um líkamsmentun. Ekkert á því að græða.

Dans átti að vera á eftir, en varð ekki af, fólkið fátt og svo hafði það ekki lyst núna, aldrei þessu vant. –

1. des. (sunnud.)

Sama veður. Sigurrós Þórðardóttir kenslukona við Kvennaskólann heimsótti mig í dag. Hún er skólasystir mín. Ágætl. greind stúlka.

Ýmsir gestir hér hjá mér í dag, fyrir utan Sigurrósu, m.a. Gunna frænka frá Undirfelli og Ingibjörg Bjarnadóttir frá Steinnesi. –

2. des. (mánud.)

Frosthart eins og að undanfögnu, en alveg blæjalogn. Guðlaug sál Pálmadóttir jörðuð. Meirihluti bæjarbúa viðstaddur. Frí bæði í barnaskólanum og kvennaskólanum.

3. des. (þriðjud.)

Nú loksins frostlaust, – besta veður.

Í dag afmæli frú Ingibjargar Lárusdóttur. Eg var þar í boði. Gestir fáir: frú L. Ísleifssen, frk. Alena Möller og Halld. Halldórssen verslunarm. með konu. Þær systur fóru þó fljótt. Við hin settumst þá að spilum, og spiluðum talsvert, – mjög fjörugt.

4. des. (miðvd.)

Yndælisveður, en þó engin veruleg hláka. Pabbi kom hingað í dag. Engar fréttir að heiman. Jón í Stóradal er hér einnig, hann er á stjórnarnefndarfundi Kaupfélagsins. –

5. des. (fimmtud.)

Sama veður. Spilaði í kvöld „L’homme“. Meðspilamennirnir: pabbi og Lárus Ólafsson.

6. des. (föstud.)

Nokkurt frost, en blæjalogn. Búið er nú við „Mjólnir“ á morgun. Skrifaði Ingv. Gunnarssyni.

7. des. (laugard.)

Ágætisveður – frostlaust. „Mjólnir“ kom skömmu eftir hádegisdag í dag. Að líkindum verður klárað að afgreiða hann í kvöld eða í nótt.

Pabbi fór héðan í dag. Jón í Stóradal varð honum samferða.

Í dag lauk eg við bréf til Sveins Halldórssonar. Það er dags. 4. þ.m.

8. des. (sunnud.)

Hláka. Fékk með Mjólni sendingu frá Chr. Hansen, Köbenhavn. Lítið heima í dag – hingað og þangað – lengst í „Tilraun“. –

9. des. (mánud.)

Sama veður – rigndi raunar ofurlítið.

Skrifaði í dag Bjarna Bjarnasyni Hafnarfirði og Jónu Sigurjónsdóttur Aðalvík.

Nú er kl. liðl. 9. Er hálflassinn og fer því að háttu. –

10. des. (þriðjud.)

Fölvaði ofurlítið í nótt. Í dag besta veður – ofurlítið frost raunar. –

Landpóstur kom að norðan í dag (seint). Eg er búinn að fá 2 bréf úr pósti, annað er frá Guðm. Jónssyni Sauðárkrók, en hitt frá pabba. Eg býst við fleirum bréfum, enda var ekki búið að taka upp allan póstinn.

11. des. (miðvd.)

Í dag talsverð hríð, einkum seinni partinn.

12. des. (fimmtud.)

Hríðarlaust veður, en talsvert frost.

13. des. (föstud.)

Fyrri partinn sama veður og í gær en þyknaði upp seinni partinn og gerði töluverða hríðarmuggu úr miðaftan. –

Hitti í dag skólasystur mína Guðrúnu Jóhannsdóttur. Hún er kennari í Engihlíðarhreppnum.

14. des. (laugard.)

Pónokkurt frost, en kyrt veður. Í kvöld skautafélagsskemtn. Eg var þar ekki. –

15. des. (sunnud.)

Sama veður og í gær. Skrifaði í dag pabba, Óla, Jóni Árnarsyni og Guðm. Jónssyni, Sauðárkrók. Póstur kom í kvöld. Eg fékk bréfspjald frá Kristínu Jónatansdóttur.

16. des. (mánud.)

Hríðarjagandi öðru hvoru. –

17. des. (þriðjud.)

Sama veður fyrri partinn, en versnaði úr hádeginu og gekk í talsvert mikla hríð.

Símtalaði við sra. Magnús Helgason skólastjóra í Reykjavík. Sótti um framhaldsnámskeiðið.

18. des. (miðvd.)

Hríðarjagandi allan daginn.

19. des. (fimmtud.)

Sama veður og í gær. Símtalaði við Óla bróður í dag. Hann leggur af stað heim á laugardagsmorguninn.

Snjór er nú kominn mikill og altaf bætist við hann. Mér líst ekki á gangfærið heim.

20. des. (föstud.)

Alveg hríðarlaust, kyrt veður. Talsvert mikið frost.

21. des. (laugard.)

Gott veður en nokkurt frost. Símaði norður að Hólum í dag. Óli bróðir og hinir aðrir Húnvetningarnir lögðu upp kl. 4 í morgun. Nú byrjaði jólaleyfið við barnaskólann í kvöld. –

Mjög margt um manninn hér í dag – jólainnkaup.

Bréfspjöld hafa drifið að mér í kvöld umvörpum.

Gestir hjá mér í kvöld: Þorl. Jakobsson og Lárus Ólafsson.

Tindum. – 22. des. (sunnud.)

Lagði af stað heimleiðis af Bl.ósi í dag um hádegið. Samferðarfólk: Jóhanna frá Svínavatni og Helga frá Gunnfríðarstöðum (Kvennaskólanemi) og fylgdarmaður þeirra Guðni í Stóradal.

Ákaflega frosthart. Færi afleitt. Við Guðni vorum á skíðum en þær voru ríðandi. Komum að Tindum kl. 4½. Guðni og Jóhanna heldu áfram, en eg var hér eftir. Mér er hálf ilt í fæti – liðagigt – og vildi því ekki vera að strekkja heim í kvöld.

Litladal. – 23. des. (mánud.)

Frostlinara en í gær. Lagði af stað frá Tindum kl. 10 f.m. Kom heim skömmu eftir hádegi. Óli bróðir þá kominn heim – kom í gærkveldi. – Þeir voru 10 saman Húnvetningarnir – allir á skíðum. Snjórinn engu minni norður undan, en skíðafæri all-gott eins og hér.

24. des. (þriðjud.)

Milt veður; gerði ofurlítið fjúk um hádegið. Við feðgarnir fórum fram um allan dal í dag – til hrossa. Gengum á skíðum. Komum í Stóradalssel til Sveins og Sigrúnar.

25. des. (miðvd.) - Jóladagur

Sama veður fyrri partinn og í gær, en seinni partinn gerði þoku. Messað á

Svínavatni. – Eg fór til kirkju og var hálf dauður úr kulda í kirkjunni, og hefir verið líkt ástatt fyrir fleirum. Organistinn skalf t.d. svo að hann átti fult í fangi með að halda fingrunum við nóturnar. Slæmt að kirkjur skuli vera ofnlausar. Það getur verið stórkostlega heilsuspillandi fyrir menn, er koma heitir af gangi að hlýða á messu í mjög köldu húsi. –

26. des. (fimmtud.)

Töluvert frost. Mæðgurnar frá Svínavatni voru hér í heimboði í kvöld og fylgdu við systkin þeim út fyrir vatn.

27. des. (föstud.)

Sama veður og í gær.

28. des. (laugard.)

Veðrið líkt og í gær – skóf reyndar nokkuð fyrri partinn. Böðuðum féð í dag.

29. des. (sunnud.)

Poka. Kafaldsmugga. Pabbi fór í burtu í dag yfir um að Tungunesi, til þess að bólusetja þar sauðféð. Bráðapestin búin að drepa þar einar 12 kindur. Hún hefir víða drepið í vetur. Eg misti sjálfur eina kind.

30. des. (mánud.)

Sama veður og í gær.

31. des. (þriðjud.)

Líkt veður og í gær.

1913

Blönduósi 7. janúar (þriðjud)

Eg hefi verið latur við að skrifa í dagbókina mína nú um tíma, eg hefi líka haft töluvert að gera. –

Kom út eftir 2. jan. Próf hefir svo verið hjá mér til þessa. Það var úti í dag. Eg er ánægður með frammistöðu barnanna yfirleitt. Þetta próf er töluvert betra en miðsvetrarprófið í fyrra. –

Póstur kom í gær. Fékk bréf frá Guðm. Jónssyni, Sauðárkrók. Skrifaði með

pósti suður: Magnúsi Helgasyni, skólastjóra, Sveini Halldórssyni, kennara og Krístrínu Jónatansdóttur, kennara. Guðni í Stóradal nýfarinn héðan af staðnum með lækni. Hann var að sækja hann að Svínavatni til yngsta barnsins þar. Skrifaði pabba með Guðna. –

Stefán, kunningi minn, skóari opinberaði rétt fyrir jólin með Guðlaugu dóttur Björns Levís skósmiðs. Sagt er að foreldrarnir séu ekki sem ánægðust með þá væntanlegu sameiningu.

Veðráttufar hefir verið all-breytilegt. Í gær ágætis hláka, en í dag nokkurt frost, en þó besta veður. Talsverður vindur.

Hannes á Undirfelli var hér hjá mér í nótt. Hann kom með systur sína Guðrúnu á Kvennaskólann. Hún fór heim í jólaleyfinu. Guðm. í Ási var og hér hjá mér í kvöld og spiluðu við í góða stund „l’hombre“.

8. jan. (miðvd.)

Líkt veður og í gær. Óli bróðir símaði til mín í dag. Hann kom norður í fyrradag (mánud.), hann bað mig að koma upp fötum handa sér hérna. –

Með Jóni Gíslasyni fékk eg 2 bréf norður af Akureyri í dag. Annað var frá Bjarna frænda, en hitt frá Sigþóri Magnússyni. – Engar verulega fréttir.

Nú um tíma undanfarið hefi eg verið að lesa „Einfalt líf“ C. Wagnes. Það er góð bók, sem margt má af læra. Málið á þýðingu Jóns Jakobssonar er lipurt og létt víðast hvar, en naumast virðist mér framsetningin eins einföld og efnid ætti skilið.

9. jan. (fimmtud.)

Hláka, – afskaplegt rok.

10. jan. (föstud.)

Dálítið frost, hægur.

11. jan. (laugard.)

Skrifaði Óla bróður, Bjarna frænda, Sigþóri Magnússyni og Guðm. Jónssyni.

Póstur kominn. Eg er búinn að fá 2 bréf úr pósti, frá Jóni fræðslumálastjóra og Helgu Pálsdóttur. – Jón biður mig að innheimta fyrir sig all-mikið af útistandandi skuldum „Skólablaðsins“, hér í sýslu. – Skrifaði samstundis með póstinum 2 skuldunautum: Páli á Njálssstöðum og Þorvaldi á Mörk. –

Eg vonast fastlega eftir fleiri bréfum. Böðvar var fullur og vitlaus, eins og hann er vanur og því ekki að marka, þó eg fengi ekki meira afgreitt.

12. jan. (sunnud.)

Hlaka. Guðrún Jóhannsd. kennari heimsótti mig í dag. Hún kennir núna á Síðu. Eg fylgdi henni upp undir Vatnahverfi.

13. jan. (mánud.)

Ofurlítið frost. Fór á skautum í kvöld – það er í fyrsta sinn á þessum vetri, sem eg hefi komið á skauta. – Svellið ágætt (á ánni).

14. jan. (þriðjud.)

Nokkurt frost. Fékk útborguð mánaðarkenslulaun mín. Í dag fékk eg bréf frá Magnúsi kennara Magnússyni – ágætt bréf.

20. jan. (mánud.)

Eg hefi verið latur við dagbókina mína nú um tíma, eg hefi líka stundum haft öðru að sinna.

Jón Árnason, kennari, og Árni Arason á Víðimýri komu hingað vestur eftir á fimtud.

Á föstudagskvöldið sátum við hér að spilum og drykkju – fjörugt kvöld. – Við urðum þó fjandann ekki mjög fullir. Á laugardaginn kendi eg einungis til kl. 12. Eg fór þá fram að Geitaskarði með þeim félögum. Þar sátum við um kvöldið og nóttina í góðu yfirlæti.

Veðrið: Hríð í dag og gær, í dag blindhríð.

Hannes á Undirfelli er hér í dag hríðarfastur. Hann er á leið fram að Gunnsteinsstöðum í Langadal; ætlar að verða þar eitthvað við nám hjá Hafsteini Péturssyni.

1914

(Ódagsett)

Fyrst þegar kosið var til Alþingis höfðu þeir ekki kosningarétt Kristján í Stóradal og Pálmi í Sólheimum, en þeir voru þá ríkustu bændurnir í hreppnum. Kosningarétt höfðu þeir ekki, vegna þess að þeir höfðu lent í þjófnadarmáli. – Nóttina eftir kjörfund gisti að Auðkúlu maður nokkur hjá séra Sigurði. Hafði hann orð á því, að sig undraði að ríkustu bændurnir í hreppnum skyldu ekki hafa sótt kjörfund, og verður þá Sigurði að orði: „Þeir una við sáran kjamma heima“.

24. jan. (laugard.)

Það lítur helst út fyrir að eg sé alveg búinn að gleyma dagbókinni minni. Nú er rúmt ár síðan eg hefi nokkuð skrifaði í hana. Fyrst eg tók hana nú ofan úr skápnum verð eg að bæta einhverju við: Töluvert hefi drifið á dagana síðan 20. jan. í fyrra, en hvað af því á að komast á pappírinn? Bókin mín er þögull vinur, og er henni því trúandi fyrir öllu. En sumar endurminningarnar eru þó þannig að eg vil eiga þær einn – einn um eilífu *einn*. –

Frá vetrinum í fyrra hefi eg eiginlega ekkert að segja. Hver dagurinn var öðrum líkur, jafn tilbreytingalaus, en svo kom vorið, blessað vorið. Eg ann þeim tíma ársins lang mest. Eg verð þá allur annar maður. Það er raunar ekki að undra þótt endurnýjun lífsins í náttúrunni hafi áhrif á mann. –

Skammdegisskuggarnir þungu leggja á flótta fyrir ylgeislum vorsálarinnar. Og vindurinn segir ekki lengur: „Dauði, dauði“. Nei, vorblærinn ljúfi flytur með sér líf og starf. „Að lifa og starfa“, hvíslar hann að dýrum og jurtum. Og öll náttúran tekur til starfa. Grundin sem áður var ber og nakin hamast í að koma sér upp grænu klæðunum sínum, fögru, – brúðkaupsklæðunum, því vorið er tími ástarinnar.

Með vorinu vaknar ástarpráin. Gamlar endurminningar rísa úr djúpi sálarinnar og ryðja nýjum atburðum braut.


Viðauki II

Kaflar úr dagbókum Bjarna Jónassonar 1917-1926

Árið 1917 hafði Bjarni sagt skilið við barnaskólann á Blönduósi og tekið við stöðu farskólakennara í Svínavatnshreppi í Austur-Húnavatnssýslu. Hafði hann allnokkur afskipti af félagsmálum í hreppnum og sinnti þar ýmsum opinberum skyldum. Bjarni biðlaði fyrst til Önnu Sigurjónsdóttur í bréfi í febrúar 1920 en hún neitaði honum. Eftir þriðja bónorðið játaðist hún honum loksins og þau gengu í hjónaband í júlí 1923. Þau hófu þá búskap í Blöndudalshólum í Bólstaðarhlíðarhreppi í félagi við foreldra Önnu, Sigurjón Jóhannsson og Ingibjörgu Solveigu Jónsdóttur.

Bjarni hélt mjög reglulega dagbók á árunum 1917 til 1926 en þá lét hann af dagbókarskrifum og tók þau ekki upp á ný fyrr en 1944 og þá með allt öðrum hætti. Þættir úr dagbókum Bjarna 1917-1926 eru valdir með það fyrir augum að gefa fyllri mynd af umjöllunarefnum Bjarna í dagbókum hans á þessum árum. Hér er m.a. að finna frásagnir af vályndum veðrum, sveitarstjórnarmálum, fræðslumálum og félagsmálum, auk þess sem Hólaannáll um áramót 1924-1925 gefur góða mynd af skýrslugerð Bjarna fyrir reksturinn í Blöndudalshólum.

Frá 1923 skráði Bjarni í dagbókina undir sérstökum kaflaheitum en til glöggvunar hefur fyrisögnum verið bætt við þættina fyrir þann tíma.



28. nóvember 1917 - *Sveitarblað*.

Hefi undanfarið setið við að semja og rita sveitarblaðið. Tildrög þess eru: Lestrarfél. Fjölnir gaf út 3 undanfarin ár skrifað blað fyrir félagsmenn sína. Blaðið hét Bragi og var Hannes á Guðlaugsst. ritstjórinn. – Í fyrra skrifaði eg grein í Braga, þar sem eg m.a. geri að tillögu minni að Bragi sé gerður að almennu sveitarblaði. Á aðalfundi Fjölnis 22. júlí í sumar var málið til umræðu og hafði til-laga mín þar fult fylgi og 3 manna nefnd falið að hrinda blaðinu af stokkunum. Í nefndina voru kosnir: eg, Hannes á Guðlaugsst. og Jón í Dal. Við þremenningarnir höfum svo efnt til sveitarblaðs, Sveitin á það að heita. Eg hefi ritstjórnina á hendi. Fyrsta tbl. um það bil full-búið, 3 eintök. – Fáum ef til vill hektograf með Sterling sunnan úr Reykjavík og þá hektograferum við blaðið og seljum.

31. desember 1917 – *Yfirlit yfir störf*.

Hér lauslegt yfirlit yfir störf mín á árinu: Kennari við farskólann hér í sveit-inni. Skólinn einungis hér í Litladal. Kent í 3 mánuði, jan., febr., mars. Fáir nemendur (6). Kaup á dag kr. 1.25 nettó. Í vor prófdómari við barnaprófin hér í Austursýslunni vestan Blöndu. Kaup kr. 60.00 bruttó. Verkstjóri við vegagerð í sýsluveginum hér í sveitinni. Unnið aðallega milli Sólheima og Svínavatns og nokkuð fyrir vestan vatn. Unnið alt vorið. Kaup mitt kr. 6.00 á dag. Heima í sumar við heyskap og heima síðan, nema 3 vikur við farskólakenslu á Snæringsstöðum. Í vor settur hreppstjóri Svínavatnshr. Hefi haft á hendi töluverðar innheimtur.

Apríl 1918 - *Yfirlit*.

Sömu harðindin áfram fyrri hluta mánaðarins. – Hríðar. Ýmist á norðan eða suðvestan.

Brá til bata 18. d. mánaðarins. Sunnanátt og hláka úr því mánuðinn út. – Indælt veður. Ár urðu ófærar. Sléttá meira að segja, sem þó skeður sjaldan. – Fé hér í Litladal fyrst úti þann 21. Innistaða á fé frá 26. nóv., eða alls 147 daga. Viku lengur gefin innstöðugjöf.

Mjög var orðið hart með fóður. Nokkurir menn orðnir heyllausir og fáir aflags-færir að ráði. – Fengið var leyfi til þess að gefa peningi mjölvöru, sem sveitin átti. Síldarmjöl var pantað, en kom ekki fyr en í byrjun batans.

Alt klæðist vonandi vel af fyrst harðindin héldust ekki lengur. Hross munu þó sumstaðar vera æði mögur. Þeim var víðast sýnt hart í þessum mánuði, þó sæmil. væru meðfarin áður. – Fullorðna fé á gjöf hér í Litladal frá 20. nóv. til 5. maí, alls 24 vikur, þar af innistaða 22 vikur. Lömbin á gjöf: frá 28. okt. til 5. maí, alls 27 vikur.

13. maí 1919 – *Um farskólann.*

Útdráttur úr fundargerð Málfr.fjel. Sv.hr. 6. f.m.:

Dvaldi hann (þ.e. frmsm. B.J.) aðallega við annmarkana á framkvæmd laganna og nefndi:

1. Húsnæðið. Vandræði oft að koma skólunum niður. Húsnæði fullnægði að jafnaði ekki kröfunum um hollustuhætti. Væri oft naumast hægt að koma við nauðsynlegum kenslutækjum. Börn færu oft á mis við farskólakensluna, vegna þrengsla á kenslustaðnum.

2. Vantaði að börnunum væri skift í flokka við kensluna, eftir aldri og þroska, t.d. 2-3 sjálfstæðar deildir (bekkir). Þar, sem skift væri í deildir, væri nú einungis miðað við staðhætti (Svínavatnshreppur).

3. Kennararnir misjafnir, en árangur kenslunnar færi eftir kennaranum. Sökin aðallega hjá fræðslunefndunum, því sumar sýndu víttavert hirðuleysi í kennaravaliinu.

4. Ljelegar fræðslunefndir. Dæmin töluvert mörg. Aðstaðan við starfið slæm, enda oft vanrækt. Mælti með tillögu fræðslumálastjóra um, að stjórnin skipi formann fræðslunefnda.

5. Vanræktur undirbúningur. Lögin áskildu, að börn væru sæmil. læs og skrifandi 10 ára. Þessu illa framfylgt, en ekkert vit að taka börnin inn á skólann, fyr en þau fullnægðu þessum kröfum. Þyrfti að vera hægt að heimta börnin til prófs þegar þau væru 8 ára.

Tók þá framsögumaður til athugunar, hvað tiltækilegt væri til að koma fræðslumálunum í viðunandi horf. Hjer í sveit og annars staðar, þar sem um heimangöngu væri ekki að ræða, væri eina lausnin: fastur heimavistarskóli í 2-3 bekkjum með 10-12 vikna kenslu í hverjum bekk. Minni hjeruðin ættu að sameina sig um einn skóla, t.d. Svínav.hr. og Torfal.hr. Bú þyrfti að vera hægt að reka á skólastaðnum.

Að lokum benti frsm. á nokkurar bráðabirgðaráðstafanir viðvíkjandi húsnæði og kenslutilhögun, þangað til að heimavistarskóla yrði upp komið.

Júní 1919 - *Þingvallaförin.*

22. Mikið hefi jeg hlakkað til í vor til Þingvallafararinnar. Nú er jeg loksins kominn af stað. Munaði þó minstu að jeg yrði að sitja heima. Gat með herkjum fengið Eyþór Guðmundsson í viku á meðan jeg er fjarverandi. Þá var hestleysi. Jeg hefi einungis gamla Blesa, svo lánaði Óli mjer Rauð sinn. En á síðustu stundu – eftir að jeg var kominn af stað – gat jeg náð í Jarp Hjör. Sigf. Margir eiga erindi nú suður: Þingvallafundurinn, Sambandsfundurinn, Eimskipafjel.fundur o.fl.

Við þabbi lögðum af stað að heiman aflíðandi dagmálum – suður Kjöl. – Jón í Dal og Jón á Ytril.mýri fara sveitir. – Vorum 9 saman suður Kjöl; 7 Skagfirðingar: Jónas læknir, Jón á Reynistað, Eyhildarholtsbræður 3 – Pjetur, Jón og Pálmi – Arngr. í Litlu-Gröf og sjera Tr. Kvaran. Í förinni alls 44 hestar. Gott ferðaveður. Þoka nokkur þó á norðurheiðinni.

23. Frost um nóttina á Kili. Færi ágætt fram að Rjúpnafelli. Slæmt yfir hraun-ið – urðum að ganga. Slæmir kaflar niður með Svartá, svo gott úr því. 33½ klst. á milli bygða. Einn áfangi. Aðaláningarnar: Sandá (2 klst.) Seyðisá (2 klst.), Gránunes (2 klst.) og Hvítá (1½).

Á milli áfanga:

Fram að Seyðisá	10 klst.
Frá Seyðisá í Kjalfellsver	5 “
“ Kjalfellsveri í Gránunes ...	1 “
“ Gránunesi að Hvítá	4 “
“ Hvítá að Hólum	6 “

Kom að Beinavörðu, þar sem Reynistaðabræður urðu úti. Varðan er beinahrúga og moldu hlaðið utan um. Varðan er víða blásin að utan og sjer þar í beinin. – Beinavarða er nokkuð fyrir sunnan há hraun, spölkorn fyrir austan veginn. –

Efsti bærinn í Biskupstungum er Hólar. Þar skildum við um kvöldið – mánud. Við pabbi og Eyhildarholtsbræður fórum í Kjóastaði, en hinir að Laug. Egill heitir bóndinn á Kjóastöðum, gamall maður, og vel efnaður. Hann var nú í Rvík í kaupst. ferð. Fremur er lítil bygging á Kjóast., sjáanl. lítið lagt í kostnað. Engin stofa og baðstofan í einu lagi og var sá siður almennur um Suðurland. Biskupstungurnar eru mjög víðlend sveit á milli Hvítár og Tungufljóts (Eystritungan) og Tungufljóts og Brúarár (Vestritungan). Flatlent – mikið flóar. Einn hreppur – um 60 bær. Útsýni er hjer víðáttumikið og sveitin falleg. Einst. fjöll í fjarlægð í suðri og Langjökull í norðri. –

24. Í morgun frá Kjóastöðum upp að Gullfoss. Lögðum upp af stað suður frá Geysi undir nón. – Kom að Múla. Bóndinn Jör. Brynj. alþm. – skólabróðir minn. Ekk byggingu fyrir jörðinni í vor og hefir keypt sjer feikna áhöfn. Leiðin liggur svo um Laugardalinn – kvos inn í fjöllin, opin á aðra hlið. Komum á Þingvöll um miðnætti. Ferðin gekk yfirleitt vel. Veðrið ág. 2 hestar gengu úr skaftinu hjá Þjetri í Eyhildarholti. Uppgafst annar við Seyðisá, rauður graðhestur 7 v., en hinn heltist og var skilinn eftir á Kjóastöðum.

25. Þingvallafundurinn settur um miðmunda (Jónas frá Hriflu) – ág. ræða. Fundarstj. Ól. Briem alþm. Skipaðar 10 fastanefndir. Yfir 100 manns mættir. Sig. Nordal prófessor flytur fyrirl. frá Lögb. um sögustaðinn; – ágætl. mælskur maður. Svo tekið til nefndarstarfa. Jeg var í mentamálanefnd. Meðnefndarmenn mínir: Ásg. Ásgeirsson kennaraskólakennari, Hallgr. Hallgrímsson sagnfr., Björn Guðmundsson kennari á Núpi og Snorri Sigfússon kennari frá Tjörn. –

Samvinna yfirleitt góð í nefndinni. Þessar voru tillögur nefndarinnar:

26.

1. Að eftirlit sje haft með undirbúningsfræðslu barna utan kaupstaða, með því að þau komi til lestrarprófs 1-2 árum fyrir en þau eru skólaskyld.

2. Að í stað farskóla í sveitum komi heimavistarskólar, með jarðnæði handa kennara á skólajörð eða nýbýli og sjeu þeir reistir smámsaman eftir því, sem reynslan sannar gildi þeirra. Börnunum sje skift í deildir og sje kenslutími hvers barns 3 mánuðir á ári. Lögð sje áhersla á verklegt nám, leiki og íþróttir.

3. Að skólaskylda í kaupst. nái yfir fleiri ár en í þorpum og sveitum (3:2).

4. Að koma upp minst þremur vönduðum unglingaskólum í sveitum í líkingu við Eiddaskóla og að unglingaskólavist, eða jafngild mentun, sje gerð að inntöku-skilyrði við sjerskólana: kennaraskóla, bændaskóla, sjómannaskóla o.s.frv.

5. Að komið sje upp minst einum til tveimur húsmæðraskólum í sveitum.

6. Að auka kennaraskólann, svo að hann fullnægi þeim kröfum, sem gera verður til góðrar kennaramentunar, einkum með tilliti til væntanlegra heimavistaraskóla. Sem fyrst sje komið á fót æfingaskóladeild við skólann og kent sje a.m.k. eitt heimsmál, auk Norðurlandamála. Rífl. styrkur sje veittur til utanfarar kennara, einkum til undirbúnings ungmennafræðslu.

7. Að styðja að því, að landið taki að sjer útgáfu kenslubóka handa börnum – heiti góðum ritlaunum fyrir vel samdar kenslubækur og selji þær við vægu verði.

8. Að styðja að því að hugmynd Sig. prófessors Nordals um þýðingar erl. snildarrita komist í framkvæmd.

9. Að bæta launakjör alþýðukennara og tryggja stöðu þeirra.

10. Að settir verði launaðir eftirlitsmenn með alþýðufræðslu.

11. Að lærdómsdeild sje bætt við gagnfræðaskólann á Akureyri, sem veiti einkum kenslu í náttúrufræði og stærðfræði og sje skólinn fluttur aftur í sveit.

12. Að ríkið auki fjárfstyrk til Háskóla Íslands og efli hann og bæti á allan hátt.

Björn Guðmundsson hafði framsöguna og sagðist honum viðunanlega. Umræður urðu all-miklar. Ágreiningur sjáanl. tölur. Vildu sumir byggja miklu meira á sjálfsnámi og heimilisfræðslu, en nefndin. Sumum þótti og nefndin ganga helst til langt, þótt þeir viðurkendu nauðsynina, en stakkurinn væri ekki sniðinn eftir vexti. – Tillögumun vísað aftur til nefndarinnar, er taki þær á ný til athugunar í samráði við allsherjarnefnd.

27. Tillögum þessum var allmikið breytt síðar af mentamálanefndinni, samkv. umræðunum, en andi þeirra náðist þó að mestu, nema slept var öllu dótinu um gagnfræðaskólann og Háskólann.

Fundurinn úti í dag um hádegi. Stefnuskrá fyrir flokkinn að fullu samin. Skoðanamunur næsta lítill. Helst um barnafræðsluna og skattamálin. Fundurinn hinn ánægjulegasti. Frjálssar umræður í lokin og tóku margir til máls. Vonandi að fundur þessi marki tímamót í ísl. stjórnmálum. Flokkssamtökin þegar orðin mjög yfirgripsmikil. Mun flokkurinn reyna að hafa frambjóðendur í hverju kjördæmi.

Sjerstök nefnd hafði þau mál með höndum. Þar var þó ekki góð aðstaða, því ekkert kjördæmi hafði hafið undirbúning, nema Húnavatnssýsla.

Af stað heimleiðis um miðdegi. Enginn Norðlendingurinn samferða, – allir til Rvík, flestir á sambandsfund (Sís). Fór Uxahryggi og svo sveitir. Bjarni Ásgeirsson í Knarranesi var mjer samferða neðst ofan í Lundareykjadal. 4 klst. frá Þingvöllum að Gilstreymi, efsta bæ í Lundareykjadal. Að Varmalæk í kvöld og gisti þar. Myndarheimili. Sjerstakl. vel bygt. Á Varmalæk býr (að nokkru leyti) Kristín Jónatansdóttir frá Sr. Kroppi – skólasystir mín og maður hennar Jón Jakobsson. Kristínu hafði jeg ekki sjeð síðan 1910.

28. Frá Varmalæk, aflíðandi hádegi og náði háttum norður að Þóroddsst. – Hvíldi lengi í Fornahvammi. Aleinn.

29. Sunnud. 10. í sumri.

Fór einungis að Beinakeldu í kvöld. Þurfti að tefja á leiðinni, svo dagur entist ekki.

30. Heim í dag. Veðrið (yfirl.). Þurt veður og gott á leiðinni suður. Regn um fundinn. Kalsi og kraparegn á föstudaginn (27.). Norðan kuldastormur á laugardaginn. Sunnanátt seinustu dagana 2 og hiti. – Hjer nyrðra snjóaði í fjöll og á hálsa á föstudaginn.

Október 1919 – *Yfirlit*.

Nú er unnið að kappi að undirbúningi alþ.kosninga hjer í sýslu, og er mjög mikill hiti í baráttunni, svo annað eins mun ekki hafa þekst hjer fyr. Er baráttan aðallega um þá Þórarinn á Hjaltabakka og Jakob H. Línal. Viljum við fylgismenn „Tímans“ og flestir aðrir samvinnumenn hjer í sýslu vinna þingsæti Þórarins til handa Jakobi Línal. Er ómögulegt að segja um, hvernig úrslitin falla. Fylgja kaupmenn og kaupstaðarbúar nú einhuga Þórarni. Tel jeg líklegt að Jak. hafi í rauninni fult svo mikið fylgi, en ætla má að aldrei verði eins vel sótt af okkar hálfu, vegna staðháttanna. Fylgi G. Ól. mun mjög hafa vaxið og tel jeg engan vafa á, að hann sje viss með fyrri sætið. Tel jeg sennilegt að megin þorri allra Austur-sýslubúa hefðu gjarnan gefið honum atkvæði sitt, en eins og sakir standa nú, mun Eggert Levy kosinn hjer austur frá töluvert með Þórarni, því svo mikill eldur er nú í hugum manna.

Ganga rógmaelin nú sem eldur í sinu um sýsluna. Er lagt hið mesta kapp á að ófrægja Jak. Stöndum við ver að vígi til varnar, vegna þess að Jak. er hjer enn lítið þektur af almenningi eins og að líkum lætur, þar sem hann hefir enn dvalið hjer skamma stund. – Mikið vandræðamál eru þessar kosningar fyrir margra hluta sakir. Kosningarjetturinn er sannarlega tvíeggjað sverð.

18. apríl 1922 – *Sambandsmál.*

Sunnanvindur og ágætis hláka. Fundur settur í S.A.H. snemma morguns. Stjórnarnefndafundur áður. Alt komið í eld í fjelaginu. Mjög mikill hluti fulltrúa mun vilja segja S.A.H. úr Sambandinu. Stjórnin tók þegar í byrjun ákveðna afstöðu með rökstuddri tillögu, sem við lögðum fram í fundarbyrjun. – Jón á Undirfelli aðalkrafturinn í andstæðingaflokki. Jón Pálmason sveik þegar í byrjun við nefndarkosningu í Sambandsmálið. Jeg segi sveik, þar sem deildarfundur okkar hafði samþ. ákveðna tillögu um að vera í Sambandinu, en Jón kys þegar með andstæðingunum. Skammaði jeg Jón þegar einslega fyrir framkomuna. Ef hugur hans var horfinn frá Sambandinu, þá var honum skylt að kveðja til fundar áður en hann fór á aðalfund, a.m.k. hafði hann tækifæri til þess að hafa opinberlega tal af deildungum. Guðmann Snæringss. fór sömu götuna og J.P. – Þriðji fulltrúi okkar í S.A.H. Jóhannes á Svinavatni gallharður Sambandsmaður. – Horfurnar með samvinnu í fjelögunum mjög óvænlegar. Hreyfing mun einnig með að segja K.H. úr Sis. –

Aðalfundur K.H. einnig settur í dag á Geitaskarði. Nefndarstörf og annað ekki. Jeg átti að mæta sem fulltrúi frá K.H., en get ekki setið á fundi, nema í dag. Síra Björn mætti því í minn stað (varafulltrúi).

Frjettir slæmar af afurðasölunni og eykur það eldinn. Annars þykist jeg sannfærður um að kaupmenn hafi ekki selt betur, en nú vilja þeir leggja tölu. í sölurnar til þess að lama samvinnufjelögin, eða e.t.v. að koma þeim á hnje. – Á þessum erfiðu tímum veitti ekki af að samvinnumenn gætu staðið vel saman, því ef það er nokkuð sem bjargar út úr ógöngunum, þá er það samvinnuhugsjónin í framkvæmd. Því miður liggja hjer sjerstakar einkaástæður til óánægjunnar. Jón Hannesson hefir lent í útistöðum við Sis, fyrst á Sambandsfundi í fyrra og svo í blöðunum og er orðinn af því fullur fjandskapur frá hans hendi. Stjórn málaandstaða ýmissa kaupfjelsmanna við Tímam bætist þar við, en svo hefir þessum mönnum einnig tekist að safna um sig nokkurum ákveðnum Tímamönnum eins og t.d. Kristj. Reykjum og Sigf. Hólum. Ef til vill verða úrslitin þau að fjelögin klovna og væri hörmulegt til þess að vita, en óvíst er þó hvort heppilegra væri, eða úrsögn úr Sis, því að jeg óttast þá mjög, að fjelögin leysist upp á eftir.

25. apríl 1922 – *Sveitarsjórnarmál.*

Hvað skyldi nú verða um fræðslumálin að vetri? Nú er áreiðanlega eitthvað að slá í baksegl, fjárhagsvandræðin draga úr. „Sparnaðartillögur“ þingsins slá á sama strenginn. Síra Stefán gengur nú berserksgang á móti fræðslulögunum. Í húskveðju eftir Mjóadalshjónin sýndi hann þeim fullan fjandskap. Annars er þetta ekki nýtt að hann skammi fræðslulögin og núv. barnafræðslu í tækifærisræðum, það var ekki annað en sem maður átti stöðugt að venjast áður fyr, en um tíma hafði hann mjög hægt um sig, þangað til nú í vetur, að hann fjekk nýja íkveikju, þar sem umræðurnar á þingi voru og blaðagreinar. Vonandi hefir þó karlinn engin, eða lítill áhrif. Hitt óttast jeg meir, að flokksandstaða mín hjer í sveitinni hafi einhver áhrif því þó ótrú-

legt sje, þá er nú svona komið, að sveitarbúar skiftast nú orðið í 2 flokka um flest mál. – Kapp verður sennilega í kosningunum í vor (hreppsnefnd, fræðslunefnd og sýslunefndarmaður). Hreppsnefnd hefir ákveðið að hafa allar kosningarnar leynilegar. Jeg óttast, að Jón Pálmason hugsi sjer að reyna að ná sýslunefndarmanninum af Jóni í Stóradal, en jeg trúi naumast að svo hrapallega geti tekist til. Það má svo heita að fjandskapur sje á milli þeirra frændanna. Utansveitarmenn munu og róa í Jóni Pálmas., því að Þórarinsmönnum mundi ekkert koma betur, en að Jón í Std. fjelli við þær kosningar. Jón Pálmason mun hafa verið aðalmaðurinn við það að koma J. Std. úr stjórn K.H. í fyrra. – Mun Jón Pálm. nú ætla sjer að ná meirihluta í hreppsnefndinni. Sennil. ætlar hann sjer að koma að Eyþór Hamri, Jóh. Holti og Eiríki I. Jótsh. – Jeg enn ekki að fullu ákveðinn um menn, en mun hugsa mjær að vinna einungis fyrir 2 menn, enda er þá meiri von um að koma þeim báðum að. Vildi gjarnan að Bj. Stef. yrði oddviti. Þá mun sennil. vera lagt fram á að fá breytingu í fræðslunefnd. Jeg verð sæmil. ánægður, ef jeg get látið J. Std. sitja áfram, hvað sem hinum líður. – Jeg er ekki ánægður með J.P. sem oddvita hreppsnefndar. Fljótfærnin höfuðgallinn, svo er hann alls ekki velviljaður ýmsum áhugamálum mínum, t.d. fræðslumálum og vegamálum. – Komið myrkur. Hætti þessu masi.

12. nóvember 1923

Dýrtíðarspjall. – Hvar sem lítið er, hvert heldur er á hag einstaklinganna, ríkisins eða fjelagsfyrirtækja, verður ið sama uppi á teningnum: að in síðari árin hafa skuldir vaxið hröðum skrefum. Ríkissjóður er kominn í margra miljóna króna skuld við útlönd, og gera tekjur ríkissjóðs lítið meir en borga vöxtu skuldanna og umsamdar afborgarnir og laun embættismanna. Fer þá að verða alvarlegt ástandið, ef ekkert verður eftir til verklegra umbóta. Útlitið er alvarlegt, og illa hefir verið haldið á spilunum, en um það skal ekki rætt nú. Engin von er umbóta, nema að stefnubreyting verði hjá þjóðarbúinu og einstaklingunum. Breytinga er naumast að vænta af hálfu ríkisvaldsins, nema betri skipun komist á þingið. Við þurfum að fá hreina þingræðisstjórn. – Tvö eru úrræðin og verða bæði að fylgjast að: Meiri sparnaður og aukin vinna. – Hjer dugir ekkert kák. Ríkið og einstaklingarnir verða að leggjast á eitt. – Um sparnaðarmálin er það að segja að þau hafa tvær hliðar, aðra inn á við og hina út á við, og ríkisvaldið verður að skifta sjer af þeim báðum. Sparnaðurinn inn á við á að koma fram í, að takmarka útgjöldin, sem framast má verða, en út á við með að flytja ekki inn aðrar vörur, en landið getur ekki án verið. – Um síðara atriðið ríður sjerstaklega á almennum samtökum landsbúa, en ríkisvaldið þarf einnig að koma þar til aðstoðar, og er þá tvent fyrir hendi: innflutningshöft og verndartollar.

20. nóvember 1923

Hólaunnáll. Mig langar mjög til þess að færa annál fyrir Hóla, árl. skýrslu um það helsta, sem gert er á jörðinni. Bók sú þyrfti helst að byrja á sögulegu yfirliti.

En um hvað er þar að ræða? Prestatal og máldagaskrár, Jarðabók A.M., fasteignamatið nýja, opinb. skýrslur síðari ára. Býst naumst við að geta aflað þessara skýrslna á næstunni og verði því að byrja á fasteignamatinu. Um hina árl. skýrslu þetta: Nákvæm lýsing allra umbóta, heimilisfólkið, fjenaður og afurðir. – Annáll þannig lagaður, ætti að geta haft töluv. menningarsögulegt gildi og auk þess e.t.v. geta orðið nokkur hvöt til umbóta.

Sparnaðarmálin. Skuldir ísl. þjóðarinnar eru taldar um 60 milj. kr. Það er mikið fje fyrir jafn fáment þjóðfjelag og vort. Þetta verðum við alt að borga áður en langir tíma líða. Til þess þurfum við að vinna og spara frekar en verið hefir. Við þurfum að draga úr aðflutningi til landsins að miklum mun. Fyrir þessu þarf að verða sterk lifandi þjóðartilfinning. Hver einstaklingur þarf að finna hjá sjer köllun, til þess að koma fjármálum þjóðarinnar í betra horf. – Fræðslustarfsemi í þessa átt alveg nauðsynleg. Hjer er mikið verkefni fyrir blöðin. Hvað er þá hægt að spara af því sem inn er flutt? Kornvöruna eitthvað með aukinni matjurtarrækt. Þá er munaðarvaran. Hörmulegt hve miklu er eytt í tóbak. Kaffi og sykureyðslu mætti og eitthvað takmarka. Innflutning á erlendri vefnaðarvöru mætti stórum takmarka með auknum ullariðnaði, og ríður þar sjerstakl. á að leggja áherslu á heimilisiðnaðinn. Ýmislegt glingur ætti alveg að hverfa.

6. desember 1923

Kosningaspjall. Frjettir eru fyrir nokkuru komnar úr öllum kjördæmunum um kosningaúrslitin. Framsóknarflokkurinn hefir ekkert unnið á, en hann hefir þó miklu valdara lið en áður. Þess var naumast að vænta að flokkur ynni á núna, eins og alt var í pottinn búið. Nú er það gamla sjálfstæðisbrotið, sem verður lóðið á metaskálina. Sennilega fær Morgunblaðsflokkurinn þar þá viðbót, sem honum dugir til þess að geta myndað þingræðisstjórn. Hann fer þá með völdin algerl. á eigin ábyrgð næsta kjörtímabil. Það er þó betra en núverandi skipulagsleysi. – En í reyndinni munu andstæðingarnir vera illa samstæðir, svo að óvíst er hvernig samvinnan gengur. En jeg vil hreina andstöðustjórn mikið frekar en glundroðann á undanfarandi þingum. Þá ættu að geta orðið hreinar línur og ábyrgðartilfinningin að verða ríkarí. – En hverjir fara nú með stjórnina? Morgunblaðsliðið þarf að láta Sig. Eggerz hafa eitthvað fyrir fylgdina. Ef til vill verður hann ráðherra áfram, eða hann fer í Íslandsbanka. Eggerz er pólitískur reyfari, en ætli hann komi nú ekki samt næst á landkjörlista hjá Mogga?

28. janúar 1924

Frá dularheimi. Enginn vafi á, að við mennirnir fáum stundum fyrirboða einhversstaðar utan úr tilverunni um óorðna hluti. Jeg hefi ábyggilega fengið stundum þannig löguð skeyti í draumi. Nóttina eftir að Sigurjón veiktist dreymdi mig þannig heim, að jeg hugði eitthvað vera að. Mjer fanst jeg koma inn í suðurhúsið heima.

Anna lá uppi í rúmi, en rúmið sneri öfugt við það sem venja er til og það var óvenju lágt og kúldurslegt. Jeg fann það þegar, að það amaði eitthvað að henni, en þó virtist mjer hún ekki vera verulega veik. – Þegar Sigurjón veiktist var járnúmið flutt úr suðurhúsinu og norður í hinn endann og búið um Sigurjón í því. Eftir það var einungis flatsæng í suðurhúsinu. Þar svaf Anna og sneri höfðalagi öfugt við það sem áður var. Jeg fór ekki úr fötum fyrstu næturnar eftir að jeg kom heim. Nóttina eftir að læknir var sóttur í fyrra sinn svaf jeg þó alla og þá í suðurhúsinu hjá Önnu. Þá hafði læknir sagt okkur, að engin von væri um Sigurjón. Anna var þá eins og vonlegt var ákaflega sorgbitin og grjet hún um stund við barm minn. Draumurinn kom svo sem þarna fram. – Næturnar áður en jeg fjekk frjettir af veikindum Sigurjóns svaf jeg og óvenju illa og þráði jeg venju fremur að komast heim. Mjer þykir ekki ósennilegt, að það hafi stafað af áhrifum að heiman.

8. febrúar 1924

Svínavatnshreppur. Út í frá mun Svínavhr. hafa orð á sjer fyrir auðlegð og framfarir, enda var hreppurinn um tíma einhver best stæða sveitin í sýslunni, og um eitt sinn voru Svínvetningar frumkvöðlar á búnaðarmálasviðinu. En nú er hjer áreiðanlega um afturför að ræða. Búskapurinn er verri. Minna er hjer um efnamenn en áður var. Orsökina að nokkru leyti sennilega breytt búskaparlag. Fráfærur og sauðaeign átti hjer vel við, sökum landrýmis og landkosta. En trúður er jeg þó á, að hreppurinn eigi góða framtíð fyrir höndum. Hjer þarf að leggja áherslu á túnræktina. Það er aðalatriðið. Markið: að lifa sem mest á ræktuðu landi. – Væri hægt að stækka túnin svo um munaði, yrði aðstaðan hjer góð við sauðfjárrækt með annað eins landrými og landkosti. – Beitilandið þolir stórum aukinn bústofn. Aðalmeinin núna er að áhugamennirnir eru of fáir. Þetta eru ekki nema fáir menn, sem vinna nokkuð að umbótum. Áhugann vantar. Það þarf að vekja hann. – Hjer væri verkefni fyrir sveitarblað.

14. febrúar 1924

Spunavjeler. Vatnsdælingar nokkurir fengu sjer spunavjel í hitt eð fyrra. J.H. lætur ágætlega af reynslu þeirra. Önnur spunavjel er í Engihlíðarhreppi. Þyrfti hið bráðasta að koma vjel í hverja sveit. Væri sennilega heppilegast að einn maður færi þó með vjelina í fyrstu, meðan að lag er að komast á vinnubrögðin. Vjelarnar vonandi lyftistöng fyrir heimilisiðnað ullar. Mikil framför hefir orðið nú á síðari árum um heimilisiðnaðinn, þó að skamt sje vegar komið enn, hjá því sem nauðsyn ber til. En aðalatriðið er, að áhuginn er alment vaknaður, og þá er von umbóta. – Nú þykir ekki lengur ófínt að ganga í íslenskum fatnaði. Hugsunarhátturinn er að breytast. Kreppan mikla er smám saman að reyta af okkur tildrið og spjátrungsskapinn. Og ný endurreisn er þegar hafin.

15. febrúar 1924

Í dag er alþingi sett. Býð með óþreyju frjetta. Jón Std. talaði nýl. (mánud.) við Tryggva Þórh. Allir þingmenn þá fyrir nokkru komnir. Mikil fundarhöld til undirbúnings. Óvænlega lítur út með stjórnarmyndun. „Borgaraflokkurinn“ þríklofinn og munu öll flokksbrotin hafa leitað til Framsóknar um stuðning við stjórnarmyndun en hún gefið afsvar sem vænta mátti. Björn Líndal kvað hafa flokk um sig, sennil. kaupmennirnir, þá Sig. Eggerz sjálfstæðisbrotið og svo er víst „bændadeild Mogga“. – Engan þurfti að undra, þó að samvinnan næði ekki lengra hjá þessu liði en til kosninga, en pólitískt hneyksli er það samt, ef þeir geta nú ekki tekið við stjórnartaumunum, því að nú eiga þeir að bera ábyrgðina óskifta.

18. febrúar 1924

Rithátturinn. Í umsögn minni hjer að framan í útsvarskærumáli J.J. er jeg á einum stað hálf ókurteis. Það er setningin: „að svo gætinn maður og með jafn næmri ábyrgðartilfinningu (!) og oddviti, skuli hafa komist að þessari niðurstöðu“. Þetta á auðvitað að vera skens. En J.P. gaf tilefnið í umsögn meirihlutans, þar sem hann notaði þess konar rithátt nokkurum sinnum í garð Jóns í Stóradal. J.P. sýndi mjer uppkastið, og vakti jeg þá athygli hans á þessu. Taldi slíkt ósæmilegan rithátt hjá stjórnarvöldunum. Vonaðist jeg til að hann breytti til, en af því hefir ekki orðið. – Með þessu sýni jeg honum, að hann meg þá búast við, að vegið sje að honum með sömu vopnum. Gæti það orðið til þess, að hann legði þannig lagaðan rithátt niður, þá væri tilgangi mínum náð. En e.t.v. hefir þetta þó verið rangt af mjer, því að um leið óhreinka jeg sjálfan mig.

19. febrúar 1924

Slæmur undirbúningur. Fræðslulögin áskilja að hvert barn 10 ára, þegar hin lögboðna fræðsla hefst, sje sæmilega læst og skrifandi. Mjög hefir vilja verða áfátt um framkvæmd í þessu efni. Mörg börn hafa komið inn í barnaskólana, sem aðeins hafa verið rjett stautfær, og enn fleiri hafa byrjað barnaskólavist sína, sem naumast hafa kunnað að draga til stafs. Þetta er hið mesta vandræðaeefni. Aðstaðan í barnaskólunum að öðru leyti nógu örðug, þó að þetta bættist ekki ofan á. Illa undirbúnu börnin njóta sín ekki við námið og tefja fyrir hinum. Hjer í sveit hefir þetta alls ekki verið í góðu lagi. Mörg börnin hafa komið inn í skólann, án þess að vera læs eða skrifandi, og útkoman hefir svo orðið sú, að sum þeirra hafa jafnvel farið svo út úr skólunum, án þess að vera almennilega læs. Í farskólunum er alls endis ómögulegt að kenna lestur, til þess er tíminn altof stuttur, tveggja mánaða námskeið á vetri. Börnin verða að vera orðin nokkurn vegin hradlæs, þegar þau koma inn. Þau verða að vera svo, að þau þurfi ekki að eyða nema eðlilegum tíma til lesturs námsbókanna. – Lestrartíminn í barnaskólunum á aftur á móti að vera til þess: að laga lestrarlagið og fá fegurð í lesturinn, en þó aðallega til þess að kenna málið.

20. febrúar 1924

Slæmur undirbúningur. Lestrarlag margra barnanna er afar slæmt. Sum syngja eða kveða við. Önnur draga seiminn. Þau gæta naumast merkja og auðvitað er ekki tiltökumál, þó að tilfinninguna vanti í lesturinn, því að það er vandlærð list. – Lestrarkenslu heimilanna í ýmsu áfátt. Alment að byrjað sje of seint að kenna lesturinn. Þetta er mikið nám og mörgum torsótt, og því sjálfsagt að hafa tímann fyrir sjer. – Óhætt að kenna að þekkja stafina börnum 4-5 ára, sjeu þau sæmil. vel gefin. En forðast verður fyrst í stað að halda þeim lengi við námið um sinn, því að þau verða afar fljótt þreytt. Betra að taka þau oftar. Má ekki lengra vera en 10-15 mín. Reyna að vekja hjá þeim áhuga. Það jafnan fyrsta atriðið, að nemandinn vinni störf sín af fúsum vilja. Byrja snemma, en gæta þess að ofþreyta þau ekki, eða vekja hjá þeim leiða. Meðan börnin eru að byrja, verður að veita þeim fulla athygli. – Leggja verður ríka áherslu á að þau nefni stafina með nákvæmlega rjettu hljóði. Íslensku máli stafar nú ákaflega mikil hætta af alls konar hljóðruglingi. Hljóðstöfunum „e“ og „i“ er ruglað saman og einnig „ö“ og „u“. Jeg hefi fengið í stíl m.a. setningu svona útlítandi: „Silurenn skreið öpp á skirið tel að sleikja sólskened.“ – Og þessi ófagnaður ágerist. Norðurland hefir til skamms tíma verið að mestu laust við þetta, en þessi sunnlenska pest leggur þó undir sig fleiri og fleiri heimili hjer hjá okkur. Öll börn frá sumum heimilum hjer í sveit virðast algerlega rugluð í hljóði þessara stafa, og jafnan er hægt að rekja áhrifin til Suðurlands. – Svo læra börnin málið, að það er fyrir þeim haft. Börnin læra málið af foreldrum sínum og öðrum sem þau umgangast, er þau vitkast. Þetta verða menn að hafa hugfast, og að því riður á að tala málið sem fegurst og hreinast. Þegar verið er nú að kenna börnunum að lesa, er sjerstakl. áriðandi að þau læri hljóðin rjett. Verður þá oft að æfa sjertakl. framburð ýmissa hljóða. Með því móti má kenna hverju barni hreinan og rjettan framburð. En fyrsta skilyrðið er auðvitað, að sá sem kennir barninu sje sjer alls þessa meðvitandi. –

Þá er hljóð ýmissa samhljóðanda einnig á ruglingi. Algengt er, að „k“ og „g“ sje blandað saman. Þá eru og hljóð stafanna „b“, „f“ og „v“ óglögg og á ruglingi.

Og leiðin til umbóta í þessu efni, er að talmálið sje vandað, og rík áhersla sje lögð á hljóðin, við lestrarkensluna.

21. febrúar 1924

Slæmur undirbúningur. Gæta verður þess vel að börnin lesi rjett, og umfram alt að herða ekki um of á þeim. Þá er lestrarlagið. Markið að fá lesturinn sem líkastan mæltu máli. Gott að æfa börnin í að segja sömu setninguna og þau lásu áður. Á þann hátt hægast að fá eðlilegan framburð. –

Þá er skriftin. Börnin þurfa að vera svo skrifandi þegar þau koma í skólann, að þau geti þegar byrjað á stílnagerð, annars engin von um að rjettritunin komist í gott horf. Sjálfsagt að láta börnin byrja snemma á að draga til stafs. En um fram alt að láta þau skrifa stutt í senn. Oft verður heimilunum það á að láta börnin byrja

of snemma á þriðja hefti forskr.bókar. Börnin komast ekki af án hjálparlínu fyrr en skriftin er orðin töluv. föst. Í barnaskólunum þarf meira að segja að nota hjálparlínu í stílabókum yngri barnanna. – Venja börnin á vandvirkni. Aðalatriðið að skriftin sje hrein og læsileg. Betra að skrifa stórt. Hægra að fela lýtin, þegar skriftin er mjög smá. Seinna, þegar æfing er fengin, má aftur smækka hana. Útflúr stórlýti og ber vott um sundurgerð.

3. mars 1924

Í hríðinni. Norðanpóstur lenti illa í hríðinni. Á fimtudaginn fór hann frá Víðimýri og 26 klst. var hann frá Valagerði og ofan í Svartárdal. Var að villast um fjallið og komst loks á föstud. ofan í dalinn á milli Hvamms og Skottastaða, óskemdur þó, nema á höndum og í andliti. En einum hestinum tapaði hann, og hefir hann ekki fundist eftir 2 daga leit. – Týndi hann honum í skafli, og hefir hann sjálf sagt fent. Það багаði póstin mest, að hann hafði ekki beisli við hestana, og gat því ekki ráðið við þá.

4. mars 1924

Bændatalið. Sje að jeg verð að hætta við það, a.m.k. í því formi sem jeg hafði hugsað mjer. En í þess stað er jeg í undirbúningi með að vinna ítarlegan fróðleik úr skattaskýrslunum, og byrja jeg næstu dagbók á því. – Haldi jeg áfram með bændatalið, verða skattaskýrslurnar alveg dregnar út úr, en læt fróðleikinn úr þeim koma allan í einu lagi.

6. mars 1924

Hreppstjórinn. Jeg hefi sagt af mjer hreppstjórastörfum frá n.k. fardögum. Sýslunefndin tilnefndi sem hreppstjóraefni: Jóhannes á Svínavatni, Pál á Guðlaugsstöðum og Jóhann í Holti. Jóhannes vel hæfur, en hinir naumast. – Kunni ekki við að hafa heimilisfang mitt lengur hjer fyrir vestan, þó að í sjálfu sjer sje ekkert óeðlilegt við það, þar sem jeg gegni hjer föstu embættisstarfi. En eðlilegast er þó auðvitað, að heimilið sje, þar sem konan er. Að vori flyt jeg mig því alveg heim til Önnu minnar. Sumir hjer álasa mjer þó fyrir þetta. – Einkennilegt við hreppstjóraútnefninguna, að gengið skuli fram hjá hæfustu mönnunum. – En svona eru hinir pólitísku flokkadrættir orðnir alvaldir í hjeradini.

14. mars 1924

Kvöldvakan. Mikil bylting hefir orðið á síðari tímum í þjóðlífi voru. Margt er til bóta, sem betur fer, og núverandi kynslóð stendur ólíkt framar en sú fyrri. En á sumum sviðum er þó um afturför að ræða. Í þjóðlífi voru hefir verið vor, en svo er

jafnan, þá er um mikla leysingu er að ræða, að ýmislegt verðmæti fer forgörðum. Ýmsir gamlir síðir og þjóðhollir eru nú afræktir og lítur helst út fyrir, að þeir ætli ekki að þola tönn tímans. En ýmislegt er það þó, sem nú er í litlum metum haft, sem enn má bjarga frá glötun, ef áhugi væri fyrir og nægur skilningur.

Eitt af því, sem sjerstaklega einkendi íslenska sveitalífið fyrrum, var kvöldvak-
an á veturna. Alt fólkið saman í einu herbergi og hver og einn við sitt starf. Iðja
og samstarf. En þá var einnig hugsað um bækurnar, a.m.k. á betri heimilunum.
Bókakosturinn lítill, en e.t.v. meira notaður en nú, og a.m.k. á hyggilegri hátt. Víða
var það reglan að einn las upphátt fyrir alt fólkið, og naut því alt heimilið bókarinn-
ar. Þetta hafði mikil menningarleg áhrif. Oft mun fólkið þá hafa talað saman um
hið lesna og því vanist dálítið á að dæma um menn og málefni.

Þessi góði og gamli síður má ekki deyta út. Við þurfum að endurvekja hann.
Nú er svo komið að á fáum heimilum er lesið upphátt að jafnaði. En auðsjeð er að
við það tapast mikið. Meiri tími fer til lestursins eigi alt fólkið að njóta. En svo
mun jafnan, að sumt heimilisfólkið fer alveg á mis við bækurnar. Fyrst og fremst
þeir sem óbókhneigðastir eru, en hið lesna orð hefði þó einhver áhrif getað haft á
þá. En svo er það sjerstaklega kvenfólkið. Almennast hefir það svo mikið að gera,
að lítt tími er til lesturs. (Svo má einnig segja um karlmennina, ef þeir nentu að
vinna). Kvenmanninum er þó ekki síður þörf fræðslu, en karlmanninum. Eitt er
enn. Enginn vafi á, að mörgum mannum er þörf á æfingunni að lesa upphátt.
Heima hjá foreldrum mínum hefir þessi síður haldist við. Marga kvöldvökuna las
jeg fyrir fólkið.

15. apríl 1924

Tungan og samgöngurnar. Tunga er kallað á milli Blöndu og Svartár. Báðar
árnar óbrúaðar og eru oft ófærar á vorin. Er þá alt hjeradið innilokað á milli þess-
ara vatna og gætu auðvitað hlotist líftjón af. Báðar árnar verða auðvitað brúaðar í
framtidinni, en þess getur orðið langt að bíða. Sjálfsögð umbót til bráðabirgða væri
að koma á kláf á báðar árnar eða aðra. Aðstaðan þannig, að um mikinn kostnað
þyrfti ekki að vera að ræða.

Þá eru póstsamgöngurnar slæmar í Blöndudalnum, austan ár. Brjefhirðing
á Æsustöðum. Aukapóstur gengur þaðan fram að Bergsstöðum og svo yfir í
Bollastaði. Aukapósturinn ætti auðvitað að ganga líka eftir Blöndudalnum. Að hann
væri skyldaður til að fara aðra leiðina um Svartárdal, en hina um Blöndudalinn.

20. apríl 1924

Íhaldsflokkurinn. Það var þá nafnið á nýja flokknum. Ja, jæja. Í tilkynning-
unni frá flokknum er ekki sjáanleg nein stefna, enda naumast að vænta að hún
sje til í jafn sundurleitu liði. En hvers ætli megi vænta af flokknum? Litlar verkl.
framkvæmdir, ljeleg lausn landbúnaðarmálanna, enginn sparnaður í embættis-

mannahaldi, auknir tollar. Frá þessum flokki naumast að vænta viðreisnar. – En flokksmyndunin er þó mikil framför frá því sem áður var. Nú má þess vænta að línurnar í ísl. stjórnámálum fari að smá skýrast. Illa byrjar flokkurinn með því að drepa stjórnarskrána, og er ólíklegt annað en að það rýri fylgi flokksins til mikilla muna.

5. nóvember 1924

Kossar. Eitt af því sem jeg undraðist mest þegar jeg kom upp í Bólsth. hr. voru kossar. Meðal kunnugra manna þar tíðkast naumast aðrar kveðjur. Hjer í Svínavhr. er sá ósiður horfinn að kalla.

31. desember 1924

Skemtisamkoma var haldin að Bólsth. í samkomuhúsinu mánudagskvöldið 29. þ.m., að tilhlutun þeirra Elísabetar á Gili og Sigurbjargar Æsust. Ágóðanum af samkomunni á að verja til styrktar fátækustu fjölskyldunum í hreppnum. Samkoman hófst með sálmasöng og ræðu í kirkjunni. Klemens í Hlíð flutti ræðuna, ágætt erindi um trúmál. Annað erindi flutti Rannveig Líndal kennari um Grænland. Töluverðan fróðleik var að hafa úr erindi þessu, en fremur var það illa flutt. Pá las Guðm. Jósafatss. í Austurhlíð upp kvæði eftir Örn Arnarson og Uppreisnina á Brekku. Kvæðið var vel lesið upp, en sagan miður, þó voru góð tilþrif með pörtum. – Á samkomunni var böglauppboð, og mun hafa komið inn um 150 kr. fyrir böglana. – Svo var auðvitað dansað og það fram á bjartan dag. –

Áramót 1924–1925: Hólaannáll¹

Forspjall. Í fyrra vetur skrifaði jeg um það í dagbókina, að jeg hefði í hyggju að færa nokkurskonar árbók fyrir Blöndudalshóla, þar sem árlega væri sögð saga jarðarinnar og ábúenda. Jeg hefi lengi haft þá skoðun, að hagkvæmt væri, að hver jörð ætti sjer þannig lagaða annálsbók. Hugmyndin er þó aðfengin. Þegar jeg var unglingur las jeg grein um þetta efni, að mig minnir í Fjallkonunni. Annálsritun á þennan veg, ætti að geta unnið gagn á tvennan hátt. Fyrst og fremst safnaðist á þennan hátt smám saman mikill sagnfræðilegur og hagfræðilegur fróðleikur, og í annan stað er ekki ósennilegt, að þetta gæti orðið all-rík hvöt til umbóta. – Heppilegast mundi fyrir mig að hafa sjerstaka bók fyrir þetta, en jeg hefi horfið frá því að minsta kosti fyrst um sinn. Mun jeg því færa Hólaannállinn inn í dagbókina í lok hvers árs.

1 Bjarni hefur ekki lokið að fullu við færslu annálsins og á stöku stað skilur hann eftir eyðu þar sem hann hefur væntanlega ætlað að bæta inn upplýsingum.

Húsbændur og hjú. Tvíbyli var á jörðinni eins og í fyrra. Höfðum við Sigurjón Jóhannsson tengdafaðir minn sína hálflenduna hvor. Ársfólkið var ekki annað en: jeg og kona mín og tengdforeldrar mínir og drengur, sem var í dvöl hjá okkur Guðmundur Dalberg Arason f. 1. jan. 1916. Var hann hjá Sigurjóni frá nýári til far-daga, en úr því hjá mjer. Guðmundur þessi er sonur Ara Einarssonar frá Kálfshamri og Oddnýjar Jónsdóttur á Auðkúlu.

Verkafólkið var því alt saman tímafólk, og skiftist það á árstíðirnar þannig:

Vetrarfólk frá nýári:

1. Sigurður Ingimar Arnljótsson, rúml. tvítugur, sonur Arnljóts Jónssonar á Blönduósi, vetrarmaður í fyrra til krossmessu. Hann hirti kýrnar, um 70 ær og sumt af hrossunum. – Sigurður þessi er sæmil. verkmaður, en óvanur fjárgæslu og ósýnt um það. –

2. Guðmundur Jósafatsson bóndi í Austurhlíð, gegndi fjárgæslu í veikindafor-föllum Sigurjóns. Góður hirðir. –

3. Anna Baldvinsdóttir, gömul kona í Finnstungu, var dálítinn tíma við tóvinnu og bæjarstörf í fjarveru Ingibjargar. Ágætt hjú. –

Vorfólk:

1. Valgerður Jóhannsdóttir frá Torfustöðum, var alt vorið frá krossmessu. Vann venjul. vorstörf úti við og innbæjar þess á milli.

2. Jón Guðmundsson á Ytrilöngumýri, miðaldramaður. Vann 16 daga við vall-arávinslu og torfristu. – Fremur afkastalítill verkmaður, en þægt hjú.

3. Herbert Jónsson á Akureyri, systursonur Ingibjargar, rúml. tvítugur. Kom 1. júní. Vann alls konar vorstörf.

4. Jóhann Sigfússon frá Torfustöðum, vann 15 daga við byggingu veggjanna að Hólanesshúsunum. Ágætur hleðslumaður.

5. Kristinn Árnason í Litladal, miðaldra maður. Vann 20 daga mest við torfristu og byggingar. Hann er ágætur verkmaður. Duglegur og vinnusamur.

Sumarfólk:

1. Valgerður Jóhannsdóttir (vor 1). Vann við heyvinnu allan sláttinn. Sæmil. duglegt og notagott hjú.

2. Herbert Jónsson (vor 3). Vann að heyvinnu allan sláttinn. Hann var óvanur sveitavinnu og erfiðisvinnu, og því auðvitað ekki fullkominn maður til verka.

3. Ingibjörg Levi á Heggstöðum, dóttir Páls heitins Levis á Heggstöðum, rúml. tvítug. Vann að heyvinnu allan sláttinn. Ágætt hjú: Kappfull, hirðusöm og skyldurækin, og vanst ágætl. öll verk. –

4. Ólafur Guðmundsson á Skagaströnd, rúml. þrítugur. Vann að heyvinnu í 4 vikur. Óvanur heyvinnu og ljelegur til þeirra starfa.

5. Friðfinnur Jónsson, trjesmiður á Bl.ósi. Vann ½ mánuð við smíðar (húsa-gerð).

6. Kristján Halldórsson trjesmiður á Bl.ósi. Vann 1 viku við húsasmíðar. –

Haustfólk:

1. Pjetur Pjetursson búfræðingur á Steiná, 18 ára. Vann allt haustið. Venjul. hauststörf, girðingar og skurðagerð. – Gott hjú.
2. Þóra Jóhannsdóttir Torfustöðum, um tvítugt. Vann ½ mánuð við sláturstörf.
3. Halldóra Halldórsdóttir frá Holtastaðakoti, um tvítugt. Vann 8 daga við sláturstörf.

Vetrarfólk til nýárs:

1. Pjetur Pjetursson (haust 1.) Skepnuhirðing.
2. Kristinn Árnason (vor 5.) Skepnuhirðing.
3. María Magnúsdóttir á Syðrilöngumýri, rúml. tvítug. Vetrarstúlka, kom 24. nóv.

Heilsufar. Fyrri hluta ársins mikil veikindi. Sigurjón lá mikla legu og var mjög hætt kominn. Lagðist hann 5. jan. í lungnabólgu og mun einnig hafa fengið snert af heilahimmubólgu. Taldi læknir hann alveg af. Eftir hálfsmánaðar legu snerist sjúkdómurinn til betri vegar, þó að batinn væri mjög hægfara. 7. febr. var hann fluttur til sjúkralegu á Blönduósi. Rúmri viku síðar fór hann að hafa fótavist. 3. mars kom hann heim aftur, þá sæmil. hress, en mjög þróttlítill. Minni tapaði hann mjög og einnig töluvert sjón. – Mikið vantar á, að Sigurjón hafi enn náð sjer, enda ólíklegt að hann geri það nokkurn tímann. Vinnu þolir hann auðvitað miklu ver en áður. Í sumar gat hann lítið gengið að slætti. –

Konan mín lá hálfsmánaðarlegu (8.-20. apr.) í apríl. – Um þau veikindi er nákvæml. skrifað þá í dagbókinni. –

Heilsufar mitt gott eins og að undanfögnu, þó hafði jeg dál. þvingun af liðagigt í votviðrunum í sumar. –

Verkafólkið sumt mun hafa fengið snert af mænuveikinni í vor og sumar, þó að alt slyppi það vel frá því: Uppsala og hitaveiki og 1-3 daga lega. –

Þrisvar kom hjeraðslæknir hingað í sjúkravitjun og helmingi oftár hefir hans verið vitjað. Lækniskostnaður því töluv.

Tíðarfar. Veturinn ákafl. gjafarfrekur sökum jarðbanna vegna svellgadds. Fjeð stóð við fram á vor. Öll hrossin líka meira og minna inni. Hey gengu því mjög til þurðar. –

Vorið kalt, en þurt. Gadd leysti því seint úr jörðu og hindraði mjög vorstörf. –

Sumarið kalt og úrfellasamt. Grasspretta því í minna en meðallagi. Hey hröktust, sjerstakl. taðan. Haustveðráttan óstöðug og úrfellasöm. –

Indælis veðrátta svo til nýárs. Spiltist að vísu rjett fyrir jólin. Lömbum fyrst gefið 15. des. og fullorðnu fje um jólin. –

Eignin. Set hjer eftirrit af eignaframtalínu til skatts. Eignin miðað við 31. des. – Frá eru þá dregnar ærnar, sem jeg misti í hríðinni 8. febr. '25. –

½ Blöndudalshólar	Kr. 2500
Búfje “	8611
Vjelar og verkfæri o.s.frv. “	500
Verðbrjef (Eimskip 50. S.A.H. 10) “	60
Innstæður “	720
Húsgögn o.fl.	<u>“ 300</u>
	Kr. 12691

<u>Búfje</u>	
2 kýr ^{325/-}	Kr. 650
3 hestar ^{230/-}	690
3 hryssur ^{150/-} “	450
1 trippi á 30. “	125
2 trippi á 20. ^{100/-} “	200
107 ær ^{55/-} “	5885
2 hrútar ^{65/-} “	130
13 lömb ^{37/-} “	<u>481</u>
	Kr. 8611

Innstæður. Um 200 kr. í sparisjóði og rúmar 90 kr. í Stofnsj. K.H., hitt inneignir í K.H. og S.A.H.

<i>Skuldir.</i>	
1. Kirkjujarðasjóður	Kr. 2274
2. Katrín í Stóradal	“ 1800
3. Sigfús Bollast.	“ 400
4. Ólafur Litladal	<u>“ 200</u>
	Kr. 4674

Fyrsta skuldin er veðskuld, fyrir hinum er ekkert veð. –

Hagurinn. Skuldlaust á þá að vera hjá mjer eftir þessar kr. 8017.00. Jörðin er áreiðanlega meira virði en matsverðinu nemur, ekki síst þar sem við Sigurjón höfum þó gert þar nokkurar umbætur. – Raunverulega eign mín er því áreiðanlega fult þetta eins og nú stendur. –

Eign Sigurjóns er samkvæmt skattaframtali alls 13627 kr. Á þessu hvílir 3100 kr. skuld. Hrein eign er því 10527. –

Búfje er 80 ær, 2 hrútar, 11 lömb, 1 kýr, 1 kvíga, 6 hestar, 3 hryssur, 1 trippi á 2 v., 1 folald.

Tekjur og gjöld. Hjer kemur eftirrit af framtali mínu til tekjuskatts.

Aðalskýrslan

Tekjur

Kennaralaun (300+100+208)	Kr. 608.00	
Fæði og hlunnindi kennara	“ 345.80	
Hreppstjóralaun ^{5/} ₁₂ af ári	“ 52.00	
Mismunur landbúnaðarskýrslu		
Vextir	“ 12.00	
Matreiðsla og þjónustu fjölsk. (1½ m)	“ 195.00	
Tekjur alls kr.		

Frádráttur

Skuldavextir	268.00	
Skattar og gjöld: útsvar 165 kr. fasteignask.	6.90	
tekjusk. 23 kr. eignask. 1.50	196.40	
Iðgjöld af lögboðinni pers. tryggingu	28.00	
	Kr. 492.40	

Landbúnaðarskýrslan

Tekjur

4000 l. mjólk ^{0/} ₃₀	1200.00	
124 lömb ^{28/} ₋₃₄₇	2.00	
2 kálfar ^{15/} ₋	30.00	
150 kg. ull ^{5/} ₆₀	840.00	
1 tu. gulrófur ^{15/} ₋	15.00	
1½ tu. kartöflur ^{25/} ₋	37.50	
Húsnæði og heimafengið eldsneyti.....	130.00	
Fóður 1 hests (Kristins – Gráni)	50.00	
Af sölu 1 hests (Önnu – rauður)	140.00	
Uppeldi 4 hrossa ^{25/} ₋ og 32 kinda ^{12/} ₋ 484.00		
Húsab. og jarðabótavinna	130.00	
Tóvinna	20.00	
Samt.	Kr. 6548.50	

Gjöld

Kaupamaður í 4 vikur	168.00	
Kaupakonur í 18 vikur	450.00	618.00
Karlm. um annatíma 278 d.	142.00	
Kvenm. um annatíma 133 d.	132.00	274.00
Fæði unglings í 162 d. ^{1/} ₂₅	202.50	
Fæði karla í 306 d. ^{1/} ₅₀	459.00	
Fæði kvenna í 259 d. ^{1/} _{25v} m	323.75	985.25
Hlunnindi hjúa	80.00	
Hestfóður í kaupgjald	50.00	

Fyrning húsa 8 kr., 4 eignal. 30 kr. brúkunarh.
 Fyrning á 1½ m kú
 Fyrning á 102 ám
 Fyrning á 4 brúkunarhrossum
 Ýmisli.: Baðlyf 15 kr., bóluefni 4 kr., bolatoll. 10 kr.,
 hestjárn 15 kr., amboð 20 kr., hagaganga 24 kr.,
 hundsfóður $\frac{7}{12}$ úr ári, 60 kr. greidd fjallsk.

Samt kr. _____

Kaupgjald

Sigurður Arnljótsson frá nýári til krossmessu 135 daga

	kaup fært á f. skýrslu	
Sami	5 daga á vori	kr. 15.00
Kristinn Árnason	23 “ “	“ 67.00
Sami	68 “ á vetri til nýárs	Hestfóður
Ólafur Guðm. son	28 “ við heyvinnu	kr. 168.00
Pjetur Pjetursson	47 “ á hausti og vetri	“ 60.00
Valg. Jóhannsd.	127 “ á vori og sumri	“ 325.00
Ingibjörg Levi	70 “ “	“ 235.00
Póra Jóhannsdóttir	14 “ á hausti	“ 12.00
Halldóra Halldórsd.	10 “ “	“ 10.00
María Magnúsd.	38 “ á vetri	

Ekki samið enn um vetrarkaup.

Úr teknaskýrslu Sigurjóns

2000 l. mjólk $\frac{0}{30}$	kr. 600.00
97 lömb $\frac{28}{50}$	2764.00
1 kálfur	15.00
2 folold $\frac{50}{-}$	100.00
115 kg. ull $\frac{5}{80}$	667.00
1½ tu kartöflur $\frac{25}{-}$	37.50
1 tu gulrófur	15.00

Kaupgjald Sigurjóns

Guðm. Jósafatss.	70 daga á vetri til nýárs	kr. 100.00
Anna Baldvinsd.	25 “ á vetri frá nýári	—
Guðrún Þorvd.	15 “ “ “ “	10.00
Sig. Jónsson	20 “	—
Jóh. Sigf.	15 “ á vori	40.00
Jón Guðmundsson	16 “ “	40.00
Herb. Jónsson	51 “ “	70.00
Sami	67 “ á sumri	370.00
Pjetur Pjetursson	47 “ á hausti og vetri	60.00

Heyvinnan. Sökum vorkuldanna spratt jörð afar seint. Sprettan varð töluv. lakari en í meðallagi, sjerst. túnið. Á enginu var munurinn að vísu mikill frá því í fyrra, en þá var líka sjerst. vel sprottið. Hið rakara af enginu var all-vel sprottið, en vallengið ljelegt.

Heyskapartíminn var stuttur, ekki nema um 9 vikur.

Fremur var tíðin óhagstæð til heyskapar. Um miðjan túnaslátt brá til votviðra. Nokkur hluti töðunnar hraktist því mikið, og eins töluvert af útheyinu, þar sem slegið var fyrst. Síðari hluta sláttar náðust hey nokkurn vegin verkuð. Engið var svo blautt, að stöðugt varð að binda votaband og mun það sjaldgæft í Hólum, að ekkert sje þurkað í engi. Tafði það töluv. vinnu og eins fór f. hl. sumars ákafl. mikill tími til einskis við heypurk.

Heyfengurinn var 209 h. taða og 472 úthey, eða alls 681 h. Er það minna heymagn en í fyrra, en þó var meira lið við vinnu, en hvort tveggja var, að gras var miklu minna og tíminn styttri. – Að heyskapnum unnu auk mín: Herbert Jónsson allan tímann frátafalítið, þó mun hafa gengið úr hjá honum alls um 1 vika. – Óvanur heyskap, og því alls ekki fullkominn maður við þá vinnu. 2 kaupakonur (Ingibj. og Valg.) allan tímann. Báðar fremur dugl. – Auk þess kaupamaður í 4 vikur – Ólafur Guðmundsson – mjög ljelegur. Sigurjón vann töluvert að heyskap. Hann sló þó sama sem ekkert á túni, en s. hl. engjalsláttar sló hann jafnan eitthvað, en þoldi það þó illa. Svo var og konan mín töluvert úti. – Eftirtekjan því alls ekki nema í meðalagi. Heyskýrslan er á bls. 82 þessarar dagbókar. –

Garðræktin. Í Hólum mun aðstaðan fremur góð við garðrækt. Garðhola var í hólnum út og niður, þegar við Sigurjón komum á jörðina. Jeg setti mjer þegar að auka garðyrkjuna. Í vor jók jeg því garðinn í hólnum. Þar voru settar niður 48 **℔** af kartöflum er gáfu 3 tu. uppskeru. Nánar um kartöfluuppskeruna á bls. 86 þessarar dagb.

Þá gerðum við nýjan garð fyrir sunnan bæinn. Þar var sáð rófum. Garðurinn er lítill. Uppskeran var 2 tu.

Yfirleitt spruttu matjurtir illa á þessu sumri. Það voraði seint og illa. Svo komu og frost snemma. Uppskeran mun því víðast hvar hafa orðið fremur rýr, sjerstakl. á gulrófum. Uppskeran á rófum sæmil. eftir því sem gerðist hjer í kring. –

Tók frá 100 **℔** til útsæðis. Það og nokkuð af kartöflunum, sem ætlað er til manneldis grafið ofan í Suðurskálagólfið. –

Garðræktin þarf að komast í það horf, að hægt sje að hafa garðmat alt árið. Á þann hátt mætti nokkuð takmarka kornvörukaupin. Kartöflur þurfa að vera á borðinu með hverjum meðdegisverði. –

Engin girðing er enn um hólgarðinn. Að ári hefir Ól. bróðir minn í hyggju að stunda kartöflurækt hjá mjer. –

Fjenaðarhöld. Lömbin (gempl.) veiktust af lungnaormaveiki s.p. vetrar, drápuð 3 um sumarmálin, en þá var sprautað inn í barkann á þeim meðali, samkv. fyrirsögn

Sig. Hlíðar dýralæknis. Mörg voru þó hætt komin, en ekkert þeirra fórst þó eftir það. Það sem af er þessum vetri, hefir ekkert borið á gimbrunum, og virðist þeim hafa albatnað ormaveikin. Jeg misti 2 ær úr bráðapest s.p. vetrar. Frekar bar ekki á pestinni. – Lambahöld á vori voru ágæt. Övenju margt tvílembt og sem ekkert fórst af lömbum, en jeg átti ær algeldar. 24 lömb fjekk jeg af fjalli í haust um fram ærtöluna, en 6 lambgimbralömb áttu að vera á fjalli og því í þeirri tölu. Einni rollu mun jeg hafa tapað í vor. Hefir hún sennil. farist í Blöndu.

Eina hryssu átti jeg fylfulla, þrevett trippi. Drapst folaldið undan henni, komst aldrei á legg. –

Fjed var yfirleitt í ágætu lagi á vori, nema sumt af ánum, sem fóðrað var fram í Austurhlíð. Þar átti Sigurjón 40-50 kindur á heyi, sem hann átti þar eftir. –

Hrossin voru misjafnari. Trippin mín gengu of lengi vestur í Litladal, og varð því sumt þeirra of horað, sjerstakl. Höllust. Brunka, þó voru þau öll svo sem í viðunandi holdum. –

Umbætur. Töluvert áunnist í því efni á árinu. Vegna þess hve klaka leysti seint úr jörðu byrjuðu vorstörfin seint, en heyvinnan byrjaði líka seint, svo að tíminn varð sæmil. langur við vorstörfin. Að byggingum var líka unnið dál. á slætti. – En haustið varð sjerstakl. drúgt í skiftum, að því er útivinnuna snerti. Var hægt að stunda útivinnu fram á jólaföstu. Um veturnætur fraus jörð að vísu mjög, en þiðnaði aftur og hjelst þá jörð þíð, svo að vikum skifti. Kom það sjer ágætl. vel hjá mjer, þar sem voru 3 karlm. með Sigurj.

Vinnuskýrslu hjelt jeg ekki, svo að jeg get ekki sagt nákvæml. hvað mikil vinna fór í umbætur. Á skattaskýrslum okkar Sigurjóns er talið 130 kr. hjá honum í húsabætur og jarðabætur. Hygg jeg það frekar fulllágmetið en hitt. Sú tala var sett í samráði við skattaneftnd eftir þeim upplýsingum, sem jeg gat gefið henni. En sú vinna mun alment vantalin til skatts hjá bændum.

Umbæturnum má skifta í 3 flokka: Jarðabætur, húsabætur og girðingar. Jarðabæturnar: Túnasljettun, skurðagerð og garðyrkja.

Jarðabætur. Að túnasljettun var ekkert unnið fyr en í haust eftir veturnætur. Var þá sljettaður 460 m² blettur neðan í bæjarhólnum. Lokræsi er í sljettuna 18 m. langt og opinn skurður var gerður sunnan og neðan við hana 12 m. langur. Gerðir voru vörslu- og framræsluskurðir á Hólanesi, skurður ____ m. langur ofan nessins í Blöndu og annar skurður ____ m. langur beint ofan til árinna á móti merkjum Höllustaða og Syðrilöngumýrar. Var byrjað á báðum skurðunum í vor, yfirstungan þá tekin og mokað upp úr syðri skurðinum. Í haust var mokað að miklu leyti upp úr hinum. Ekki er enn gengið frá skurðum. Töluv. er eftir af uppmokstri úr nyrðri skurðinum.

Í hólnum út og niður var kartöflugarður rúmir 100 m², þegar jeg kom að Hólum, stækkaði jeg hann í vor um 400 m², svo að nú er garðurinn 535 m². Engin girðing er enn um garðinn, enda hefi jeg í hyggju að stækka hann meir. –

Þá gerði ég nýjan garð sunnan við bæinn 180 m² að stærð. Um garðinn er þrjúþætt gaddavírgirðing. Þessi garður er fyrir rófur.

Hefi mikinn hug á að auka garðræktina. Held líka að mjer sje sæmil. sýnt um það. –

Húsabætur. Nokkura umbót fjekk bærinn. Maskínuhús var byggt fyrir framan baðstofuna. Var rifinn suðurhluti veggins á milli búrsins og baðstofunnar og þar byggt hús _____ al. Skúrþak er á því, járn og torf yfir. Gluggi er á húsinu í suður, ágæt birta. Timbur er á alla vegu nema að sunnan. Norðurveggur er þó ekki klæddur niður úr. Skápar eru í veggina, annar að norðan og hinn að austan, og loks eru lausir kassakápar við suðurvegg. Eldavjelin var flutt úr búrinu og fram í nýja húsið. Stendur hún þar í suðausturhorninu. Borð er undir suðurvegg og annað að norðan. Við norðurborðið er matast. Það er fast langborð.

Við þessa byggingu breyttist inngangurinn í baðstofuna. Áður voru göngin inn með öllum suðurvegg, og inngangurinn í baðstofuna tókst af suðurhúsinu. Nú er gengið gegnum maskínuhúsið og þaðan beint inn í miðbaðstofuna. Við þetta var hægt að stækka dál. suðurhúsið. Má nú hafa þar 2 rúm, en þess var áður enginn kostur.

Timbursmíðið önnuðust: Friðf. á Blönduósi og Kristján Halldórsson s. st. –

Þá er ótalið byggingin á Hólanesi. Voru þar byggð 2 fjárhús yfir alt að 100 kindur. Annað húsið getur verið hesthús. Húsin voru byggð úr torfi og grjóti. Þau eru með mæniásam og vegglægjum og yfirleitt ágætl. viðað. Flestir máttarraftar eru girðingarstaurar og allar stöðir úr sama efni. Vegglægjustöðir eru allar í vegg. – Á syðra húsinu er ekki árefti, nema yfir garða, fjalaspækjur eru lagðar á raftana og vír strengdur yfir. Garðinn er fram úr á syðrahúsinu og tvennar víðar dyr. Gluggar eru yfir miðjum framvegg. Góð birta.

Steypt baðker er í syðra húsinu og báðir garðarnir eru steyptir. Held að húsin sjeu með bestu fjárhúsum. – Syðra fjárhúsið var reist á slætti og þak komst ekki á það fyr en í haust. Ytra þak vantar á bæði húsin. – Jóhann Sigfússon frá Torfustöðum hlóð veggina. Sigurjón reisti ytra húsið, en Friðfinnur Jónsson á Blönduósi hið syðra.

Girðingar. Í haust var komið upp merkjagirðingu á milli Hóla og Brandsstaða. Kostuðum við Jósafat á Brandsst. girðinguna að hálfu hvor. Girðingin er fjórþætt gaddavírgirðing með undirhleðslu. Stólpar eru úr trje um _____ að tölu. Girðingarstaurar, nema hlið og endastólpar. Virstög (sig) eru að jafnaði þrjú á milli hverra stólpa. – Girðingin er 1590 m. að lengd. –

Í haust voru einnig settir niður staurar með Skriðugilinu upp í Skeggsstaðaskarðið og úr túngirðingunni og út og niður í skurðina á Hólanesi. Í báðum stöðunum þurfa að koma girðingar á næsta ári, eða að m.a.k. um Hólanesið. –

3. janúar 1925

Fræðslumál. Kafli úr brjefi til Herv. Björnss.

Á morgun fer jeg vestur að Grund í Svínadal og byrja þar kenslu. Jeg er aldrei nema mánuð í stað. Börnin eru í þrem flokkum og hefir því hver deild 2 mánaða kenslu. Þykir mjer betra að skifta tímanum í tvent hjá hverri deild, heldur en að taka alt í einu. Þegar námstíminn er svona stuttur, er nauðsynlegt að byggja sem mest á heimavinnu. Hefir mjer gefist það fremur vel. Læt jeg börnin altaf hafa mikið að gera á milli námsskeiðanna. Rækja þau það reyndar misjafnlega, en með áhugasamari og greindari börnin, má þannig komast töluvert áleiðis, þó að tíminn sje ekki lengri en þetta.

Finst mjer, að sveitakennararnir þurfi að leggja aðaláhersluna á þetta. Jeg fyrir mitt leyti legg mikið upp úr sjálfsnámi nemandanna. Hygg jeg, það verði besta lausn fræslumálanna, að fá heimilin og nemendurna til sem mest samstarfs með barnaskólunum. Skólinn verður að leggja grundvöllinn og leiðbeina svo við sjálfsnámið.

En flækingurinn er ákaflega þreytandi fyrir okkur farkennarana. Verst þykir mjer, hversu örðugt er að hafa með sjer nægan bókakost. Það er annað en gaman að flytja með sjer mánaðarlega á milli kenslustaðanna mikið af þeirri vöru.

Nú fer að líða að því, að þing komi saman. Hvað skyldi nú verða uppi á teningnum með barnafræðsluna og okkur kennarana? Jeg býst naumast við góðu. Þó hygg jeg að barnafræðslan verði ekki skorin niður hjeðan af. En ekki finst mjer ósennilegt, að einhver önnur skipun verði gerð á launakjörunum. Mjer fyndist ekki ósannjarnt, þó að hjeröðin greiddu dýrtíðaruppbótina eftir sömu hlutföllum og launin, eins og kom til tals í fyrra. Held að fræðslunni sje ekki stofnað í hættu með því, því að í sveitunum munar þó ekki mikið um þetta. En ótækt væri að láta starfsáráuppbótina greiðast eftir sömu reglu. Hún á eingöngu að greiðast af ríkissjóði.

9. janúar 1925

Alþingiskosningar og sveitirnar. Síðasta þing feldi niður lögin um heimakosningar frá 1923. Þau lög voru ábyggilega hálf viðsjárverð, en þó virðist það hafa verið fljótræði að fella lögin þegar niður. En hvað sem því líður, þá þarf nauðsynlega eitthvað að koma í staðinn. Eins og nú er, er frágangssök fyrir marga sveitabúa að nota kosningarjett sinn. Tvær tillögur hafa komið fram til umbóta: Önnur að kjörfundur standi í 2-3 daga (B.J.) og hin að fjölga kjörstöðum. Jeg hygg að fara ætti síðari leiðina. Afleiðingin auðvitað, að fjölga yrði kjörstjórnarmönnum, en mjer finst samt naumast að óttast að tryggingin fyrir öryggi kosningarinnar verði ekki nóg. Þessa breytingu verðum við að fá fyrir næstu kosningar. Þá er kjördagurinn að sumu leyti óheppilega valinn fyrir sveitirnar: Dagur stuttur og allra veðra von. Sennilega væri heppilegra að færa kjördaginn til vorsins.

25. janúar 1925

Heimilisiðnaður. Skemtilegt var að sjá störfina í Litladal í gærkveldi. Piltarnir til skiftis í vefstólnum og Sifa við þrjónavjelina. Áhuginn fer stöðugt vaxandi á heimilisiðnaðinum. 4 þrjónavjolar hafa bætst við í Svínavatnshreppi í vetur (Litladal, Ásum, Svínavatni og Tindum). Tvær vjelarnar síðarnefndu hringvjarlar. Jafn margar vjarlar voru og fyrir í hreppnum (Auðkúlu, Stóradal, Guðlaugsstöðum og Snæringstöðum). Ein hringvjarl enn á Geithömrum. – Töluvert er spunníð á spunavjelina, en loparnir reynast fremur illa.

30. janúar 1925

Búskaparspjall. Eitt af því sem mjög er áfátt við búskapinn er reikningshald. – Fæstir bændur skrifa neitt að ráði hjá sjer um rekstur búsins. Hina reikningslegu niðurstöðu vantar því alment. Af þessu leiðir að menn renna töluvert blint í sjóinn með hvernig búskapurinn borgar sig. Flestir munu að vísu gera upp nokkurn veginn árl. hvernig hagurinn er og geta því sjeð hvort eignin hefir aukist á árinu eða ekki. En hitt að menn geti svarað því, hvað hver búfjártegund gefi af sjer, því mun naumast að heilsa. – Eins er það þegar komið er að umbótunum. Fæstir munu geta sagt með vissu, hvað hver umbót kostar. –

Það er enn skamt af búskapnum hjá mjer og því ekki um mikla reynslu að ræða, enda hefir reikningsfærslu verið mjög áfátt hjá mjer. Nú hefi jeg í hyggju að bæta töluvert úr þessu, þó að óvíst sje enn, að jeg geti þegar fært fullkomna búreikninga. Fóður- og mjólkurskýrslur kúnna hafa verið haldnar hjá mjer síðan í haust. Sauðfjárafurðirnar hefi jeg skrifað hjá mjer í nokkur ár og eins jarðargróða. – Núna um nýárið byrjaði jeg að halda sjóðbók. Vona jeg að þetta komist smám saman í gott horf. Áherslu ætla jeg að leggja á að halda nákvæma vinnuskýrslu. Vinnan við reiknishaldið er ekki mjög mikil, en það kostar auðvitað alveg sjerstaka reglusemi. Árangurinn ætti að verða nokkur. Ábyggileg reynsla fengist, og svo hygg jeg, að jeg færi betur með peninga, ef hver einasta upphæð er skrifuð.

8. febrúar 1925

Stórhrið. Loftvogin fjell ákafl. í gær og í nótt. Í morgun fyrst á suðaustan. Hríðarveður. Bakki mikill í norðrinu. Úr dagmálum birti hann sæmil. til. Fjeð var látið út um kl. 11 og rekið suður og upp á háls. Jeg fór um líkt leyti út að Æsustöðum. Þegar jeg var í Ytrakoti var indælisveður: Gláðasólskin, kyrt veður og bjartur norður um öll Langadalsfjöll. En sú dýrð stóð ekki lengi. Þegar jeg var kominn út í miðja Æsustaðaskriðuna skall á iðulaus blindhrið af norðaustri (au.n.au.). Var kominn stórhrið á 5-10 mín. –

Sama veðrið hjelst svo fram um miðnætti. – Um sama leyti og jeg kom að Æsustöðum, kom Gunnar bóndi þar í hlaðið með Ingibjörgu á Barkarstöðum. Var

Gunnar að vitja um fje sitt fyrir norðan tún og hafði Ingibjörg heyrt hjá honum hundgá og gat hún þá hóað hann til sín. Var Ingibjörg þá orðin vilt, og er ólíklegt annað en að hún hefði orðið úti, ef fundum þeirra hefði ekki svona borið saman.

Jeg sat um kyrt á Æsustöðum fram um miðnætti. Þá lægði töluv. í bili. Lögðum við Tryggvi í Tungu, sem einnig var staddur á Æsust., af stað heim. Gekk okkur ferðin sæmil. Blindhríð var þó eiginl. á mjer frá Tungu. En verst var að komast yfir Svartá. Hún var ekki á ís, en stóð nú full af krapí, og urðum við að vaða í milli krapaelginn bakkanna á milli. Mjer varð þó ekkert kalt á leiðinni heim, þó að jeg gengi þannig blautur, enda var ekki frosthart. Kom heim kl. 2½ um nóttina. Aðkoman slæm. Engin kind hafðist inn í hús. Sigurjón og Kristinn voru tveir einir heima, því að Pjetur fór í morgun fram að Steiná. Fóru þeir þegar til fjárens er byl-inn gerði, en fundu ekki nema fátt og töpuðu jafnharðan af því. Mjög hætt við að fjeð hafi fent í Leyningunum.

9. febrúar 1925

Úr hríðinni. Mikill snjór er komin. Ákafl. miklir skaflar eru hjer í brekkunum, enda var fannkoman mjög mikil, en lítill snjór var fyrir. Hríðin ábyggilega með verstu veðrum, sem komið hafa. Frostið að vísu ekki mjög mikið, en fannkoman og veðurhæðin afskapl. Svo kom hríðin á allra óheppil. tíma, skömmu úr hádegi. Fje alment komið út, þar sem beitt er. Ferðafólk auðvitað komið af stað. Það má því búast við að hríðin hafi valdið miklu tjóni á eignum og mannslífum. – Afleiðingarnar eru líka þegar að koma í ljós. Þegar með birtu í morgun fórum við að leita að fjenu. Aðkoman slæm. Margt í fönn í Leyningunum. Einstaka kind lá alveg á hryggnum; hefir slegið flötu. 10 kindur vantar enn þá. 1 kind fundum við dauða, og 4 voru svo máttfarnar að við komum þeim ekki heim; grófum við þær í fönn og ljetum hey hjá þeim. Gátum við fengið þær allar, nema eina til þess að jeta. Óvíst auðvitað að þær lifi, en þess var enginn kostur að koma þeim heim, bæði vegna þess að tími var ekki til þess, og svo mundu þær ekki hafa þolað flutninginn. Vorum við þetta fram á kvöld. –

Fregnir eru nú farnar að berast frá bæjunum í kring. Þegar er frjett um eitt mansslysið. *Kona varð úti:* Rósa húsfreyja í Skyttudal. – Maður hennar Þorkell bóndi í Skyttudal var fjarverandi, þá er hríðina gerði, staddur fram í Þverárdal, lagði hann af stað heim, en hafði sig um kvöldið við illan leik aftur heim að Þverárdal. – Þegar hríðin var að skella á var fjárhópur heim við túnið í Skyttudal, og hugðist Rósa að ná honum, en hún kom ekki aftur. Fanst hún í dag með engu lífsmarki. –

Þorgrímur í Syðrakoti hafði sitt fje alt í hús. Fjeð var rjett fyrir utan og ofan túnið. Á Eyvindarstöðum hafðist það og alt í hús, nema eitthvað 2 kindur. Annars staðar hjer í Blöndudal, austan ár, lá meir og minna úti og á sumum bæjunum alt. Frjettir hefi jeg ekki enn af hvað fundist hefir í dag. Á Brandsstöðum hafa nokkrar kindur fundist dauðar.

23. febrúar 1925

Fyrirlestur. Jón Sigurðsson frá Ystafelli hjelt fyrirlestur í Finnstungu um samvinnumál. Hann er hjer á fyrirlestraferðalagi fyrir Sambandið. Fyrirlesturinn var frámunalega illa sóttur, einungis Tungu og Hólafólkið. Það er mikil vanvirða fyrir sveitarfjel. Bólhlíðingar eru litlir fjelagsmenn og um leið engir samvinnumenn. Erindi Jóns var hið besta, og hefði sennilega haft einhver áhrif, ef um nokkura sókn hefði verið að ræða. Engar umræður urðu á eftir, enda þess naumast að vænta, þar sem jafn fámennt var.

11. mars 1925

Sjórnsmálafjelag. Framsóknarmenn hjer í sýslunni eru í undirbúningi með fjelagsstofnun. Forgönguna höfðu Runólfur á Kornsa og Hannes P. á Undirfelli. Komu þeir á fundi í lok bændanámsskeiðsins á Blönduósi. Á fundinn mættu 14 menn úr öllum hreppum sýslunnar. Nefnd var kosin til þess að semja lög og kveðja til stofnfundar. Í nefndinni eru: Björn á Ey, Runólfur á Kornsa og Hannes á Undirfelli. Fylsta nauðsyn á svona löguðum fjelagsskap. Bara að úthaldið verði nægilegt, því að óneitanlega þurfa menn að fórna töluverðum tíma, ef verul. not eiga að verða af fjelagsskapnum.

Sagt er og að Íhaldsmenn sjeu í undirbúningi með fjelagsstofnun, en annars veit jeg ekki um sönnun á því.

10. desember 1925

Búskaparspjall. Fyrsta skylda hvers bónda er að bæta ábúðarjörð sína, en því miður er umbótahugurinn ekki nægilega almennur. – Hagurinn er að vísu víða þröngur, en margir gætu þó afkastað meiru, ef áhuginn væri meiri. – Umbæturnar eru líka yfirleitt besta leiðin til bættrar afkomu.

Bóndinn þarf að nota hverja stund. Að vera tünaglöggur er eitt af því allra nauðsynlegasta. – Heyvinnan er yfirleitt sótt af dugnaði, en með vinnubrögðin hinn tíma ársins er víða mjög ábótavant. Það er einmitt þetta sem gerir aðalmuninn. Þeir hafa svo sem ekki yfirleitt fleira fólk bændurnir sem vinna að umbótum, en hinir sem einungis koma af venjul. vor- og hauststörfum, en þeir nota tímann betur. –

Íslenska bændastjettin er ekki nægil. vinnugefin. Áhlaupamenn, hneigðir til að taka skerpur, en hvíldræknir á milli. En það er ekki rjetta leiðin. Það er iðnin, sem jafnan veltir þyngsta hlassinu. –

10. mars 1926

Kennaraspjall. Undir þessari fyrirsögn mun jeg framvegis skrifa smágreinar um fræðslumálin. Hefi jeg sjaldan minst á þau í dagbókinni. Hjer verður þó ekki um neinar ritgerðir að ræða, en hugsað hefi jeg mjer að drepa á nokkur atriði. sem mjer finst athugavert við núverandi skipun barnafræðslunnar, og um leið mun jeg eitthvað víkja að umbótum. –

Annars getur farið svo, að augun banni mjer alla bóklega iðju. Nú um tíma undanfarið hefi jeg verið mjög slæmur í augunum, og það jafn vel svo, að suma dagana, hefi jeg naumast þolað að líta í bók.

12. mars 1926

Kennaraspjall. Hreinustu vandræði eru hve mörg börnin koma illa undirbúin á skólann. Hefi jeg fyr rætt um það í dagbókinni. Heimilin ættu að fá eitthvað frekara eftirlit með undirbúningsfræðslunni, ef frumvarp mentamálanefndarinnar, sem nú mun liggja fyrir þinginu, yrði að lögum, því að þar er gert ráð fyrir lestrarprófi barna 8-10 ára. En hæpið tel jeg þó, að það verði nægilegt. Mikið til öll heimilin mundu þó geta veitt þennan undirbúning a.m.k. með leiðbeiningu, ef að áhugi væri nógur fyrir hendi. – Mjer hefir dottið í hug, hvort eigi mundi tiltækilegt hjer í fræðsluhjæðinu að kennarinn færi eina eftirlits- og leiðbeiningaför fyrri part vetrar. –

Ef farskólinn væri einungis í tveim deildum, hefði kennarinn tíma til þess. Með þessu móti fengi kennarinn nokkura kynningu af yngri börnunum og heimilunum og ætti að geta veitt þeim leiðbeiningu og sennil. vakið eitthvað áhuga þeirra.

Jeg býst við að bera þetta í tal við fræðslunefndina.

16. mars 1926

Kennaraspjall. Aðstaðan við farkennsluna yfirleitt slæm. Börnin einungis flokkuð eftir staðháttum. Jeg hefi jafnan haft alla aldursflokkana saman í einu. Árangurinn af kenslunni verður því miklu minni en annars gæti orðið, ef börnin væru flokkuð eftir aldri. Jeg hefi einu sinni haft öll fullnaðarprófsbörnin sjer í deild, og jeg hefi aldrei fengið eins góðan árangur af kenslunni og þá. Þar sem líkt hagar til og hjer í Svínavatnshreppi, mætti að vísu flokka börnin eftir aldri og þroska á skólann, þar sem börnin eru yfirleitt í dvöl á skólastaðnum, en því hefir ekki fengist framgengt. Til þess liggja margar orsakir. Farskólinn hefir jafnan verið á mörgum stöðum og oftast þar sem flest hefir verið um börn á skólaaldri. Þau heimilin hafa þá ekki vilja láta sumt af börnum sínum í burtu, og svo hafa heimilin í kring ekki vilja fara annað með börn sín, þó að koma hafa orðið þeim fyrir í dvöl á skólastaðnum. –

Þá er húsakynnunum á sumum skólastöðunum mjög ábótavant og aðbúðin að öðru leyti mjög misjöfn, eins og að líkindum lætur. Þau 10 ár, sem jeg hefi kent hjer í Svínavhr. hefir skólinn t.d. verið alls á 9 bæjum.

24. mars 1926

Kennaraspjall. Hreinustu vandræði er fyrir kennarana að una við farskólaforirkomulagið. Einhleypingar geta gert sjer það að góðu, en fjölskyldumenn naumast til lengdar. Það er þreytandi að þurfa að dvelja fjarri heimili sínu hálf t. árið, og það

er miklum annmörkum bundið, þegar búskapur er rekinn með kenslunni. En farkennaranum er eiginlega blátt áfram nauðsynlegt að hafa bú með, sje hann kvæntur. Það er hæpið að hægt sje að koma sjer fyrir, svo vel sje, í húsmensku. –

Þessi efni eru mjer nú mikið áhyggjuefni. Jeg hefi ánægju af kenslunni og þætti því slæmt að þurfa að hætta, en aftur á móti töluv. örðugt að reka töluv. stórt bú með. Svo finst mjer og naumast unandi við, að vera stöðugt fjarri heimilinu allan veturinn.

25. mars 1926

Kennaraspjall. Með farkenslufyrirkomulaginu er hæpið að geta haldið sömu kennurunum við starfið til lengdar, en í mínum augum er það atriði mjög mikilsvert, að kennararnir geti orðið fastir við starfið. Eins og nú er hallar stórlega á sveitirnar. Verri laun og þó sjerstakl. hin afleita aðstaða kennaranna, og afleiðingin verður auðvitað sú, að úrvalið úr kennarastjettinni lendir í kaupstöðunum, eða þeir sem finna hjá sjer köllun til starfsins og vilja gera kensluna að lífsstarfi.

13. desember 1926

Æfisögur. Jeg er fyrir nokkru byrjaður að safna æfisögum Svínvetninga. Hefi jeg nú þegar bókfært þessar æfisögur: Jón Gíslason á Ásum og kona hans Anna Jónsdóttir, Signý Sæmundsdóttir á Geithömrum, Eiríkur Grímsson í Ljótshólum og kona hans Ingiríður Jónsdóttir og Hinrik gamli Magnússon. Mun jeg reyna að halda þessari söfnun áfram eins og tök verða á. Vildi jeg reyna að ná sem fyrst í eldra fólkið. Hugsað hefi jeg mjer líka, ef jeg gæti að ná í æfi Bólhlíðinga.

Viðauki III

Svör Bjarna Jónassonar við spurningum Sigvalda Hjálmarssonar

Árið 1975, þegar Bjarni var 84 ára, lagði Sigvaldi Hjálmarsson, vinur Bjarna og fyrrum nemandi, fyrir hann níu spurningar um lífshlaup hans og lífsviðhorf sem hann hugðist nota sem grundvöll að grein um Bjarna. Ekki er vitað til þess að greinin hafi verið skrifuð en svör Bjarna eru athyglisverð því hér lítur hann til baka yfir farinn veg og metur ýmsa þætti lífs síns. Má glögggt greina að Bjarni hefur haft dagbækur sínar til hliðsjónar þegar hann rifjar upp löngu liðna tíð.

Sigvaldi Hjálmarsson var sveitungi Bjarna, fæddur 6. október 1921 á Skeggjastöðum í Bólstaðarhlíðarhreppi. Hann tók kennarapróf 1943, starfaði við kennslu í nokkur ár en eftir það við blaðamennsku og ritstjórn. Sigvaldi var einn helstu máttarstólpa Guðspekifélagsins í Reykjavík um árabíl og fór þar m.a. með ritstjórn *Ganglera*, tímarits félagsins. Auk þess skrifaði hann nokkrar bækur um huglæg málefni og austurlensk fræði, auk bóka með ljóðum og ferðapáttum frá Indlandi.¹

Bjarni: Hólmur - Svör við spurningum Sigvalda Hjálmarssonar
1.
Ég er fæddur 24. febr. 1891 í Þórarnslungu, Vatnsdal.
För: Jónes B. Bjarnason bóndason þar og Elín Vilefsdóttir
fró Eiríknarstíðunn; sömu reit, systir Guðmundar Vals-
sonar síðar bónda í Rái og alþingismanns. Þar
er nafn afa míns. Bjarna bónda í Þórarnslungu
húsbjörnsónar, sonarsonar Snelljarnar prests í
Grinnslungum Hallgrímssonar biskups Brynjólfs-
sonar. Fölpinn heit mittu Bjarna afa í Þórarns-
lungu, dóttir Bjarna síðar í Þórarnslungu Stein-
dóttirsonar, en hann var bróðir Þorleifs bónda síns

1 Heimild: Vefur Guðspekifélagsins, sjá www.gudspekifelagid.is/sigvaldi_hjalmarsson.htm.

Bjarni í Hólum

Viltu gera svo vel að svara þessum spurningum annað hvort í rituðu máli ellegar í viðtali.

1. Viltu greina frá nokkrum helztu punktum þeim sem þér eru minnstæðastir úr bernsku og æsku í Litladal?
2. Viltu greina frá námi þínu og námsáhuga í æsku?
3. Viltu greina frá dvöl þinni í Kennaraskólanum? Hvað viltu segja um kennarana? Séra Magnús?
4. Hvernig hófst áhugi þinn á grasafræði?
5. Hvernig hófst áhugi þinn á þjóðlegum fræðum?
6. Um kennaratíð þína á Blönduósi.
7. Hvað er þér minnstæðast úr löngum kennaraferli (mætti eins vera nokkur atriði)?
8. Ef þú hefur ekki orðið kennari, bóndi og sveitarhöfðingi, hvað hefur þú vilja vera?
9. Eitthvað um lífsviðhorf þitt, guð, líf eftir dauðann, unga fólkið og framtíð mannkyns.

Þú sérð að þetta er ærið viðamikið. Þú ræður hvernig þú tekur þetta, hvert atriði stutt, eða dvelur við eitthvert sérstakt og fellir önnur niður. Eins og þú veizt á þetta að vera grundvöllur að grein um þig, en ekki viðtal fyrir blað. Lengd greinarinnar fer eftir efninu. Þú þarft því ekki að fága stílinn eða gera hann samfelldan, því þó eg vitni kannski í þig og láti þig tala, þá felli eg sjálfur allt saman, og segi mína hlið á þér sem kennara mínum og vini frá fornri tíð.

Pakkir
Sigvaldi

Bjarni í Hólum – Svör við spurningum Sigv. Hjálmarssonar

1.

Eg er fæddur 24. febr. 1891 í Þórormstungu í Vatnsdal. For.: Jónas B. Bjarnason bóndason þar og Elín Ólafsdóttir frá Guðrúnarstöðum í sömu sveit, systir Guðmundar Ólafssonar síðar bónda í Ási og alpingsmanns. Ber eg nafn afa míns Bjarna bónda í Þórormstungu Snæbjörnssonar, sonarsonar Snæbjarnar prests í Grímsstungum Halldórssonar biskups Brynjólfssonar. Kolfinna hét móðir Bjarna afa í Þórormstungu, dóttir Bjarna ríka í Þórormstungu Steindórssonar, en hann var bróðir Þorsteins föður Jóns Thorstensen landlæknis. Kona Snæbjarnar prests var Sigríður dóttir Sigvalda prests á Mosfelli, Halldórssonar bróður Bjarna sýslumanns á Þingeyrum Halldórssonar. Bróðir Kolfinnu langömmu minnar var Jón

Bjarnason hinn stjarnfróði í Þórormstungu. Elín móðir mín var dóttir Ólafs bónda á Guðrúnarstöðum Ólafssonar, en hann var sonarsonur Jóns bónda á Steiná í Svartárdal Jónssonar, og er það Steinárætt. Amma mín í móðurætt og kona Ólafs á Guðrúnarstöðum var Guðrún Guðmundsdóttir frá Guðlaugsstöðum í Blöndudal, dóttir hjónanna Guðmundar hreppstj. og alþm. þar Arnljótssonar og Elínar Arnljótsdóttur hrstj. á Gunnsteinsstöðum Árnasonar. Móðir Elínar á Gunnsteinsstöðum var Guðrún frá Stóradal, dóttir Guðmundar ríka bónda þar, en hann var sonur Jóns á Skeggsstöðum Jónssonar og konu hans Bjargar Jónsdóttur. Frá þeim Skeggsstaðahjónum er hin kunna Skeggsstaðætt, sem lagt hefir þjóð vorri til óvenju mikið af dugmiklu fólki. Af þeirra ætt eiga t.d. nú 5 menn sæti á Alþingi.

Þegar eg var rúmlega ársgamall, vorið 1892 fluttist eg með foreldrum mínum að Guðrúnarstöðum, en þau fengu þá part af þeirri jörð til ábúðar hjá Guðrúnu ömmu minni og Sigvalda Þorkelssyni seinni manni hennar. Dvöl okkar í Vatnsdal varð þó ekki til frambúðar. Vorið 1893 fluttumst við upp í Svínavatnshrepp, og þar bjuggu svo foreldrar mínir eftir það. Fyrst á Ásum 1893-1900, svo í Sólheimum 1900-1906 og Eldjárnsstöðum 1906-1907, og loks í Litladal frá 1907. Foreldrar mínir voru leiguliðar við fremur erfiðan efnahag, en eignuðust loks síðasta býlið, Litladal, sem var kirkjujörð frá Auðkúlu.

Eg man engan atburð úr bernsku minni í Vatnsdal, enda var ég ekki nema rúmlega tveggja ára, þegar eg flutti þaðan. Fyrsti atburðurinn sem eg get tímasett úr bernskuminningum mínum er þegar Bjarni afi minn lézt á Ásum 10. maí 1894, en þá var eg rúmlega þriggja ára. Mér er minnistætt, þegar líkið var flutt úr baðstofu og í framhýsi í bænum.

Eg á margar og miklar endurminningar frá veru minni á Ásum, enda var eg 9 ára, þegar eg flutti þaðan. Fyrstu árin á Ásum var ánum fært frá. Fráfærur lögðust þar niður rétt fyrir aldamótin, nema á fremstu bæjunum í hreppnum, þar sem hagar voru kjarnmeiri.

Pabbi var í tvíbýli í Sólheimum. Eigandi jarðarinnar og mótbýlismaður var Ingvar Þorsteinsson hreppstjóri frá Grund í Svínadal, ágætismaður, sem eg á góðar endurminningar um. Bræður hans voru Guðmundur í Holti í Svínadal og Þorsteinn á Grund. Í Sólheimum var margt fólk í heimili á báðum búunum, og því oft glatt á hjalla. Vinnuhjú voru á báðum heimilunum. Við systkin vorum alls 5. Börn voru einnig á búi Ingvars. Hann var ekkjumaður og hjónabandið hafði verið barnlaust. En Ingvar eignaðist tvo sonu með ráðskonu sinni, Kristínu Gísladóttur. Yngri syninum, sem var kornbarn þegar móðirin lézt haustið 1901, var þá komið í fóstur en eldri sonurinn ólst alveg upp heima. Auk þessa var á búi Ingvars fósturdóttir hans, Ósk Jósefsdóttir frá Litla-Búrfelli. Þegar Kristín Gísladóttir féll frá tók við ráðskonustarfinu í Sólheimum systurdóttir hennar og nafna, Kristín Jónsdóttir, sem að nokkru hafði alizt upp hjá Ingvari.

Lítið var um opinberar skemmtanir í bernsku minni. Þó man eg eftir, að Svínvetningar minntust aldamótanna með samkomu í Sólheimum á gamlárskvöld

1900. Á þessari samkomu voru fluttar ræður og stiginn dans. Veður var ágætt þetta kvöld, og naut sín því vel brenna mikil, sem fór fram í Ormsbergi, klettaborg niðri á Sólheimamýrum. Þá man eg eftir annars konar samkomu síðar í Sólheimum. Vinnuhjúin þar fengu að bjóða til sín upp úr jólum kunningjum sínum og nágrönnum. Var þá farið í margs konar leiki og einnig dansað.

Húsakynni voru mikil og myndarleg í Sólheimum. Tvær stofur og svefnherbergi frammi og vistleg loftherbergi yfir hverju. Badstofan var þrískipt og herbergin rúmgóð. Tvö voru eldhúsin með eldavélum og auk þess hlóðaeldhús og stórt sameiginlegt búr. Kjallari var undir parti af bænum. – Byggingin var í raun og veru glæsileg, en hún hafði einn hvíleiddan galla. – Hún var köld. – Upphitun var einungis í badstofuherbergi Ingvars. – Þori þó ekki að fullyrða um, að norðurbadstofan, þar sem foreldrar mínir héldu til ásamt yngri börnunum, hafi alltaf verið upphitunarlaus. Við Ólafur bróðir minn sváfum í miðbadstofunni. Þar var aldrei nein upphitun og afleiðingin var: Eg fékk kuldaþógu í hendurnar á hverjum vetri.

Pabbi hafði meiri menntun en þá var almennt um bændur. Hann hafði stundað nám í Flensborg í Hafnarfirði. Það hlóðust því fljótlega á hann opinber störf, bæði við Kaupfélagið, sem var stofnað 1895 og ýmiss störf í hreppnum. Hann fékkst og við bólusetningu sauðfjár við bráðapest og geldingu hesta. Af þessum sökum var hann oft að heiman. Hann hafði líka að jafnaði vinnumann (ársmann).

Eg fór snemma að taka þátt í bústörfum. Systkini mín önnuðust þó frekar snúningana. Eg var t.d. töluvert fyrir innan fermingu, (sennilega 12 ára) þegar eg fór að ganga stöðugt að slætti, þótti mér það síðan alltaf skemmtileg vinna.

2.

Eg varð snemma læs. Las eg allt, sem eg náði í. Töluvert var til af bókum á báðum búunum í Sólheimum, m.a. Íslendingasögurnar. Hafði eg lesið þær allar áður en eg var fermdur. Naut nokkurrar heimafræðslu, kennarar teknir á heimilið stuttan tíma (Kristinn Einarsson, Þorvaldur Guðmundsson). Var og fáeinar vikur vestur í Vatnsdal um 12 ára aldur. Var hjá frændfólki mínu í Þórormstungu. Kennarinn Kristján Magnússon kenndi þar börnum á heimilinu. Við Ágúst Jónsson á Hofi vorum þar báðir aðkomumenn og nutum góðs af. Kristján var nýtur kennari.

Eg hafði mikla löngun til þess að afla mér einhverrar menntunar, en treysti mér ekki fjárhagsins vegna að leggja út í langskólanám. Faðir minn hafði ekki fjárhagsaðstöðu til þess að styrkja mig við langt nám. Haustið 1907 samþykkti Alþingi lög um Kennaraskóla Íslands. Fannst mér þá mér opnast leið menntunar og starfa, sem mundi vera mér frekar við hæfi en búskapur. Kannaraskólinn krafðist nokkurrar undirbúningsmenntunar, sérstaklega í íslenzku, reikningi og dönsku. Þeirrar menntunar aflaði eg mér veturinn 1907-08. Þá vorum við komin að Litladal. Gekk eg um nokkurn tíma yfir að Stóradal og fékk tilsögn hjá Jóni Jónssyni, síðar bónda þar og alþm. Var hann ágætur kennari. – Eg hafði engin verkleg störf með höndum þennan vetur og að loknu námi í Stóradal varð það að ráði, að eg tók að mér kennslustörf á

heimili einu í Svínadal. Nemandinn var nú ekki nema einn, 11 ára telpa. Var þetta mikið í ráðist af strákling. Hér var um náfrændfólk mitt að ræða í móðurætt og hvatti móðir mín mig til þess að taka þetta að mér. Ekki get eg neitað því, að eg kenndi hálfgerðs ónota, þegar presturinn kom í húsvitjun undir lok kennslutímans. En eg reyndi að taka þessu með karlmennsku, og presturinn virtist vera ánægður með kunnáttu telpunnar.

3.

Eg settist í fyrsta bekk Kennaraskólans um leið og skólinn tók til starfa haustið 1908. Eg fullnægði að vísu ekki kröfunum um aldurstakmark um inntöku í 1. bekk, þar sem mig vantaði hálft ár til þess að vera 18 ára, en það var tilskilið aldurstakmark um inntöku í 1. bekk. Munaði litlu að yrði gerður afturreka. Fékk neitun fyrst hjá stjórnarráðinu um undanþágu, en skólastjóri fékk undanþáguna við ítrekaða umsókn.

Skólinn var þegar í byrjun 3 bekkjardeildir og tekið á móti nemendum í alla bekkina. Þriðji bekkur svaraði til kennaradeildarinnar í Flensborg. Nemendur fyrsta veturinn voru því mjög misaldra. Í þriðja bekk var eitthvað af miðaldra mönnum, sem fengist höfðu við kennslu.

Eg undi mér vel í Kennaraskólanum. Nemendur stunduðu námið yfirleitt af kappi. Þá var enginn námsleiði.

Kennaralið skólans var vel skipað. Það mátti segja að það væri valinn maður í hverju sæti. Fastir kennarar voru þrír: Skólastjórinn séra Magnús Helgason og samkennarar hans: Björn Bjarnason frá Viðfirði og Ólafur Danielsson. Séra Magnús var vandað göfugmenni, sem vann sér ást og hylli nemanda sinna. Finnst mér að ummæli Þorbergs Þórðarsonar um hann, séu ómakleg og óréttmæt. Björn frá Viðfirði hafði þá þegið doktorsnafnbót fyrir bók sína Íþróttir fornmanna. Kennsla hans í íslenzku var frábær. Hún var málsöguleg. Var oft unun á að hlýða þegar hann rakti þróun málsins. Áhugasamir nemendur lærðu mikið hjá Birni. Eg kynntist síðar íslenzkukennslu Sigurðar Guðmundar, síðar skólameistara á Akureyri. Hann var ennig afbragðs íslenzkukennari. Eg var hjá Sigurði á vornámskeiði í Kennaraskólanum. Gæti trúað því, að Sigurður hafi komist fullt svo langt með lélegri nemendurna, að kerfið, stafsetningareglurnar hafi lærst fullt svo vel hjá Sigurði. Ólafur Danielsson varð doktor í stærðfræði við Kaupmannahafnarháskóla annan vetur minn í skóla. Hann var afburðakennari bæði í stærðfræði og eðlisfræði. Jónas Jónsson frá Hriflu varð kennari við Kennaraskólann haustið 1909. Hann var alþýðulegastur hinna föstu kennara og lét okkur þegar þúa sig. – Hann tók mikinn þátt í félagslífi nemanda og hafði þegar mikil áhrif. Eignaðist hann marga vini meðal nemanda, en einnig líka nokkura andstæðinga.

Margt nemanda er mér vel í minni, þó að auðvitað yrðu mest kynnin við sambekkingana, þar sem nemendur voru ekki í heimavist. Meðal nemanda 1. bekkjar var samsýslungur minn Guðrún Jónsdóttir afkomandi Jóns Espólins hins fróða,

sem eftir nokkurra ára kennslustörf gerðist húsfreyja í Köldukinn á Ásum, en hún er móðir þeirra Köldukinnarbænda Jóns og Kristófers Kristjánssona.

Af sambekkingunum tókust einna nánust kynni við pilt sunnan úr Garði, Svein Halldórsson. Hann varð síðar skólastjóri í Bolungarvík, en hefir nú lengi dvalist í Kópavogi. Fékkst hann töluvert við leiklist. Vann á bæjarskrifstofunni í Kópavogi eftir að hann hætti kennslu þangað til í fyrra (1974) og situr nú við og bindur bækur. Heilsa eg alltaf upp á Svein, þegar eg kem suður.

Af öðrum sambekkingum mínum vil eg nefna: Friðrik Hjartar, var kunnur skólamaður, Guðbjörg Hjartardóttir, systir séra Hermanns Hjartarsonar á Skútu-stöðum, prófastefni á Hofi í Vopnafirði, Ingvar Gunnarsson, síðar kennari í Hafnarfirði og umsjónarmaður Hellisgerðis og loks systurnar Ólöfu Sigurjónsdóttur, en sonur hennar er dr. Hallgrímur Helgason og Jónu systur hennar. Meðal annarra skólasystkina minna var margt manna, sem síðar urðu þjóðkunnir menn. Eg get nefnd nokkur nöfn: Alþingismennirnir: Bjarni Bjarnason, Jörundur Brynjólfsson, Sigurður Kristjánsson og Þorsteinn M. Jónsson, skáldin: Magnús Stefánsson (Örn Arnarson) og Þorbergur Þórðarson (lauk ekki kennaraprófi). Og loks: Brynleifur Tobiasson menntaskólakennari, Elias Bjarnason, faðir Helga fræðslumálastjóra, Jónína Sigurðardóttir á Lækjamóti, Guðmundur Ólafsson, kennari á Laugavatni, Helgi Hjörvar, Svava Þórhallsdóttir biskupsdóttir, Svava Þorleifsdóttir frá Skinnastað og Þjóðbjörg Þórðardóttir f.k. Jör. Brynjólfss.

Félagslíf var töluvert í skólanum. Þá var ungmennafélagshreyfingin í fullum gangi. Við stofnuðum ungmennafélag í skólanum og gáfum út handskrifað blað, Örvar-Odd. Þá munu og einnig hafa verið bekkjarfélög. Árshátíð var á hverjum vetri og fundir í skólafélaginu öðru hverju. Á þeim fundum var oft farið í ýmsa leiki, en lítið sem ekkert var dansað. Eg bar t.d. ekki við að dansa fyrr en eg varð kennari á Blönduósi. Töluvert voru æfðar glímur, þó að opinber kennsla færi ekki fram í þeim í skólanum. Meðal nemenda voru góðir glímumenn, sem kenndu okkur hinum. Höfðum við hug á því að geta síðar kennt nemendum okkar í barnaskólanum hina þjóðlegu íþrótt, glímuna. Til merkis um hinn mikla áhuga á glímunni get eg nefnt, að töluvert af stúlkunum í skólanum fengu einn af mestu glímumönnum skólans til þess að kenna sér glímuna.

Kennaraskólinn var settur 1. okt. Námið stóð ekki nema í 6 mánuði og var því skólinn úti 1. apr. Þetta þótti strax óhagkvæmt, vegna aðstöðu til atvinnu og var breytt þegar á öðru ári, og skólinn ekki settur fyrr en fyrsta vetrardag og endaði þá síðasta vetrardag.

Samgöngur voru auðvitað frumstæðar um þetta leyti. Eg hafði allan ganginn á um ferðir í skóla og úr. Tvisvar mun eg hafa farið sjóleiðis með strandferðaskipinu Vesta. Fór töluverður tími í það, því að skipið kom á margar hafnir á leið sinni vestur um land og til Reykjavíkur. Oftast fór eg landleiðina í Borgarnes og alltaf gangandi norður á vorin. Var þá fyrzt farið með skipi í Borgarnes. Stundum fékk maður hest á móti sér. Á þessum árum var allt óbrúað, ár og lækir, frá Blöndu og suður í Borgarnes. Fóru í ferðina nokkurir dagar.

Allan námstímann dvaldi eg á veturna á sama stað, á Laugavegi 37, hjá þeim Árna Jónssyni frkvstj. Völundar og konu hans Lilju Kristjánsdóttur. Leið mér vel hjá þeim hjónum. Árni var skólabróðir pabba frá Flensborgarskólanum. Þau hjónin voru bæði ættuð úr Hafnarfirði. Greiðsla til þeirra hjóna var fyrir fæði, húsnæði og þjónustu 35 krónur á almanaksmánuði, eða samtals 210 kr. fyrir veturinn. Alla veturna hafði eg mitt eigið herbergi. Þessi kjör, sem eg hafði voru hin venjulegu kjör skólanemanda. Dæmi voru til um lægra gjald. Eg vissi um nemanda, sem þurfti ekki að greiða nema 30 kr. fyrir almanaksmánuðinn.

Kennaraskólinn var byggður utan bæjar og hafði verið deilt töluvert um staðinn. Skólavörðuholtið frá Skólavörðustíg var þá allt óbyggt. Venjuleg leið mín í skólann var upp Frakkastíg upp hjá Skólavörðu og þaðan þvert yfir holtið. Þetta var mikið styttri leið fyrir mig en að fara um Laufásveg, en hann var kominn alla leið upp að Kennaraskóla, en óbyggt var þá alveg frá Laufási, þar sem Þórhallur biskup bjó, og upp að Gróðrastöðinni, sem var sunnan vegar skammt frá skólanum. Þegar eg fór yfir holtið kallaði eg það „að fara fjöll“. Væri dimmviðri, þurfti maður að gæta sín að rata. Ef eitthvað verulegt var að veðri var Laufásvegurinn farinn. Holtið var líka stórgrýtt og illt yfirferðar. Þegar gott var veður var dálítið um verkamenn í holtinu, sem unnu við að höggva grjót til bygginga.

Eg kynntist auðvitað lítið félagslífinu í Reykjavík á skólaárum mínum. Þó tókust nokkur kynni við ungt fólk í bænum gegnum ungmennafélagsskapinn. Eins og fyrr er getið var skólafélagið okkar ungmennafélag og í Reykjavík höfðu verið stofnuð tvö almenn ungmennafélög, annað fyrir karla og hitt fyrir konur. Samkvæmt félagslögum höfðu ungmennafélagar gagnkvæman rétt til setu á félagsfundum hver hjá öðrum. Þetta notuðum við okkur að vísu lítið, en þó eitthvað, og það man eg, að U.M.F. Íðunn (kvenfólkið) í Reykjavík bauð okkur Kennaraskólanemum að sitja skemmtifund hjá sér. Síðasta veturinn minn í skólanum var stofnað í Reykjavík „Félag ungra skilnaðarmanna“. Við gengum nokkurir nemendur í Kennaraskólanum í þetta félag. En þetta var í lok veru minnar í Reykjavík. Eg sótti, að mig minnir, tvo fundi og lagði auðvitað ekkert persónulegt til málanna. Hafði eg svo ekki meira af þessum félagsskap að segja, en eg kynntist þarna hugsjónum og málflutningi nokkurra ungra manna, sem voru að hefja afskipti sín af stjórnmálum.

4.

Eg kynntist snemma Flóru Íslands eftir Stefán Stefánsson og hóf söfnun grasa. Eignaðist töluvert grasasafn, sem gerði mér aðstöðuna við kennslu miklu betri. Þetta safn missti eg í eldsvoða í Blöndudalshólum 1. nóv. 1931. Lagði ekki í jurtasöfnun aftur, enda lítill tími til þeirra hluta, vegna anna við búskapinn. Nú er eg búinn að týna niður grasafreðinni. Held líka að eg hafi aldrei verið nema meðal maður á því sviði.

5.

Eg hefi áður getið þess að þegar í bernsku vaknaði áhugi minn á þjóðlegum fræðum. Íslendingasögurnar urðu mitt kærasta lestrarefni. Þá þegar varð eg var við, að sögunum bar ekki alls staðar saman, og varð það til þess, að eg fór að skrifa hjá mér það sem á milli bar. Í skóla varð það sagan, ásamt íslensku og stærðfræði, sem urðu uppáhalds námsgreinar mínar. Eg var að vísu ekki alls kostar ánægður með kennslubækurnar í sögu, mér fannst að þar væri allt of lítið sinnt hagræðilegum efnum.

Fyrstu árin eftir að eg fór að kenna sinnti eg lítið þessum efnum. Veturna, sem eg var á Blönduósi las eg töluvert fagurfræðileg efni. Þar hafði eg aðgang að sýslubókasafninu, sem hafði þá þegar töluverðan bókakost. Þar var að hafa verk helztu Norðurlandaskáldanna. Eg las þessa vetur norsku skáldin: Ibsen, Björnson, Kielland og Lie. Öll verk Ibsens las eg meira að segja tvisvar á þessum 5 veturnum, sem eg var á Blönduósi. Þetta breyttist allt þegar eg varð aftur alger sveitamaður. Nú átti eg ekki völ á jafngóðum bókakosti. En nú gáfust önnur tækifæri. Það var að leita til gamla fólksins. Á einu farskólaheimilinu, var roskin kona. Signý hét hún, Sæmundsdóttir, ekkja frá Gafli í Svínadal. Meðal barna hennar var Halldór Sölvason, kennari í Reykjavík, látinn fyrir fáum árum. Signý var fróð kona og langminnug. Hún var góð kona og gætin og sérstaklega ættfróð. Uppskriftir mínar eftir Signýju fylla nokkrar stflabækur. Eg kynntist fljótlega Magnúsi Björnssyni á Syðra-Hóli og miðluðum við hvor öðrum fróðleik, þó að þar hallaði að sjálf-sögðu á mig. Ýmsar uppskriftir gengu á milli okkar, m.a. syrpa af uppskriftum úr húnvetnskum kirkjubókum eftir Húvetning, búsettan í Reykjavík, Kristmund gullsmið Þorleifsson. Vorið 1938 var svo Sögufélagið „Húnvetningur“ stofnað, og eftir það var ákveðið takmark fyrir stafni. Aðstaða mín að mörgu erfið. Enginn tími til þess að sinna grúski nema í frístundum, sem gáfust á veturna við kennslustörfin. Búskapurinn krafðist mín alveg um sumartímann. Eg var þar að auki hlaðinn ýmsum aukastörfum. Bókakostur var og mjög takmarkaður lengi vel, og erfitt að hafa með sér heimildir á kennslustaðina. Afköst mín við ritstöf urðu því mjög takmörkuð. En um þetta ræði eg ekki meira.

6.

Eftir þriggja ára nám tók eg kennarapróf vorið 1911. Var eg þá svo heppinn, að eg fékk strax þá um vorið tækifæri til þess að sinna fræðslumálum. Fræðslulögin nýju voru þá að koma til framkvæmda. Barnafræðslan var undir stjórn sérstaks embættismanns, fræðslumálastjórans, en það embætti hlaut hinn kunni skólamaður, Jón Þórarinnsson, skólastjóri í Flensborg. Fræðslumálastjórinn færði það í tal við mig í lokin í Kennaraskólanum, að ég tækist á hendur prófdómarastörf í allri Austur-Húnavatnssýslu þá um vorið og lét mig hafa skipunarbréf í starfið með mér norður. Hér var um tvo fasta skóla að ræða, barnaskólana á Blönduósi og Skagaströnd og svo sveitafræðsluhéröðin í 7 hreppum sýslunnar og þar af í Vindhælishreppi í

tvennu lagi, vegna víðáttu hreppsins. Eg varð að halda próf á einum 10 stöðum. Bar mér að velja prófverkefni í samráði við kennarana og gefa einkunnir fyrir og láta svo í lokin í té almenna umsögn um kunnáttu barnanna í sérstöku erindi til fræðslumálastjóra, sem oddvitar skólanefnda létu fylgja skýrslum sínum. Eg mátti telja mig lánsaman að fá þetta starf. Kynntist eg þarna helztu mönnum héraðsins, sem skipuðu sæti fræðslunefndanna og kennurum héraðsins. Þá kynntist eg og börnunum og ástandinu í skólamálum héraðsins. Hlaut þetta að koma mér að góðu gagni í væntanlegu kennarastarfi. Það fór um mánaðartími í prófin í allri sýslunni. Eg taldi svæðið of stórt fyrir einn prófdómara, og var farið að tillögum mínum og svæðinu skipt í tvennt. Gegndi eg áfram pófdómarastarfi á öðru svæðinu.

Haustið 1911 varð eg svo kennari á Blönduósi. Veturinn áður hafði kennt þar Björn Magnússon frá Ægissíðu, greindur maður og gegn. Skólahúsnæði var í húsinu Tilraun. Var það hús tvær hæðir. Íbúð var í jarðhæðinni (kjallara) og bjó þar skósmiður þorpsins, Björn Levi Guðmundsson. Uppi voru tvær stórar stofur, stór gangur og lítið herbergi inn af. Þar símstöðin á Blönduósi og gegndi Björn Levi símstjórarstarfinu. Í fremri stofunni var skólinn, en eg fékk þá innri til íbúðar fyrsta veturinn. Þar var þá og bókasafn sýslunnar, og gegndi eg bókavardarstöðu.

Skólabörnin voru rúmlega tuttugu, 10-14 ára. Þá hófst skólaskyldan ekki fyrr en við 10 ára aldur. Eg var eini kennarinn. Skipti börnunum í tvær deildir og kenndi a.m.k. suma veturna 7 tíma á dag. Hvor deild gat því haft nokkura sérkennslu. Mér féll vel að kenna á Blönduósi. Börnin voru þæg, og mér fannst eg komast töluvert áfram með þau. Það voru fjármálin sem réðu því, að eg hætti störfum á Blönduósi vorið 1916 eftir 5 ára starf þar.

Fyrri heimstyrjöldin geysaði, og verðlag færðist úr skordum. Kennarakaupið stóð í stað, 18 kr. á viku. Af því varð eg alveg að kosta mig, kaupa fæði og greiða húsaleigu. Kaupið fór hreint og beint allt í þetta. Eg fór fram á það við skólanefndina að þeir hækkuðu kaupið úr 18 krónum í 24 krónur á viku, en það fékkst ekki, sem e.t.v. var ekki von, því að hækkunin hefði öll komið á skólahéraðið. – Fáum árum síðar hækkaði Alþingi kennaralaunin.

Farkennararnir höfðu þá 144 kr. í kaup fyrir veturinn og frítt uppihald, þ.e. fæði og húsnæði. Munu þeir því hafa verið orðnir betur haldnir. Eg kaus því að breyta til. Auk kennslunnar kom eg fyrir mig dálítilli búfjáreign og varð svo bóndi í sveit, en stundaði kennarastarfið á vetrum. Eg var að vísu ekki sérstaklega upplagður fyrir búskapinn, en hafði þó ánægju af ræktunarstörfum og heyskap. Gekk þetta sæmilega fyrir mér. Eg varð auðvitað að treysta á vetrarmanninn, en eg gætti þess alltaf að hafa nóg hey. Þetta afklæddist því allt vonum, þrátt fyrir íbúðarhússbyggingu á kreppuárunum (1931-32), en þau árin stóð fjárhagur minn mjög höllum fæti. En þá voru bjargráðin: Meiri framkvæmdir, þ.e. aukin ræktun, til þess að gera búreksturinn ódýrari. Flóanum varð eg að breyta í tún og þá þyrfti eg ekki eins miklu til í mannahaldi. –

Eg á margar og góðar endurminningar úr kennarastarfinu, bæði frá Blönduósi og úr sveitinni. Námsstíminn á Blönduósi var ólíkt lengri, allur veturinn hjá hverju barni, en í sveitinni komu ekki nema 8-12 vikur í mesta lagi á hvern nemanda. Eg varð því að haga störfum allt öðru vísi eftir að eg kom í sveitina. Til þess að tryggja sæmilegan árangur þar, varð eg að leggja mikið meira upp úr heimanáminu, en eg gerði á Blönduósi.

Á Blönduósi skipti eg hverri kennslustund í lesgreinum í tvennt. Fyrri hlutanum varði eg til þess að fara í verkefni dagsins, en síðari hlutann notaði eg til þess að gera grein fyrir næsta verkefni. Var þannig farið tvisvar yfir hvert verkefni. Á Blönduósi gafst tími til þess að gera Íslendingasögnum veruleg skil. Lét eg elztu nemendurna taka einstaka sögu eða sögukafla til meðferðar. Fékk hver nemandi sérstakt ákveðið verkefni. Átti svo nemandi síðar að gera grein fyrir verkefninu í kennslustund. Bjó eg þau sérstaklega undir þetta, hvert í sínu lagi. Fékk eg stundum ágætar úrlausnir. Minnst eg sérstaklega t.d. Björns Bjarnasonar (Björns í Iðju). Flutti hann skipulegt erindi í heilan kennslutíma. Beztu framsögn fékk eg líka á Blönduósi, hjá Póreyju Jónsdóttur, sem varð kunn leikkona á Skagaströnd. Hafði annars margt duglegra nemanda meðan eg kenndi á Blönduósi, þó að hér séu ekki fleiri nafngreindir.

Við farkennsluna var ekki hægt að taka þetta eins föstum tókum. Þar varð að leggja aðaláhærzluna á að tryggja heimavinnuna. Það gerði eg með því að fjölríta spurningakver og verkefnaskrár, sem nemendur höfðu heim með sér og áttu að leysa úr heima.

Í sveitinni voru engin sérstök skólahúsnæði, – skólinn var farskóli. Til þess að fá skipun í farskólahérað þurfti að liggja fyrir þinglýsing frá a.m.k. tveim bændum í fræðsluhéraðinu um að þeir legðu þá kvöð á jörð sína að halda farskólann meðan hlutaðeigandi kennari gegndi þar störfum. Eg gegndi farskólakennslu fyrst í Svínavatnshreppi og svo í Bólstaðarhlíðarhreppi. Eg kenndi alls á 15 bæjum í hvorum hreppi. Oftast voru kennslustaðirnir ekki nema tveir á vetri. Oft átti eg langa leið að fara að heiman frá Blöndudalshólum og á kennslustað. Eg fór að jafnaði að heiman á mánudagsmorgni og heim á laugardagskvöldi. Voru þetta stundum mjög erfiðar ferðir, sem reyndu mikið á fæturna, og geld eg þess nú í ellinni.

Farkennslan hafði auðvitað mikla galla, og það skipulag gat ekki orðið til fram-búðar. En farkennslan hafði þó sína kosti. Nemendurnir voru jafnan töluvert færri en í föstu skólunum. Kynning kennara og nemanda varð því meiri. Þá var hitt ekki minna um vert, að kennarinn kynntist náið foreldum barnanna og þau styrktu hann að jafnaði í starfi.

8.

Hvaða starf eg hefði kosið mér, ef eg hefði ekki orðið kennari og bóndi? Hugurinn hneigðist mest til sagnfræði og hagfræðilegra efna. – Störf sem snertu það efni hefðu því verið mér hugstæðust. Eg hefði því kunnað vel t.d. störfum, sem nú er völ á við Árnasafn. Eins hefði eg kunnað vel störfum hjá Hagstofu Íslands. – Annars gat eg hrifist af ólíkum verkefnum. Í því lá bæði styrkur minn og veikleiki. Mikil afköst á hrifningarstundunum, en e.t.v. ekki næg þrautseigja.

9.

Eg hafði lesið flest rit biblíunnar fyrir fermingu. Eg var þá þegar enginn bókstafs-trúarmaður. Afstaða mín í trúmálum hefir ekki tekið miklum breytingum síðan. Hefi alltaf hugsað mér æðra vald á bak við tilveruna, afl, sem við getum kallað guð. Eg hefi vonað að þetta guðdómlega vald leiddi þróunina í tilverunni til ákveðinna marka. Að það væri ekki eingöngu tilviljun hvað bæri sigur úr býtum í þeim átökum. Eg trúi því og treysti að bak við þetta standi æðri máttarvöld, að hér sé guðlegt afl að verki, sem stjórnir hringrás lífsins og þróuninni. En þá megum við ekki gleyma því, að við, hver einstaklingur þurfum að vera virkur þátttakandi í þróuninni. – Að við þurfum að vinna með guði, en ekki á móti honum. Eg tel ekki ólíklegt, að framtíð mannkynsins fari eftir því hver þátttaka okkar verði í sköpunarstarfinu. Það virðist að vísu ekki blása byrlega í því efni eins og horfir, þar sem hatur og ofbeldisverk virðast næsta mikils ráðandi í veröldinni.

Við höfum sennilega aldrei átt jafn vöxtulegt og glæsilegt æskufólk. En þó er ekki allt í lagi, og hvernig má það líka vera í heimi þar sem ofbeldið ógnar framtíð mannkynsins. Eg trúi því þó að úr rætist, og slæ svo botninn í þetta með yfirlýsingu um, að eg hefi alltaf haft bjargfasta trú á lífi eftir dauðann.

Með beztu kveðjum

4-6-75

Bjarni J.